


# Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2022

---

45. þing ASÍ



*SKÝRSLA FORSETA*  
*um störf*  
*Alþýðusambands Íslands*  
*árið 2022*

# Skýrsla forseta ASÍ 2022

*Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.*

**Ábyrgðarmaður: Kristján Þórður Snæbjarnarson**  
**Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja**  
**Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ**  
**Kápuhönnun: Tómas Bolli Hafþórsson**

*Skýrsla lögð fyrir 45. þing ASÍ 10.-12. október 2022*

*Reykjavík, september 2022 – Ísafoldarprentsmiðja*

# Efnisyfirlit

<b>Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ</b> .....	<b>7</b>
<b>Drífa Snædal, forseti ASÍ 2018-2022</b> .....	<b>9</b>
<b>Framhald 44. þings Alþýðusambands Íslands</b> .....	<b>13</b>
<b>Af vettvangi miðstjórnar ASÍ</b> .....	<b>18</b>
<b>Ályktanir miðstjórnar ASÍ</b> .....	<b>30</b>
<b>Efnahagsmál</b> .....	<b>40</b>
Opinber fjármál .....	46
Launaþróun .....	48
Launahlutfall við langtímameðaltal .....	48
<b>Kjaramál</b> .....	<b>50</b>
Lífskjarasamningur 2019-2022 .....	50
Hagvaxtarauki virkjaðist vegna hagvaxtar ársins 2021 .....	51
Starfsemi flugfélagsins Play .....	51
Flugfélagið Niceair .....	52
Frumvarp til nýrra starfskjaralaga og ákvæði um févítí .....	52
Sameiginleg mál .....	52
<b>Húsnæðismál</b> .....	<b>54</b>
Húsnæðisnefnd ASÍ .....	57
Aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði .....	58
Kortlagning á búsetu í atvinnuhúsnæði .....	59
Um verkefnið .....	59
Framkvæmd verkefnis og aðkoma ASÍ .....	59
<b>Lífeyrismál</b> .....	<b>61</b>
Lífeyriskerfi Íslands í alþjóðlegum samanburði .....	63
Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál .....	64
Nýjar lífaldurstöflur Félags tryggingastærðfræðinga .....	65
Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ .....	65
Lífeyrismál í stuðningsyfirlýsingu ríkisstjórnar v. lífskjarasamninga og tilgreind séreign .....	65
Sameiginleg umsögn ASÍ og SA um frumvarp um lífeyrismál – mars 2022 .....	68
Sameiginleg umsögn ASÍ og SA um frumvarp um lífeyrismál – júní 2022 .....	69
Samningsréttur um lífeyrismál, VLFA gegn Elkem hf. og ASÍ .....	70
<b>Umhverfismál</b> .....	<b>72</b>
Umhverfis- og neytendanefnd .....	72
Málþing um samkeppnismál og verðlag .....	72
Loftslagsráð .....	73

<b>Verðlagseftirlit ASÍ</b> .....	<b>78</b>
Vörucarfa ASÍ .....	79
Verðkönnun á tryggingum .....	80
Verðkönnun á lyfjum .....	81
Verðlagseftirlit ASÍ á tímum vaxandi verðbólgu .....	81
Verðhækkanir og eftirlit Samkeppniseftirlitsins með mögulegum samkeppnisbrestum .....	83
<b>Félags- og vinnumarkaðsmál</b> .....	<b>84</b>
Breytt tilhögun við skipun dómara í Félagsdóm .....	84
Persónuvernd og ASÍ .....	85
Tímabundin nefnd um ótrygg ráðningarsambönd .....	85
Stöðuskýrsla tímabundinnar málefnanefndar ASÍ um „ótrygg ráðningar-sambönd“ – júlí 2022 .....	86
Aldursmismunun – kæra til úrskurðarnefndar um jafnréttismál .....	98
Nefnd um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar .....	99
Ábyrgðasjóður launa .....	99
Innflytjendur á vinnumarkaði .....	99
Stefna ASÍ í málefnum launafólks af erlendum uppruna .....	100
Helstu verkefni ársins .....	101
Vettvangur fyrir starfsfólk stéttarfélaganna sem starfar með innflytjendum .....	101
Upplýsingaátak vegna kosninga .....	101
Upplýsingafundur fyrir Rúmena á Íslandi .....	101
Ráðgjafarhópur innflytjenda .....	102
Sjálfsmynd þjóðar .....	102
labour.is .....	102
Fjölmenningsrjall á trúnaðarmannanámskeiðum .....	102
Kennsla í Landnemanum hjá Mími .....	102
Samstarf við stjórnvöld og stofnanir .....	102
Túlkun og þýðingar .....	103
Jafnréttismál .....	103
Endurmat á virði kvennastarfa .....	103
Stórbætt viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við #MeToo .....	104
Starfshópur um launagagnsæi .....	105
8. mars .....	105
Kvennaráðstefna ASÍ 2022 .....	106
Undirbúningshópur um stofnun kvennavettvangs .....	106
Hinsegin vinnumarkaður .....	106
Vinnustaðaeftirlit .....	107

Stöðufundir . . . . .	107
Fræðsla og starfsdagar . . . . .	107
Innleiðing Language Line . . . . .	108
Atvikaskráning Vörðu og eftirlitsins . . . . .	108
Kærumál á grundvelli EES-samningsins . . . . .	108
Tómlæti og hvíldartími . . . . .	108
Frumkvæðisathugun ESA – Orlofsréttindi og breytingar á orlofslögum . . . . .	109
Til athugunar vegna kærur til ESA . . . . .	109
Réttarbætur vegna atvinnusjúkdóma . . . . .	110
Starfshópur varðandi reglugerð um bótaskylda atvinnusjúkdóma . . . . .	110
Nefnd um heildarendurskoðun á atvinnuleysistryggingum . . . . .	110
<b>Fræðslu- og menntamál. . . . .</b>	<b>111</b>
MFA – Svið fræðslu og þekkingar 2021-2022 . . . . .	111
Fjarfundareri . . . . .	112
Fræðslumyndbönd . . . . .	112
Genfarskólinn - . . . . .	112
Kynningar í framhaldsskólum . . . . .	113
Kynningar í Vinnuskóla Kópavogs . . . . .	113
Fræðsla í samvinnu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar . . . . .	113
Fræðsluráð ríkissáttasemjara . . . . .	113
Réttlætið í samfélaginu – ráðstefna . . . . .	114
Verkalýðsskólinn . . . . .	114
Vísinda- og tækniráð . . . . .	115
Fagháskólastig . . . . .	115
Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs . . . . .	115
Vinna við endurskoðun símenntunarkerfisins - framhaldsfræðslunnar . . . . .	116
Hugarflugsfundur með starfsfólki ASÍ . . . . .	116
Félagsmálaskóli alþýðu . . . . .	116
Námskeið . . . . .	117
Samstarf við fræðslusetrið Starfsmennt . . . . .	117
Handbók trúnaðarmannsins . . . . .	118
Umsóknir um styrki vegna þýðingar handbókar og smáforrits . . . . .	119
Learncove . . . . .	119
Félagsmálaskólinn vottaður fræðsluaðili . . . . .	120
Námskeið í kennslufræðum fullorðinna . . . . .	120
Mímir . . . . .	121
Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar . . . . .	136
<b>Erlend samskipti . . . . .</b>	<b>137</b>
Ráðgjafarnefnd EFTA . . . . .	137
Alþjóðavinnuálagstofnunin – ILO . . . . .	138

110. þing ILO 2022.....	138
Stjórnarnefnd ILO (GB) og Félagafrelsisnefnd ILO (CFA).....	139
Ráðstefna ILO – Góð störf í sjálfbærni á landi og í sjó.....	140
Þríhliðanefnd ILO á Íslandi .....	140
Norræna ILO samstarfið.....	140
SAMAK .....	141
Lagabreytingar og skipulagsmál.....	141
Laganefnd .....	141
Réttindi stjórnarmanna í aðildarfélögum .....	141
Skipulags- og starfsháttanefnd .....	142
<b>ASÍ-UNG .....</b>	<b>144</b>
Sjöunda þing ASÍ-UNG .....	144
Þingsetning og ávarp forseta ASÍ-UNG .....	144
Kosning fundarstjóra og ritara .....	144
Skýrsla stjórnar .....	145
Kosning til stjórnar og kjörnefndar .....	147
Þingslit .....	147
Skýrsla stjórnar ASÍ-UNG .....	148
<b>Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ .....</b>	<b>150</b>
Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2022 .....	151
<b>Listasafn ASÍ .....</b>	<b>152</b>
<b>BJARG íbúðafélag.....</b>	<b>158</b>
Samningur Blævar og Bjargs þ.e.....	158
<b>Varða- rannsóknastofnun vinnumarkaðarins.....</b>	<b>160</b>
<b>VIRK Starfsendurhæfingarsjóður.....</b>	<b>162</b>
Mannauður VIRK.....	162
Samstarf .....	163
Fjölbreyttur hópur þjónustubeiga.....	164
Árangur VIRK .....	164
<b>Umsagnir um þingmál.....</b>	<b>169</b>
<b>Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna .....</b>	<b>216</b>
<b>Starfsnefndir miðstjórnar ASÍ .....</b>	<b>218</b>
<b>Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir landssamtökum/félögum/deildum ...</b>	<b>234</b>
<b>Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda.....</b>	<b>240</b>
<b>Reikningar ASÍ og stofnana .....</b>	<b>259</b>



## **Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ:**

Kæru félagar.

Við lifum á ólगतímum í svo mörgu samhengi. Við erum að ná okkur út úr heimsfaraldri þar sem lifnaðarhættir breyttust verulega. Við búum við stríðsátök í Úkraínu og vaxandi spennu víða sem tengist þeim hildarleik. Við tökumst á við hækkun verðlags og aukna verðbólgu sem að flestu ef ekki öllu leyti má rekja til fyrrnefndra þátta.

Mikill viðsnúningur hefur orðið í stöðu atvinnumála og á mörgum sviðum skortir fólk í þau störf sem í boði eru. Á tímum sem þessum reynir verulega á hreyfingu eins og okkar enda sjáum við fjölda brota á vinnumarkaði þar sem framkoma gagnvart launafólki er með öllu óásættanleg. Viðkvæmir hópar eru líklegri til þess að verða fyrir bardinu á launþjófnaði og það er okkar hlutverk í verkalýðshreyfingunni að finna og verja það fólk. Þar er hreyfingin okkar á heimavelli, að veita ráðgjöf, stuðning og fylgja málum eftir af fullum þunga.

Það dylst engum að róstursamt hefur verið innan okkar raða og hefur baráttan því miður óþarflega oft verið innávið. Viðsemjendur okkar hafa e.t.v. notið góðs af því og jafnvel kynt undir ólgu innan hreyfingarinnar. Það



er okkar hlutverk að snúa bökum saman og setja skýran fókus á hvert við ætlum að beina okkar mikla afli. Sem ein heild, sem samstíga hópur, getum við sannarlega breytt landslaginu hér á landi til hins betra fyrir allt launafólk.

Við höfum sýnt það í verki á undanförunum árum að við getum haft gríðarleg áhrif á samfélagið með beinum aðgerðum. Efling vinnustaðaeftirlits er dæmi um verkefni þar sem við getum haft bein áhrif á vinnumarkaðinn til þess að koma upp um þá skussa sem nýta sér erfiða stöðu fólks.

Stofnun Bjargs íbúðafélags hefur nú þegar haft mikil áhrif á fasteignamarkaðinn og með óyggjandi hætti dregið úr hækkun leiguverðs á þeim tíma sem fjölgun íbúða var sem mest. Nú er hins vegar sótt að okkur vegna skorts á íbúðum og ljóst að við þurfum að stíga fast niður og taka næsta skref í þeim verkefnum. Blær, systurfélag Bjargs, hefur verið að stíga sín fyrstu skref með miklum stuðningi frá VR og óhætt er að segja að þegar Blær kemst á fullan skrið mun leigumarkaðurinn taka stakkaskiptum, ef við stígum ölduna saman sem heild.

Síðustu tveir mánuðirnir fyrir 45. þing ASÍ hafa verið mjög óvenjulegir. Ég fékk það verkefni í fangið að taka við starfi forseta ASÍ. Ég sé og finn þann mikla kraft sem býr í hreyfingunni og hann þarf að nýta. Þegar við tölum saman, deilum reynslusögum og stefnum, sýnum umburðarlyndi gagnvart skoðunum hvert annars og síðast en ekki síst hlustum á hvert annað, eykst samstaðan og árangurinn verður meiri. Ólík sjónarmið okkar styrkja heildina. Sterk verkalýðshreyfing, þar sem kraftar félagsfólks eru virkjaðir, eflir stöðu launafólks á íslenskum vinnumarkaði til muna! Við vinnum!



## **Drífa Snædal, forseti ASÍ 2018-2022:**

Áherslur ASÍ á liðnu starfsári voru fjölbreyttar að vanda. Sóttvarnartakmörkunum var aflétt og hagkerfið tók við sér. Það sem hafði einkennt tvö undanfarin ár breyttist á tiltölulega skömmum tíma.

Sú ákvörðun að verja kjarasamningana stóð og í mars kom forsendu- og launanefnd saman vegna hagvaxtaraukans, en hagvöxtur mældist árið 2021 eftir mikla niðursveiflu. Atvinnurekendur óskuðu eftir því að samtök launafólks féllu frá hagvaxtaraukanum og í okkar röðum var einhugur um að verða ekki við þeirri ósk, sem var enda illa rökstudd. Launafólk var í þeirri stöðu að hagvaxtaraukinn gæti aðeins verið dropi í haf þeirrar dýrtíðar sem skollin var á og átti enn eftir að versna eftir því sem leið á árið 2022. Á sameiginlegum fundi samninganefndar ASÍ og SA lýstu atvinnurekendur því yfir að þeir myndu ekki láta reyna á forsendubrest og því stæðu samningarnir með hagvaxtaraukanum.

Sú dýrtíð sem nú ríkir með verðbólgu og vaxtahækkunum stafar að verulegu leyti af utanaðkomandi þáttum; verðbólga í hinum vestræna heimi hefur ekki mælst hæri í áratugi. Áhrif stríðsins í Úkraínu eru tilfinnanleg. Orkukreppan er farin að bíta illa víða í Evrópu og afleiðingar markaðsvæðingar á orku eru hræði-

legar fyrir almenning. Þetta á að vera okkur hér á landi áminning um mikilvægi þess að standa vörð um okkar orkuinnviði.

En verðbólgan hér á landi á líka rætur í þeirri afskiptaleysisstefnu sem einkennt hefur húsnæðismál. Húsnæðisverð hefur hækkað viðstöðulaust og skortur á húsnæði er viðvarandi. Húsnæðismál voru því eðli málsins samkvæmt verkefni launafólks og var töluverðu þúðri eytt í þrýsting á stjórnvöld, ríki og sveitarfélög og þátttöku í vinnuhópum til að leysa húsnæðisvandann. Það bar nokkurn árangur og loksins eru ríki og sveitarfélög farin að stilla saman strengi til að vinna sameiginlega að fjölgun húsnæðis. Þó er gagnrýnivert að farin sé leið vaxtahækkana í stað þess að stemma stigu við áhrifum fjármagnseigenda á húsnæðismarkaði. Það er löngu tímabært að líta á þak yfir höfuð sem mannréttindamál en ekki gróðapott fyrir fjármagnseigendur.

Þegar atvinnulífið tók við sér fóru að birtast skuggamyndir þess; gríðarlegur flutningur fólks af erlendu bergi brotið hingað til lands er staðreynd, ekki einungis er þetta fólk í leit að vinnu heldur er þetta einnig fólk á flótta undan stríði í Evrópu. Fólk sem við vitum að er í viðkvæmri stöðu og þekkir ekki regluverk hins íslenska vinnumarkaðar. Af hálfu ASÍ var þung áhersla lögð á í að koma vinnustaðaefirlitinu aftur af stað af fullum þunga. Því miður ollu veikindi og uppsagnir eftirlitsfulltrúa því að eftirlitið hefur séð sinn fífil fegurri. Nokkur mansalsmál hafa verið tilkynnt til lögreglu á tímabilinu og hefur ASÍ stóru hlutverki að gegna í þrýstingi á lagaleg og félagsleg úrræði fyrir fólk í viðkvæmri stöðu.

Ekki náðist sátt innan ASÍ um frumvarp til starfskjaralaga frekar en árið áður og því bíða enn þær réttarbætur sem þar eru lagðar til. Lög gegn kennitöluflakki náðust heldur ekki í gegn þótt enginn vilji kannast við andstöðu við þær laga-breytingar. Því ber hins vegar að fagna að breytingar á lífeyrislögunum fóru í gegn og þar með er lögbundið 15,5% framlag í lífeyrissjóði.

Fulltrúar ASÍ tóku þátt í samtali og samráði við stjórnvöld og aðra aðila vinnu-markaðarins. Á vettvangi Þjóðhagsráðs lögðu fulltrúar vinnandi fólks áherslu á afkomuöryggi, húsnæðismál, fræðslu- og menntun og breytingar á skatta- og tilfærslukerfum svo eitthvað sé nefnt. Þjóðhagsráð er ekki vettvangur ákvarðana heldur skoðanaskipta og þar er fjallað um ýmsa þætti sem lúta að kjörum launafólks, s.s. framþróun í húsnæðismálum, kjaratölfræðinefnd og hugmyndir um breytingar á almannatryggingum svo eitthvað sé nefnt.

Jafnréttismálin voru ofarlega á baugi. ASÍ tók þátt í undirbúningi að verkefni- nu að endurmeta kerfisbundið vanmetin kvennastörf. Þetta er snúið verkefni en gæti, ef vel tekst til, orðið gríðarlega mikið framfaraskref. Þar að auki var haldin stór kvennarådstefna á vegum ASÍ og skilaði ráðstefnan tillögum til miðstjórnar, meðal annars um stofnun kvennavettvangs. Ekki var einhugur innan miðstjórnar, sem breytir þó ekki því að konur innan hreyfingarinnar vilja koma á fót vettvangi

til að fjalla um kynjajafnréttismál og er full þörf á, enda hallar enn á konur í áhrifastöðum innan hreyfingarinnar.

Eitt stærsta verkefni vetrarins var að búa til farveg til að ræða okkur niður á eitt helsta deilumál innan hreyfingarinnar, lífeyrismálin. Leitað var liðsinnis Jóns Ólafssonar prófessors til að leiða svokallaðan rökræðufund um lífeyrismál. Þar var allt undir og gefin var út skýrsla í aðdragandanum þar sem ágreiningur var dreginn fram í dagsljósið og gerð grein fyrir rökum með og á móti. Því miður ákváðu nokkur aðildarfélög innan ASÍ að sniðganga þennan rökræðufund en fulltrúar sem sóttu hann voru afar ánægðir með fundinn og þótti hann gagnlegur.

Aðför að skipulagðri verkalýðshreyfingu á Íslandi er staðreynd og hreyfingin sjálf er ekki burðug til að fanga allar þær raddir sem þar þurfa að heyrast og miðla málum. Mikil innbyrðis átök og valdabarátta er staðreynd og ekkert sérstaklega heillandi vettvangur fyrir fólk sem þrífst illa í innbyrðis átökum. Undirrituð tók þá ákvörðun að yfirgefa vettvanginn þann 10. ágúst í stað þess að sitja fram að þingi og var það gert með svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég hef ákveðið að segja af mér embætti forseta Alþýðusambands Íslands og þeim trúnaðarstöðum sem ég hef gegnt sem forseti. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Þing ASÍ er í byrjun október og ég þurfti að gera það upp við mig hvort ég gæfi áfram kost á mér. Þegar ég hugsaði málið varð niðurstaða mín sú að ég treysti mér ekki til að starfa áfram yrði ég til þess kjörin og af því leiddi að það væri skynsamlegt í ljósi kjaraviðræðna og undirbúning þingsins að hætta sem fyrst. Ég veit að ég nýt mikils stuðnings félaga og í samfélaginu og fyrir það er ég þakklát. Það eru hins vegar samskipti við ýmsa kjörna fulltrúa innan sambandsins og sú blokkamyndun sem þar hefur átt sér stað sem gera mér það ókleift að starfa áfram sem forseti ASÍ.

Ég hef ekki vílað fyrir mér að taka slaginn fyrir launafólk gagnvart stjórnvöldum eða atvinnurekendum enda er það hluti af því að vera í verkalýðsbaráttu. Átök innan ASÍ hafa hins vegar verið óbærileg og dregið úr vinnugleði og baráttuanda. Þegar við bætast ákvarðanir og áherslur einstakra stéttarféлага sem fara þvert gegn minni sannfæringu er ljóst að mér er ekki til setunnar boðið. Ég treysti mér ekki til að vinna með fólki sem ég á ekki samleið með í baráttunni. Og ég hef sem forseti verið í þeirri stöðu sem ég ætlaði mér aldrei; að telja mig ekki eiga annars kost en að gagnrýna stjórnarákvarðanir og formenn stærstu stéttarféлага innan ASÍ. Þegar stjórn Eflingar stóð fyrir hópuppsögn á skrifstofu félagsins sá ég mig knúna til að mótmæla þeim, enda hefur verkalýðshreyfingin barist gegn hópuppsögnum í tímans rás. Ég þurfti einnig að bregðast við linnulausri, en óljóstri gagnrýni formanns VR á mín störf. Dæmin eru fleiri og það sem fólk leyfir sér í samskiptum hvert við annað innan hreyfingarinnar er henni ekki til framdráttar og félögum ekki til hagsbóta.

Verkalýðshreyfingin er ein merkilegasta mannréttindahreyfing heims og hjarta mitt hefur slegið þar og mun gera það áfram. Ég get hins vegar ekki sinnt störfum mínum lengur sem forseti ASÍ. Þá er hreinlegast að segja þetta gott. Og til að taka af allan vafa er þetta ekki hluti af einhverri stærri fléttu, ég einfaldlega hverf af þessum vettvangi án þess að hyggja á endurkomu.

Stuðningsfólki mínu þakka ég af öllu hjarta og bið um skilning á þessari ákvörðun.”

Að lokum óska ég þess að hreyfingin verði sterkur málsvari vinnandi fólks á Íslandi og þakka fyrir það samstarf, traust og vináttu sem ég hef notið síðustu 10 ár í störfum innan hreyfingarinnar.



*Fulltrúar á rafrænu þingi ASÍ.*

## **Framhald 44. þings Alþýðusambands Íslands**

Þann 21. október 2020 var 44. Þing Alþýðusambands Íslands sett rafrænt. Sökum samkomutakmarkana vegna heimsfaraldurs COVID var ekki unnt að halda þingið í raunheimum.

Líkt og fram kemur í skýrslu forseta frá 2021 var á þinginu samþykkt laga-breytingatillaga miðstjórnar sem laut að fjölgun varaforseta úr tveimur í þrjá, skýrsla forseta og reikningar ASÍ hlutu samþykki sem og ályktanir um vinnu-markaðsmál og innra starf Alþýðusambandsins. Þá fór fram kjör í embætti.

Sökum ríkjandi ástands og samkomutakmarkana var málefnavinnu frestað til framhaldsþings sem áformað var að halda í maímánuði 2021. Það reyndist ekki unnt af framangreindum ástæðum og var framhaldsþinginu enn frestað til 8.- 9. september 2021.

Á fundi sínum 18. ágúst 2021 samþykkti miðstjórn ASÍ að leggja til að frekari þingstörfum yrði aflýst og þinginu þess í stað slitið. Miðstjórn þótti ljóst að ekki yrði unnt að halda framhaldsþingið með venjubundnu sniði; ástæða væri til að óttast að þingfulltrúar gætu þurft að sæta sóttkví eftir þingið og einnig væri mögulegt að sýkingar breiddust út þegar fjöldi fólks kæmi saman.

Miðstjórn samþykkti einnig á fundinum 18. ágúst þá tillögu að þingfulltrúar ASÍ yrðu kallaðir saman til fjarfundar í september til þess eins að taka afstöðu til tillögu miðstjórnar um að slíta 44. Þingi ASÍ. Jafnframt var ákveðið að skrifstofa ASÍ myndi útbúa tölvubréf til formanna aðildarfélaga þar sem greint væri frá þessari niðurstöðu og framkvæmd örfþingsins í september.

## **Bréf framkvæmdastjóra ASÍ til aðildarfélaga**

Í samræmi við samþykkt miðstjórnar sendi Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, eftirfarandi bréf til landssambanda og aðildarfélaga innan ASÍ:

20. ágúst 2021

### ***Efni: Framhaldsþing ASÍ 8.–9. september 2021. Frekri störfum aflýst og þingi slitið.***

44. þing Alþýðusambands Íslands var sett rafrænt 21. október sl. en vegna samkomutakmarkana sökum heimsfaraldurs var málefnavinnu frestað til framhaldsþings. Til stóð að halda framhaldsþingið í maí sl. en aftur var það ekki mögulegt vegna samkomutakmarkanna og var þinginu enn frestað til 8.–9. september nk. Enn eru í gildi samkomutakmarkanir og því ekki hægt að halda framhaldsþingið með venjubundnu sniði og þeirri nálægð og samvinnu sem málefnaþing krefst. Þótt notast yrði við sóttvarnahólf og ítrustu sóttvarnaráráðstafna gætt, væri eftir sem áður umtalsverð hættu á að þingfulltrúar gætu þurft að sæta sóttkví eftir þingið og einnig mögulegt að sýkingar breiddust út. Þá yrði félagslíf í kringum þingið af mjög skornum skammti. Af þessum sökum telur miðstjórn ekki forsvaranlegt að halda þingstörfum til streitu og ákvað því á fundi sínum 18. ágúst sl. leggja til að frekari þingstörfum verði aflýst og þinginu þess í stað slitið.

Þing ASÍ er æðsta stofnun ASÍ og sjálfstætt í störfum sínum. Það situr enn með þeim þingfulltrúum sem til þess voru kjörnir þótt tímabundið hlé hafi verið gert á störfum þess. Miðstjórn ASÍ hefur ekki einhliða heimild til að slíta því þingi sem löglega situr. Til þess þarf samþykki kjörinna þingfulltrúa. Fyrir vikið er nauðsynlegt að kalla til framhaldsþings þar sem borin yrði upp sú tillaga miðstjórnar að slíta þingi og taka út af dagskrá þau mál sem ekki voru afgreidd 21. október sl.

Málefna nefndir ASÍ munu halda áfram að vinna að málefna starfi sambandsins og móta tillögur fyrir 45. þing ASÍ, sem boðað verður í október 2022. Þá mun miðstjórn koma með tillögur um málefnaumræðu sem fram fer í vetur, bæði innan hreyfingarinnar og á opinberum vettvangi. Stefnumótandi ákvarðanir verða þó aðeins teknar á næsta þingi.

### ***Næstu skref***

*Boðað verður til framhaldsþings ASÍ 9. september nk. kl. 10:00. Þar verða lagðar fyrir tvær tillögur í fyrsta lagi tillaga miðstjórnar um framlengingu frávika frá þingsköpum sem varða rafræna framkvæmd þess og sem giltu til loka fyrri hluta þingsins í október og í öðru lagi tillaga um að fyrirbyggjandi mál verði tekin af dagskrá og þingi slitið. Í samræmi við þingsköp Alþýðusambandsins (gr. 5.16) fer atkvæðagreiðsla um þessar tillögur fram með þeim fulltrúum sem mættir eru. Í kjölfarið verður efnt til fyrirhugaðs pallborðs með formönnum stjórnmalaflokkanna í tengslum við „Það er nóg til“ – átak ASÍ vegna Alþingiskosninganna og hefst það kl. 11.*

*Hikið ekki við að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna. Við á skrifstofunni gerum okkar besta til að greiða úr þeim flækjum sem upp koma við þessar óvanalegu aðstæður.*

*Virðingarfyllst,  
Halla Gunnarsdóttir  
framkvæmdastjóri ASÍ*

### ***Fundargerð framhaldsþings ASÍ – 9. september 2021***

*Þingforseti hefur fundinn*

**Þingforseti**, bauð fólk velkomið á þennan framhaldsþingfund 44. þings sem frestað var 11. maí sl. Fór hann yfir hagnýt atriði í tengslum við atkvæðagreiðslu á þeim tillögum sem liggja fyrir. Bar hann því næst upp tillögu á þingskjali nr. 17 um tímabundin frávik frá þingsköpum ASÍ skulu gilda áfram að setningu 45. þings ASÍ. Tillagan fari inn í atkvæðagreiðsluna sem verður 10:30 og verði kosið um hana samtímis og greitt verði atkvæði um breytta dagskrá og þingslit.

### ***Drífa Snædal forseti ASÍ, „Kæru félagar,***

*tilgangur þinga Alþýðusambandsins er að safna saman fólki af öllu landinu úr öllum starfsstéttum innan aðildarfélagana til lifandi og kraftmikillar umræðu og stefnumótunar. Estir miklar umræður var niðurstaðan sú að það sé ekki hægt vegna sóttvarnarráðstafana og vógu nokkur rök þar þungt. Ýmsar starfsstéttir innan okkar vébanda eru í viðkvæmum framlinustörfum sem krefjast þess að fólk sýni smitgát auk þess sem það er afar persónubundið hvernig fólk tekur áhættu á smiti. Að auki viljum við alls ekki verða þess valdandi að smit breiðist út meðal okkar félaga eða að fólk þurfi að sæta sóttkvi í stórum stíl. Við gátum því ekki náð því markmiði að bæði tryggja öryggi fólks og ná saman okkar félögum í lýðræðislega umræðu. Næsta reglulega þing ASÍ er í október*



á næsta ári og við þurfum að finna flöt þangað til, til að halda uppi góðri umræðu. Niðurstaðan var að þinginu sem var hafið í fyrra með rafrænum hætti væri slitið formlega og þess vegna erum við hér. Miðstjórn ASÍ samþykkti því að leggja fram eftirfarandi dagskrártillögu:

Framhaldsþingfundur 44.þings ASÍ, haldinn 9. 9. 2021 samþykkir að taka af dagskrá þingsins fyrirliggjandi og óafgreiddar tillögur til lagabreytinga sem og það málaefnastarf sem fyrirhugað var og að framhaldþingi ASÍ verði slitið.

*Er þessi tillaga hér með lögð fram til afgreiðslu.“*

**Þingforseti**, lýsti því að kosningar væru áætlaðar 10:30 og orðið laust um framkomnar tillögur.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var því gert hlé á þingi kl. 10:15

Þing hafið aftur kl. 10:30 og gengið til atkvæðagreiðslu um þær tvær tillögur sem liggja fyrir.

Atkvæðagreiðslur hófust kl. 10:30 og þeim lauk 10:45. Atkvæði féllu sem hér segir:

Varðandi endurnýjaða heimild til frávika frá þingsköpum sbr. þingskjal nr.17 voru **109** sem sögðu já; **8** sem sögðu nei; og **2** sem skiluðu auðu. Var tillagan því **samþykkt**.

Varðandi tillögu um breytta dagskrá og þingslit sbr. þingskjal nr. 18 voru **106** sem sögðu já; **9** sem sögðu nei; og **4** sem skiluðu auðu. Var tillagan því **samþykkt**.

**Drífa Snædal forseti ASÍ**, „*Kæru félagar,*

*takk kærlega fyrir að mæta í netheima og afgreiða þingslitin við þessar óvenjulegu aðstæður. Þó við höfum ekki getað komið saman í raunheimum í nokkurn tíma þá heldur starfið okkar ótrautt áfram og stór verkefni bíða. Nú í september er endurskoðunarákvæði kjarasamninga og ljóst að forsendur hafa ekki staðist að fullu. Þótt kaupmáttur hafi aukist og vextir lækkað þá hafa loforð stjórnvalda ekki verið uppfyllt og það skiptir okkur miklu máli hverjir verða við stjórnvölinn eftir kosningar til að halda áfram okkar baráttumálum. Við munum þurfa að verja samningana okkar enn og aftur. Við höfum sannað mátt okkar og megin í þeim erfiðu aðstæðum sem verið hafa á vinnumarkaði. Náð að verja gerða kjarasamninga og styrkja atvinnuleysisstryggingakerfið en betur má ef duga skal. Covid kreppan hefur staðfest styrkleika á íslenskum vinnumarkaði en líka veikleika og þær ógnir sem stöðja að okkur birtast í ýmsum myndum. Lausbeisluð ráðningasambönd í gegnum verkefnaráðningar eða hreina gerviverktöku gera það að verkum að fólk nýtur ekki réttinda eða*

skjólþegar harðnar á dalnum. Nú heyrast meira að segja kunnuglegar raddir að utan um að það sé sérstakt frelsi fólgið í því að vera ekki launamanneskja heldur verktaki. Við vitum sem er að það er ekkert frelsi fólgið í því að vita ekki afkomu sína frá mánuði til mánaðar, geta ekki skipulagt framtíðina eða notið öryggis. Þetta er líka kjarninn í okkar hreyfingu. Öryggismál eru ekki bara spurning um vopnvæðingu ríkja heldur ekki síður um að njóta öryggis í hinu daglega lífi, inni á vinnustöðum og vita af tryggri afkomu, hafa aðgang að öruggu og góðu húsnæði og vita að stéttarfélagið þitt stendur með þér ef í harðbakkann slær. Það er okkar daglega starf og mikið megum við vera stolt af okkar hreyfingu sem teygir sig um allt land, í allar starfsstéttir. Það eru gífurleg verðmæti fyrir vinnandi fólk.

Við ætluðum að ræða framtíðina á þessu þingi sem við nú slítum og við vitum af gamalli reynslu að framtíðin kemur og hún er öðruvisi. Breytingar á störfum mun krefjast þess að fólk geti notið endurmenntunar og nýrrar þjálfunar og loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á atvinnuuppbyggingu. Við höfum hins vegar alla möguleika á að búa til nýja stóriðju hér á landi í gegnum mót-vægisadgerðir gegn mengun og við þurfum að venja okkur á að hugsa í nýjum brautum atvinnuuppbyggingar. Þegar mikil umskipti verða í atvinnugreinum á einstaka svæðum verðum við að krefjast réttláttra umskipta, að breytingarnar verði á forsendum nýrra góðra starfa og jöfnuðar en verði ekki til að auka á ójöfnuð enn frekar.

Kæru félagar, þótt við náum ekki að móta stefnu á þingi að þessu sinni skulum við ekki láta tímann fara til ónýtis heldur taka þátt í samtalinu innan okkar stéttarfélags. Stutt er í næstu kjarasamninga og mikilvægt að sem flestir séu þátttakendur í mótun áherslna fyrir samningana. Við hjá ASÍ munum finna leiðir til að vera í sambandi og samráði við féлага, upplýsa, verja rétt og styrkja stöðu og samtakamátt launafólks þangað til við getum hist aftur í raunheimum. Höldum okkar striki, berjumst áfram og nýtum þann styrk sem býr í samtakamættinum.

Ég segi 44. Þingi Alþýðusambands Íslands slitið en hvet ykkur í kjölfarið til að hlusta á forystufólk stjórnvalaflokkanna í panel ræða það sem stendur hjarta launafólks mestu máli. “

44. þingi ASÍ slitið kl. 10:50



## Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambands Íslands í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana á vegum þess. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykpta þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Í miðstjórn sitja 15 fulltrúar auk forseta ASÍ.

Miðstjórn Alþýðusambandsins kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá seinni hluta júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Fundað er á miðvikudögum. Almenna reglan er sú að fyrri fundur mánaðarins fer fram í húsnæði ASÍ við Guðrúnartún í Reykjavík en sá síðari fer fram um net. Eftir verulegar truflanir vegna COVID-faraldursins síðustu misserin komst loks festa á þetta fyrirkomulag funda miðstjórnar á árinu 2022.

## Breytingar á miðstjórn

Þann 1. nóvember 2021 skýrði Sólveig Anna Jónsdóttir frá því að hún hefði sagt af sér sem formaður Eflingar-stéttarfélags. Á fundi miðstjórnar tveimur dögum seinna sagði forseti ASÍ frá því að borist hefði tilkynning frá Sólveigu Önnu þar sem hún segði af sér embætti 2. varaforseta Alþýðusambands Íslands og öllum trúnaðarstörfum á þess vegum.

Reglum samkvæmt tók Þórarinn G. Sverrisson, Öldunni-stéttarfélagi, sæti sem aðalmaður í miðstjórn í stað Sólveigar Önnu. Agnieszka Ewa Ziolkowska, nýr formaður Eflingar og áður varaformaður, varð fyrsti varamaður í stað hans. Jafnframt ríkir sú hefð innan miðstjórnar að formenn stærstu félaganna eiga seturétt á öllum fundum miðstjórnar séu þeir ekki aðalmenn í miðstjórn. Þetta átti við um Agnieszku sem nýjan formann Eflingar og samþykkti miðstjórn seturétt hennar.

Á fundi miðstjórnar 17. nóvember var Halldóra Sveinsdóttir, Bárunni-stéttarfélagi, tilnefnd af Starfsgreinasambandi Íslands, kjörin 3. varaforseti ASÍ með 11 atkvæðum gegn einu á mótí og þremur hjásetum. Tók Halldóra við því embætti af Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR, sem lögum samkvæmt færðist í sæti Sólveigar Önnu sem 2. varaforseti ASÍ.

Sólveig Anna Jónsdóttir var endurkjörin formaður Eflingar á félagsfundum 15. febrúar 2022. Venju samkvæmt var henni boðin seturéttur á fundum miðstjórnar. Sólveig Anna mætti til fyrsta fundar sem áheyrnarfulltrúi 20. apríl.

Sama dag mætti Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, til fundar miðstjórnar sem áheyrnarfulltrúi eftir að hafa verið kjörin formaður Starfsgreinasambands Íslands 25. febrúar.

## Rökræðufundur um lífeyrismál

Í októbermánuði 2021 samþykkti miðstjórn einróma að efna til rökræðufundar um lífeyrismál. Forsaga þessa var sú að eftir að þingi ASÍ var aflýst sumaríð 2021 var rætt um mikilvægi þess að málefnastarf yrði skipulagt fram til haustsins 2022. Oft hafði verið rætt um að tímabært væri að taka lífeyrismál til meðferðar á vettvangi Alþýðusambandsins.

Á miðstjórnarfundinum var kynnt sú hugmynd að efna til rökræðufundar um lífeyrismál og styðjast við þekkt líkan; ákveðna útgáfu af svokölluðu þjóðfundarfyrirkomulagi eða doppu-fundum. Upprunalega hugmyndin var sú að fundurinn færi fram í janúar 2022 og stæði í tvo daga.

Miðstjórnarfolk lýsti yfir ánægju með tillöguna og taldi almennt þessa leið heppilega til að taka þetta málefni til ítarlegrar umræðu. Eftir umræðu í miðstjórn var ákveðið að bjóða öllum sem eiga seturétt á formannafundi ASÍ, félögum í lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd, stjórnarfolki í ASÍ-UNG og fulltrúum launafólks í stjórnnum lífeyrissjóða.

Leitað var til Jóns Ólafssonar, prófessors við Háskóla Íslands, sem hefur fjallað um rökræðufundi í rannsóknum sínum og hefur reynslu af skipulagi slíkra funda. Í janúar 2022 lágu fyrir drög að umræðuskjali fyrir rökræðufundinn. Starfsfólk skrifstofu lagði mikla vinnu í gerð skjalsins sem unnið var með aðstoð Jóns Ólafssonar.

Fundurinn átti að fara fram á Selfossi 21.-22. janúar. Þann 5. janúar samþykkti miðstjórn að fresta rökræðufundinum vegna fjölgunar COVID-smita og óvissu um framgang veirufaraldursins.

Í marsmánuði reyndist loksins unnt að halda fundinn. Fundurinn hófst kl. 10 fimmtudaginn 3. mars. Þátttakendur, sem voru 49, fylltu þá út viðhorfskönnun. Þeir fylltu síðan út viðhorfskönnun að fundi loknum síðdegis á föstudegi og var tilgangurinn sá að fá fram upplýsingar um hvort sjónarmið hefðu breyst eftir tveggja daga rökræðu.

Þátttakendum var skipt upp í 5-8 manna hópa og voru þeir í sama hópi allan fundinn. Í umræðuskjali fundarins var að finna fimm meginumræðuefni sem síðan skiptust í undirflokk. Í hverjum flokki voru listuð upp álitaeefni til umræðu. Þar var að finna rök með og á móti staðhæfingum/álitaeefnum og lagðar fram lykilsþurningar. Álitaeefnin voru mismörg eftir umræðulotum en alls hlutu 26 einstök álitaeefni umræðu. Umræðuefnin fimm voru:

1. Tilgangur og nýting lífeyrissparnaðar
2. Lífeyristökualdur
3. Fjárfestingarstefnur lífeyrissjóðanna
4. Stjórnkerfi lífeyrissjóðanna
5. Framtíð lífeyrissjóðskerfisins.

Starfsfólk ASÍ sá um ritun fundargerða og að halda umræðu gangandi í hverjum hópi en stjórnaði henni.

Þau Gylfi Magnússon, prófessor við Háskóla Íslands, Sigrún Jónsdóttir, starfandi forstjóri Tryggingastofnunar, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, nýr félagsmála- vinnumarkaðsráðherra, og Rannveig Sigurðardóttir aðstoðar-seðlabankastjóri sátu fyrir svörum og þau Kroum Markov, sérfræðingur hjá Alþjóðavinnuálagstofnuninni (ILO), og Evelyn Astor, sérfræðingur hjá Alþjóðasambandi verkalýðsfélaga (ITUC), brugðust við spurningum þátttakenda eftir að hafa flutt stutt erindi.

Í könnun sem gerð var í fundarlok kom fram mjög mikil og almenn ánægja með fundinn. Tilgangur fundarins var ekki sá að ná fram skýrum niðurstöðum um lífeyrismálin. Ætlunin var að stefna fólki saman til að ræða lífeyrismál á grundvelli reynslu sinnar og þekkingar. Stefnit var að djúpri rökræðu og var það mál þátttakenda að það hefði tekist.

Sama mat kom fram hjá því miðstjórnarfólki sem sótti rökræðufundinn þegar Jón Ólafsson kynnti drög að skýrslu um hann í júnímánuði.

## **Alþjóðleg verðbólga og hrávöruverð**

Á fundi miðstjórnar í október 2021 rakti Róbert Farestveit, hagfræðingur ASÍ og sviðsstjóri, þróun í evrópskum efnahagsmálum síðustu misserin. Staldráði Róbert einkum við hratt vaxandi verðbólgu á evrusvæðinu. Ástæður aukinnar verðbólgu suður í álfu væru einkum hækkandi orkuverð til heimila og samgangna. Það orsakaðist einkum af ónógu framboði á gasi. Að auki færi hrávöruverð hækkandi sem ýtt gæti undir frekari verðbólgu.

Orkukreppan gæti því dregið úr efnahagslegum viðsnúningi í Evrópu eftir COVID-kreppuna. Áhrif væru minni hér á landi en hækkandi verð á innfluttri vöru gæti valdið þrálátri verðbólgu. Hærra hrávöruverð á iðnaðarvarningi, matvöru og áburði myndi hafa bæði bein og óbein áhrif á verðlag og framleiðslu hér á landi en áhrifin væru óviss um sinn.

Segja má að umfjöllun Róberts og sviðs stefnumótunar og greininga hafi verið vísir þess sem í vændum var. Frá þessum fundi tók miðstjórnarfólk að hafa þungar áhyggjur af miklum hækkunum á nauðsynjavöru og íþyngjandi opinberum álögum. Sýnt þótti að kaupmáttur myndi í besta falli haldast óbreyttur. Greining Róberts á verðbólgunni gekk eftir og stýrivaxtahækkanir Seðlabankans þyngdu enn róðurinn hjá mörgum.

Í febrúarmánuði réðust Rússar inn í Úkraínu og versnaði staðan þá til muna, einkum hvað hrávöruverð og aðföng varðar.

## **Það er nóg til**

Á fundi miðstjórnar 3. nóvember 2021 fór Hallur Helgason verkefnisstjóri yfir skýrslu sem hann hafði tekið saman og lá frammi sem fundargagn um átakið *Það er nóg til* sem efnt var til í aðdraganda þingkosninga 25. september. Hallur fór skipulega yfir verkefnið, afmörkun þess og umfang, tímalínur þess, miðlun og viðburði, kostnað og viðbrögð. Fram kom að nauðsynlegt hefði verið að sýna mikinn sveigjanleika hvað áætlanir og breytingar á þeim varðaði einkum vegna samkomutakmarkana COVID-veirufaraldursins og eldgoss á Reykjanesi sem fangað hefði huga landsmanna.

Í máli Halls kom fram að heildarkostnaður verkefnisins hefði verið um 40 milljónir í samræmi við áætlun þar um. Hann vakti sérstaka athygli á framleiðslu efnis á skrifstofu ASÍ og vegna þess hefði verið hægt að kosta meiru í birtingar. Gallup-könnun hefði leitt í ljós að 63% þátttakenda hefðu tekið eftir slagorðinu *Það er nóg til* og 57% hefðu vitað að það kæmi frá ASÍ.

Viðbrögð væri augljóslega erfitt að mæla, umfram fyrrnefnda könnun Gallup, en átakið hefði vakið sterk bein og óbein viðbrögð og í ákveðnum

tilvikum hnikað til víglínnum. Sýndi hann nokkur dæmi úr opinberri umfjöllun máli sínu til stuðnings.

Forseti lýsti yfir mikilli ánægju með verkefnið og staldraði við hversu mikið hefði fengist fyrir þá peninga sem lagðir hefðu verið í verkefnið. Forseti vakti athygli á hversu öflug skrifstofa ASÍ hefði verið við gerð efnis með tilheyrandi sparnaði í utanaðkomandi þjónustu. Verkefnið hefði einnig falið í sér uppfærslu á ásýnd ASÍ. Þakkaði hún Halli kærlega fyrir verkstjórnina og kvað hann eiga heiður skilinn fyrir fagmennsku sína og þekkingu.

Í umræðu lýsti miðstjórnarfolk yfir ánægju sinni með verkefnið og tók undir orð forseta um fagmennsku og hæfni verkefnisstjórans. Haft var á orði að iðulega væri kvartað undan því að ASÍ og verkalýðshreyfingin væri lítt sjáanleg en því hefði verið snúið við með átakanu.

## **Stjórnarsáttmáli**

Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar undir forsæti Katrínar Jakobsdóttur var helsta umræðuefni miðstjórnar á fundi 1. desember 2021. Forseti kvaðst hafa orðið fyrir vonbrigðum er stjórnarsáttmálinn var loks birtur sunnudaginn 28. nóvember. Rætt hefði verið um að hann yrði ítarlegur og honum myndi einnig fylgja verkefnalisti en því miður væri fátt handfast í honum að finna og lítið færi fyrir geirnegldum markmiðum nýju ríkisstjórnarinnar.

Miðstjórnarfolk hafði á orði að sáttmáli ríkisstjórnarinnar veki iðulega fleiri spurningar en svör. Nefnt var að þeir þrír formenn stjórnmalaflokkanna sem stæðu að baki sáttmálanum – hið pólitíska þríeyki – hefðu tekið sér mikil völd m.a. með því að umbylta stjórnkerfi ríkisins án minnstu lýðræðislegu aðkomu annarra.

## **Sóttvarnir á vinnustöðum**

Í janúarmánuði 2022 ræddi miðstjórn sóttvarnir á vinnustöðum. Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, fór yfir minnisblað sem lagt hafði verið fyrir fundinn um bólusetningar og réttindi launafólks. Sagði hann lögfræðinga ASÍ hafa fengið fjölmargar fyrirspurnir á síðustu vikum varðandi kröfur atvinnurekenda um framvísun bólusetningarvottorða og beinar og óbeinar þvinganir til bólusetningar.

Magnús sagði að á meðan ekki væri almenn og lögbundin bólusetningarskylda í landinu væri óheimilt að mismuna launafólki eftir bólusetningarstöðu þess. Verkalýðshreyfingin í Evrópu (ETUC) væri sama sinnis og að auki hefðu nánast öll aðildarsamtök ETUC lagst gegn skyldubólusetningum enda fælu þær í sér inngríp í persónufrelsi einstaklinga sem varið væri af stjórnarskrá og gæti leitt til mismununar og minni samstöðu um sóttvarnir almennt.

Í umræðu var sú skoðun almenn að forðast bæri að skipta þjóðinni í tvær fylkingar bólusettra og óbólusettra. Mikilvægt væri að sóttvarnir yrðu ekki tilefni ágreinings á vinnumarkaði. Virða yrði rétt fólks til að ákveða hvort það þæði bólusetningu eða ekki.

Vakin var athygli á að það vildi gleymast að fjöldi fólks gæti ekki þegið bólusetningu af heilsufarsástæðum.

## **Kynning á niðurstöðum rannsóknar Vörðu**

Á fjarfundi í janúar 2022 fylgdist miðstjórnarfólk með beinni útsendingu úr höfuðstöðvum BSRB þar sem Kristín Heba Gísladóttir, framkvæmdastjóri Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, kynnti á veffundum niðurstöður skýrslu um stöðu launafólks á Íslandi.

Könnun Vörðu var gerð rafrænt dagana 24. nóvember til 9. desember 2021 meðal félaga í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands og BSRB sem spanna um 70% fólks á íslenskum vinnumarkaði. Könnunin var þýðisrannsókn og því opin öllum félagsmönnum heildarsamtakanna tveggja. Alls bárust 8.768 svör og voru svörin vigtuð eftir kyni og aðildarfélögum til að endurspegla betur þýðið. Tungumál könnunarinnar voru íslenska, enska og pólska. Þátttaka innflytjenda var að þessu sinni sérlega góð.

Í máli Kristínar Hebu kom fram að samanburður við fyrstu könnun Vörðu á stöðu launafólks sem birt var 2021 sýndi að fjárhagsstaða launafólks hefði versnað síðasta árið. Tæplega þriðjungur vinnandi fólks glímdi við erfiða fjárhagsstöðu og ætti erfitt með að ná endum saman. Tæplega tíundi hluti launafólks byggði við skort á efnislegum gæðum og um fjórir af hverjum tíu gætu ekki mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum án þess að stofna til skuldar, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

Í kynningunni vakti Kristín Heba athygli á upplýsingum um erfiða afkomu einstæðra foreldra og innflytjenda.

## **Hækkun lífeyristökualdurs**

Hækkun lífeyristökualdurs var á dagskrá miðstjórnar í febrúarmánuði 2022. Fyrirliggjandi var minnisblað frá Stefáni Ólafssyni, prófessor emeritus við Háskóla Íslands og sérfræðingi hjá Eflingu-stéttarfélagi, sem ber yfirskriftina: „Niðurfærsla réttindaávinninga í lífeyrissjóðum almenna markaðarins vegna lengri meðalævilengdar – atriði til athugunar”.

Í minnisblaðinu fjallar Stefán um samþykkt fjármálaráðherra í desember 2021 á nýjum ævilíkum frá Félagi tryggingastærðfræðinga sem viðmið fyrir uppgjör lífeyrissjóða (tryggingafræðilega stöðu). Telur hann að með breytingum og upptöku nýrra réttindataflna sé hægt á uppsöfnun réttinda svo sjóðirnir



standi betur við skuldbindingar sínar í ljósi lengri meðalævi. Þetta rýri lífeyrisréttindi miðað við lífeyristöku frá 67 ára aldri. Þeir sem geti hæglega unnið til sjötugs náí þó að vinna þetta upp.

Í umræðu kom fram ánægja miðstjórnarfólks með minnisblað Stefáns Ólafssonar. Fyrirliggjandi upplýsingar um ævilíkur lágtekjufólks og þeirra sem sinna erfiðisvinnu þýddu að margir í þessum hópum næðu ekki fullri starfsævi. Furðu vektu að áform væru uppi um að hækka lífeyristökualdur þessa fólks.

Miðstjórn taldi fullvíst að hækkan lífeyristökualdurs myndi birtast á þann veg gagnvart erfiðisvinnufólki að öryrkjum í röðum þess myndi fjölga þar eð margir myndu ekki ná að skila svo langri starfsævi. Þar með yrði staða lífeyrissjóða í engu betri.

## **Kvennaráðstefna ASÍ**

Kvennaráðstefna ASÍ sem haldin var 7. og 8. apríl í Borgarfirði og ályktun hennar kom til umræðu í miðstjórn í maímánuði 2022. Yfirskrift ráðstefnunnar í þetta sinn var: *Fitjum upp á nýtt – örugg afkoma og velferð kvenna*. Fyrirhugðu ráðstefna var fyrst kynnt á fundi miðstjórnar í desember 2021.

Kvennaráðstefnur af þessu tagi hafa verið haldnar með 2-3 ára millibili sl. tvo áratugi. Formenn aðildarfélaganna fengu tilkynningu um fyrirhugaða ráðstefnu senda í tölvupósti og voru þeir beðnir um að tilnefna fulltrúa.

Sem fyrr var áherslan á að virkja samtakamátt kvenna til að styðja og hvetja konur til áhrifa í hreyfingunni. Ráðstefnan tók til umræðu þrjú meginefni; öryggi kvenna, vanmat á vinnuframlagi kvenna og afkomu kvenna á efri árum. Markmiðið var að opinbera vilja kvenna í hreyfingunni með ályktun vinnuhópa og síðan lokaályktun ráðstefnunnar.

Á ráðstefnunni voru fulltrúar sammála um að koma þyrfti á skipulögðu kvennastarfi í verkalýðshreyfingunni rétt eins og þekktist hjá stjórnmalaflokkum. Mynda þyrfti vettvang og umgjörð um það starf.

Í umræðu um ályktunina stöldrúðu fulltrúar í miðstjórn einkum við eftirfarandi yfirlýsingu:

### „Ofbeldismenning í hreyfingunni

Kvennaráðstefna ASÍ 2022 lýsir yfir áhyggjum á stöðu verkalýðshreyfingarinnar eins og hún hefur þróast síðastliðin misseri. Leggja þarf áherslu á það að stafrænt ofbeldi gagnvart samstarfsfólki í hreyfingunni sé ekki liðið. Í ofbeldismenningu líkt og þeirri sem hefur fengið að viðgangast í hreyfingunni þrífst fátt fólk. Örar mannbreytingar geta valdið spekileka úr verkalýðshreyfingunni þar sem mikilvæg þekking á starfsemi hennar glatast. Konur eru að jafnaði útsettari fyrir stafrænu ofbeldi en karlar og slíkt getur haldið konum frá vettvangi hreyfingarinnar.”

Í umræðu lýstu þeir fulltrúar í miðstjórn sem til máls tóku almennri ánægju með að kvennaráðstefna væri haldin á vettvangi Alþýðusambandsins. Þeir voru á hinn bóginn nokkrir gagnrýnir á ályktunina. Gerðar voru athugasemdir þess efnis að ályktunin væri úr hófi fram stóryrt. Kváðust nokkrir fulltrúar ekki kannast við „ofbeldismenningu“ í hreyfingunni og sögðu þessa lýsingu ekki eiga við um stéttarfélög sín og umhverfi.

Á móti var því haldið fram að miðstjórn hlyti að taka slíka yfirlýsingu alvarlega, horfa inn á við og taka málið föstum tókum.

## **Afkoma launafólks – húsnæðismál og verðbólga**

Afkoma launafólks, húsnæðismál og verðbólga kom ítrekað til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ á árinu.

Svið stefnumótunar og greininga á skrifstofu ASÍ miðlaði minnisblöðum til fulltrúa í miðstjórn og hagfræðingar sviðsins gerðu ítarlega grein fyrir stöðu efnahagsmála og afkomu heimila.

Vaxandi verðbólga, vaxtahækkunar Seðlabankans og ófremdarástand á húsnæðismarkaði kallaði fram þungar áhyggjur miðstjórnarfólks sem og greiningar hagfræðinga ASÍ á áhrifum hækkunar verðlags, vaxta og leiguverðs á afkomu íslenskra heimila á næstu misserum. Strax í byrjun árs 2022 þótti sýnt að vaxandi verðbólga myndi draga rösklega úr kaupmætti launafólks nema gripið yrði til sérstakra aðgerða. Miðstjórnarfólki þótti sýnt að ná þyrfti þessum kjaraskerðingum til baka í komandi kjarasamningum.

Vakin var athygli á hlut ríkisstjórnarinnar í aukinni verðbólgu og nefnt að stjórnvöld hefðu hvergi haldið aftur af sér í hækkunum á olúgjaldi og áfengi. Allt væru þetta ákvarðanir fólks, mannanna verk, og þær bæri að gagnrýna með tilliti til þess. Hið sama gilti um að taka stöðu með heimilum landsins, þar reyndi á vilja ráðamanna til að bregðast við.

## **Launaþróun og framleiðni**

Á fundi miðstjórnar í febrúarmánuði fóru Róbert Farestveit, sviðsstjóri og hagfræðingur og Arnaldur Sölvi Kristjánsson hagfræðingur yfir minnisblað sem þeir höfðu tekið saman um launaþróun og framleiðni á Íslandi. Minnisblaðið hafði einnig verið lagt fram á fundi Þjóðhagsráðs.

Þeir Róbert og Arnaldur Sölvi gerðu grein fyrir einhliða umfjöllun Samtaka atvinnulífsins (SA) á undan liðnum misserum, fóru yfir gögn og settu í alþjóðlegt samhengi.

Launahlutfall er hefðbundinn mælikvarði á skiptingu verðmætasköpunar milli launafólks og fjármagnseigenda. Það mælir hversu hátt hlutfall verðmætasköpunar rennur til launafólks.

Kom m.a. fram hjá hagfræðingunum að fullyrðingar þess efnis að launahlutfall væri hvergi hærra en á Íslandi væru beinlínis rangar. Hið sama ætti við um staðhæfingu um að laun hérlendis hefðu hækkað kerfisbundið umfram framleiðnivöxt. Hið rétta væri að á Íslandi væri hlutfall launa af verðmætasköpun í einkageiranum sambærilegt við nágrannalönd og lægra en í sex OECD ríkjum. Hlutfallið hefði hækkað í átt að langtímaeðaltali undanfarinn áratug eftir mikla lækkun í kjölfar fjármálahrunsins 2008.

## **Yfirskrift og umfjöllunarefni 45. þings ASÍ**

Yfirskrift og umfjöllunarefni 45. þings ASÍ var til umræðu í miðstjórn í febrúarmánuði. Fyrir miðstjórn lá að taka ákvörðun um yfirskrift þingsins og helstu efnistöð.

Varðandi yfirskrift þingsins var kynnt til sögu tillagan *Við vinnum*. Með yfirskriftinni væri vísað til þess að launafólk skapaði verðmætin í samfélaginu og héldi hjólum atvinnulífsins gangandi. Launafólk hefði komið þjóðfélaginu í gegnum COVID-faraldurinn. Samt væri það svo að hópar launafólks byggju við erfið kjör og ófullnægjandi laun þrátt fyrir að vinna fullan vinnudag. Yfirskriftin fæli einnig í sér baráttuhug og vilja til árangurs í komandi kjarasamningum.

Í umræðu fór miðstjórnarfólk yfir hugmyndir að umfjöllunarefnum þingsins.

Miðstjórn samþykkti samhljóða yfirskriftina *Við vinnum*. Ákveðið var að vísa umfjöllunarefnum þingsins til nefnda ASÍ sem vinna munu drög að mál-efnaskjöllum fyrir miðstjórn.

## **Staða mála innan hreyfingarinnar**

Á fundi miðstjórnar í febrúar 2022 var staða mála innan hreyfingarinnar tekin til ítarlegrar umræðu. Umræðu var skipt upp í þrennt:

- a. Samskipti innan ASÍ
- b. Starfsmannamál skrifstofu ASÍ
- c. Ályktun frá fundi starfsfólks stéttarféлага

Tilfni umræðunnar voru erfiðleikar í samskiptum forustufólks innan ASÍ, fullyrðingar um óánægju innan skrifstofu ASÍ og mikla starfsmannaveltu og loks eftirfarandi yfirlýsing frá fundi starfsfólks stéttarféлага sem fram hafði farið viku áður:

„Fundur 63 starfsmanna stéttarféлага innan ASÍ haldinn 8. febrúar 2022 ályktar:

Starfsfólki verkalýðshreyfingarinnar þykir miður að hafa verið dregið inn

í umræður um formannskjör í Eflingu og að hluta gert ábyrgt fyrir deilum þar innandyra. Það er ósk fundarmanna að vera undanskilin í þeirri umræðu um leið og þeirri ósk er beint til forsvarsmanna hreyfingarinnar að leiðrétta það sem borið hefur verið á starfsfólk líkt og gert hefur verið undanfarið.”

## **Samskipti innan ASÍ – formannafundur**

Á fundum miðstjórnarfundar í febrúar og mars var rætt um að boða til formannafundar í því skyni að bæta samskipti innan ASÍ og koma á samskiptasáttmála.

Var stefnt að því að fundurinn gæti farið fram á höfuðborgarsvæðinu í aprílmánuði. Jafnvel kæmi til álíta að fram færu nokkrir smærri fundir. Skiptar skoðanir voru um fundinn innan miðstjórnar.

### **1. maí - yfirskrift**

Á fundi miðstjórnar í apríl var kynnt sú tillaga að yfirskrift 1. maí yrði *Við vinnum*, hin sama og yfirskrift þings ASÍ á hausti komanda. Góð reynsla væri af því að láta slíkt slagorð lifa árið líkt og gert hefði verið 2021 undir yfirskriftinni *Það er nóg til*. Rifjað var upp að með yfirskriftinni *Við vinnum* væri vísað til verðmætasköpunar launafólks og baráttu.

Miðstjórn samþykkti tillöguna samhljóða.

### **Hópuppsagnir hjá Eflingu**

Hópuppsagnir hjá Eflingu komu til umræðu í miðstjórn 20. apríl 2022. Fulltrúar í miðstjórn brugðust við þeirri ákvörðun stjórnar Eflingar að segja öllu starfsfólki stéttarfélagins upp störfum með tölvupósti.

Almennt var það skoðun fulltrúa í miðstjórn að harma bæri þessa rás atburða. Hins vegar ríkti ekki samstaða um viðbrögð og kom því ekki til þess að miðstjórn ályktaði um þennan gjörning.

### **Staða starfsfólks hjá verkalýðshreyfingunni**

Staða starfsfólks hjá verkalýðshreyfingunni var nokkrum sinnum tekin fyrir á fundum miðstjórnar árið 2022. Tilfnið var að starfsfólk innan verkalýðshreyfingarinnar hafði boðað til nokkurra funda til að ræða stöðu sína í þeim tilfellum sem þau teldu stéttarfélög sem atvinnurekendur brjóta á rétti sínum. Þetta hafði áður komið til tals á vettvangi ASÍ en málið komst á dagskrá að nýju vegna hópuppsagna hjá Eflingu.

Á meðal þeirra hugmynda sem fram höfðu komið var sú að starfsfólk verkalýðshreyfingarinnar stofnaði eigið stéttarfélag.

Í umræðu kom fram samstaða í miðstjórn þess efnis að sérstakt stéttarfélag starfsfólks væri ekki heppileg lausn. Rætt var um að starfsfólk hjá verkalýðs-

hreyfingunni formgerði félagslegan vettvang þangað sem sækja mætti samráð og stuðning.

## **Samskiptasáttmáli**

Vilborg Guðnadóttir, geðhjúkrunar-, fjölskyldufræðingur og handleiðari, var tvívegis gestur fundar miðstjórnar á vormánuðum 2022. Vilborg gerði grein fyrir langri reynslu sinni af gerð samskiptasáttmála og margvíslegri aðstoð til að bæta samskipti fólks á hinum ýmsu vinnustöðum. Vilborgu var boðið til fundarins í ljósi umræðu í miðstjórn um bætt samskipti forustufólks verkalýðs-hreyfingarinnar og mögulega gerð sáttmála þar um.

Vilborg sagði frá störfum sínum m.a. við gerð samskiptasáttmála á Landspítala. Hún sagði einnig frá persónulegri reynslu og hvernig hún sjálf hefði þurft að taka til endurskoðunar ýmislegt í eigin fari með tilliti til bættra samskipta. Kvaðst hún hafa mikla reynslu af góðum og slæmum samskiptum og sjálf hefði hún fallið í margar gryfjur.

Vilborg ræddi ástæður og tilgang samskiptasáttmála. Hún fjallaði um gott samstarf og mikilvægi góðs starfsanda sem skilaði sér í aukinni ánægju starfsfólks en ekki síður bættri þjónustu þess. Mikilvægt væri að hafa í huga að tilgangurinn með slíkum sáttmála væri ekki síst sá að bæta gæði þeirrar þjónustu eða starfsemi sem uppi væri haldið á hverjum stað fyrir sig.

Hún ræddi lykिलþætti samstarfs, traust í samstarfi og staldraði við ólíka „menningu” þar sem uppbyggjandi menning væri byggð á trausti en varnar-menning hvíldi á tortryggni og vantrausti.

Vilborg vakti athygli á greinarmuni á eðlilegri mótstöðu og barnalegum mótþróa og ræddi hversu algeng blindi á eigin hamlandi persónuleikaþætti í mannlegum samskiptum væri. Hún ræddi eðli samstarfsstrausts sem hún sagði vera hugarástand og framkomu- og hegðunarskuldbindingu. Þá fjallaði Vilborg um þær óþægilegu hliðarverkanir sem fylgt geta þegar ólíkir einstaklingar starfa saman; valdabaráttu, afneitun á eigin ábyrgð í neikvæðum samskiptum, liðssöfnun gegn einhverjum einum einstaklingi sem hópurinn teldi nauðsynlegt að losna við og aðrar algengar gildirur.

Góður rómur var gerður að máli Vilborgar.

## **Samningi Bjargs og Blævar fagnað**

Rammasamningur milli Bjargs íbúðafélags og VR Blævar leigufélags slhf. lá fyrir fundi miðstjórnar 18. maí og gerði Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, grein fyrir helstu þáttum samstarfsins. Hönnun myndi senn hefjast og vonir stæðu til að næsta haust færi fram skóflustunga að fyrsta verkefni VR Blævar sem væri bygging fjölbýlishúss við Fiskitjörn í Úlfarsárdal.

Miðstjórn samþykkti að færður yrði til bókar fögnuður vegna þessa tíma-  
mótasamkomulags.

## **Heimsókn seðlabankastjóra**

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og Rannveig Sigurðardóttir aðstoðarseðla-  
bankastjóri komu til óformlegs fundar við miðstjórn ASÍ í júnímánudi.

Seðlabankastjóri sagði ánægjulegt að fá tækifæri til að spjalla við mið-  
stjórn Alþýðusambandsins. Hann ræddi efnahagsumhverfið í aðdraganda  
kjarasamninga og fjallaði einkum um verðbólgu, vaxtastig, þenslu og neyslu,  
verðtryggingu, peningastefnu, húsnæðis- og leigumarkaðinn og hið alþjóðlega  
umhverfi.

Miðstjórnarfólk beindi fjölmörgum spurningum til gestanna. Lýstu full-  
trúar í miðstjórn þungum áhyggjum af verðbólgu og hækkandi vöxtum með  
tilheyrandi aukinni greiðslubyrði sem þyngst reyndist þeim er minnst hefðu  
handu í millum. Miklar hækkanir á vöruverði í landinu sem þegar hefðu skert  
kaupmátt heimila. Hækkanir á nauðsynjum og opinberri þjónustu ofan á auk-  
inn vaxtakostnað gætu riðið mörgum á slig.

Rætt var um ófremdarástand í húsnæðismálum og helstu orsakir þess sem  
og réttmæti þess að hafa húsnæðiskostnað inni í vísitölu neysluverðs.

Miðstjórnarfólk lýsti ánægju með heimsókn Ásgeirs og Rannveigar og  
þakkaði þeim opin og áhugaverð skoðanaskipti. Var haft á orði að slíkum  
heimsóknum mætti fjölga. Fyrir sitt leyti þakkaði seðlabankastjóri fyrir fund-  
inn og tók undir gagnsemi slíkra samtala.

## Ályktanir miðstjórnar ASÍ

### Ályktun vegna húsnæðismarkaðar og stýrivaxta, 6. október 2021

„Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðunni á húsnæðismarkaði sem er rót óstöðugleika í íslensku efnahagslífi. Seðlabankinn tilkynnti í morgun að stýrivextir verði hækkaðir um 0,25 prósent. Meginvextir bankans eru nú 1,5%. Verðbólga mælist 4,4% um þessar mundir en sé horft framhjá áhrifum húsnæðisliðar liggur verðbólga nú nærri markmiði Seðlabankans. Vísbendingar eru einnig um að leiguverð fari hækkanði á ný.

Vaxtahækkunar munu hafa veruleg áhrif á fjárhag heimilanna og atvinnulífs á næstu misserum. Mánaðarleg greiðslubyrði lána getur hækkað um tugi þúsunda króna hjá fjölda fólks. Jafnframt hefur hátt húsnæðisverð gert það að verkum að stór hópur situr fastur á óstöðugum, hagnaðardrífnum leigumarkaði.

Nýrrar ríkisstjórnar biðna miklar áskoranir í húsnæðismálum. Þar kallar miðstjórn ASÍ eftir skýrum aðgerðum sem tryggja stöðugleika á húsnæðismarkaði og koma í veg fyrir að fólk lendi í fjárhagserfiðleikum vegna óstöðugleika sem á rætur að rekja til efnahags- og peningamálastjórnunar. Koma þarf í veg fyrir skort á íbúðarhúsnæði og tryggja stöðugt framboð nýbygginga. Jafnframt þarf að standa við gefin loforð um að stórauka framlög til almenna íbúðakerfisins og fyrirbyggja þannig frekari óstöðugleika á leigumarkaði. Setja þarf reglur um skammtímaútleigu húsnæðis til ferðamanna til að draga úr ásælni fjárfesta í almennt íbúðarhúsnæði auk þess að innleiða lög um aukna vernd leigjenda.

Miðstjórn ASÍ áréttar að húsnæðismál eru jafnframt eitt stærsta kjaramálið. Á stjórnvöldum hvílir sú ábyrgð að koma á stöðugleika á húsnæðismarkaði og tryggja að allir íbúar landsins hafi þak yfir höfuð á viðráðanlegum kjörum.”

### Ályktun miðstjórnar vegna fyrirhugaðrar sölu á Mílu, 20. október 2021

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands varar sterklega við sölu á grunnneti íslenska símakerfisins úr landi. Innviðir fjarskiptakerfisins eru dæmi um starfsemi sem í eðli sínu ber helstu einkenni náttúrulegrar einokunar þar sem mikill kostnaður við að setja upp slíkt kerfi kemur í veg fyrir samkeppni. Slík einokun getur verið mjög kostnaðarsöm fyrir almenning, fyrirtæki og opinbera aðila þar sem ákvarðanir um verðhækkunar eru teknar einhliða og neytendur eiga ekki í önnur hús að vanda. Áhrifin geta oft margfaldast í tilfelli dreifðari byggða.

Um allan heim leitast fjármagnseigendur við að komast yfir samfélagslega innviði þar sem innkoman er stöðug en einnig mögulegt að draga fjármagn út með einföldum hætti. Þar geta skapast óeðlilegir hvatar til að draga úr fjárfestingum og viðhaldi, selja eignir og skilja eftir lítið annað en skel utan um starfsemina. Slík hætta er raunveruleg og í tilviki Mílu er ljóst að íslenskt samfélag sæti uppi með kostnaðinn, auk þess sem röskun á starfsemi Mílu gæti hamlað eðlilegu gagnverki samfélagsins. Áhættan liggur því hjá íslenska ríkinu og þar með íslenskum almenningi, ekki hjá erlendum fjárfestum. Gróði eigenda Símans getur orðið skammgóður vermir, en þar á meðal eru nokkrir líffeyrissjóðir sem samanlagt fara með meirihlutaeign og bera skyldur gagnvart samfélaginu öllu.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að stjórnvöld grípi til aðgerða til að tryggja almannahagsmuni í málinu og bæti þannig fyrir fortíðarmistök þegar grunnnet símakerfisins var einkavætt samhliða sölu á Símanum. Hagsmunir sem varða þjóðaröryggi eru aðeins einn hluti af stærra vandamáli. Ekki nægir að vísa til umræðu á vettvangi Þjóðaröryggisráðs sem fram fer fyrir luktum dyrum, enda snertir þetta mál samfélagið allt, uppbyggingu þess og atvinnulíf. Stjórnvöldum ber að standa vörð um grunninnviði landsins og tryggja að þeir séu í samfélagslegri eigu.”

### **Ályktun miðstjórnar vegna ólögðra uppsagna félagsmanna FÍA, 20. október 2021**

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur að með framgöngu Bláfugls og Samtaka atvinnulífsins vegna ólögðra uppsagna félagsmanna FÍA sé gerð alvarleg atлага að grundvallarréttindum stéttarféлага og þar með öllu launafólki á Íslandi. ASÍ lýsir yfir stuðningi við baráttu starfsfólks hjá Bláfugli og krefst þess að Bláfugl og Samtök atvinnulífsins standi við gildandi kjarasamning og niðurstöðu Félagsdóms en dómurinn hefur dæmt uppsagnir starfsfólks í kjaraviðræðum ólögðar.

ASÍ áréttar enn og aftur sameiginlega yfirlýsingu (frá 17. september 2020) sem SA voru aðilar að, þar sem kemur fram að aðilar séu sammála um að fara eftir leikreglum og lögum sem gilda á íslenskum vinnumarkaði. Viðbrögð SA brjóta í bága við yfirlýsinguna.”

### **Ályktun miðstjórnar vegna afsagnar Sólveigar Önnu Jónsdóttur, annars varaforseta ASÍ, 3. nóvember 2021**

„Sólveig Anna Jónsdóttir var ötul baráttukona fyrir kjarabótum lægst launuðu hópanna í íslensku samfélagi og átti sinn þátt í því að setja þeirra málefni á dagskrá Lífskjarasamninga, sem voru góðir fyrir samfélagið. Undir hennar



forystu tók Efling einnig skurk í málefnum erlendra félagsmanna, sem var löngu tímabært. Í þessum verkefnum hefur Efling vaxið og mætt betur þörfum síns félagsfólks. Við þökkum Sólveigu Önnu samfylgdina í baráttunni og hennar störf í þágu ASÍ sem fulltrúi í miðstjórn og varaforseti.”

## **Ályktun miðstjórnar um stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, 1. desember 2021**

„Á orlagatímum hefur hreyfing vinnandi fólks lagt áherslu á að verja hið opinbera velferðarkerfi, afkomu fólks og auka jöfnuð í gegnum skattkerfið. Í nýjum stjórnarsáttmála, sem gefinn er út þegar verðbólga er mikil og erfiðar aðstæður á húsnæðismarkaði, er lögð áhersla á að vaxa út úr kreppunni í stað þess að auka álögur. Minna fer fyrir þeim ásetningi að verja opinbera velferðarkerfið og mæta langtímaáskorunum sem felast í húsnæðisvanda, öldrun þjóðar og að styrkja tekjustofna til framtíðar.

Sérstaklega veldur það vonbrigðum að loforð sem gefin voru í tengslum við kjarasamningana 2019 eru endurunnin og útþynnt í sáttmálanum. Þar ber hæst loforð um húsnæðismarkaðinn og þann kostnað sem heimilin bera, hvort sem fólk er á leigumarkaði eða eignamarkaði. Studningur stjórnvalda við húsnæðisöryggi og tilfærslukerfin mun ráða úrslitum í kröfum verkalýðshreyfingarinnar í aðdraganda kjarasamninga 2022 og 2023.

Hvergi er minnst á að styrkja atvinnuleysisstryggingakerfið, setja á leigubremsu á leigumarkað, styrkja vaxtabótakerfið eða skilgreina hlutfall íbúðabygginga á félagslegum grunni. Enn á ný er hins vegar lofað að lögfasta 15,5% framlag launafólks í lífeyrissjóði, loforð sem hefur ítrekað verið svikið, svo og að staðfesta lög gegn kennitölufлакki. Þá hefur kröfum hreyfingarinnar um önnur atriði, svo sem útvíkkun á keðjuábyrgð, framhald átaksins Allir vinna og staðfesting á féviti vegna launaþjófnaðar ekki verið mætt í sáttmálanum.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fagnar því að nú sé kominn til starfa félags- og vinnumarkaðsráðherra sem lýsir áherslum nýrrar ríkisstjórnar á vinnumarkaðsmál. Gríðarlegar áskoranir eru framundan vegna endurnýjunar kjarasamninga næstu tvö árin og réttláttra umskipta vegna tækni- og loftslagsbreytinga. Þar mun öllu máli skipta að vera í góðum tengslum við verkalýðshreyfinguna, verja sjálfstæði hennar og slagkraft og styrkja möguleika fólks til starfsmenntunar og þátttöku á heilbrigðum vinnumarkaði.

Miðstjórn Alþýðusambandsins fagnar staðfestingu á auknu samráði við vinnumarkaðinn og er tilbúið til viðræðna um bætt verklag í kjaraviðræðum. Verkalýðshreyfingin mun hins vegar berjast gegn öllum hugmyndum um að auka völd ríkissáttasemjara sem lúta að takmörkun verkfallsréttar eða samningsumboðs og sjá til þess að þær munu ekki ná fram að ganga.

Alþýðusambandið er tilbúið í alla samvinnu sem lýtur að því að efla sí- og endurmenntun og auka tækifæri fólks til menntunar. Þrátt fyrir yfirlýsingar hefur skort aðgerðir í málaflokknum. Í raun hefur dregið úr stuðningi við framhaldsfræðslu síðustu ár og áratugi svo ekki verður við unað á tímum örra breytinga á vinnumarkaði. Þá er viðvarandi áskorun að vinda ofan af ótryggum ráðningasamböndum, uppgangi gulra stéttarféлага og gera fólki kleift að njóta þeirra réttinda sem verkalýðshreyfingin hefur byggt upp áratugum saman.”

## **Ályktun miðstjórnar vegna verðbólgu og neyðarástands á húsnæðismarkaði, 2. febrúar 2022**

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) kallar stjórnvöld til ábyrgðar vegna hrattvaxandi verðbólgu og neyðarástands á húsnæðismarkaði. Miðstjórn krefst þess að stjórnvöld grípi þegar í stað til aðgerða til að bæta stöðu þeirra samfélagshópa sem verst verða fyrir barðinu á áhrifum verðbólgunnar.

Verðbólga mælist nú 5,7% á ársgrundvelli og hefur ekki verið meiri í tæpan áratug. Margir þættir eru að verki; húsnæðisverð hefur aldrei verið hærri, innflutt vara og þjónusta hækkar sökum áhrifa COVID-veirufaraldursins og þjónustugjöld og álögur ríkis og sveitarfélaga hækka.

Miðstjórn ASÍ vekur athygli á því að hækkun verðbólgu kemur verst við lágláunafólk og þá hópa sem höllum fæti standa í samfélaginu; einstæða foreldra, leigjendur, ungt fólk, innflytjendur, öryrkja og hluta ellilífeyrisþega. Þeim fjölgar sem búa við sligandi húsnæðiskostnað vegna vaxtahækkana, áhrifa á verðtryggt lán og vísitölubundinna leigusamninga. Húsnæðiskostnaður þeirra sem búa í eigin húsnæði er hærri á Íslandi en í nokkru öðru Evrópulandi. Þessa stöðu má rekja til hagstjórnarmistaka stjórnvalda og niðurlagningar húsnæðisbótakerfisins í þeirri mynd sem það var.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórnin grípi til tafarlausra aðgerða til að milda höggið fyrir heimilin í landinu, þar á meðal að:

- endurræsa tilfærslukerfin, a.m.k. tímabundið, og taka upp vaxtabætur til húsnæðiseigenda, húsaleigubætur fyrir leigjendur og raunverulegan stuðning við barnafjölskyldur,
- taka upp vísitölu til verðtryggingar sem undanskilur húsnæðisliðinn,
- setja þak á húsaleigu, og
- ríki og sveitarfélög dragi úr opinberum álögum.

Samhliða ber bönkunum að draga úr arðsemiskröfu sinni og óhóflegum vaxtamuni til að minnka verðbólguþrýsting. Verðslanir með nauðsynjavöru

þurfa jafnframt eftir fremsta megni að halda að sér höndunum í verðhækkunum og fjárfestar, þar á meðal lífeyrissjóðir, þurfa að gæta hófsemi í arðsemi-svæntingum.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að stjórnvöld leggi fram aðgerðaáætlun og staðfesti þannig að margnefnd áform þeirra um stöðugleika séu ekki öðru fremur loforð um kyrrstöðu og verkleysi. Ef ekki verður gripið til aðgerða strax mun það leiða til ófremdarástands sem mun hafa rík áhrif á kjaraviðræður næstkomandi vetur.”

## **Ályktun miðstjórnar um rannsókn á meðferð opinberra fjármuna í tengslum við stuðningsúrræði til fyrirtækja vegna efnahagslegra áhrifa COVID- faraldursins, 16. febrúar 2022**

„Miðstjórn Alþýðusamband Íslands krefst þess að fram fari rannsókn á meðferð opinberra fjármuna í tengslum við stuðningsúrræði til fyrirtækja vegna efnahagslegra áhrifa COVID- faraldursins.

Þegar ríkishirslurnar voru opnaðar til að veita fyrirtækjum ríkisstuðning af óþekktri stærð fór Alþýðusambandið strax fram á að reist yrðu skilyrði við slíku. Meðal annars lagði ASÍ áherslu á að fyrirtækjum yrði gert skylt að nýta eigin bjargir áður en til stuðnings kæmi, að fyrirtæki undirgengjust skilyrði um að greiða ekki út arð næstu tvö árin eftir fyrirgreiðslu eða nýta aðrar leiðir til að taka fé úr fyrirtækjunum og að fyrirtæki eða eigendur þeirra væru ekki skráð í skattaskjól. Að auki krafðist ASÍ þess að laun æðstu stjórnenda fyrirtækja sem fengju aðstoð væru ekki óhófleg samanborið við laun almenns starfsfólks. Sem sagt, aðstoðin yrði neyðaraðstoð en ekki til þess að fyrirtækja-eigendur gætu makað krókinn. Einungis voru sett skilyrði fyrir stuðningi á grundvelli laga um hlutabótaleiðina en aðrir styrkir og stuðningur til fyrirtækja voru að mestu eða öllu leyti án skilyrða. Þetta veldur því að nú eru dæmi um fyrirtæki sem eru beinlínis að greiða út arð fyrir skattfé.

Ströng skilyrði eru sett við allri aðstoð sem einstaklingar njóta þegar í harðbakkann slær og á það jafnt við um atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, almannatryggingar og önnur velferðarúrræði. En þegar kemur að fyrirtækjum er nálgunin önnur. Þótt enn sjái ekki fyrir endann á kreppunni, berast þegar fréttir af launahækkunum æðstu stjórnenda, bónuskerfum og gríðarlegri arðsemi fjármálafyrirtækja og ýmissa annarra fyrirtækja.

Á sama tíma og fyrirtæki tóku við ríkisstuðningi sætti launafólk víða kjaraskerðingum, en góðu heilli var staðið vörð um kjarasamningana. Talsmenn atvinnurekenda fóru engu að síður fram á skerðingar á réttindum launafólks og á launafólki dundi krafan um „að axla ábyrgð“ í erfiðu árferði. Þau sem greiða fyrir bónusana, arð bankanna og ofurlaun er þetta sama vinnandi fólk og er stöðugt sagt að axla ábyrgð á efnahagslífinu.

Það er eðlileg og réttmæt krafa að þessir þættir verði rannsakaðir, enda hefur óheyrilegum fjármunum verið veitt til stuðnings fyrirtækja. Sum þeirra voru sannarlega í brýnni þörf, en nú er að koma á daginn að önnur voru það ekki. Þá stendur upp á stjórnvöld að skýra hvers vegna skilyrði voru sett gagnvart sumum stuðningsúræðum, en öðrum ekki og hvers vegna háar girðingar eru reistar gagnvart einstaklingum í neyð, en ekki fyrirtækjum.”

## **Ályktun miðstjórnar vegna innrásar Rússa í Úkraínu, 2. mars 2022**

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fordæmir árásir Rússlands á Úkraínu sem eru skýrt brot á alþjóðalögum og sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Við styðjum allar friðsamlegar aðgerðir til að þrýsta á Rússa að draga herlið sitt til baka, þar með taldar viðskiptaþvinganir.

Í Úkraínu ríkir nú neyðarástand, vart er við skort á mat og vatni, lyf og aðrar nauðsynjavörur tæmast hratt og fólk býr í stöðugum ótta um eigið líf. Fleiri hundruð þúsunda flýja landið og þurfa skjól og stuðning.

Félagar okkar í verkalýðsfélögum Úkraínu og nágrannaríkjum þess hafa sent ákall til félaga sinna um heim allan um stuðning í orðum og verki. Stéttarfélag hafa breytt sér í mannúðarsamtök sem nýta húsnæði sitt sem flóttamannabúðir og nýta fjármagn sitt til að veita fæði og klæði. Alþýðusamband Íslands hefur ákveðið að veita fé til hjálparstarfs og hvetur aðildarfélög sín til að gera slíkt hið sama. Við hvetjum jafnframt til þess:

- Að fólk taki þátt í mótmælum við stríðsrekstur Rússa í Úkraínu
- Að ríkisstjórn Íslands tali fyrir friðsamlegum lausnum á alþjóðavettvangi og leggi sín lóð á vogarskálarnar til að draga úr stigmögnun átakanna
- Að stjórnvöld á Íslandi veiti Úkraínumönnum sem hér óska verndar, málsmeðferð og vernd og taki þegar í stað á móti hópum kvótaflóttafólks
- Að lífeyrissjóðir okkar dragi til baka fjárfestingar tengdar Rússlandi
- Að ríkisstjórn Íslands styðji áfram viðskiptaþvinganir gegn Rússum
- Að aðildarfélög undirbúi fræðsluefni á úkraínsku um íslenskt samfélag og vinnumarkað en ASÍ mun gera slíkt hið sama.
- Að aðildarfélög leggi til húsnæði ef þörf krefur og þau hafa tök á til að taka við flóttafólki frá stríðshrjádum svæðum.”

## **Ályktun um móttöku flóttafólks frá Úkraínu, 16. mars 2022**

„Miðstjórn ASÍ fagnar þeim skýra vilja sem birst hefur undanfarið hjá íslensku samfélagi og stjórnvöldum til að taka á móti Úkraínufólki á flótta. Í ályktun frá

2. mars sl. fordæmði miðstjórn innrás rússneskra yfirvalda í Úkraínu og kallaði eftir því að íslensk stjórnvöld veittu úkraínsku flóttafólki þegar í stað vernd hér á landi. Spár gera nú ráð fyrir allt að 1.500 flóttamönnum frá Úkraínu til Íslands á næstu vikum. Gera má ráð fyrir að konur og börn verði í meirihluta þeirra sem hingað koma frá Úkraínu. Nauðsynlegt er að tryggja börnum og ungmennum aðgengi að menntun og jafnframt tryggja mæðrum nauðsynleg úrræði svo þær geti sótt vinnu ef þær geta og vilja.

Þótt það sé óskandi að Úkraínufólk fái fljótlega að snúa til síns heimalands, er alveg óvíst að svo verði þar sem engin leið er að sjá fyrir hversu lengi stríðsástandið mun vara í Úkraínu. Því er mikilvægt að þau sem hingað koma fái tækifæri til þátttöku í íslensku samfélagi, óháð því hvort þau munu dvelja á Íslandi til skamms eða langs tíma.

Samkvæmt ákvörðun stjórnvalda hljóta Úkraínubúar sem hingað sækja fyrst um sinn dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða með vísan til sameiginlegrar verndar vegna fjöldaflotta en gætu þegar fram líða stundir hlotið alþjóðlega vernd eða annars konar ótímabundin réttindi til dvalar. Dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum fylgir ekki atvinnuleyfi nema sérstaklega sé um það sótt og fyrir tiltekið starf. Þetta gerir að verkum að fólk sem er með dvalarleyfi á þessum grunni á oft mjög erfitt með að komast inn á íslenskan vinnumarkað. Miðstjórn ASÍ árettar mikilvægi þess að flóttafólk frá Úkraínu eigi, eins og annað flóttafólk, skilyrðislausan rétt til framfærslu og að undir engum kringumstæðum sé fólki þrýst út á vinnumarkað nema það sé tilbúið til þess. Hins vegar er líka mikilvægt að þau sem vilja taka þátt í íslenskum vinnumarkaði fái til þess tækifæri. Núverandi umhverfi laganna reisir of háar girðingar gagnvart atvinnu sem getur aukið á þjáningar fólks og getur dregið úr möguleikum þeirra til þátttöku í íslensku samfélagi. Því telur miðstjórn að þeir einstaklingar sem njóta réttar til dvalar á Íslandi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eigi að vera undanþegnir sérstökum kröfum um atvinnuleyfi.

Samhliða telur miðstjórn að fara þurfi fram skoðun á atvinnuréttindum umsækjenda um alþjóðlega vernd (hælisleitenda). Vísbendingar úr vinnustaðaeftirliti ASÍ benda til þess að raunveruleg atvinnuþátttaka í þessum hópi sé miklu meiri en opinberar tölur gefa til kynna. Mál sem koma inn á borð stéttarfélaganna benda til þess að þessi hópur sé sérstaklega berskjaldaður fyrir misbeitingu af hendi atvinnurekenda, sem í verstu tilvikunum jafna við mansal.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að:

- Úkraínsktt flóttafólk verði undanþegin kröfum um sérstaklega útgefið atvinnuleyfi og sama gildi um aðra einstaklinga sem eru með dvalarleyfi á sama grunni.
- Framfærsla flóttafólks frá Úkraínu sé tryggð og það hljóti ríkan félagslegan stuðning meðan það dvelur hér og meðan mál þeirra eru til meðferðar.
- Farið verði í sérstakar vinnumarkaðsaðgerðir til að lækka þröskuldinn fyrir flóttafólk út á íslenskan vinnumarkað, t.d. með meira úrvali hlutastarfa og hvatningu til atvinnurekenda.”

## **Ályktun miðstjórnar vegna hratt vaxandi verðbólgu og neyðarástands á húsnæðismarkaði, 4. maí 2022**

„Miðstjórn Alþýðusambandsins kallar eftir tafarlausum aðgerðum til að bregðast við hratt vaxandi verðbólgu og óásættanlegri stöðu á húsnæðismarkaði. Sú kjararárýrnun sem almenningur verður fyrir þessa dagana vegna verðbólgu og hækkandi vöru- og húsnæðisverði mun hafa veruleg áhrif á kjaraviðræður komandi hausts.

Verðbólga mælist 7,2% um þessar mundir og hefur ekki verið hærra frá fjármálahruni. Helsti drifkraftur verðbólgu hefur til þessa verið hækkun á húsnæðisverði. Seðlabankinn hefur kosið að bregðast við ástandinu með verulegri hækkun vaxta frekar en að beita þjóðhagsvarúðartækjum til að kæla húsnæðismarkað. Hækkun vaxta mun hafa veruleg íþyngjandi áhrif, sérstaklega á þau heimili sem hafa nýlega keypt fasteign. Hækkunin getur jafnframt orðið til þess að setja frekari þrýsting á hækkun verðlags með hærra vaxtakostnaði fyrirtækja.

Til viðbótar við þróun á húsnæðismarkaði dýnja nú yfir almenning gríðarlegar hækkanir sem rekja má til stríðsátaka og þróunar á hrávöruverði, flutningskostnaði og vaxandi framleiðslukostnaði erlendis. Þessi þróun hefur ekki verið óvænt og henni er ekki lokið. Fákeppni á mörgum mörkuðum verður til þess að kostnaðarhækkanir rata beint í verðlag í stað þess að haldið sé aftur af arðgreiðslum. Stjórnvöld hér hafa hundsáð viðvörunarorð um væntar verðhækkanir og brugðist of seint við stöðunni sem nú er uppi á húsnæðismarkaði.

Miðstjórn Alþýðusambandsins telur með öllu óásættanlegt að almenningur og launafólk í landinu greiði alfarið fyrir hagstjórnarmistök á húsnæðismarkaði og innflutta verðbólgu. Alþjóðastofnanir hafa hvatt ríki til að bregðast við með lækkun áлага á matvöruverð, móframlögum vegna samgöngukostnaðar og húshitunarkostnaðar svo eitthvað sé nefnt. Stjórnvöld hér á landi geta ekki

lengur skilað auðu og látið almenning taka höggið. Það mun hafa verulegar afleiðingar á kjarasamninga í haust ef ekki verður brugðist við fumlaut til hagsbóta fyrir almenning.

Miðstjórn ASÍ kallar eftir tafarlausum aðgerðum af hálfu stjórnvalda og beinir því til fyrirtækja að sýna samfélagslega ábyrgð við verðlagningu:

- Stjórnvöld axli ábyrgð og taki frumkvæði í að byggja upp sátt og stuðla að félagslegum og efnahagslegum stöðugleika.
- Tilfærslukerfin verði eflað til að draga úr áhrifum af hækkunum vaxta, hrávöruverðs og hækkunum verðlags.
- Leita verði leiða til að draga úr áhrifum af hækkun hrávöruverðs á eldsneytis- og matarverð.
- Skattkerfinu verði beitt til raunverulegrar jöfnunar í samfélaginu. Hvalrekaskattur lagður á þær greinar sem hagnast á óvenjulegum aðstæðum og njóta óeðlilegs arðs.
- Lífeyrissjóðir beiti eignarhaldi sínu til að tryggja að almenningur verði ekki fyrir íþyngjandi kostnaðarhækkunum.“

## Við vinnum

Á fundi miðstjórnar í apríl var kynnt sú tillaga að yfirskrift 1. maí yrði *Við vinnum*, hin sama og yfirskrift þings ASÍ haustið 2022. Góð reynsla væri af því að láta slíkt slagorð lifa árið líkt og gert hefði verið 2021 undir yfirskriftinni *Það er nóg til*. Rifjað var upp að með yfirskriftinni *Við vinnum* væri vísað til verðmætasköpunar launafólks og baráttu.

Miðstjórn samþykkti tillöguna samhljóða.

Á baráttudaginn 1. maí sendi ASÍ launafólki í landinu eftirfarandi kveðju:

Vinnandi fólk skapar verðmæti samfélagsins og heldur hjólum atvinnulífsins gangandi. Aldrei varð þetta skýrara en í gegnum heilan heimsfaraldur þar sem launafólk stóð vaktina og hélt öllu samfélaginu gangandi. Í lok dags var það svo að mörg fyrirtæki gátu vel við unað í gegnum slíkt ófremdarástand sem faraldurinn var. Áður óséðar arðgreiðslur runnu óskiptar í vasa eigenda og kauphallir sprungu út. Þetta góðæri fjármagnseigenda var borið uppi á bökum vinnandi fólks.

Reyndin er samt sú að enn búa hópar launafólks við kröpp kjör og ófullnægjandi laun þrátt fyrir að vinna fullan vinnudag. Þessir hópar eiga erfiðast uppdráttar á stökkbreyttum fasteignamarkaði. Þessir hópar fá minnstan stuðning stjórnvalda. En þau eru líka við. Og við stöndum saman og við vinnum.

Með samstöðu getum við náð fram brýnum kjarabótum fyrir þau okkar sem helst þurfa. Við höfum unnið marga sigra í gegnum tíðina og munum

vinna marga fleiri. Í haust losna kjarasamningar á almennum markaði og þá stöndum við saman til að vinna okkar málefnum brautargengi.


Við erum fólkið sem skapar verðmætin með vinnu okkar. Við erum fólkið sem heldur samfélaginu gangandi, sama hvað á bjátar. Við erum launafólk í einu ríkasta landi heims. Við erum sterk hreyfing sem vinnur sigra.

ASÍ óskar launafólki til hamingju með baráttudaginn 1. maí.

Fögnum unnum sigrum og sækjum fram.

Við vinnum!





## Efnahagsmál

Hlutfallsleg breyting	2018	2019	2020	2021	2022*
<b>Einkaneysla</b>	4,8	1,9	-2,9	7,6	8,8
<b>Samneysla</b>	4,7	3,9	4,2	1,8	1,5
<b>Fjármunamyndun</b>	3,1	-2,4	-9,5	13,6	20,3
<i>þar af atvinnuvegir</i>	-7,2	-10,5	-16,4	23,1	38,3
<i>þar af húsnæði</i>	16,1	31,1	1,2	-4,4	-6,8
<i>þar af hið opinbera</i>	38,7	-10,3	-2,2	12,4	1,4
<b>Þjóðarútgjöld</b>	4,7	0,9	-2,4	7,2	11,2
<b>Útflutningur</b>	1,7	-4,7	-30,2	12,3	28,3
<b>Innflutningur</b>	0,9	-8,5	-21,6	20,3	33,9
<b>Landsframleiðsla</b>	4,9	2,4	-7,1	4,3	8,6
<b>Launavísitala</b>	6,5	4,9	6,3	8,3	7,8
<b>Kaupmáttur launa</b>	3,7	1,8	3,4	3,7	0,7
<b>Verðbólga<sup>1</sup></b>	2,7	3,0	2,8	4,4	7,4
<b>Atvinnuleysi<sup>2</sup></b>	2,4	3,6	7,9	7,7	4,7
<b>Gengisvísitala<sup>3</sup></b>	167	181	201	196	188

1 Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala, 2022 m.v. jan. til júlí

2 Hlutfall af ætluðum mannafla

3 Ársmeðaltal


\* M.v. þjóðhagsreikninga fyrsta ársfjórðungs, og þróun verðbólgu og launa á fyrri helmingi árs

## Úr samdrætti í þenslu

Eftir verulegan samdrátt í kjölfar heimsfaraldurs hóf efnahagslífið að rísa á árinu 2021. Þar vó þungt að eftir því sem leið á árið dró úr samkomu- og ferða-

takmörkunum. Áhrif heimsfaraldurs á efnahagslíf voru að mörgu leyti ólík því sem Íslendingar eiga að venjast í niðursveiflum. Gengi krónunnar hélst stöðugt, verðbólga var hófleg framan af og geta stjórnvalda og Seðlabanka til að styðja við og örva hagkerfið var mikil. Þetta er ólíkt því sem gerðist í fjármálahruginu 2008, en þá hrundi gengi krónunnar og verðbólga varð mest um 18%, og kaupmáttur rýrnaði verulega. Skuldavandi, atvinnuleysi og rýmun kaupmáttar gerði að efnahagslífið var lengi að jafna sig á fjármálahruginu og ná fyrri styrk. Einkaneysla dróst saman um 18% á árunum 2007-2010, og fjárfesting um 60%.

Ólíkt fjármálahruginu tókst að beita fjármálastefnu og peningamálastefnu til að halda uppi umsvifum á sama tíma og ferðapjónusta stöðvaðist. Einkaneysla dróst þannig einungis saman um 2,9% árið 2020 og fjárfesting um 9,5%. Innanlandshagkerfið var þannig varið fyrir áhrifum heimsfaraldurs og margar atvinnugreinar m.a. aðrar útflutningsgreinar sáu umsvif vaxa í heimsfaraldri. Má þar nefna álframleiðslu, sjávarútveg, tækni og hugverka-iðnaði þar sem velta hefur aukist um fimmtung frá því fyrir faraldur.



Stýrivextir voru lækkaðir verulega í kjölfar heimsfaraldurs. Í byrjun árs 2020 voru þeir 3% en voru lækkaðir í þriggung fram á mitt ár 2020, í 1% og aftur í nóvember þegar stýrivextir voru lækkaðir í 0,75%. Vextir voru svo óbreyttir fram í maí 2021 þegar byrjað var að aflétta takmörkunum á sóttvörn-um og ferðalögum.


Lækkun vaxta hafði töluverð áhrif á efnahagsframvindu. Íslensk heimili endurfjármögnuðu húsnæðislán og færðu mörg heimili sig úr verðtrygðum lánunum yfir í óverðtrygð lán með lægri greiðslubyrði. Þetta varð meðal annars til þess að stórauka húsnæðiseftirspurn (Sjá nánar í kafla um húsnæðismál) en einnig að styðja við neyslu heimila. Einkaneysla jókst þar um 7,6% á síðasta ári, þar af 13% á fjórða ársfjórðungi. Fjármunamyndun jókst einnig á síðasta ári, um 13,6% þar sem fjárfesting atvinnuveganna var 23%.

Umsvif hafa haldið áfram að aukast fram á 2022. Þetta endurspeglast í 11% vexti þjódarútgjalda á fyrsta ársfjórðungi sem skýrist að miklu leyti á 8,8% vexti einkaneyslu og 20% vexti fjármunamyndunar. Ljóst er að slaki er horfinn úr hagkerfinu og hefur Seðlabankinn nú hafið að hækka stýrivexti til að mæta þenslu og vaxandi verðbólgu (Sjá að neðan umfjöllun um verðbólgu og vexti).

Efnahagslegar áskoranir hafa gjörbreyst síðustu misseri. Slaki hefur horfið úr hagkerfinu samhliða afléttingum ferðatakmarkana og verðbólga hefur farið hratt vaxandi og ekki mælst hærri frá fjármálahruni. Áskoranirnar eru krefjandi fyrir þær sakir að innlend verðbólga hefur að stærstum hluta verið drifin áfram af miklum hækkunum húsnæðisverðs ásamt innfluttri alþjóðlegri verðbólgu tengdri heimsfaraldri og stríði í Úkraínu.


## Ferðamönnum fjölga að nýju

Ferðaþjónusta lá að mestu í dvala árið 2020 fyrir erlenda ferðamenn. Í maí 2021 var farið að slaka á ferðatakmarkunum og aukin ferðalög urðu til þess að draga hratt úr atvinnuleysi. Að jafnaði komu um 130 þúsund ferðamenn á mánuði á tímabilinu júní-október, sem var um fjórföldun frá sama tímabili ársins á undan en einungis af helmingur af þeim fjölda sem heimsótti landið árið 2019. Ferðamönnum hefur hins vegar haldið áfram að fjölga fram á árið 2022 og batinn verið sérstaklega hraður að vori og um sumarið. Fjöldi ferðamanna í maí var um 177 þúsund sem er sambærilegt við sama mánuð árið 2019 og merki um að áhrif heimsfaraldurs á ferðaþjónustu eru að mestu horfin. Útlit er fyrir að ferðasumarið verði atvinnugreininni mjög hagfellt og vandinn nú fremur að erfitt sé að manna störf í greininni.



## Verðbólga ekki mælst hærrí frá fjármálahruni

Verðbólga var við markmið Seðlabankans þegar heimsfaraldur braust út. Verðbólga fór vaxandi eftir því sem leið á árið 2020 en þar hafði m.a. veiking á gengi krónunnar áhrif á innfluttar vörur og mældist verðbólga án húsnæðis á tímabili hærrí en almenn verðbólga. Mikil umsvif á húsnæðismarkaði og hækkun á húsnæðisverði fór hins vegar að ýta undir verðbólgu árið 2021 og mældist verðbólga 5,1% í lok ársins en þar af 3,3% ef horft var framhjá áhrifum húsnæðismarkaðar. Fleiri þættir ýttu þó undir verðbólgu á þeim tíma, m.a. hækkun á olíuverði.



## Alþjóðleg verðbólga hækkar

Verðlagshorfur versnuðu hratt á haustmánuðum síðasta árs, ekki einungis á Íslandi heldur fór verðbólga nú vaxandi víða á Vesturlöndum. Skýringin lá meðal annars í mikilli hækkun á orkuverði og annarri hrávöru. Þróunin var til umfjöllunar í mánaðaryfirliti ASÍ frá því í október 2021 en þar sagði m.a.:

„Undanfarin misseri hefur verðbólga stigið hratt í Bandaríkjunum og Evrópu. Í Bandaríkjunum mælist verðbólga 6,3% á mælikvarða samræmdrar vísitölu neysliverðs og 3,4% á Evrusvæðinu. Verðlag hefur hækkað í flestum ríkjum Evrópu (sjá mynd) og þar af hratt í stórum hagkerfum á borð við Þýskaland og Spán þar sem verðbólgan mælist nú 4% en í byrjun árs var verðbólga 1,6% í Þýskalandi og 0,4% á Spáni.

Verðbólguþrýstinginn má fyrst og fremst rekja til verulegrar hækkunar á orkuverði í Evrópu. Skýringin á hækkun orkuverðs liggur í framboðstregðu á sama tíma og heildareftirspurn hefur aukist hratt og hagkerfi tekið við sér í kjölfar heimsfaraldurs. Evrópskur orkumarkaður er verulega háður gasi til að

*draga úr sveiflum í raforkuverði en framboð á gasi hefur ekki aukist í takt við aukna eftirspurn og er birgðastaða takmörkuð.*

*Sveiflur í raforkuverði hafa ratað hratt í verðbólguáætlun á Evrusvæðinu en á ársgrundvelli hefur orkuverðið hækkað um 17,4%. Sé litið fram hjá þróun orkuverðs mælist verðbólgan þó stöðug, eða í kringum 1,7%. Sveiflur í verði á gasi og olíu hafa önnur áhrif á heimili í Evrópu en á Íslandi. Áhrifin koma þannig þyngra fram í hækkun húsnæðiskostnaðar, í gegnum dýrari orku til heimilanna, t.d. rafmagn og gas til upphitunar.“*

Í mánaðaryfirlitinu var einnig fjallað um hækkun á verði hrávöru annarri en orkuverði en þar sagði:

*„Hækkun á hrávöruverði hefur verið veruleg undanfarið en til viðbótar við herra orkuverð hefur verð á iðnvöru (þ.e. málmar, hrávara, landbúnaðarvara) hækkað um 23% á ársgrundvelli. Landbúnaðarvörur (timbur, bómull, ull, gúmmi) hafa hækkað um 12% og matvara um 29%. Til viðbótar hefur verð á áburði stigið hratt síðustu mánuði og verð nær tvöfaldast á síðustu 12 mánuðum þar af þriðjungs hækkun frá því í maí. Merki eru um að hægt hafi á hækkunum hrávöru en þó má vænta þess að áhrifin hægi á hjöðnun verðbólgu á næstu misserum, m.a. í gegnum innflutt verðlag og dýrari aðföng.“*

Innrás Rússa í Úkraínu átti einungis eftir að leiða til frekari hækkana á orku- og hrávöruverði. Bæði Rússland og Úkraína eru stórir útflytjendur á hrávörum, hvort sem er gasi, málum, iðnaðarvöru eða landbúnaðarvöru. Áhrifin voru þannig hröð og veruleg á hrávöruverð en koma mun hægar fram í hækkun á neysluverði. Í mánaðaryfirliti frá því í febrúar var fjallað um hækkandi alþjóðlega verðbólgu. Í Evrópu var verðbólga þá komin í 5,6% innan Evrópusambandsins en einungis 4,3% á Íslandi. Samræmda verðbólgan undanskilur kostnað við eigið húsnæði og mælist verðbólga á Íslandi því lægri á þann mælikvarða en með vísitölu neysluverðs. Megindrifkraftur verðbólgu hefur verið, líkt og bent var á í yfirlitinu, hækkun á orkuverði og áhrif þess á neyslu heimilanna, m.a. í gegnum kostnað við raforku og kyndingu heimila. Í yfirlitinu sagði „*Innan Evrópu skýrist aukin verðbólga fyrst og fremst í hækkun á orkuverði og áhrifum á orkukostnað heimila. Sé horft fram hjá áhrifum orkuverðs mælist verðbólga öllu lægri, eða 3,1% í Evrópusambandinu. Á Íslandi er verðbólga 3,7% ef horft er fram hjá orkukostnaði.*”

## **8,8% verðbólga í júní**

Verðbólga mældist 8,8% í júnímánuði og hafði hækkað um þrjú prósentustig frá byrjun ársins. Húsnæðisverð hefur verið megindrifkraftur verðbólgu frá árinu 2021. Engu að síður hefur verðbólga farið vaxandi á breiðum grundvelli. Sé horft fram hjá áhrifum húsnæðis mælist verðbólgan 6,5% og því umtalsvert yfir markmiði Seðlabankans. Fleiri áhrifaþættir hafa verið innflutt verðbólga

þ.e. áhrif af hækkandi verði erlendis en einnig áhrif af hækkun hrávöruverðs líkt og hækkun olíuverðs. Verðbólga var til umfjöllunar í mánaðaryfirliti ASÍ í febrúar en þar sagði m.a.:

*„Um þessar mundir vegur húsnæðiskostnaður þyngst í hækkun ársverðbólgunnar. Húsnæðiskostnaður vegur í heild um þriðjung í útgjöldum heimila, þar af um 16% vegna kostnaðar við eigið húsnæði og því mikill áhrifaþáttur í verðlagsþróun.*

*Kostnaður vegna eigin húsnæðis hefur hækkað um 13,2% á ársgrundvelli, sem skýrist fyrst og fremst af breytingum á eignaverði. Enn eru forsendur fyrir því að verðhækkanir á húsnæði þrýsti á verðlag.*

*Séu verðbreytingar skoðaðar á ársgrundvelli mælist mesta hækkunin á eldsneytisverði, eða um 20%. Innlendar vörur hafa hækkað á bilinu 5,3-5,9%, innfluttar vörur um 4,1% og dagvara um 4,1%. Opinber þjónusta hækkaði nokkuð í janúar en árshækkun mælist nú 4,8%. Önnur þjónusta hefur hækkað minna, eða um 3,7%. Áfengi og tóbak hefur hækkað minna en annað verðlag, eða um 2,8% og grænmeti hefur lækkað í verði milli ára, um 1,4%.*

*Verðlagsþróun hefur verið sveiflukennnd eftir heimsfaraldur. Olíuverð lækkaði skarpt eftir að Covid-19 braust út ásamt því að gengisveiking hafði töluverð áhrif á innflutt verðlag. Á síðasta ári voru hækkanir hins vegar fremur drifnar áfram af innlendu verðlagi, þá sérstaklega húsnæðisverði ásamt því að verðlækkun á olíuverði hóf að ganga til baka. Sé verðlagsþróun skoðuð frá byrjun árs 2020 hefur visitala neysluverðs hækkað um 10,5%. Innlendar og innfluttar vörur hafa að jafnaði þróast í takt við visitöluna. Hins vegar hefur húsnæðiskostnaður og eldsneyti hækkað umfram annað verðlag á meðan þjónusta, bæði opinber og almenn, hafa hækkað minna en almenn verðlagsþróun.“*

## **Vextir og áhrif á heimili**

Tímabil hækkandi vaxta hófst í maí 2021, þegar vextir voru hækkaðir um 0,25 prósentur. Stór skref voru svo stigin í nóvember 2021 þegar vextir voru hækkaðir um 0,5 prósentur upp í 2%. Peningastefnunefnd nefndi þá til rökstuðnings að innlendum kostnaðarþrýstingur hefði aukist og að þó húsnæðisverð hefði útskýrt verðbólguna að mestu færu áhrif af alþjóðlegum hækkunum vaxandi. Í febrúar voru vextir hækkaðir um 0,75 prósentur og að nýju í maí um 1 prósentu og aftur í júní um 1 prósentu. Í yfirlýsingu peningastefnunefndar í júní var meðal annars bent á að þróttur innlendra umsvifa verði áfram kröftugur og skortur á starfsfólki ekki mælst meiri frá árinu 2007. Þar sagði enn fremur, „Enn sem fyrr vegur hækkun húsnæðisverðs og annarra innlendra kostnaðarliða þungt auk þess sem alþjóðlegt olíu- og hrávöruverð hefur hækkað mikið. Verðhækkanir eru á breiðum grunni og undirliggjandi verðbólga hefur

*aukist. Þá hafa verðbólguvæntingar hækkað á flesta mælikvarða og eru yfir verðbólguþækkunarmiði.“*

Stýrivextir voru um sumarið 2022 orðnir 4,75% og hærri en í upphafi heimsfaraldurs. Samhliða lækkun stýrivaxta færðu íslensk heimili sig í auknum mæli úr verðtrygðum húsnæðislánnum yfir í óverðtrygð lán. Um 70% af öllum húsnæðislánnum voru verðtrygð í byrjun árs 2020. Um mitt ár hafði hlutfallið tekið breytingum og voru óverðtrygð lán þá orðin meirihluti allra lána. Kosturinn við óverðtrygð lán er að eignamyndun er hraðari en áhættan af áhrifum vaxtahækkana á greiðslubyrði er meiri. Þetta á sérstaklega við ef tekin eru lán á breytilegum vöxtum. Í mánaðaryfirliti frá því í nóvember 2021 var bent á hættuna af hækkanum á heimili sem höfðu ráðist í mikla skuldsetningu. Þar sagði m.a.:

*„Aukið vægi óverðtryggðra lána hefur gert það að verkum að peningastefnan verður virkari og vaxtahækkunar hafa skjótari áhrif á fjárhag heimila. Vaxtahækkunar miðlast hratt í greiðslubyrði óverðtryggðra lána með breytilega vexti en hafa einnig þau áhrif að önnur heimili hækka sjálf vaxtabyrði sína með því að skipta í fasta vexti. Vaxtahækkunar getu þó haft töluverð áhrif á fjárhag heimila hafi þau gengið langt í skuldsetningu.*

*Áhrif á greiðslubyrði auðveldlega numið tugum þúsunda. Breytilegir vextir náðu lágmarki í byrjun þessa árs. Þá voru vextir íbúðarlána bankanna að meðaltali 3,4%. Jafngreiðslulán að upphæð 50 milljóna sem tekið var til 40 ára var með um 190 þúsund króna greiðslubyrði í upphafi árs. Í dag eru breytilegir vextir í kringum 3,7% og greiðslubyrði lánsins hækkaði um 9 þúsund krónur á mánuði. Hefði stýrivaxtahækkunin að öllu leyti miðlast í vexti væru vextir 4,15% og greiðslubyrðin því hækkað um 22 þúsund á mánuði. Fari stýrivextir áfram hækkanir er ljóst að áhrif vaxtahækkana geta verið veruleg á heimili. Breytilegir óverðtryggðir vextir voru um 6% fyrir heimsfaraldur og gæti greiðslubyrði ofangreinds láns hækkað um rúmlega 80 þúsund krónur á mánuði þróist vextir í átt að fyrra vaxtastigi.“*

## **Opinber fjármál**

Áhrif heimsfaraldurs á ríkisfjármál urðu veruleg, bæði á tekju- og útgjaldahlíð. Áskoranir ríkisfjármála hafa þó tekið hröðum breytingum samhliða sveiflum og viðsnúningi í efnahagslífi. Meginstefnumörkun opinberra fjármála um þessar mundir er að stöðva hækkanum skulda hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) eigi síðar en 2026. Í fjármálastefnu kemur fram að stjórnvöld ætla sér að ná fram markmiðum með hóflegum útgjaldavexti. Í umsögn ASÍ um fjármálastefnu er þessi stefna gagnrýnd, þar segir m.a.:

*„Til þess að ná markmiðinu um stöðvun skuldahlutfalls þarf halli hins opinbera að minnka ár frá ári. Samkvæmt greinargerðinni fer áætlaður halli úr tæplega 6% af VLF í ár í tæplega 1% undir lok tímabilsins. Í því felst að*

frumjöfnuður verði jákvæður undir lok tímabilsins.<sup>1</sup> Í greinargerðinni kemur fram sú áætlun að tekjur hins opinbera muni vaxa um 2% af VLF og að útgjöld minnki um 3% af VLF á árunum 2022 til 2026.

Eins og kemur fram í álitargerð fjármálaráðs felur áætluð útgjaldaþróun í sér að raunvöxtur útgjalda verði 2,6% frá 2022 til 2026, eða 0,7% á ári, á sama tíma og hagkerfið vex um 10%.<sup>2</sup> Í fjármálastefnu kemur ekki fram hvað árleg raunaukning upp á 0,7% hefur í för með sér fyrir opinbera velferðarþjónustu. Að öllu jöfnu hækka opinber útgjöld þótt þjónustustigið haldist óbreytt, t.d. vegna launahækkana. Það er erfitt að sjá hvernig að jafn lágur útgjaldavöxtur geti staðið undir velferðarkerfinu og því eru visbendingar um að þar geti komið til skerðinga.“

Í umsögnum sínum hefur Alþýðusambandið gagnrýnt áherslur í ríkisfjármálum, þ.e. að of langt hafi verið gengið í lækkun skatta sem leitt hafi til veikingu tekjustofna. Þær aðgerðir verði til þess að þrýstingur sé á niðurskurð og vexti útgjalda. Í umsögninni sagði m.a.:

„Á undanförunum árum hefur Alþýðusambandið í umsögnum sínum um opinber fjármál gagnrýnt áherslur í ríkisfjármálum, þá sérstaklega veikingu tekjustofna ríkisins í efnahagslegri uppsveiflu þegar jákvæð afkoma skýrðist öðru fremur af tekjum sem ekki eru líklegar til að halda til lengri tíma.

Veiking tekjustofna á síðustu árum hefur þrengt verulega að stöðu ríkissjóðs.<sup>3</sup> Þannig hefur fjármögnun samfélagslegra innviða ekki verið tryggð með fullnægjandi hætti af stjórnvöldum. Lögfestar skattkerfisbreytingar á tímabilinu 2013-2019 minnkuðu tekjur ríkisins um samanlagt 27 milljarða á ári sé miðað við árið 2019 og eru þá ótalin áhrif af afnámi auðlegðarskatts, lækkan veiðigjalda, breytingum á tekjuskattkerfinu og afnámi bankaskatts.<sup>4</sup>“

Í skýrslu Alþýðusambandsins, „Skattar og ójöfnuður“, sem gefin var út haustið 2022, er að finna samantekt á íslensku skattkerfi m.t.t. skattlagningar fjármagns og fjármagnstekna. Í skýrslunni er m.a. bent á að fjármagnstekjur beri mun lægri skattbyrði en launatekjur á Íslandi. Skattbyrði hinna tekjuhæstu lækkar eftir því sem tekjur aukast og er það andstætt markmiði framsækinnna skattkerfa sem byggir á því að skattbyrði aukist eftir því sem tekjur aukast. Í skýrslunni er sjónum sérstaklega beint að skattlagningu launatekna þeirra sem eru í eigin atvinnurekstri. Þar sagði m.a.: „Þegar skattur á fjármagnstekjur er lægri en skattur á laun skapast hvatar fyrir þá í eigin atvinnurekstri til að telja laun fram sem fjármagnstekjur,

1 Frumjöfnuður eru heildartekjur að fráregnum heildargjöldum án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda.

2 Í greinargerð fjármálastefnunnar kemur fram að bætt afkoma hins opinbera er fyrst og fremst vegna aðhalds í rekstri og að mjög óverulega leyti vegna sjálfvirkra viðbragða skatt- og atvinnuleysisbótakerfisins.

3 Í umsögn fjármálaráðs um fjármálaáætlun 2017-2022 var talað um að rekstur ríkissjóðs væri í járnum ef leiðrétt væri fyrir áhrifum hagsveiflunnar.

4 Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2019). Sjá Töflu 2.5 „Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum.“



svokallaður tekjutilflutningur (e. income shifting). Komi skattkerfið ekki í veg fyrir tekjutilflutning er brotið í bága við hlutleysissjónarmið. Hlutleysi skattkerfis dregur úr því að ákvarðanir séu teknar út frá sjónarmiði skattahagræðis.

*Teckjutilflutningur felst í því að launatekjur eru ranglega skráðar sem fjármagnstekjur. Skýrar vísbendingar eru um að skattasniðganga í formi tekjutilflutnings viðgangist hér á landi. Það á aðallega við um atvinnurekendur með háar tekjur. Ólíkt Norðurlöndunum hafa Íslendingar ekki brugðist við framangreindum veikleikum. ASÍ metur að reglur sem takmarka tekjutilflutning myndu auka árlegar skatttekjur um á bilinu 3-8 milljarða króna og styrkja tekjuöflun sveitarfélaga.“*

## Launaþróun

Lífskjarasamningur var undirritaður vorið 2019. Samningurinn var til ársins 2022 og síðasta hækkun kom til framkvæmda í byrjun árs 2022 þegar kaupfaxtar hækkunin var 25 þúsund og almenn laun um 17.250 kr. Til viðbótar við umsamdar hækkunir var ákvæði í samningnum um hækkunir sem tóku við af þróun efnahagsmála, svokallaður hagvaxtarauki. Þann 1. mars lágu fyrir bráðabirgðatölur Hagstofunnar á efnahagsþróun ársins 2021. Í frétt ASÍ frá því í mars er sagt frá því að hagvaxtarauki hafi virkjust: „Landsframleiðsla leiðrétt fyrir mannfjölda, þ.e. hagvöxtur á mann jókst um 2,5% milli ára. Að jafnaði voru landsmenn 372 þúsund talsins á síðasta ári og fjölgaði um 6500 milli ára, eða 1,8%. Það að hagvöxtur á mann hafi verið meira en 1% hefur þá þýðingu að forsendunefnd kjarasamninga mun koma saman til að ræða greiðslu hagvaxtarauka.

Hagvaxtarauki gæti þannig skilað á bilinu 3–13 þúsund krónum á mánuði á taxtalaun og á bilinu 2250–9750 krónum á mánuði í almennar launahækkunir. Til þess að hagvaxtarauki virkist þyrfti hagvöxtur á mann að verða meiri en 1% og er svo stighækkandi með hverju hálfu prósentustigi upp að 3%. Visitala Hagstofunnar um verga landsframleiðslu á mann var 99,82 árið 2020 og hækkaði um 2,53% milli ára og tók gildið 102,35 á síðasta ári.“

Forsendunefnd ASÍ og SA kom síðar saman og staðfesti að hagvaxtarauki kæmi til greiðslu þann 1. maí og myndu launataxtar hækka um 10.500 kr. og almenn laun um 7.875 kr.

## Launahlutfall við langtímaeðaltal

Launaþróun hefur verið mikið í umræðunni og gjarnan á neikvæðum forsendum, að laun hafi hækkað of mikið og að hlutfall launa af verðmætasköpun hafi aldrei verið hærra og sé það hæsta í heiminum. Alþýðusambandið sá ástæðu til þess að bregðast við umræðunni. Þannig gerði ASÍ athugasemdir við mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á þróun launa og framleiðni<sup>5</sup>.

5 Sjá <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/asi-gerir-athugasemdir-vid-mat-althjodagaldeyrissjodsins-a-launathroun/>

„Alþýðusambandið hefur séð ástæðu til að gera athugasemdir við niðurstöður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi styðst sjóðurinn við þróun verðlagsleiðréttrar launavísitölu sem mat á launaþróun. Sá mælikvarði er ekki heppilegur við mat á launakostnaði sökum þess að launavísitalan mælir breytingar á reglulegum launum á hverja greidda stund, þ.e. reglulegt tímakaup. Í öðru lagi notar sjóðurinn verga landsframleiðslu á vinnandi einstaklinga við mat á framleiðni. Í þriðja lagi notar sjóðurinn ólíkar aðferðir við verðlagsleiðréttingu, þ.e. laun eru leiðrétt með vísitölu neysluverðs og framleiðni með verðvísitölu vergrar landsframleiðslu.

Önnur leið væri að bera saman launaþróun á hverja vinnustund og framleiðni sem verga landsframleiðslu á vinnustund, bæði leiðrétt með verðvísitölu vergrar landsframleiðslu. Sá samanburður sýnir að laun hafa þróast í takt við framleiðni undanfarin ár. Laun hins vegar lækkuðu skarpt í kjölfar fjármálahrunsins og var framleiðnigati lokað á árunum 2017-2018.“

Alþýðusambandið skilaði einnig greinargerð um þróun launa til þjóðhagsráðs þar sem rangfærslur um launahlutföll voru leiðréttar.<sup>6</sup> Í greinargerðinni kemur fram að það sé rangt að hlutfall launa á Íslandi sé hið hæsta í heiminum. Hið rétta er að hlutfall launa af verðmætasköpun er sambærilegt við nágrannalönd og lægra en í sex aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Í greinargerðinni segir:

„Í alþjóðlegum samanburði er Ísland með hátt launahlutfall og á svipuðu róli og í samanburðarlöndum. Lækkun launahlutfalls þykir almennt ekki jákvæð. OECD og fleiri alþjóðastofnanir hafa áréttað að lækkun launahlutfalls kalli á aðgerðir til að tryggja að framleiðniaukning skili sér til launafólks. Rannsóknir sýna að lækkun launahlutfalls leiðir til aukins ójafnaðar. Við þessu hafa alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og OECD varað. Hátt launahlutfall er því til marks um styrk vinnumarkaðar, en ekki veikleika. Sveiflur í íslensku hagkerfi hafa verið meiri en í helstu nágrannaríkjum Íslands. Þetta endurspeglast í sveiflukennu launahlutfalli. Á Norðurlöndunum og í langflestum vestrænum löndum hækkaði launahlutfallið í kjölfar á fjármálahruninu. Framleiðsla féll þá meira en laun. Tilhneiging er til þess að launahlutfall þróist andstætt hagsveiflunni. Hlutfallið hækkar oft í niðursveiflu og lækkar í uppsveiflu. Þessu var öfugt farið á Íslandi, hér féll launahlutfallið mjög mikið eftir fjármálahrunið með falli krónunnar. Ef litið er hjá þessari miklu sveiflu á launahlutfallinu hér á landi má segja að launahlutfallið sé á svipuðu róli og helstu nágrannalöndum.“

6 Sjá <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/rangfaerslur-um-launahlutfall-leidrettar/>



## Kjaramál

### Lífskjarasamningur 2019-2022

Lífskjarasamningurinn var undirritaður vorið 2019. Samningurinn fól í sér árlegar krónutöluhækkanir, annars vegar sérstakar hækkanir taxtalauna og hins vegar almennar launahækkanir. Síðasta umsamda hækkun lífskjarasamningsins kom til greiðslu þann 1. janúar 2022. Þá hækkuðu taxtalaun um 25.000 krónur á mánuði á meðan almenn laun hækkuðu um 17.250 kr.

Dagsetning	Lægsti taxti	Lágmarkstekjur fyrir fullt starf	Athugasemd
2019	Janúar	266.735	300.000
2019	Apríl	283.735	317.000
2020	Apríl	307.735	335.000
2021	Janúar	331.735	351.000
2022	Janúar	356.735	368.000
2022	Apríl	367.235	368.000

Á tímabili lífskjarasamnings hafa lægstu umsömdu taxtar hækkað úr 266.735 kr. í 356.735 kr. vegna umsaminna taxtahækkana og um 10.500 kr.

vegna sérstaks hagvaxtarauka sem greiddist út vegna efnahagsþróunar á árinu 2021. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf hækkuðu í takt við almennar hækkanir, og fóru úr 300.000 kr. í 368.000 kr. á mánuði.

## Hagvaxtarauki virkjaðist vegna hagvaxtar ársins 2021

Í lífskjarasamningi var samið um sérstakan launaauka sem myndi taka mið af efnahagsþróun. Á árunum 2020-2023 gæti því komið til sérstakra launahækkana ef efnahagsþróun yrði hagfelld. Í samningum segir:

*„á árunum 2020-2023 komi til framkvæmda launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa. Útreikningur launaaukans byggir á bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár“*

Launaaukinn myndi því virkjast ef verg landsframleiðsla á mann myndi aukast um meira en 1% og færi stigvaxandi um hvert hálf túsund stig upp að 3% hagvexti á mann. Launaauki á taxtalaun gæti því numið á bilinu 3.000 kr. til 13.000 kr. eða á bilinu 2.250 – 9.750 kr. á almenn laun.

Verg landsframleiðsla á mann, hækkun á milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 - 1,50%	3.000 kr.	2.250 kr.
1,51 - 2,0%	5.500 kr.	4.125 kr.
2,01 - 2,5%	8.000 kr.	6.000 kr.
2,51 - 3,0%	10.500 kr.	7.875 kr.
> 3,0%	13.000 kr.	9.750 kr.

Bráðabirgðatölur þjóðhagsreikninga vegna ársins 2021 lágu fyrir í mars síðastliðnum. Hagvöxtur fyrir árið 2021 mældist 4,3% eftir að verg landsframleiðsla hafði dregist saman um 7,1% árið 2020. Mannfjölgun ársins nam 1,8% sem merkir að hagvöxtur á mann jókst um 2,53% milli ára. Ákvæði hagvaxtarauka virkjaðist sem hafði þá þýðingu að forsendunefnd ASÍ og SA myndi þurfa að hittast og taka ákvörðun um greiðslu hagvaxtarauka. Síðar var staðfest af forsendunefnd að hagvaxtarauki kæmi til greiðslu þann 1. maí og taxtalaun myndu hækka um 10.500 kr. og almenn laun um 7.875 kr.

## Starfsemi flugfélagsins Play

Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir gerði FFÍ í júní 2021 formlega kröfu um að PLAY gangi til viðræðna við félagið um gerð kjarasamnings vegna starfa núverandi og væntanlegra flugfreyja/-þjóna um borð í flugvélum félags-

ins sem fljúga áætlunar- og leiguflugi til og frá Íslandi. Play hafnaði viðræðum í lok júní 2021 og var deilunni vísað til ríkissáttasemjara. Þar situr deilan og m.v. að Play hefur þegar í gildi kjarasamning um þessi störf opnast glugginn fyrir viðræðu ekki fyrr en sá samningur kemur til endurskoðunar.

## **Flugfélagið Niceair**

Nýtt flugfélag hóf starfsemi á Íslandi á árinu 2022, Niceair. Það gerir út frá Akureyri og nýtur öflugs stuðnings heimamanna. Í aðdraganda þess að félagið hefði starfsemi, eða í mars 2022, óskaði FFÍ eftir því að gengið yrði til kjarasamninga um störf flugfreyja og flugþjóna. 31.5 2022 var kjarasamningur undirritaður og tryggir hann sambærileg kjör og samið hefur verið um við Icelandair að teknu tilliti til þess að um nokkuð ólíka starfsemi er að ræða. Samningurinn gildir til 1.6 2024. Gerð hans gefur skýrt merki um að aðildarfélög ASÍ munu ekki láta bjóða félagsmönnum sínum að taka þátt í félagslegum undirboðum í flugi en hart er sótt að réttindum flugliða um allan heim.

## **Frumvarp til nýrra starfskjaralaga og ákvæði um féviti**

Niðurstaða þríhliða viðræðna fékk ekki brautargengi í miðstjórn ASÍ og frumvarpið var því aldrei lagt fram á Alþingi og ekki opnað á af hálfu félagsmálaráðherra að leggja frumvarpið fram án ákvæðis um féviti. Athugasemdir lutu fyrst og fremst að takmörkuðu gildissviði (lágmarkskjör en ekki öll kjör) og aðkomu samráðsnefndar (sjá síðustu skýrslu). Málið hefur hins vegar og í tvígang komist á málaskrá ríkisstjórnarinnar enda geymir það önnur og mikilvæg umbótamál eins og t.d. varðandi tómlæti og hvíldartíma sem fjallað er um í kaflanum um vinnumarkaðsmál.

## **Sameiginleg mál**

Á árinu 2007 var fyrst gerður samstarfssamningur aðildarsamtaka ASÍ vegna sameiginlegra mála (GoPro 200703-0034). Árið 2010 var hann endurnýjaður og hefur verið óbreyttur síðan (GoPro 201005-0039).

Tilgangur samstarfssamningsins var og er að koma í veg fyrir að mál sem varða alla eða flesta kjarasamninga aðildarsamtaka séu ekki notuð af SA sem skiptimynt í einstökum kjarasamningum og einnig til þess að tryggja samræmi í réttindum sem eru sameiginleg. Skýr dæmi um þetta má finna í efnisyfirliti þessa skjals þar sem listaðar eru upp þær kröfur sem áður hefur verið farið fram með og sem lokið hefur verið með árangri. Samningurinn hefur einnig verið virkjaður til þess að samræma endurskoðunarákvæði kjarasamninga.

Lögfræðingar ASÍ hafa safnað saman efni í hinar sameiginlegu kröfur í samvinnu við stjórnir og starfsmenn aðildarfélaganna og mikið af þeim varðar


ágreining um túlkun gildandi ákvæða í kjarasamningum, bæði túlkanir SA og dómstóla en einnig orðalag sem lagfæra þarf og samræma milli samninga.


Samstarfssamningnum og virkjun hans hverju sinni er ekki ætlað að færa hið almenna og venjulega samningsumboð aðildarsamtakanna í hendur ASÍ. Samninganefnd ASÍ er ekki hluti af stjórnkerfi ASÍ heldur frjáls vettvangur aðildarsamtakanna til samræmingar í þeim málum þar sem aðildarsamtökin telja samræmingar þörf. Þessi samningur hefur verið virkjaður nokkrum sinnum til þess að ná sameiginlegri aðkomu að þeim atriðum í kjarasamningum sem sameiginleg teljast og sem gerð er grein fyrir í þessu skjali. Síðast var samningurinn virkjaður vegna forsenduákvæða kjarasamninga 2019. Á listanum er nú að finna tillögur að 29 kröfum á atvinnurekendur og 8 á stjórnvöld vegna ýmissa lagabreytinga. Við lok kjarasamninga 2019 hafi ASÍ tekist að ná fram í gegnum þetta ferli alls 31 kröfu. Í aðdraganda komandi kjarasamninga hefur verið kallað eftir tilnefningum í undirbúningshóp en samninganefnd ASÍ (formenn landssambanda og stærstu aðildarfélag) fer með samningsumboðið.



## Húsnæðismál

Húsnæðismarkaður var töluvert í umræðunni á starfsárinu. Íbúðarverð hækkadi umtalsvert árið 2021 og það sem af er árinu. Vaxtalækkarnir í kjölfar heimsfaraldurs höfðu mikil áhrif á viðskipti með fasteignir. Í fyrstu sáust áhrifin í fjölgun kaupsamninga og aukinni veltu með fasteignir. Eftir því sem leið á árið 2021 jókst þrýstingur á hækkun húsnæðisverðs sem birtist í yfirboðum kaupenda, stuttum sölutíma og mikilli veltu. Í byrjun árs 2021 mældist árshækkun á húsnæðisverði 7,3% en einungis sex mánuðum síðar mældist hækkunin 15,4%. Um mitt ár 2022 hafði húsnæðisverð hækkað um 24% milli ára.





## Leiguverð hækkar að nýju

Verulega hægði á hækkunum leiguverðs eftir árið 2020 í kjölfarið á að heimsfaraldur braust út. Minni umsvif í ferðaþjónustu og sóttvarnatakmarkanir drógu þannig úr búferlaflutningum launafólks, hægðu á fjölgun starfa ásamt því að stöðva útleigu húsnæðis í skammtímaleigu til ferðamanna. Leiguverð stóð að mestu í stað árið 2020 og mældist ársþækkun 3,9% í árslok 2021. Leiguverð hefur farið hratt vaxandi á árinu 2022, jókst um 1,1% í janúar og 2,1% í apríl. Ársþækkun mældist 8,7% í júní en á sama tíma hafði vísitala neyslurverðs hækkað um 9,9% og vísitala neyslurverðs án húsnæðis um 7,5%.

## Umtalsverð áhrif vaxtahækkana á heimili

Seðlabankinn hóf að hækka vexti um mitt ár 2021. Meðal annars var verið að bregðast við hækkandi húsnæðisverði. Áhrif vaxtahækkana geta verið meiri eftir því sem fleiri heimili eru með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum. Var þetta m.a. til umfjöllunar í mánaðaryfirliti frá síðasta hausti:

*Aukið vægi óverðtryggðra lána hefur gert það að verkum að peningastefnan verður virkari og vaxtahækkarnir hafa skjótari áhrif á fjárhag heimila. Vaxtahækkarnir miðlast hratt í greiðslubyrði óverðtryggðra lána með breytilega vexti en hafa einnig þau áhrif að önnur heimili hækka sjálf vaxtabyrði sína með því að skipta í fasta vexti.*

*Vaxtahækkarnir gætu þó haft töluverð áhrif á fjárhag heimila hafi þau gengið langt í skuldsetningu. Áhrif á greiðslubyrði geta auðveldlega numið tugum þúsunda. Breytilegir vextir náðu lágmarki í byrjun þessa árs. Þá voru vextir íbúðarlána bankanna að meðaltali 3,4%.*

*Jafngreiðslulan að upphæð 50 milljóna sem tekið var til 40 ára var með um 190 þúsund króna greiðslubyrði í upphafi árs. Í dag eru breytilegir vextir í kringum 3,7% og greiðslubyrði lánsins hækkaði um 9 þúsund krónur á*



*mánuði. Hefði stýrivaxtahækkunin að öllu leyti miðlast í vexti væru vextir 4,15% og greiðslubyrðin því hækkað um 22 þúsund á mánuði. Fari stýrivextir áfram hækkandi er ljóst að áhrif vaxtahækkana geta verið veruleg á heimili. Breytilegir óverðtryggðir vextir voru um 6% fyrir heimsfaraldur og gæti greiðslubyrði ofangreinds láns hækkað um rúmlega 80 þúsund krónur á mánuði þróist vextir í átt að fyrri vaxtastigi.*

Til viðbótar við hækkun vaxta hefur Seðlabankinn beitt sérstökum þjóðhagsvarúðartækjum. Það felur í sér að veðsetningarhlutfall getur nú ekki farið yfir 85% hjá fyrstu kaupendum og viðmið vaxta á greiðslubyrði í greiðslumati miðast nú að lágmarki við 3% á verðtryggðum lánnum og 5,5% á óverðtryggðum lánnum. Til viðbótar hefur hámarkslánstími við útreikninga greiðslubyrðar verðtryggðra lána verið stytur í 25 ár.


## **Eignarhald íbúða**

Um nokkurt skeið hefur óvissa ríkt um hvert umfang fjárfestinga lögaðila og fjársterkra einstaklinga hefur verið í fasteignakaupum. Alþýðusambandið óskaði eftir sérkeyrslu á umfangi slíkra hreyfinga frá Þjóðskrá. Samantektin birtist í mánaðaryfirliti ASÍ.

*Ekki hafa orðið stórar breytingar á eignarhaldi íbúða frá heimsfaraldri. Tölurnar benda til þess að lækkun vaxta hafi stuðlað að auknum fyrstu kaupum og hlutfall þeirra sem eiga eina íbúð jókst lítillega eftir heimsfaraldur, úr 62,2% árið 2019 í 62,7% árið 2021. Hlutfall einstaklinga sem eiga fleiri en eina íbúð hefur verið stöðugt, en alls fjölgaði eignum í þeim hópi um 1.200 íbúðir frá 2019. Á sama tíma dró lítillega úr umfangi lögaðila. Sé horft lengra aftur í tímann má sjá umtalsverðar breytingar í þróun á eignarhaldi. Um aldamótin var 73,8% af öllum íbúðum í eigu einstaklinga sem áttu einungis eina fasteign. Hlutfallið lækkaði bæði fyrir og eftir hrun, en áhrifin voru mikil við efnahagshrunið þegar íbúðum fækkaði hjá einstaklingum og færðust í eigu fjármálastofnana. Að jafnaði fjölgaði íbúðum um 2.097 einingar á ári frá aldamótum, af þeim fjölgaði íbúðum um rúm 800 hjá einstaklingum sem einungis áttu eina íbúð og um 630 hjá einstaklingum sem áttu fleiri en eina íbúð.*

## **Mikil umsvif í mannvirkjagerð**

Á árunum 2009-2015 voru kláraðar að meðaltali 983 íbúðir á ári. Gjarnan er talað um að þörf sé á um 2.000 íbúðum ár hvert. Íbúðabyggingar jukust á árunum 2016-2020 og mest voru 3.816 eignir fullgerðar á árinu 2020. Nýrri tölur þjóðhagsreikninga sýna að íbúðafjárfesting dróst saman um 4,3% árið 2021 borið saman við árið 2020. Tölur þjóðhagsreikninga sýna einnig að umsvif minnkuðu á fyrsta ársfjórðungi 2022 og gætu verið merki um að íbúðafjárfesting komi til með að dragast saman árið 2022.



## Húsnæðisstuðningur hefur færst til hinna tekjuhæstu

Síðasta áratug færðist húsnæðisstuðningur stjórnvalda úr vaxtabótakerfinu í önnur kerfi. Má þá nefna stofnframlög, hlutdeildarlán og skattafslátt á ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán. Stofnframlög og hlutdeildarlán eru lán frá ríkinu sem endurgreiddast og því eðlisólík vaxtabótum sem eru tilfærslur. Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar er ívilnun þar sem af sparnaðinum hefði annars verið greiddur tekjuskattur við útgreiðslu. Reynslan er sú að skattaívilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar fer einkum til þeirra tekjuhæstu og fólks yfir fertugt. Vaxtabætur greiddast til tekjulægri og yngri fasteignaeigenda.

Fyrir tímabilið 2014–2020 í heild sinni námu vaxtabætur alls 29 milljörðum, þar af fóru 23 milljarðar til tekjulægstu 70% einstaklinga. Fyrir sama tímabil nam skattaívilnun vegna skattfrjálsrar ráðstöfunar 33 milljörðum, þar af fóru 28 milljarðar til þeirra tekjuhæstu 30% einstaklinga.

Hlutfall heimila sem fá vaxtabætur lækkaði stöðugt frá 2009 til 2020 og mun halda áfram að lækka með hækkun fasteignaverðs. Árið 2020 fengu 11% allra með íbúðalán vaxtabætur. Á meðan nýtti fjórðungur allra með íbúðalán sér skattfrjálsa ráðstöfun. Það hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt frá því að heimild til úttektarinnar var sett á.

## Húsnæðisnefnd ASÍ

Húsnæðisnefnd ASÍ fundaði sex sinnum frá útgáfu síðustu skýrslu forseta ásamt því að halda vinnudag nefndar og miðstjórnar ásamt varamönnum beggja nefnda. Meginviðfangsefni útvíkkaðs vinnudags húsnæðisnefndar var að ræða hvernig tryggja megi að húsnæðiskostnaður fari ekki yfir 25% af ráðstöfunartekjum. Unnið var út frá tveimur spurningum: Fyrir hverju viljum við berjast; Hvað á ASÍ að leggja áherslu á? Fyrirlesarar sem opnuðu fund voru Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs, sem hélt erindi um stöðuna

á Bjargi og fjallaði um almenna íbúðakerfið, árangur þess og úrbótatillögur, og Anna Guðmunda Ingvarsdóttir, aðstoðarforstjóri HMS, sem var með innlegg frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Aðkallandi úrlausnarefni varðandi húsnæðismál voru rædd í hópum og áherslur sambandsins formaðar. Að loknum fundi lá fyrir að mest áhersla er lögð á að auka vaxtabætur og húsnæðisstuðning ásamt því að móta betur framtíðarsýn og fyrirsjáanleika í húsnæðisstefnu. Önnur áhersluatriði voru að fjölga byggingarhæfum lóðum, útvíkka hlutdeildarlán, stuðla að fjölbreytileika leigufélaga og jafnframt að koma böndum á vexti og verðtryggingu.

Starf húsnæðisnefndar á tímabilinu byggði á nýlegri stefnu ASÍ í húsnæðismálum ásamt niðurstöðu vinnudags með miðstjórn. Þá var umfangsmikill þáttur í starfi nefndar, starfsmanna hennar og formanns að fylgja eftir áherslum sambandsins í starfshópi stjórnvalda um húsnæðismál.

## **Aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði**

Starfshópur um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði skilaði í maí 2022 af sér skýrslu ásamt tillögum. Formaður húsnæðisnefndar, Bjarni Þór Sigurðsson, var skipaður af miðstjórn í starfshópinn fyrir hönd ASÍ. Í skýrslunni er fest viðmið um að húsnæðiskostnaður eigi að vera 25% af tekjum fólks og ef hann fer umfram 40% teljist húsnæðiskostnaður íþyngjandi. Tillögur kveða meðal annars á um að tryggja eigi töluverðan fjölda íbúða í byggingu á næstu árum og að efla eigi almenna íbúðakerfið á leigumarkaði. Til viðbótar er lagt til að húsnæðisstuðningur verði tekinn til heildstæðrar endurskoðunar með það að markmiði að tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað og að stuðningurinn nýtist fyrst og fremst tekjulágum, fyrstu kaupendum og þeim sem búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað. Jafnframt að fylgst verði með greiðslubyrði húsnæðis fyrstu kaupenda og einstaklinga á leigumarkaði. Húsnæðishópurinn lagði einnig til að húsaleigulög verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka húsnæðisöryggi leigjenda. ASÍ kom að gerð skýrslunnar og tillagna hennar.

Í framhaldi skýrslu skipaði innviðaráðherra tvo starfshópa til að vinna áfram með efnið. Starfshópur um húsnæðisstuðning fékk það hlutverk að endurskoða beinan húsnæðisstuðning til einstaklinga í formi húsnæðisbóta, vaxtabóta, sérstaks húsnæðisstuðnings sveitarfélaga og skattfrjálstrar ráðstöfunar séreignarsparnaðar. Starfshópur um endurskoðun húsaleigulaga fékk það hlutverk að endurskoða löginn með það að markmiði að bæta réttarstöðu og húsnæðisöryggi leigjenda. Þessir hópar eru að störfum þegar skýrsla forseta er rituð en treyst er á að vinna starfshópanna skili af sér afurð sem verði innlegg til lausnar komandi kjaraviðræðna.

## Kortlagning á búsetu í atvinnuhúsnæði

### Um verkefnið

Í kjölfar brunans á Bræðraborborgarstíg 1, 25. júní 2020, var Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), að beiðni félags- og barnamálaráðherra, gert að vinna að tillögum til úrbóta á brunavörnum í húsnæði þar sem fólk hefur búsetu. HMS byggði þrettán úrbótatillögur á niðurstöðu rannsóknar stofnunarinnar á brunanum sem og á niðurstöðum vinnuhóps HMS um búsetu í atvinnuhúsnæði. Ein af tillögum samráðsvettvangsins fólst í því að kortleggja búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og í stærri byggðakjörnum landsins.

Tilgangur verkefnisins var að fá upp á yfirborðið hina raunverulegu stöðu á búsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu og er mikilvægt gagn fyrir stjórnvöld við að greina vandann svo unnt sé að ráðast í nauðsynlegar úrbætur og breytingar á regluverki sem og að bæta húsnæðisöryggi allra landsmanna.

ASÍ hefur átt aðild að verkefninu frá upphafi. Settur var á fót stýrihópur með fulltrúum frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS), Reykjavíkurborg, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), Alpýðusambandi Íslands (ASÍ) og Þjóðskrá Íslands.

Fulltrúi frá Eflingu sat í stýrihópnum fyrir hönd ASÍ í byrjun en fljótlega tóku við starfsmenn á skrifstofu ASÍ, sem síðan hafa fylgt verkefninu eftir.

Afurd stýrihópsins var m.a. verkefnaáætlun um útfærslu á kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði. Til að framfylgja verkefnaáætluninni var mynduð verkefnastjórn sem samanstóð af fulltrúum frá SHS, byggingarfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu, HMS, ASÍ og fleiri.

ASÍ kappkostaði að styrkja verkefnið með ráðum og dád og lagði sérstaka áherslu á félagslega þætti verkefnisins til að fáist betri yfirsýn yfir félagslega stöðu þess hóps sem dvelur í atvinnuhúsnæði. Gæta þurfti þess að tilgangur verkefnisins væri skýrt afmarkaður og að verkefnið hefði ekki slæmar afleiðingar fyrir íbúana.

### Framkvæmd verkefnis og aðkoma ASÍ

Til þess að kortlagningin væri sem áreiðanlegust var mikilvægt að hún væri vel kynnt fyrir almenningi og færi fram á sem skemmstum tíma.

Það var viðurkennt að íbúar í atvinnuhúsnæði tilheyra hugsanlega berskjölduðum hópum sem óttast hugsanlega húsnæðisöryggi sitt.

Til kynningar var heimasíðan homesafety.is sett á laggirnar með myndbandi og upplýsingaefni á sex tungumálum: ensku, pólsku, rússnesku, litáísku, rúmensku og íslensku. ASÍ hafði umsjón með þýðingum og lagði áherslu á vandaða upplýsingagjöf. Þá voru útbúnir einblöðungar með fræðsluefni á öllum þessum tungumálum, sem var dreift í atvinnuhúsnæði á undan sjálfum

heimsóknunum. Vonast var til að skýrt afmarkaður tilgangur verkefnisins og góð kynning myndu auka líkurnar á að fólk tæki vel á móti eftirlitsfulltrúunum og að heimsóknin skapi ekki ótta um húsnæðismissi.

Ráðnir voru átta eftirlitsfulltrúar með ólíkan bakgunn og sem samtals tóluðu níu tungumál. Auk þess lagði ASÍ til tvo vinnustaðaeftirlitsfulltrúa í verkefnið. Reynsla þeirra af vinnustaðaeftirliti nýttist mjög vel og voru þau mikilvægur stuðningur við eftirlitsfulltrúateymið. Að lokinni fræðslu og þjálfun voru eftirlitsfulltrúarnir sendir út á örkina til að finna atvinnuhúsnæði sem fólk býr í og taka bæði úttekt á brunavörnum og viðtöl við íbúa.

ASÍ var falið að skipuleggja fræðslu fyrir eftirlitsfulltrúa til að undirbúa þá fyrir vinnu á vettvangi. Fulltrúarnir fengu vídeigandi fræðslu og þjálfun um þær heimildir sem þau hafa í starfinu, um brunavarnir, samskipti við krefjandi einstaklinga við erfiðar aðstæður, sem og nauðsynlegan stuðning frá SHS, verkefnastjórn, félagsþjónustu og barnaverndarnefndum sveitarfélaganna í gegnum sjálft verkefnið. Þá fengu þau einnig fræðslu um réttindi á vinnu- og húsnæðismarkaði, mansal og hvernig má gæta eigin öryggis í hættulegum aðstæðum.

Mér sérhönnuðum spurningalista söfnuðu eftirlitsfulltrúarnir upplýsingum um fjölda einstaklinga sem búsettir eru í atvinnuhúsnæði, ástand brunavarna og félagslegar aðstæður íbúanna. Lögð var áhersla á að fá fram svörin í samtali. Tryggt var að upplýsingarnar væru ópersónugreinanlegar.

Áhersla ASÍ var að fá fram upplýsingar um félagslega stöðu íbúa í atvinnuhúsnæði. Í því sjónarmiði tók ASÍ rýnihópaviðtöl við eftirlitsfulltrúana að lokinni kortlagningu. Tilgangurinn var að fá fram dýpri mynd af stöðunni.

Eftirfarandi eru helstu niðurstöður sem fram koma í lokaskýrslunni :

1. Búseta í atvinnuhúsnæði hefur dregist saman frá því könnun SHS var gerð árið 2017. Þá var talið að á bilinu 3.500 og 4.000 einstaklingar byggju í atvinnuhúsnæði en í dag telja íbúarnir 1.868 einstaklinga, þar af 19 börn.
2. Flestar þessara íbúða eru á svæðum sem eru í uppbyggingarfasa.
3. Brunavarnir eru á heildina litið betri en gert var ráð fyrir en þó telur SHS ástæðu til að skoða fjórðung húsnæðisins aftur á næstunni til að yfirfara brunavarnir betur.
4. Tæplega 33% íbúa eru pólskumælandi en þar næst koma Íslendingar, eða tæp 24%. Stór meirihluti, eða næstum 85% íbúa, er á vinnumarkaði.
5. Vísbendingar eru um að Íslendingar eigi oftast atvinnuhúsnæðið sem þeir búa í en fólk af erlendum uppruna sé líklegra til að leigja.

Í kjölfarið var farið í kortlagningu í stærri byggðarkjörnum en niðurstöður þeirra liggja ekki fyrir.


Fulltrúi ASÍ situr í starfshóp um framkvæmd á fleiri af þeim þrettán tillögum sem greint var frá hér í upphafi.




## Lífeyrismál

Á árinu 2021 var afkoma lífeyrissjóða umtalsvert góð þriðja árið í röð, vel yfir meðaltali síðustu tíu ára. Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda 2021 var 10,9% samanborið við 6,7% meðaltal síðustu tíu ára. Síðustu fimm ár var meðaltal raunávöxtunar 7,9% og er árangur bæði síðustu fimm og tíu ár því talsvert yfir 3,5% langtíma ávöxtunarviðmiði lífeyrissjóða.


Áfram sem áður er verulegur munur á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Halli opinberu sjóðanna vex enn. Hvað varðar lífeyrissjóði launafólks innan ASÍ versnaði tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda sjóðanna umtalsvert á árinu 2021 þrátt fyrir góða ávöxtun. Í árslok var hún jákvæð um 31 milljarð, um 174 milljarða verri staða en ári áður þegar í árslok 2020 var staðan jákvæð upp á 205 milljarða, frá árinu 2011 er staðan um 133 milljörðum betri. Staða sjóðanna versnaði á sama tíma og ávöxtun var mikil vegna breyttrar aðferðarfræði í tryggingafræðilegu mati sem komið er inn á síðar í kaflanum. Í stuttu máli endurspeglar sífellt lengri ævi Íslendinga sér í því að endurmeta þurfti stöðu sjóða og endurmatið dró úr jákvæðri stöðu og samanburður milli ára því erfíðari. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ var nú við áramót jákvæð því sem samsvarar 0,6% af skuldbindingum þeirra. Sama hlutfall samtryggingadeilda opinberu sjóðanna er neikvætt um tæp 29%, sem er þó skárri en fyrir ári þegar hlutfallið var rúm 32%. Neikvæð tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda opinberu sjóðanna var upp á 961 milljarð í árslok 2021 og hefur frá árinu 2011 versnað um 418 milljarða.



Síðustu ár fjölga lífeyrisþegum lífeyrissjóðanna nokkuð árlega þar sem fjölmennir árgangar ná eftirlaunaaldri og mun sú þróun halda áfram næstu árin. Lífeyrissjóðirnir greiddu samtals um 112 þúsund manns ellilífeyri á árinu 2021, tæp 58 þúsund konur og um 54 þúsund karlar, en nokkuð er um að einstaklingar séu tvítaldir vegna réttinda í fleiri en einum sjóði. Þar af fengu um 71 þúsund manns greiddan ellilífeyri úr almennu lífeyrissjóðunum sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Frá árinu 2014 hefur þeim sem fá greiddan ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum fjölgað um ríflega 42 þúsund, eða um 56%, og þar af rúm 26.000 í almennu lífeyrissjóðunum. Samkvæmt bráðabirgðatölum, úr skattskýrslum ársins 2021, fengu 49.150 einstaklingar, 67 ára og eldri, lífeyri frá samtryggingardeildum lífeyrissjóða.



Heildargreiðslur lífeyrissjóða til ellilífeyris vaxa hratt og námu þær árið 2021 rúmum 144 milljörðum króna, sextán milljörðum meira en árið áður. Hlutfall lífeyrissjóða í heildargreiðslum ellilífeyris er nokkuð stöðugt um 60% síðasta áratuginn en gera má ráð fyrir að sú hlutdeild fari vaxandi.



## Lífeyriskerfi Íslands í alþjóðlegum samanburði

Ísland hafnaði í efsta sæti í alþjóðlegum samanburði bandaríska ráðgjafarfyrirtækisins Mercer og samtakanna CFA Institute á lífeyriskerfum 43 ríkja víða um heim haustið 2021. Á þessum samanburðarlista var ekki aðeins fjallað um styrkleika kerfanna heldur einnig bent á veikleika þeirra og hvernig mætti ná enn betri árangri. Þegar lífeyriskerfin í löndunum 43 voru borin saman var einkum horft til þriggja þátta. 1. Nægjanleiki, þ.e. hvaða lífeyri lífeyrisþegar framtíðarinnar megi vænta? 2. Sjálfbærni, þ.e. stendur kerfið undir sér óháð lýðfræðilegum eða efnahagslegum sveiflum? 3. Traust – ríkir traust til kerfisins í samfélaginu?

Í mati Mercer og CFA Institute á íslenska kerfinu vegur þyngst að lífeyrir almannatrygginga þykir hér tiltölulega ríflegur, samtryggingakerfi lífeyrissjóða með vinnumarkaðstengdri þátttökuskyldu tryggir góðan sparnað og kerfinu er vel stýrt og regluverkið skýrt.

Mercer og CFA Institute settu íslenska kerfið í 1. sæti yfir nægjanleika, 1. sæti þegar litið var til sjálfbærni og í 7. sæti yfir traust. Eins og fyrr segir varð þetta mat ráðgjafarfyrirtækisins og CFA til þess að Ísland lenti í toppsætinu yfir bestu lífeyriskerfin. Í næstu sætum komu hollenska og danska kerfið.

Í skýrslu Mercer og CFA Institute var bent á tækifæri til að gera enn betur á Íslandi. Sérstaklega var nefnt að bæta megi upplýsingaflæði til ungs fólks



sem koma inn sem nýir sjóðsfélagar. Það vantar upp á ávinnslu lífeyrisréttinda fyrir foreldra utan vinnumarkaðar vegna umönnunar barna, ekki sé nægjanlega tekið tillit til áunninna lífeyrisréttinda í eignaskiptum við hjónaskilnað og að það vanti traustari ákvæði í regluverk sem skyldi lífeyrissjóði til að gæta að sjálfbærniþáttum í fjárfestingum. Sóknarfæri bjóðast því fyrir kerfið þrátt fyrir góða útkomu í þessari alþjóðlegu samanburðarrannsókn.

## **Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál**

Samráðshópur ASÍ og SA um lífeyrismál er samráðsvettvangur stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lífeyrisnefnda heildarsamtaka og fulltrúa ASÍ og SA um lífeyrismál og málefni lífeyrissjóðanna skv. kjarasamningi ASÍ og SA um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna frá 24. apríl 2018. ASÍ og SA skiptast á að skipuleggja fundina sem skulu haldnir að vori og hausti. ASÍ stóð fyrir fundi samráðshópsins 21. október á Hótel Natúra. Yfirskrif fundar var *Hækkandi lífaldur, nýjar lífaldurstöflur og áhrif á tryggingafræðileg uppgjör lífeyrissjóða*.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur skýrði hugtökin í yfirskrift dagsins og hvernig reglulegar breytingar verða á aldursbundinni dánartíðni. Tryggingafræðilegt mat lífeyrisskuldbindinga er unnið með hliðsjón af lífaldurstöflum sem rétt er að endurspegli ævilengd og þróun þess. Sagði Bjarni það sjálfsagða kröfu að tryggingafræðilegt mat skuldbindinga sé gert eftir sem réttustum forsendum. Mikilvægt er því að nýjar lífaldurstöflur verði teknar upp. Áhersla var lögð á að miklu skipti að lífeyrissjóðir verði samtaka í viðbrögðum sínum. Var nefnt að sérstaklega þurfi að gæta að réttindum þeirra sem ekki eiga þess kost að lengja starfsævi sína vegna veikinda eða slits. Eins að breytingar verði skiljanlegar, málefnalegar og sanngjarnar. Í því samhengi þarf að huga að samspieli við almannatryggingar sem munu gegna mikilvægu hlutverki næstu áratugi.

Sigurður M. Grétarsson frá Tryggingastofnun ríkisins fór yfir reynsluna af sveigjanleika í lífeyristöku almannatrygginga. Hjá TR eru nokkrir þættir sem bjóða upp á sveigjanleg starfslok út frá almennum 67 ára eftirlaunaaldri. Hægt er að hefja töku ellilífeyris frá 65 ára aldri en þá verður upphæð ellilífeyris skert varanlega fyrir hvern mánuð sem vantar upp á 67 ára aldur. Eins er hægt að fresta töku ellilífeyris fram yfir 67 ára aldur með varanlegri hækkun ellilífeyris allt til 80 ára aldurs. Þá er hægt að taka hálfan ellilífeyri sem er með öðrum tekjuskerðingarreglum en fullur. Almennt eru möguleikar TR á sveigjanleika fremur lítið notaðir, sérstaklega að hefja töku fyrr og að taka lífeyri frá TR í tveimur áföngum. Skerðingarreglur TR draga úr ávinningi af frestun í núverandi aðferðarfræði.

Þá héldu Árni Guðmundsson, frá Gildi, Ólafur Sigurðsson, frá Birtu, og Guðmundur Þ. Þórhallsson, frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, framkvæmdastjórar þriggja stærstu sjóðanna á samningssviði ASÍ og SA, erindi þar sem þeir fóru yfir áhrif aukinnar ævilengdar á stöðu sjóðanna, almennt

tryggingafræðilega stöðu þeirra og hver áhrif upptöku nýrra lífaldurstaflna væri á þá. Lögð var áhersla á að rétt væri að mat á stöðu sjóða endurspeglaði sem réttast raunverulega stöðu og að til þess væri nauðsyn að uppfæra lífaldurstöflur. Án aðgerða væri gengið á rétt yngri sjóðsfélaga, lífeyrisgreiðslur væru m.v. úreltar lífaldurstöflur og ekki innistæða fyrir því að halda áfram að óbreyttu. Kom fram að gróft mat væri að staða sjóða væri almennt um 10% verri með nýjum lífaldurstöflum. Í erindum kom fram að sterk tryggingafræðileg staða sjóðanna styðji vel við þær breytingar sem þyrfti að gera á réttinda-kerfum þeirra vegna upptöku nýrra lífaldurstaflna vegna aukinnar ævilengdar.

## **Nýjar lífaldurstöflur Félags tryggingastærðfræðinga**

Í desember 2021 gerði Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga tillögu til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um breytingar á forsendum reiknigrunn um lífslíkur til samræmis við reiknilíkan sem samþykkt var á almennum félagsfundum félagsins í desember 2020 og kemur sem viðauki við fyrri reiknigrunn frá 2019. Í því felst að reiknigrunnur frá árinu 2019 skuli eiga við um lífslíkur eins og þær voru metnar á árinu 2016 en fyrir síðari ár skuli miðað við að lífslíkur taki breytingum til samræmis við reiknilíkan félagsins frá árinu 2020 varðandi breytingu lífslíkunda.

Þar sem tillaga félagsins felur í sér veigamikla breytingu hjá lífeyrissjóðum á mati skuldbindinga milli mismunandi aldurshópa þótti fjármálaráðuneyti rétt að heimila lífeyrissjóðum að innleiða hinar breyttu forsendur við tryggingafræðilega athugun á tveimur árum frá upphafi árs 2022. Í því fólst að lífeyrissjóðum varð heimilt við gerð tryggingafræðilegrar athugunar við lok árs 2021 að velja hvort skuldbindingar væru metnar með reiknigrunni frá árinu 2019 eða með hinum nýja grunni. Þeir lífeyrissjóðir sem velja að nota eldri reiknigrunn skulu þó samhliða reikna tryggingafræðilega stöðu sjóðsins með hinum nýja grunni sem birt skal sem skýring í ársreikningi. Allir lífeyrissjóðir skulu vera búnir að innleiða breyttar forsendur um lífslíkur fyrir tryggingafræðilega athugun ársins 2023.

## **Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ**

Lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ fundaði fjórum sinnum 2021 og tvisvar það sem af er 2022. Vinna nefndarinnar sneri einkum að breytingum á lögum um lífeyrissjóði.

## **Lífeyrismál í stuðningsyfirlýsingu ríkisstjórnar v. lífskjarasamninga og tilgreind séreign**

Á grundvelli rammisamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá því í október 2015, og bókunar um jöfnun lífeyrisréttinda frá 2011, sömdu aðildarfélög ASÍ og SA í janúar 2016 um hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð

um 3,5 prósentustig í áföngum til ársins 2018. Í júní 2016 var nánara fyrir-  
komulag hækkunar iðgjalda útfært með samkomulagi þar sem kveðið var á  
um heimild sjóðfélaga til þess að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldi í  
bundinn séreignarsparnað sem síðar fékk heitið tilgreind séreign. Samnings-  
aðilar treystu á að í kjölfar samkomulags yrðu gerðar nauðsynlegar breytingar  
á lífeyrissjóðalögum áður en kæmi að því að opnað væri á að verja mætti  
hluta skylduiðgjalds í bundinn eða tilgreindan sparnað.

Frá skýrslu forseta fyrir árið 2016 hefur árlega verið að finna umfjöllun  
um hvernig miði að klára breytingar á lífeyrissjóðalögum til uppfyllingar á  
samkomulögum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar sem rekja má til ársins  
2011 vegna jöfnunar lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumark-  
aðarins. Til að fá fulla innsýn í hve hægt og illa miðaðist vísast í skýrslur  
undanfarinna ára. Áfangi sem skráist í skýrslu forseta 2022 er að sögunni lýkur  
að sinni þar sem tímabær lagasetning átti sér stað undir sumarið.

Samningur um hækkun á lágmarksiðgjaldi í lífeyrissjóð frá því í janúar  
2016 var liður í jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumark-  
aðarins og má rekja til yfirlýsingar um lífeyrismál í kjarasamningum aðila frá  
því í maí árið 2011. Samningarnir voru nánar útfærðir í samkomulagi ASÍ og  
SA frá júní 2016 þar sem samið var um fyrirkomulag hækkunar á iðgjaldi og  
kveðið á um heimild sjóðfélaga til þess að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarks-  
iðgjaldi í bundinn séreignarsparnað sem síðar fékk heitið tilgreind séreign.

Mikilvægur liður í lofordum í yfirlýsingu stjórnvalda vegna lífskjarasam-  
nings í apríl 2019 varðaði að ganga frá því að uppfæra lífeyrisslökkjöf m.a. til  
samræmingar og upptöku á ákvæðum kjarasamnings aðildarfélaga ASÍ og SA  
um hækkun á lágmarksiðgjaldi til lífeyrissjóðs í 15,5%.

Í mars 2022 bárust ASÍ til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu  
á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæð-  
um um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.). Drögin að frumvarpi  
byggðu á frumvarpi sem fjármálaráðherra lagði fyrir þing vorið 2021 sem fékk  
ýmsar athugasemdir, m.a. frá ASÍ, og þá einkum varðandi samráðsleysi en  
fjallað var um frumvarpið í skýrslu forseta 2021. Í drögum frumvarps, birt á  
samráðsgátt stjórnvalda, var tekið tillit til helstu athugasemda ASÍ þar sem víða  
var vísað til umsagna ASÍ og frumvarpið bætt verulega. Má nefna að fallið var  
frá því að færa upphafsviðmiðunaraldur réttindaávinnslu lífeyris úr 16 árum í  
18 ár og vísað til umsagnar ASÍ um breytinguna og að það gangi gegn kjara-  
samningum. Ákvæði um tilgreinda séreign voru skýrð og girt fyrir að ákvörðun  
á samsetningu tryggingaverndar innan skyldutryggingar hafi áhrif á réttindi  
almannatrygginga. Aftur komu inn ákvæði um skylduskil og að sjóðir sem taki  
við skylduiðgjaldi megi taka gjald vegna kostnaðar sem hlýst ef tilgreind sér-  
eign er færð annað. Sérstaklega var þá vísað til umsagnar ASÍ vegna breytingar

í greinargerð. Mun skýrar var tekið fyrir að spila megi á samspil almanna-trygginga og skyldutryggingar, mögulega s.s. gegnum seinkun lífeyristöku-aldurs samtryggingarstofns. Áfram var þó ótímabundið bráðabirgðaákvæði um undanþágu frá 15,5% iðgjaldi þar sem ekki er búið að semja um hærra iðgjald. ASÍ hefur fundið að ákvæðinu sem snýr helst að sjómönnum sem enn hafa ekki náð að semja um hækkun skylduiðgjaldsins við viðsemjendur sína.

Í samráði við lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ var ákveðið að styrkja möguleika á að drögin að frumvarpi yrðu að lögum með sameiginlegri umsögn með SA.



Alþýðusamband Íslands



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2022

**Efni: Sameiginleg umsögn ASÍ og SA um drög að stjórnarfrumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.) - Mál nr. 66/2022**

Í samráðsgátt stjórnvalda eru birt drög að frumvarpi með breytingum á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ásamt fleiri tengdum lögum. Drögin eru tímabær áfangi í framkvæmd og efnudum á yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn sem undirritaður var 3. apríl 2019. Efni þeirrar yfirlýsingar, nú útfærð í frumvarpsdrögnum, er nauðsynlegur liður í því að ljúka samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum. Samningsaðilar, ASÍ og SA, treystu á að stjórnvöld veittu mikilvægustu þáttum kjarasamnings aðila um lífeyrismál frá 2016 lagastoð, einkum ákvæðum um lágmarksiðgjald og aukinn sveigjanleika, en það hefur dregist úr hófi fram.

Í þessum drögum að frumvarpi er tekið tillit til veigamestu athugasemda samtakanna við fyrri frumvörp um sama efni og því geta þau staðið sameiginlega að baki þeirri málamyndun sem þar birtist. Samtökin áskilja sér þó áfram rétt til að halda til haga athugasemdum hvors fyrir sig sem fram hafa komið í fyrri umsögnum. Samtökin vilja þó áreitta mikilvægi þess að frumvarpsdrögin verði nú að lögum með því að standa sameiginlega að baki frumvarpinu í núverandi mynd.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hvetja til að þessi drög að frumvarpi verði lögð fram á Alþingi og verði að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Alþýðusambands Íslands

Drífa Snædal

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson

Það var svo í júní, þegar leið að lokum vorþings, sem fjármálaráðherra Bjarni Benediktsson lagði fyrir þing frumvarp um *breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.) lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæða um tilgreinda séreign* (mál 690., 152. löggjafarþing 2021–2022). Frumvarpið var að mestu samhljóða því frumvarpi sem áður birtist á samráðsgátt. Við það tilefni fundaði lífeyris-, heilbrigðis- og trygginganefnd ASÍ og frumvarpið var rýnt, hvernig það samræmdest áherslum sambandsins og því hvort aftur væri flötur á sameiginlegri umsögn með Samtökum atvinnulífsins. Úr varð að senda aftur umsögn með SA.



Alþýðusamband Íslands



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. júní 2022

**Efni: Sameiginleg umsögn ASÍ og SA um stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.) - Þingskjal 1033 — 690. mál.**

Frumvarpið er að mestu samhljóða drögum sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda í mars síðastliðnum. Í sameiginlegri umsögn við drögin sögðu ASÍ og SA að frumvarpið væri tímabær áfangi í framkvæmd og efnudum á yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við Lífskjarasamninginn sem undirritaður var 3. apríl 2019. Efni þeirrar yfirlýsingar, nú útfærð í frumvarpi, er nauðsynlegur liður í því að ljúka samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum. Samningsaðilarnir, ASÍ og SA, treystu á að stjórnvöld veittu mikilvægustu þáttum kjarasamnings aðila um lífeyrismál frá 2016 lagastoð, einkum ákvæðum um lágmarksiðgjald og aukinn sveigjanleika, en það hefur dregist úr hófi fram.

Helstu frávik þessa frumvarps frá því sem kynnt var í samráðsgáttinni í mars sl. eru eftirfarandi:

1. Lífeyrissjóðum er heimilt að kveða á um ráðstöfun á hluta iðgjaldsstofns til tilgreindrar séreignar í samþykktum sínum í stað þess að vera skylt að bjóða sjóðfélögum upp á þennan kost.
2. Lífeyrissjóðir sem nú gefa sjóðfélögum kost á að ráðstafa hluta lágmarksiðgjalds til séreignarsparnaðar, að því gefnu að þeir veiti lágmarkstryggingavernd sem nemur 1,4% af iðgjaldsstofni á ári, er heimilað að veita 3,5% iðgjaldshækkuninni til séreignarsparnaðar.
3. Fæld eru brott ákvæði um hækkun lágmarksaldurs til skylduaðildar úr 16 í 18 ár og breytt fyrirkomulag við útreikning á verðbótum lífeyrisgreiðslna.

Ofangeindar breytingar eru viðbrögð stjórnvalda við athugasemdum við fyrri drög að frumvarpi frá aðstandendum lífeyrissjóða utan samningssviðs ASÍ og SA. Sú málamiðlun sem í breytingunum felst gengur mjög langt og vonast ASÍ og SA til þess að þær verði til þess að tryggja viðtækan stuðning við frumvarpið.

Samtökin vilja áreitta mikilvægi þess að frumvarpið verði nú að lögum með því að standa sameiginlega að baki frumvarpinu í núverandi mynd eins og þau gerðu um fyrri drög í samráðsgátt. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hvetja Alþingi eindregið til þess að frumvarpið verði gert að lögum.

f.h. Alþýðusambands Íslands

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Drifa Snædal

Halldór Benjamin Þorbergsson

Það var svo þann 15. júní 2022 sem Alþingi samþykkti framangreint frumvarp um breytingar á lögum um skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Alþingi lögfesti að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs fari úr 12% í 15,5% til samræmis við hækkun í samningi ASÍ og SA frá í janúar 2016. Samhliða hækkun lágmarksiðgjalds er hækkun lágmarkstryggingaverndar lögfest og fest að hún verði 72% meðalævitekna miðað við 40 ára inngreiðslutíma fyrir þá sem leggja allan skyldusparnað í samtryggingu. Meðfram hækkun iðgjalds 2016 var samkomulag um að sjóðsfélögum byðist að leggja 3,5% hækkun iðgjalds í séreign kallaða tilgreind séreign. Með samþykkt frumvarpsins eru ákvæði um tilgreinda séreign einnig lögfest. Samþykkt frumvarpsins skýrir og tekur á misjöfnu samspili lífeyrissparnaðarforma gagnvart almannatryggingum. Skýrt er nú kveðið á um í lögum að litið er til allra tegunda lífeyrissparnaðar við útreikning greiðslna almanna-trygginga annarra en 4% viðbótarlífeyrissparnaðar launamanns og 2% mótframlags launagreiðanda.

Þá fylgir lagasetningunni breyting á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð þannig að nýta má tilgreinda séreign til kaupa á fyrstu fasteign að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Stóru aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins, lögðu áherslu á að þær breytingar á lögum sem fælust í frumvarpinu yrðu að lögum. Birtist það í því að samtökin skiluðu sameiginlegum umsögnum bæði við drög þess í samráðsgátt stjórnvalda og við frumvarpið til Alþingis. Um drögin sögðu samtökin þau vera tímabæran áfanga í framkvæmd og efndum á yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn. Þá kom fram að efni þeirrar yfirlýsingar, útfærð í frumvarpsdrögum, væru nauðsynlegur liður í því að ljúka samræmingu lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum. Samningsaðilar, ASÍ og SA, treystu á að stjórnvöld veittu mikilvægustu þáttum kjarasamningsaðila um lífeyrismál frá 2016 lagastof, einkum ákvæðum um lágmarksiðgjald og aukinn sveigjanleika, en það hefur dregist úr hófi fram. Í frumvarpinu sem lagt var fyrir Alþingi voru breytingar sem voru viðbrögð stjórnvalda við athugasemdum við fyrri drög að frumvarpi frá aðstandendum lífeyrissjóða utan samningssviðs ASÍ og SA. Í umsögn ASÍ og SA sagði að sú málamiðlun sem í breytingunum fælist gengi mjög langt og vonuðust samtökin til þess að þannig væri tryggður víðtækur stuðningur við frumvarpið. Samtökin áréttuðu mikilvægi þess að frumvarpið yrði að lögum með því að standa sameiginlega að baki frumvarpinu og hvöttu Alþingi eindregið til þess að frumvarpið yrði að lögum.

## **Samningsréttur um lífeyrismál, VLFA gegn Elkem hf. og ASÍ**

Verkalýðsfélag Akraness höfðaði mál á hendur Samtökum atvinnulífsins vegna Elkem Ísland ehf. og Alþýðusambandi Íslands til réttargæslu til viðurkenningar á því að félagið færi sjálft með umboð til þess að gera kjarasamning um aukið framlag til lífeyrissjóðs og ráðstöfun þess.

Aðdragandi málsins var sá, að þann 12.12 1995 var undirritaður kjarasamningur um lífeyrismál milli ASÍ og VSÍ (nú SA) og skyldi hann gilda fyrir öll aðildarfélög ASÍ sem aðild eiga að þeim lífeyrissjóðum sem undir hann falla. Þar á meðal eru lífeyrissjóðir á samningssviði VLFA. Samningurinn fól í sér endurskoðun á fyrri kjarasamningi aðila um lífeyrismál frá 1969. Í 16. gr. samningsins frá 1995 er samningsumboð um málefni lífeyrissjóða falið í hendur miðstjórn ASÍ sem sameiginlegrar samninganefndar aðildarsamtakanna og sérstök heimild veitt til opunar samningsins undir friðarskyldu, þ.e. á gildistíma hans. Samningsumboð miðstjórnar ASÍ skv. samningi þessum tekur m.a. til iðgjaldahlutfalls (1. mgr. 6. gr.) og ráðstöfunar iðgjalda (1. gr.). Í 2. og 3. mgr. 16. gr. er fjallað um afgreiðslu samningsins. Í samræmi við þau ákvæði var samningurinn samþykktur af öllum aðildarsamtökum ASÍ, þar með talið af VFLA og tók gildi þann 12.12 1995. Í kjarasamningi SA við ASÍ skv. framangreindu umboði frá 1995 og aðildarsamtaka sambandsins sem gerður var 21.1 2016 var auk annarra efnisatriða, samið um hækkun framlaga í lífeyrissjóði og um ráðstöfun þeirrar hækkunar. Framlag launagreiðanda var hækkað um 3,5% (úr 8% í 11,5%). Jafnframt var samið um að hækkuninni mætti ráðstafa í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar. Tekið er fram að með bundnum séreignarsparnaði sé átt við að „... settar eru þröngri skordur en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði“. Þetta var gert til þess að aðgreina bundinn séreignarsparnað frá frjálsum viðbótarparnaði. Vegna til-mæla Fjármálaeftirlitsins var hætt að nota heitið bundinn séreignarsparnaður og er heitið tilgreind séreign nú notað þess í stað. Samkvæmt 6. gr. samningsins frá 21.1 2016 skyldi hann afgreiddur í „... sameiginlegri atkvæðagreiðslu allra aðildarféлага Alþýðusambandsins ... og skulu atkvæði talin sameiginlega.“ Samningurinn var samþykktur með 91,28% greiddra atkvæða og tók hann því gildi frá 21.1 2016. Það verklag að afgreiða breytingar á framlögum til lífeyrissjóða og ráðstöfun þeirra með allsherjaratkvæðagreiðslu allra félagsmanna aðildarféлага ASÍ í stað þess að nota umboð miðstjórnar ASÍ skv. 16. gr. samningsins frá 1995 var viðhaft til þess að skapa sem mesta samstöðu um breytinguna. Með viðauka við kjarasamning VLFA og Elkem frá 17.5 2021 var samið um að félagsmenn VFLA hjá Elkem Ísland ehf. gætu, þrátt fyrir ákvæði 3. gr. samningsins frá 21.1 2016, ekki aðeins ákveðið að ráðstafa hinu hækkaða framlagi (3,5%) til samtryggingar eða tilgreindrar séreignar, heldur gætu þeir að auki ákveðið að ráðstafa því í frjálstan viðbótarparnað (dskj. 5, 4.

mgr. 1. gr.). Jafnframt skilyrðir viðaukasamningurinn á dskj. 5, valmöguleikann um ráðstöfun í frjálsan viðbótarsparnað við að VFLA hafi í reynd samningsumboð um lífeyrismál en ekki ASÍ. Mál þetta var höfðað af því tilefni en hins vegar einungis á hendur SA vegna Elkem Ísland ehf.

VLFA byggði málsókn sína á þeirri málsástæðu að hann hafi ekki veitt ASÍ umboð til þess að standa að bindandi samkomulagi um ráðstöfun framlags atvinnurekenda til lífeyrissjóðs. Til þess að einfalda lausn málsins hafi hann þó afturkallað það umboð, hafi það verið til staðar. ASÍ hafnaði þessum málátlíbúnaði VLFA og telur að hann hafi í lögmaðu umboði VFLA frá 12.12 1995 samið þann 21.6 2016 við SA f.h. aðildarfyrirtækja hans um að hækkuðu lífeyrissjóðsframlagi launagreiðenda skyldi ráðstafað annað af tvennu til samtryggingar eða í tilgreinda séreign. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 segir: „Stéttarfélög eru lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, enda hafi félagið í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna.“ Í 2. mgr. 5. gr. segir: „Samninganefnd eða fyrirsvarsmáður, sem kemur fram fyrir hönd samningsaðila við gerð kjarasamnings, hefur umboð til þess að setja fram tillögur að samningi, taka þátt í samningaviðræðum og undirrita kjarasamning fyrir hönd hlutadeigandi félags eða samtaka. Samninganefnd er heimilt að fela sameiginlegri samninganefnd fleiri félaga eða sambanda umboð sitt til samningsgerðar að hluta eða að öllu leyti. Þá er samninganefnd heimilt að kveða á um sameiginlega atkvæðagreiðslu félagsmanna hlutadeigandi félaga eftir því sem nefndin kann að ákveða hverju sinni eða um kann að semjast með kjarasamningi.“ Framangreindar reglur um annars vegar umboð stéttarfélaga til samningsgerðar og hins vegar heimildir þeirra til þess að framselja slík umboð til sameiginlegra samninganefnda líkt og gert var 1995 séu í fullkomnu samræmi við réttindi frjálsra verkalýðsfélaga og ákvæði stjórnarskrár. Eftir þeim hefur verið farið í öllum atriðum. ASÍ taldi því, að kjarasamningurinn sem hann gerði 21.6 2016 á grundvelli umboðsins frá 1995, um hækkun framlags launagreiðanda til lífeyrissjóðs og um að ráðstöfun þess sé skuldbindandi fyrir VLFA og SA með vísan til 5. gr. laga nr. 80/1938 og meginreglna vinnu- og samningaréttar. Samningurinn verði ekki felldur úr gildi eða honum breytt á grundvelli afturköllunar umboðs sem fram kemur eftir að samningum hefur verið lokið á grundvelli þess og þeir tekið gildi. Jafnframt vísaði ASÍ til þess að samningurinn hafi að auki verið samþykktur í almennri allsherjaratkvæðagreiðslu allra viðkomandi félagsmanna aðildarfélaga ASÍ, þ.m.t. félagsmanna VFLA sem starfa hjá Elkem Ísland ehf. Félagsdómur féllst á málátlíbúnað ASÍ og SA sbr. dóm í málinu nr. 17/2021. VLFA fer hins vegar sjálft með samningsumboð sitt í lífeyrismálum í næstu kjarasamningum enda hefur umboðið verið afturkallað. Um hið aukna framlag verður hins vegar ekki samið að nýju þar sem sá hluti hefur nú verið lögbundinn nýjum breytingum á lögum nr. 129/1997.





## Umhverfismál

### Umhverfis- og neytendanefnd

Umhverfisnefnd hefur verið ein af fastanefndum miðstjórnar ASÍ frá 2008 og var umhverfisstefna samþykkt af miðstjórn ASÍ árið 2012. Árið 2018 var neytendamálum bætt við starfssvið nefndarinnar þar sem umhverfis- og neytendamál skarast oft á. Málafni umhverfis- og neytendanefndar voru ofarlega á baugi í samfélaginu á árinu sem leið, verðlags- og samkeppnismál vegna vaxandi verðbólgu og umhverfismálin vegna aukinnar áherslu á loftslagsmál í samfélaginu og aukinnar samfélagsumræðu um réttlát umskipti á Íslandi.

### Málþing um samkeppnismál og verðlag

Á starfsárinu stóð umhverfis- og neytendanefnd fyrir morgunverðarfundum um samkeppnismál og verðlag. Morgunverðarfundurinn var haldinn 19. október 2021 á vegum verðlagseftirlits ASÍ í samstarfi við Neytendasamtökin. Yfirskrift fundarins var „Eru Íslendingar lélegir neytendur?“. Á fundinum var fjallað um hlutverk, stöðu og umhverfi þeirra opinberu stofnana og félagasamtaka sem fara með samkeppnis- og neytendamál hér á landi og áherslur stjórnvalda í því samhengi. Þá var fjallað um fyrirkomulag þessara mála í nágrennalöndunum. Verkefnisstjóri verðlagseftirlits og sérfræðingur í umhverfis- og neytendamálum hjá ASÍ, Auður Alfa, stýrði fundinum og var með erindi

í byrjun fundar um samkeppni, fjórðu iðnbyltinguna og vinnumarkaðinn. Erindið fjallaði m.a. um að minni og meðalstór fyrirtæki eigi erfiðara um vik með að nýta sér betri tækninýjungar og eykst skilvirkni minna hjá þeim en stærri fyrirtækjum. Stærri fyrirtæki með meira bolmagn eigi auðveldara með að nýta tæknibreytingar og ná þannig samkeppnisforskoti. Það geti síðan ýtt undir eða aukið aðgangshindranir á markaði og gert minni og meðalstórum fyrirtækjum enn erfiðara fyrir að keppa við þau stærri. Þetta skipti máli vegna þess að mest nýsköpun fari fram hjá minni fyrirtækjum og nýsköpun sé aðaldrifkraftur starfasköpunar. Mest verðmætasköpun fari fram hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum auk þess sem þau skapi flest störf.

Á eftir Auði var Daði Ólafsson, sérfræðingur hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, með erindi um neytendavernd á Norðurlöndunum. Erindið fjallaði um stjórnýsly- og lagaumhverfi neytendamála á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd og hvaða umbætur mætti gera á því hér á landi. Á eftir honum flutti Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, erindi sitt; „*Af hverju samkeppniseftirlit?*“ þar sem hann fjallaði um mikilvægi samkeppniseftirlits og umgjörð samkeppnismála hér á landi. Þá var Gylfi Magnússon, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, með erindið „Sókn í stað samþjöppunar“ en erindi hans birtist síðar í vikuritinu Vísbendingu sem fjallar um viðskipti og efnahagsmál. Í erindinu fjallaði hann m.a. um smæð landsins, áhrif kunningjasamfélagsins á samkeppnina og um neikvæð áhrif takmarkaðrar samkeppni á lýðræði og valddreifingu.

Eftir erindin voru pallborðsumræður en í þeim tóku þátt þau; Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, Þórunn Anna Árnadóttir, forstjóri Neytendastofu, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, og Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. Fundurinn var vel sóttur, bæði í sal þar sem hann fór fram og í beinu streymi þar sem um 250 manns fylgdust með að jafnaði meðan á fundinum stóð. Í heildina fóru um 3.000 manns inn á streymið á einhverjum tímamarki.

Nánar er fjallað um neytendamál í kaflanum um verðlagseftirlit ASÍ.

## Loftslagsráð

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald og ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanir og markmið Íslands sem tengjast loftslagsmálum. Í breytingum á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, sem gerðar voru árið 2019, fékk Loftslagsráð stjórnýsluhlutverk og á þeim tímamarki fékk ASÍ fulltrúa í ráðið og er hann eini fulltrúi launafólks í ráðinu. Með aðkomu ASÍ að Loftslagsráði hefur verkalýðshreyfingin tækifæri til að móta og hafa áhrif á umræðu og stefnumótun í tengslum við loftslagsmál sem og hugmyndafræði og ráðgjöf stjórnvalda í loftslagsmálum með hagsmuni launafólks og réttlát

umskipti að leiðarljósi. Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í Loftslagsráði sem og önnur vinna tengd réttlátum umskiptum er gríðarlega mikilvæg til þess að stefnumótun í umhverfis- og loftslagsmálum og aðgerðir taki mið af hagsmunum launafólks og stuðli að réttlæti, hagsæld, velferð og jöfnuði. Hugmyndafræðin um réttlát umskipti (e. just transition) snýr að því að tryggja að loftslagsaðgerðir byggi á réttlæti og jöfnuði og ávinningi af breytingum á samfélagi og efnahag vegna loftslagsbreytinga sé skipt með réttlátum hætti. Aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum munu koma til með að hafa víðtæk áhrif á vinnumarkað og efnahag landsins og er nauðsynlegt að tryggja að þeim tækifærum og byrðum sem felast í breytingunum verði dreift með réttlátum og sanngjörnum hætti.

## **Réttlát umskipti sífellt fyrirferðarmeiri hjá Loftslagsráði og í samfélagsumræðunni**

Vinna og aðkoma Alþýðusambands Íslands að stefnumótun í loftslagsmálum fer að miklu leyti fram í gegnum Loftslagsráð. Loftslagsmál og loftslagsaðgerðir verða sífellt umfangsmeiri í stefnumótun og framkvæmd stjórnvalda og nauðsynlegt er að tryggja að hagsmunir launafólks verði hafðir að leiðarljósi í þeim efnum. Þá hafa réttlát umskipti náð betur í gegn í samfélagsumræðunni á árinu og aukin umfjöllun hefur verið um áhrif loftslagsaðgerða á kjör almennings og hvort þær séu til þess fallnar að stuðla að réttlæti og jöfnuði.

Auk þess að taka þátt í starfi Loftslagsráðs héldu starfsmenn umhverfis- og neytendanefndar, Auður Alfa Ólafsdóttir og Sara S. Öldudóttir, erindi um hugmyndafræði réttláttra umskipta, réttlátar loftslagsaðgerðir og aðlögun að loftslagsbreytingum fyrir vísindanefnd um loftslagsbreytingar. Hlutverk nefndarinnar er að kanna ástand þekkingar á áhrifum loftslagsbreytinga á Íslandi og stóð nefndin fyrir málstofum þar sem ýmsir aðilar í samfélaginu voru fengnir til að halda erindi um margvísleg málefni sem tengjast loftslagsbreytingum, loftslagsaðgerðum og aðlögun að loftslagsbreytingum. Í málstofunni, sem starfsmenn umhverfis- og neytendanefndar tóku þátt í, var farið yfir félagsleg áhrif loftslagsbreytinga og aðgerða við þeim og þá hvernig hægt er (verið er) að nota samfélagslega innviði til að bregðast við.

Á árinu sem leið gaf Loftslagsráð út tvær greinargerðir og tvær álitgerðir. Í desember gaf ráðið út álitgerð með rýni á stöðuskýrslu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum. Í álitgerðinni er fjallað um að mikil óvissa ríki enn um margar aðgerðir sem séu enn í mótun og ekki liggi fyrir hvenær þær komist á framkvæmdastig. Eftirfylgni með aðgerðaráætluninni sé ábótavant og auka þurfi gagnsæi um framkvæmd og ráðstöfun fjármuna í loftslagsmál og efla þurfi miðlun og bæta árangursmat. Þá séu árangursmælikvarðar ekki til þess fallnir að hægt sé að meta samdrátt í útlosun gróðurhúsalofttegunda með þeim.

Þó sé jákvætt að hafin sé vinna við kostnaðar- og nytjagreiningu aðgerðaráætlunarinnar auk greiningar á réttlætissjónarmiðum enda sé slík greining forsenda þess að aðgerðirnar skili sem mestum árangri.

Í júní 2022 gaf ráðið gaf frá sér áskorun til íslenskra stjórnvalda í tilefni af viðvörun IPCC þess efnis að losun á gróðurhúsalofttegundum á heimsvísu hafi aukist og aldrei verið meiri. Í frétt Loftslagsráðs er farið yfir helstu skilaboð skýrslunnar sem eru m.a.:

„Fyrirliggjandi aðgerðir á heimsvísu sem og landsframlög til loftslagsmála (NDC) duga ekki til að halda hitastigshækkun innan við 2 °C og eru fjarri því að ná að halda hækkun við 1,5 °C þar sem hámarki í losun gróðurhúsalofttegunda þarf að ná árið 2025. Metnaður þarf því að aukast mikið og árangur aðgerða að margfaldast.“

Þá þurfi víðfedmar kerfisbreytingar að eiga sér stað til að styðja við mót-vægisáðgerðir og að hegðunar- og lífsstílsbreytingar geti einnig skilað miklum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda.

„Mikilvægt er að beita bæði reglugerðum og hagrænum stjórnækjum til að hvetja til innleiðingar mót-vægisáðgerða og til að draga úr hindrunum þeirra. Samhæfa þarf fjármál hins opinbera við aðgerðir í loftslagsmálum.“

Í áskorun Loftslagsráðs ítrekar ráðið fyrri áskorun til íslenskra stjórnvalda „um að framfylgja af mun meiri festu þeim ákvörðunum sem þegar hafa verið teknar og hraða frekari stefnumótun og aðgerðum í loftslagsmálum.“ Í áskoruninni segir að framkvæmd aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum sé ómarkviss og auka þurfi samdrátt með samstilltu og vel skipulögðu átaki allra.

## **Greinargerð Loftslagsráðs um opinber fjármál og loftslagsmál**

Í mars 2022 ákvað Loftslagsráð að hefja skoðun á samspili opinberra fjármála og loftslagsmála en tveir sérfræðingar voru ráðnir til að vinna greininguna. Í skýrslunni er farið yfir vinnu annarra ríkja við græna fjárlagagerð til að tryggja samhæfingu stefnumörkunar í opinberum fjármálum við loftslagsstefnu stjórnvalda. Einnig er fjallað um að alþjóðastofnanir leggi áherslu á að græn fjárlagagerð sé öflugt tæki til að tryggja að ríki nái markmiðum sínum í loftslagsmálum og tryggja þurfi gagnsæi um ferli fjárlagagerðarinnar og veita þurfi aðgengi að upplýsingum. Í alþjóðlegri umræðu sé áhersla lögð á að tekjur af loftslagsaðgerðum séu nýttar í þágu skilgreindra markmiða, m.a. til að dreifa byrðum af loftslagsvandanum með réttlátum hætti. Í skýrslunni segir að gera þurfi úrbætur á stefnumótun og framkvæmd opinberra fjármála hér á

landi, að auka þurfi gagnsæi og tengja þurfi loftslagsmál með skýrari hætti við áætlanagerð við opinber fjármál.

„Horfa verður heildrænt á hagstjórn og ráðstöfun opinberra fjármuna og leita leiða til að tryggja að allar ákvarðanir um opinber fjármál styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum, meðal annars markmið um kolefnishlutleysi, viðnámsþrótt gegn loftslagsbreytingum og réttlát umskipti“.

Í skýrslunni er einnig fjallað um tekjur ríkissjóðs af loftslagsaðgerðum eins og kolefnisgjaldi og uppboðsheimildum og tekið er fram að ekki liggi fyrir hvernig skattbyrði af kolefnisgjaldi né öðrum loftslagstengdum sköttum dreifist á tekjuhópa og fyrirtæki hérlandis. Ef í ljós kæmi að skattlagning bitni meira á lágtekjuhópum væri hægt að ráðstafa skatttekjum til fyrirtækja og heimila í viðkvæmri stöðu og stuðla þannig að réttlátum umskiptum. Þegar horft sé til ráðstöfunar tekna af loftslagsaðgerðum sé misjafnt hvernig tekjum af loftslagsaðgerðum sé varið en réttlát umskipti með stuðningi við einstaklinga, heimili eða fyrirtæki vegna áhrifa verðlagningar á losun gróðurhúsalofttegunda, sé eitt af því sem ríki hafi lagt áherslu á að ráðstafa tekjum af loftslagsaðgerðum í. Þá hafi alþjóðastofnanir lagt áherslu á mikilvægi þess að loftslagsaðgerðir séu nýttar með markvissum hætti til að ná tilgreindum markmiðum sem séu í samræmi við aðstæður á hverjum stað og séu líkleg til að njóta stuðnings almennings.

Auk greinargerðar um opinber fjármál og loftslagsmál gaf ráðið út samantekt á rannsóknum og vöktun og samræmi við kröfur í losunarbókhaldi Íslands.

## **Niðurstöður kostnaðar- og ábatagreiningar**

Í kjölfar rýni Loftslagsráðs á aðgerðaráætlun stjórnvalda til ársins 2030 voru gerðar breytingar samkvæmt athugasemdum fulltrúa ASÍ. Breytingarnar fólu í sér að í aðgerðaráætluninni segir að ráðast eigi í gerð kostnaðar- og ábatamats og samhliða því verði aðgerðaráætlunin rýnd með tilliti til áhrifa á mismunandi tekjuhópa. Í júlí 2022 kom skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands út þar sem áhrif 22 loftslagsaðgerða, sem voru í fyrstu aðgerðaráætlun stjórnvalda, voru metin og kostnaðar- og ábatamat af þeim var framkvæmt. Samkvæmt skýrslunni eru hagkvæmustu loftslagsaðgerðirnar eftirfarandi:

- Efling landgræðslu.
- Efling skógræktar.
- Endurheimt votlendis.
- Raftenging við skip í höfnum.

- Skattar á losun flúrlofts (f-gasa) og beinar takmarkanir á innflutningi þess.
  - Orkuskipti í ferjum.
  - Föngun kolefnis frá jarðhitavirkjunum.
- Álagning kolefnisgjalds.

Óhagkvæmustu aðgerðirnar virðast vera:

- Að styðja við kaup á rafmagnsbílum.
- Að banna að urða lífrænan úrgang.
- Að efla innlenda grænmetisframleiðslu.
- 

Í skýrslunni er einnig lagt mat á hverjir njóta mests ábata af loftslagsaðgerðunum og hverjir bera mestan kostnað. Voru áhrif aðgerðanna metnar út frá tekjum og búsetu fólks. Í niðurstöðum þessa hluta skýrslunnar segir að flestar aðgerðirnar breyti litlu um jöfnuð. Þó sýna niðurstöðurnar að áhrif loftslagsaðgerða hafi ekki sömu áhrif á alla landsmenn og þá einkum þær aðgerðir sem tengjast samgöngum. Þannig leggist kolefnisgjald einna þyngst á lágtekjufólk og ívilnanir vegna vistvænna ökutækja ýti frekar undir ójöfnuð þar sem tekju-lægri hópar hafa síður kost á að kaupa rafbíla. Þá nýtist efling almennings-samgangna helst íbúum höfuðborgarsvæðisins sem hafi lágar tekjur. Ef lítið er til aðgerða sem tengjast virkum ferðamátum (hjólríðum og göngu) sýna niðurstöðurnar að fólk með háar tekjur hjólar frekar en fólk með lægri tekjur en því er ófugt farið ef lítið er til hvaða hópar fara ferða sinna gangandi. Þá gagnast hjólastígar körlum með háar tekjur best en göngustígar gagnast tekju-lágum konum frekar. Í skýrslunni kemur einnig fram að raftenging hafna stuðli að lægra verði á innfluttum vörum og bæti þannig hag útgerða sem hagnist á lægri rekstrarkostnaði fiskiskipa.

Þó þörf sé á betri greiningu á áhrifum loftslagsaðgerða á mismunandi hópa samfélagsins og að skýrslan einkorðist við kostnaðar- og ábatamat og taki ekki tillit til þjóðhagslegs ávinnings af aðgerðum, eru mikilvægir punktar í henni. Þannig sýna niðurstöður skýrslunnar fram á að forgangsröðun og framkvæmd stjórnvalda á loftslagsaðgerðum ber þess ekki merki að markmiðið sé að stuðla að réttlátum umskiptum, þrátt fyrir fyrirheit um annað í ríkisstjórnar-sáttmála. Þær aðgerðir sem stjórnvöld hafa ráðist í framkvæmd á og aðgerðir sem á eftir að framkvæma séu sumar hverjar bæði óhagkvæmar og ýti undir ójöfnuð. Hingað til hefur meiru fé verið varið í líkar aðgerðir en hagkvæmari aðgerðir sem eru líklegar til þess að stuðla að auknum jöfnuði eins og eflingu almenningsamgangna.



## Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því er fyrirtækjum og verslunareigendum veitt aðhald sem í kjölfarið eykur samkeppni og kemur í veg fyrir óhóflegar verðhækkanir. Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að gera verðkannanir á þeirri vöru og þjónustu sem vegur hvað þyngst í bókhaldi heimilanna. Verðkannanir á matvöru vega því þungt hjá Verðlagseftirlitinu enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Aðrir útgjaldaliðir sem Verðlagseftirlitið leggur áherslu á að kanna og vega þungt í útgjöldum heimilanna eru t.d. bankakostnaður, tryggingar, síma- og internetkostnaður, opinber útgjöld eins og fasteignagjöld, dagvistunargjöld fyrir frístundaheimili, skólamat og leikskólagjöld.

Þær verðkannanir sem hafa verið gerðar síðastliðið ár, eða á tímabilinu 31. ágúst 2021 til 1. júlí 2022, eru eftirfarandi:

- 3 verðkannanir á matvöru í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum
- 1 verðkönnun á jólamat
- 1 verðkönnun á páskaeggjum
- 2 samanburðarkannanir á vörukörfu ASÍ
- 1 verðkönnun á lausasölulyfjum og öðrum vörum í apótekum um land allt
- 1 verðkönnun á tryggingum
- 1 verðkönnun á dekkjaskiptum og umfelgun

Í verðkönnun á fiskmeti í fiskibúðum um land allt  
Umfjöllun um og greining á vísitölu neysluverðs  
*Þar að auki hefur Verðlagseftirlitið gert eftirfarandi úttektir á opinberum gjöldum:*


*Í úttekt á breytingum á leikskólagjöldum 2021-2022*

*Í úttekt á breytingum á gjöldum fyrir skóladagvistun og skólamat 2021-2022*


*Úttekt á hverjir tilheyra forgangshópum sveitarfélaga og borga lægri gjöld fyrir skóladagvistun og leikskóladvöl*

## Vörukrafa ASÍ

Frá árinu 2008 hefur verðlagseftirlit ASÍ mælt reglulega vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkedjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast yfir tíma hjá einstaka verslunum. Vörukarfan á að endurspeglar innkaup meðalheimilis á öllum almennum matar- og drykkjarvörum, t.d. brauðmeti, morgunkorni, pasta, kjöti, fiski, grænmeti, ávöxtum, pakkavörum, kaffi, gosi, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu körfunnar eru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Benda má á að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga, ekki er um beinan verðsamanburð að ræða. Tvær mælingar á vörukörfunni voru framkvæmdar á árinu.







Fyrri mælingin náði yfir 6 mánaða tímabil, frá lokum mars 2021 fram í byrjun október sama ár. Á því tímabili hækkaði verð á matvöru í 7 verslunum af 8, en innan skekkjumarka í einni verslun, eða um 0,03%. Í hinum 6 verslunum hækkaði verð um 0,53%-3,36%. Seinni mælingin náði yfir 7 mánaða tímabil, frá byrjun október 2021 fram í fyrri part maímánaðar 2022. Á því tímabili hækkaði verð í öllum 8 verslunum, um 5-17%.

## Verðkönnun á tryggingum

Haustið 2021 framkvæmdi verðlagseftirlit ASÍ verðkönnun á tryggingum. Leitað var tilboða hjá tryggingafélögum fjórum; Sjóvá, TM, VÍS og Verði. Leitað var til fjögurra einstaklinga sem óskuðu eftir tilboðum í sína „tryggingapakka“ hjá tryggingafélögum fjórum. Fyrir könnunina voru einstaklingarnir allir með tryggingar hjá sitthvoru tryggingafélaginu. Þeir óskuðu eftir tilboðum í sambærilegar tryggingar og þeir voru með, bæði frá hinum tryggingafélögum og eftir nýju tilboði frá því tryggingafélagi sem þeir voru hjá fyrir könnunina. Tryggingapakarnir í könnuninni innihéldu allir bíla-, fjölskyldu- og heimilistryggingar, flestir húseigendatryggingar og brunatryggingar og sumir persónutryggingar, barnatryggingar eða gæludýratryggingar. Þá óskuðu tveir einstaklingar eftir tilboðum í bílatryggingar eingöngu.

Niðurstöður könnunarinnar voru birtar í janúar 2022. Vörður var með lægsta tilboð í alla fjóra tryggingapakkana. Mest var 37%, eða 88.904


kr., munur á hæsta og lægsta tilboði tryggingafélaganna í tryggingapakka einstaklings sem innihélt m.a. bíltryggingu, fjölskyldu- og heimilis-tryggingu og húseigendatryggingu. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að verðlagning tryggingafélaganna væri misjöfn eftir tryggingategundum og að minni verðmunur væri á tilboðum tryggingafélaganna ef þau innihéldu margar ólíkar tryggingar. Þannig var hvert tryggingafélag oft með lægsta verðið á einhverri tryggingategund sem gerði það að verkum að verðmunur milli tryggingafélaga jafnaðist út og tiltölulega lítill verðmunur var á tilboðum sem innihéldu margar tegundir af tryggingum, þrátt fyrir að tilboðin næmu háum fjárhæðum.

### **Verðkönnun á lyfjum**

Verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð á lausasölulyfjum og ýmsum öðrum vörum sem seldar eru í apótekum, þriðjudaginn 2. nóvember. Verð var kannað í öllum apótekum á landinu, eða 26 útibúum. Í mörgum tilfellum var mikill munur á hæsta og lægsta verði á lyfjum í könnuninni. Algengast var að munur á hæsta og lægsta verði væri á bilinu 40-60%, eða í 62 tilvikum af 149. Í 58 tilvikum var munurinn á bilinu 20-40%. Þegar meðalverð á þeim lyfjum sem voru til í öllum apótekum var skoðað var einnig mikill munur milli apóteka. Þannig var apótekið sem var með hæsta meðalverðið að meðaltali með 35% herra verð en lægsta verð.

### **Verðlagseftirlit ASÍ á tímum vaxandi verðbólgu**

Verðlagsmál voru ofarlega á baugi í samfélaginu á árinu, bæði vegna Covid-faraldursins og Úkraínustríðsins. Ásamt reglubundnu verðlagseftirliti og framkvæmd verðkannana tók verðlagseftirlit ASÍ virkan þátt í samfélagsumræðu um verðmál á árinu. Vegna vaxandi verðbólgu var mikil umfjöllun um verðlagsmál í fjölmiðlum á árinu og var oft óskað eftir greiningu verðlagseftirlits ASÍ í tengslum við verðþróun, undirliggjandi áhrifaþætti verðbólgu og réttmæti verðhækkana. Forsvarsmenn fyrirtækja sem og forsvarsmenn samtaka fyrirtækja tóku einnig virkan þátt í umræðunni um verðhækkningar og verðbólgu. Meðal þess sem rætt var um voru áhrif verðhækkana á hrávöru, flutningskostnað og áhrif truflana í aðfangakeðjum á framboð vöru og þjónustu á alþjóðavísu á verðlag hér á landi.



Framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja lét hafa eftir sér í fjölmiðlum að það væri „mjög líklegt að vöruskorturinn til skamms tíma muni valda verðhækkunum alla vega á einhverjum vöruflokkum“. Fleiri ummæli áttu eftir að birtast í fjölmiðlum af þessum toga frá forsvarsmönnum samtaka fyrirtækja í tengslum við verðhækkunarir og var því m.a. haldið fram að það væri beinlínis óumflýjanlegt að þetta hefði áhrif á verð á vöru og þjónustu hér á landi.



Verðlagseftirlit ASÍ benti á að breytingar á hluta rekstrarkostnaðar ættu ekki að leiða sjálfkrafa til hækkunar á verðlagi hjá verslunum og þjónustuaðilum hér á landi. Ýmsir þættir væru jákvæðir í rekstrarumhverfi fyrirtækja hér á landi og heilt yfir stæði verslun í landinu vel, m.a. vegna aukinnar veltu.

Í kjölfar ýmissa ummæla og fullyrðinga nokkurra forsvarsmanna samtaka fyrirtækja um orsakir og réttmæti verðhækkana sendi Samkeppniseftirlitið frá sér tilkynningu þar sem farið var yfir ákvæði samkeppnislaga sem setja hagsmunasamtökum skorður í hagsmunagæslu sinni og fela í sér að samtök fyrirtækja verði að fara gætilega þegar kemur að umræðu og fræðslu sem getur haft áhrif á markaðshæðun félagsmanna. Sérstaklega brýnt sé að gæta að þessu þegar fákeppnismarkaðir eiga í hlut og efnahagslegir erfiðleikar stöðji að. Hækkun á aðfangaverði á samkeppnismarkaði eigi ekki að leiða sjálfkrafa til hækkunar á verði til neytenda heldur eigi hvert og eitt fyrirtæki að bregðast við slíkum áskorunum á eigin rekstrarlegu forsendum án samráðs við keppnauta eða hvatningar frá hagsmunasamtökum. Eins og segir í tilkynningunni var henni ætlað að hnykkja á og vekja máls á þessum leikreglum samkeppnislaga.

Verðhækkanir á matvöru vógu nokkuð þungt í verðbólgunni á árinu á eftir verðhækkunum á húsnæði og bensíni og var því töluverð umræða um dagvörumarkaðinn og réttmæti verðhækkana á matvöru. Á vormánuðum 2020 birtist grein eftir verkefnastjóra verðlagseftirlits ASÍ í Vísbandingu þar sem fjallað var um áhrif afleiðinga Covid-faraldursins og Úkraínustríðsins á verðlag á matvöru á Íslandi og samspil þessara áhrifa og fákeppni á íslenskum dagvörumarkaði.

## **Verðhækkanir og eftirlit Samkeppniseftirlitsins með mögulegum samkeppnisbrestum**

Í apríl 2022 gaf Samkeppniseftirlitið út tilkynningu þar sem fjallað var um yfirstandandi upplýsingaöflun eftirlitsins með það að markmiði að greina áhrif óhagstæðra ytri aðstæðna á verðhækkanir á lykilmörkuðum. Eins og kom fram í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins hefði „borið á hnökrum í aðfangakeðjunni, vöruskorti, lengri afgreiðslutíma á innfluttum vörum og verðhækkun hrávöru“ og væru þetta „m.a. afleiðingar breytinga á eftirspurn á tímum COVID-19 og nú síðustu vikur afleiðingar af stríðsrekstri Rússa í Úkraínu“. Þessari þróun hefði fylgt umræða um þörf á verulegum verðhækkunum sem hafi að einhverju leyti komið fram og að bent hefði verið á góða afkomu margra fyrirtækja og styrkingu gengis sem hafi unnið gegn þörf á verðhækkunum á innfluttum vörum. Með hliðsjón af framangreindu hefði Samkeppniseftirlitið hafið upplýsingaöflun sem beindist fyrst um sinn að þróun framlegðar á dagvörumarkaði, eldsneytismarkaði og sölu byggingarefnis.



## Félags- og vinnumarkaðsmál

### Breytt tilhögun við skipun dómara í Félagsdóm

Ríkjahópur Evrópuráðsins gegn spillingu (GRECO) kom fyrst fram með skýrslu um Ísland þann 28. mars 2013, í tengslum við fjórðu úttekt (e. Fourth Evaluation Round) hópsins þar sem lögð var áhersla á forvarnir gegn spillingu hvað varðar þingmenn, dómara og saksóknara. Í skýrslunni var meðal annars fjallað um hæfisskilyrði dómara við Félagsdóm og fyrirkomulag við skipun þeirra lýst. Var lagt til að tekið yrði til endurskoðunar fyrirkomulag við tilnefningar og skipun dómara í Félagsdóm, sér í lagi varðandi þá dómara sem tilnefndir eru af Hæstarétti, með það að markmiði að tryggja sjálfstæði, óhlutdrægni og gagnsæi. Í framhaldi af því skipaði félagsmálaráðherra starfshóp sem ætlað var að gera tillögur að tilhögun skipunar sem kæmi til móts við athugasemdir GRECO. ASÍ tilnefndi Halldór Oddsson fyrir sína hönd í starfshópinn.

Starfshópurinn lauk störfum á vormánuðum 2020 og lagði félagsmálaráðherra í kjölfarið fram frumvarp inn á Alþingi. Frumvarpið dagaði uppi á einu löggjafarþingi en var á endanum samþykkt á 152. löggjafarþingi, mál 272, eftir talsverða togstreitu við aðra aðila en aðila vinnumarkaðarins sem voru á einu máli um hvaða leið best væri að fara. Að gefnu tilefni er gott að tiltaka að breytingarnar eru minni háttar og fyrst og fremst formlegs eðlis.

Öll megin Einkenni dómstólsins eins og praktíski hluti hans með tilnefningum heildarsamtaka haldast.

## **Persónuvernd og ASÍ**

Frá því að reglugerð ESB um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (EU 2016/679 – General Data Protection Regulation „GDPR“) var samþykkt og gefin út í apríl 2016 hefur legið fyrir að umrædd reglugerð myndi er hún tæki gildi hafa talsverð áhrif á einstaklinga, fyrirtæki sem og ýmiss konar starfsemi sem með einum eða öðrum hætti vinnur með persónuupplýsingar frá þeim degi í maí 2018 sem ætlast var til að innleiðingu væri lokið. Frá sjónarhóli verkalyðshreyfingarinnar var breytingunum tekið fagnandi enda helsta markmið hennar að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart ofríki stórfyrirtækja. Jafnframt var ljóst að þar sem stéttarfélag vinna með talsvert mikið magn af persónuupplýsingum um sína félagsmenn og stéttarfélagasáild hefur verið skilgreind sem viðkvæmar persónuupplýsingar, að nýja reglugerðin kalli á það að gengið yrði úr skugga um að starfsemi stéttarfélaga yrði aðlöguð að þeim kröfum sem nýja reglugerðin leggur á ábyrgðaraðila.

Halldór Oddsson, lögmaður hjá ASÍ, sinnir hlutverki hins lögformlega persónuverndarfulltrúa hjá meirihluta aðildarféлага ASÍ og er auk þess til ráðgjafar um hin ýmsu mál sem upp koma á þessu ört vaxandi réttarsviði.

## **Tímabundin nefnd um ótrygg ráðningarsambönd**

Á formannafundi ASÍ í júní 2020 var samþykkt að setja á laggirnar tímabundna fastanefnd miðstjórnar um ótrygg ráðningarsambönd. Tilfnið er rakið í fundargerð þess fundar en í breyttum heimi vinnunnar sem og erfiða stöðu margra sem t.d. vinna í skapandi greinum var samþykkt að fjalla sérstaklega um þetta. Ekki síst í kjölfar þess að Covid-19 faraldurinn skall á og í ljós kom að margir þeirra sem starfa í ótryggum ráðningarsamböndum lentu á milli skips og bryggju hvað varðar stóran hluta þeirra afkomuöryggistrygginga sem grípa á vinnandi fólk.

Nefndin er enn að störfum enda viðfangsefnið margslungið og flókið. Nefndin hefur komið saman á alls sex fundum og hefur útbúið nokkuð ítarlega stöðuskýrslu sem gerir raunverulegar tillögur um bót mála að því marki sem það er hægt með skjótfengnum hætti en nefndin er þó á einu máli um það að áskoranir er tengjast ótryggum ráðningarsamböndum eru jafngamlar verkalyðshreyfingunni sjálfri og því erfið að setja upphaf og endapunkt á svona vinnu. En tilvitnuð stöðuskýrsla er svohljóðandi:

## **Stöðuskýrsla tímabundinnar málefnanefndar ASÍ um „ótrygg ráðningar-sambönd“ – júlí 2022**

### **I.**

Á formannafundi ASÍ í júní 2020 var samþykkt að setja á stofn svokallaða „tímabundna nefnd um ótrygg ráðningarsambönd.“ Verkefni og hlutverk nefndarinnar voru lauslega skilgreind á sínum tíma en tilurð hennar má þó að mestu rekja til frumkvæðis þeirra aðildarfélaga sem hafa marga félagsmenn sem að forminu til eru sjálfstætt starfandi og starfa í verkefnabundnum atvinnugreinum eins og viðburðum, kvikmyndum og leiðsögn. Á umræddum formannafundi sagði Jakob Tryggvason, formaður FTF, m.a. (tekið úr fundargerð fundarins):

... gerði grein fyrir þeim verkefnum sem biði starfshópsins. Vandinn að hans mati væri sá að hópur launafólks sé skilgreindur af þröngt og falli því í raun á milli skips og bryggju hvað varði ýmis réttindi. Nokkrar atvinnugreinar byggðust hreinlega upp á verktöku og verkefnabundnum ráðningum eins og staðan væri í dag. Allt í umhverfi greinanna gerði jafnvel erfitt fyrir að hafa þetta með öðrum hætti. Jakob lýsti því að hann telji nauðsynlegt að færa víglínuna eins og hann orðaði það. Með því væri átt við að félög, opinberar stofnanir og fleiri verði að gera sig meira móttækileg fyrir einstaklingum í ótryggum ráðningarsamböndum. Eins og staðan væri nú væru viðfangsefnin tvö í grófum dráttum; annars vegar þurfi í raun rústabjörgun eins og Jakob orðaði það, þ.e. að taka á þeim vandamálum sem blasi við hópnun núna; hins vegar þurfi að greina stöðuna og gera bætur og tillögur til lengri tíma.

Nánar skilgreint erindisbréf var því ekki búið til og hefur nefndin því skilgreint sitt efnislega hlutverk og verklag að nokkru leyti sjálft. Varð snemma ljóst að verkefnið væri ekki þess eðlis að tímabundin málefnanefnd um efnið næði að leysa þau úrlausnarefni og áskoranir sem tengjast „ótryggum ráðningarsamböndum“. Hins vegar væri hægt að beina sjónum sínum að því að kortleggja viðfangsefnin og tryggja áframhaldandi vettvang innan ASÍ sem fjallar um efnið enda viðbúið eins og þróun undanfarinna ára hefur verið að áskorunum þessu tengdu muni fjölga.

Starf nefndarinnar byggðist fyrst og fremst á samtölum nefndarmanna og samansafni á reynslusögum frá þeim fulltrúum félaga þar sem er hátt hlutfall af félagsmönnum sem starfa í „ótryggum ráðningarsamböndum“. Nefndin hefur fundað sjö sinnum á tímabilinu og haldið fundargerðir.

Skipun nefndarinnar tók nokkrum breytingum á því starfstímabili sem senn líður undir lok og eins eru landssambönd sem eðli málsins skv. tóku lítinn þátt í starfinu en almennt gildi fyrir þau takmarkað.

## II.

1. Helstu tillögur/niðurstöður nefndarinnar á þessum tímapunkti eru (tilvísanir í töluliðina þar sem við á í megintexta skýrslunnar):
2. Nefndin telur mikilvægt að stéttarfélög marki sér stefnu um ótrygg ráðningarsambönd og „gigg-hagkerfið“ og setji málið á dagskrá við smíði kröfugerða og í kjarasamningsviðræðum við atvinnurekendur.
3. ASÍ þrýsti á um það að ef/þegar kynnt drög framkvæmdastjórnar ESB um bættar vinnuáðstæður í gigg-hagkerfinu<sup>7</sup> verði að fullgildri tilskipun að hún verði tekin upp í EES samninginn og innleidd hér á landi með tilhlýðilegum hætti.
4. ASÍ þrýsti á um að tilskipun 2019/1152 um gagnsæjar og fyrirsjáanlegar aðstæður til vinnu (e. *Transparent and predictable working conditions*),<sup>8</sup> verði tekin upp í EES samninginn og innleidd hér á landi með metnaðarfullum hætti. Í því samhengi verði tekin upp raunveruleg og virk úrræði fyrir einstaklinga og stéttarfélög til að knýja atvinnurekendur til að virða skyldu sína um að gera skriflega staðfestingu ráðningar (ráðningarsamning).
5. Nefndin telur mikilvægt að stéttarfélög séu móttækileg fyrir félagsaðild þeirra sem eru sjálfstætt starfandi og þeir félagsmenn gleymist ekki þegar kemur að upplýsingagjöf og skilgreiningu á nauðsynlegri þjónustu félaga.
6. Nefndin telur ekkert því til fyrirstöðu að sjálfstætt starfandi atvinnugreinahópar geri kröfu um kjarasamning. Skynsamlegt væri þó að eiga samtal við stjórnvöld og Samkeppniseftirlitið til að gengið sé úr skugga um að afstaða þeirra sé í samræmi við afstöðu framkvæmdastjórnar ESB og dómstóls ESB um rétt sjálfstætt starfandi til að gera slíkar kröfur.
7. Nefndin leggur til að á vettvangi ASÍ verði áfram starfræktur einhvers konar vettvangur fyrir þau aðildarfélög sem eru með marga félaga í „ótryggum ráðningarsamböndum“, til að skiptast á upplýsingum og eftir atvikum samræma aðgerðir.
8. Nefndin brýnir fyrir ASÍ að fylgjast áfram með þróun mála á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Á alþjóðlegum vinnumarkaði er næsta víst að allar þær nýjungar og þróanir sem eiga sér stað í tækni, vinnu og atriðum sem geta keyrt niður launakostnað atvinnurekenda munu koma hingað til lands.
9. Ávinnslukerfi atvinnuleysistrygginga er ekki hagfellt þeim sem eru

7 [https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip\\_21\\_6605](https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/ip_21_6605)

8 <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32019L1152>



*sjálfstætt starfandi í greinum þar sem fast ráðningarsamband er alla jafna ekki í boði. Að miða bótarétt við viðmiðunarreglur RSK um reiknað endurgjald gerir það að verkum að margir þeir sem eru fullstarfandi eru ekki atvinnuleysistryggðir að fullu. Núgildandi regla er líka óhagfelld þeim sem vinna sveiflukennð störf. Nefndin leggur til að ASÍ og stéttarfélögin beiti sér fyrir breyttri ávinnslureglu þar sem fullur bótaréttur miðist við að ná til þeirra sem hafi tekjur sem eru jafnháar eða hærri en grunnatvinnuleysisbætur.*

10. Reglur um viðmiðunartímabil og útreikning á greiðslum í fæðingarorlofi til sjálfstætt starfandi ætti að útfæra með öðrum hætti. Núverandi kerfi er óhagfellt þeim sem eignast börn snemma á almanaksárinu. Sérstaklega er hætta á að halli á sjálfstætt starfandi konur hvað það varðar.

### **III.**

*Næst er því leitast við að skilgreina hugtakið „ótrygg ráðningarsambönd“. Á margbreytilegum vinnumarkaði er snúið að skilgreina það. Hægt er að styðjast við einfalda skilgreiningu á þeim einstaklingum sem eru þátttakendur á vinnumarkaði og skipta þeim í 1) launafólk annars vegar og 2) sjálfstætt starfandi (verktaki) hins vegar. Nefndin er þó sammála um að þetta sé full einfaldað með þessum hætti og til að skilja umfjöllunarefnið verði að skilgreina þá einstaklinga sem segja má að séu í „ótryggu ráðningarsambandi“ í rýmri merkingu þess hugtaks:*

- a) *Sjálfstætt starfandi einstaklingar að eigin vali (verktaki)*
- b) *Sjálfstætt starfandi einstaklingar starfandi í greinum þar sem möguleikar á ráðningarsambandi eru takmarkaðir en öll einkenni vinnunnar bera þess merki að um hefðbundna launamenn sé að ræða (launamannaverktaki)*
- c) *Einstaklingar í óuppgefinni vinnu (svört vinna)*
- d) *Fólk í einhvers konar lausráðningu (ekki skilgreint starfshlutfall t.d.)*
- e) *Verkefnaráðið fólk*
- f) *Fólk í örverkefnavinnu (gigg vinnu), dæmi; hugbúnaður eins og UBER, FOODORA o.s.frv.*

*Sé miðað við þessa rúmu skilgreiningu má í raun styðjast við neikvæða skilgreiningu með því að segja að:*

*Öll vinna sem ekki er unnin skv. hefðbundnum ráðningarsamningi sem uppfyllir form- og efniskröfur laga og kjarasamninga er unnin í „ótryggu ráðningarsambandi“.*

*Breyttir atvinnuhættir, hagkerfi og tækni framfarir hafa leitt til þess að*

flóra og birtingarmynd ráðningarsambanda eru mun fjölbreyttari nú hér á landi en þau voru t.d. fyrir efnahagshrunið árið 2008. Nefndin er sammála um að slík þróun sé ekki að öllu neikvæð en hún er þó sammála um að hún kalli á nýjar áskoranir við það að tryggja réttindi og öryggi vinnandi fólks sem og að viðhalda viðtækri stéttarfélagsþátttöku og skipulögðum vinnumarkaði.

Velferðarkerfi vinnumarkaðarins (atvinnuleysistryggingar, fæðingarorlof, lífeyrissjóðir o.s.frv.) gerir þó ráð fyrir einfaldri tvískiptingu í launafólk annars vegar og sjálfstætt starfandi hins vegar og mun umfjöllun og tillögur þess efnis sem raktar verða hér síðar taka mið af því.

#### IV.

Öryggi og festa í ráðningu hefur verið ein af grundvallarkröfum verkalýðshreyfingarinnar hér á landi sem og annars staðar í áratugi. M.ö.o. má segja að krafa lúti að því að vera í „tryggu ráðningarsambandi“. Einfaldasta og algengasta leið atvinnurekenda til að komast hjá þeim skyldum sem ráðningarsamband leggur á þá er að reyna að mynda einhvers konar verktakasamband við einstaklinga sem ættu alla jafna að vera í „tryggu ráðningarsambandi“, með þeim réttindum (og skyldum) sem því fylgir. Margir atvinnurekendur vilja gjarnan leggja þær skyldur á sitt starfsfólk sem atvinnurekendur mega leggja á starfsfólk en að sama skapi njóta einhvers konar sveigjanleika og skylduleysi gagnvart þeim sem er alla jafna óviðkomandi aðilum sem eru í verktakasambandi. Um það hugtak að „neyða“ fólk í verktakasamband þegar það ætti undir eðlilegum kringumstæðum að vera í ráðningarsambandi hefur gjarnan verið notað hugtakið „gerviverktaka“.

Með raunverulegum verksamningi er átt við samning þar sem annar samningsaðilinn, verktaki, tekur að sér gegn endurgjaldi að sjá um framkvæmd tiltekins verks, þannig að hann ábyrgist gagnaðila sínum, verkkaupa, tiltekinn árangur af verkinu. Samningurinn er þannig milli tveggja atvinnurekenda þar sem annar atvinnurekandinn tekur að sér tiltekið verk fyrir hinn. Ráðningarsamningur er hins vegar samningur þar sem annar aðilinn, launamaður, skuldbindur sig til að vinna fyrir hinn samningsaðilann, atvinnurekanda, undir stjórn hans og á ábyrgð hans gegn greiðslu í peningum og/eda öðrum verðmætum.

Lagareglur varðandi samskipti atvinnurekanda og launafólks eru iðulega ófrávikjanlegar og er þannig skilyrðislaust ætlað að tryggja réttindi launafólks. Því er það ekki mögulegt, svo gilt sé, að semja sig undan reglum laga eða kjarasamninga með því einu að kalla samning verksamning,<sup>9</sup> heldur ræðst það af efni samningsins hvort um verksamning eða ráðningarsamning er að

9 Sjá t.d. nýlegan dóm Landsréttar í máli nr. 152/2021 – Þóra Einarisd. gegn Íslensku óperunni

ræða. Þessu til staðfestingar liggja fjölmargir dómur<sup>10</sup> og framkvæmd á sviði skattaréttar enda ólík skattaleg meðferð sem á við um verksamninga annars vegar og vinnusamninga hins vegar.

Í samhengi við framangreint má einnig benda á þær áskoranir og uppbrot sem að mörgu leyti er í gangi á vinnumörkuðum víða um heim vegna örs vaxtar svokallaðs „gigg hagkerfis“. Vandséð er þó að sjá hvernig reglusetning eigi að geta leyst allar þær áskoranir sem þar er að finna. Þó má vel taka undir þær raddir sem hafa sagt að nauðsynlegt sé að reglurnar séu þó eins skýrar og mögulegt er hvað þetta varðar. Á vettvangi ESB voru nýlega lögð fram drög að tilskipun um bættar vinnuaðstæður í gígg-hagkerfinu,<sup>11</sup> en ETUC hefur lengi kallað eftir slíkri tilskipun að gefnu tilefni.<sup>12</sup> Í umræddum tilskipunardrögum eru margar jákvæðar tillögur en í einfaldri mynd má segja að í drögunum sé lagt til að meginreglan sé sú að allir sem starfi í gígg-hagkerfinu séu álitnir í ráðningarsambandi nema sýnt sé fram á annað og að slík fullyrðing standist það próf sem tiltekið er í tilskipuninni og á að geta með hlutlægum hætti skilgreint á milli þess sem í öllum hefðbundnum skilningi ætti að vera ráðningarsamband. Í raun er markmið tilskipunardraganna rammað inn með ágætis hætti í aðfararorðum þeirra:

*[...]Objective will be attained by establishing a comprehensive framework to tackle employment status misclassification in platform work. This framework includes appropriate procedures to ensure correct determination of the employment status of people performing platform work, in line with the principle of primacy of facts, as well as a rebuttable presumption of employment relationship (including a reversal of the burden of proof) for persons working through digital labour platforms that control certain elements of the performance of work. This legal presumption would apply in all legal and administrative proceedings, including those launched by national authorities competent for enforcing labour and social protection rules, and can be rebutted by proving that there is no employment relationship by reference to national definitions. This framework is expected to benefit both the false and the genuine self-employed working through digital labour platforms. Those who, as a result of correct determination of their employment status, will be recognised as workers will enjoy improved working conditions – including health and safety, employment protection, statutory or collectively bargained minimum wages and access to training opportunities – and gain*

10 <https://www.asi.is/vinnurettarvefur/vinnurettur/rettindi-og-skyldur/radningarsambond-stofnun-og-edli/launamadur-eda-verktaki/domaframkvaemd/>

11 [file:///C:/Users/halldoro/Downloads/COM\\_2021\\_762\\_1\\_EN\\_ACT.pdf](file:///C:/Users/halldoro/Downloads/COM_2021_762_1_EN_ACT.pdf)

12 <https://www.etuc.org/en/document/etuc-resolution-proposal-european-commission-directive-improving-working-conditions>

access to social protection according to national rules. Conversely, genuine self-employed people working through platforms will indirectly benefit from more autonomy and independence, as a result of digital labour platforms adapting their practices to avoid any risk of reclassification. Digital labour platforms will also gain from increased legal certainty, including with respect to potential court challenges. Other businesses that compete with digital labour platforms by operating in the same sector will benefit from a level playing field as regards the cost of social protection contributions. Member States will enjoy increased revenues in the form of additional tax and social protection contributions.

Ítrekað er þó að ekkert er fast í hendi hvað þetta varðar. Drögin eru nýleg og háð þeim breytingum sem á þeim geta orðið í málsmeðferð innan stofnana ESB. Að því loknu er svo eftir að ákvarða hvort útkoman verði tekin upp í EES samninginn og skuldbindi þar með Ísland til innleiðingar. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að verkalyðshreyfingin undir forsvari ASÍ þrýsti á um að umrædd tilskipun verði tekin upp í EES samninginn ef/þegar að því kemur **(tilvísun í tillögu 2)**.

Reglusetning stjórnvalda á vinnumarkaði mun þó að mati nefndarinnar aldrei virka ein og sér, hún getur ekki og á ekki að búa til ítarlegri reglur en þær sem skilgreina almennar leikreglur og þann ramma sem er starfað innan. Raunverulegar réttarbætur og bætt kjör þorra þess fólks sem starfar í gigg-hagkerfinu munu ekki nást fram öðruvísi en unnt sé að skipuleggja hópinn og fá hann í krafti samstöðunnar til að knýja á um bætt kjör og betri réttindi með kjarasamningum. Ekkert er ómögulegt í þeim efnum og er nærtækt að líta sérstaklega til kjarasamninga launafólks í gigg-hagkerfinu sem náðst hafa og bætt verulega stöðu þeirra sem þau störf vinna. 13 14

## V.

Nefnt hefur verið hér að þær áskoranir sem eru uppi um ótrygg ráðningarsambönd séu ekki nýjar af nálinni þrátt fyrir að tæknibreytingar sérstaklega hafi að einhverju leyti skapað nýjan veruleika. Er þetta hér með ítrekað. Með vísan í það og allt sem að framan greinir skal líka horft til þess að allur skortur á formi öðrum slíkum í tengslum við ráðningarsambönd býr til ótryggari stöðu fyrir launafólk, nánar tiltekið skapar slíkt „ótryggt ráðningarsamband“. Ljóst er að þær reglur sem gilda um skriflega staðfestingu ráðningar sem er að finna í kjarasamningum eru að miklu leyti úr sér gengnar enda að stofninum

13 Kjarasamningur 3F og HILFR í Danmörku: <file:///C:/Users/halldoro/Downloads/Hilfr%20collective%20agreement%202018.pdf> / [https://www.youtube.com/watch?v=u9\\_Dr62JtWY&t=850s](https://www.youtube.com/watch?v=u9_Dr62JtWY&t=850s)

14 Fellesforbundet og Foodora í Noregi: <https://www.fellesforbundet.no/lonn-og-tariff/tariffoppgjoret-2022/overenskomster-tariff2022/tariffavtale-for-distribusjon-og-budtjenester-i-foodora-tariffoppgjoret-2022/>

til innleiðing á tilskipun ESB frá 1991.15 Tækninýjungar og breytt samskiptaform skapa ýmsar áskoranir þegar kemur að því að tryggja réttindi þeirra sem eru í „ótryggu ráðningarsambandi“. Þetta er ekki séríslenskur veruleiki enda reglur um skriflega staðfestingu ráðningar að mestu samræmdar á innri markaði EES en þó eins og gengur eitthvað um að í kjarasamningum sem fyrir finnast í nágrannalöndunum sérstaklega að innleiðing tilskipunarinnar hafi ekki eingöngu lotið að lágmarksinntaki hennar (**tilvísun í tillögu 1**).

Á vettvangi ESB hefur vandinn verið viðurkenndur og um langan tíma staðið yfir viðræður um nauðsyn þess að lágmarksreglur um form og efni samninga sem sé ætlað að auka á vissu og réttaröryggi launafólks séu bættar. Nýlega var því samþykkt tilskipun nr. 2019/1152 um gagnsæjar og fyrirsjáanlegar aðstæður til vinnu (e. *Transparent and predictable working conditions*). Umrædd tilskipun tekur endanlega við af þeirri eldri sem er frá 1991 og vísað er til hér framar árið 2022 þegar innleiðingarfræstur aðildarríkja ESB rennur sitt skeið. Umrædd tilskipun hefur þó ekki verið tekin inn í EES samninginn og er í skoðun hjá aðildarríkjum þegar þetta er skrifað.16 Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að tilskipunin verði tekin upp í EES samninginn og að vinna við innleiðingu hennar hefjist hratt og örugglega (**tilvísun í tillögu 3**). Engin sérstök þörf er á því að bíða með að hefja vinnu við innleiðingu tilskipunarinnar og vel hægt að hefja þá vinnu þrátt fyrir að ekki enn sé búið að uppfæra EES samninginn. Í öllu falli er hægt að ræða efni hennar og hægt að taka upp efnisreglur hennar inn í kjarasamninga líkt og gert var við forvera hennar frá 1991 (**tilvísun í tillögu 1**). Í öllu falli telur nefndin að ekki megi bíða mikið lengur með að þetta regluverkið sem gildir um skriflega staðfestingu ráðningar en haldið skal sérstaklega til haga hér að verkalýðshreyfingin hefur í mörg ár bent á nauðsyn þess að teknar verði upp einhvers konar þvingunarheimildir (t.d. í formi sekta) til að knýja atvinnurekendur til þess að gera skriflega staðfestingu ráðningar (ráðningarsamning).

## VI.

Með vísan í það sem á undan greinir má í raun skipta vinnandi fólki gróflega í þrennt:

1. Launafólk í tryggjum ráðningarsamböndum
2. Launafólk í ótryggjum ráðningarsamböndum (sbr. c,d,e,f í upptalningunni í III. kafla hér framar)
3. Sjálfstætt starfandi einstaklingar (sbr. a og b í upptalningunni í III. kafla hér framar)

---

15 <https://www.asi.is/media/165325/91-533-EBE-Skrifleg-stadfesting-radningar.pdf>

16 <https://gagnagrunnur.ees.is/3201911152>

*Frá sjónarhóli velferðarkerfis vinnumarkaðarins (atvinnuleysisstryggingar, fæðingarorlofssjóður, lífeyrissjóðir, ábyrgðasjóður launa) er fólk í hópi 1) í ágætis málum og lendir ekki í vandræðum. Fólk í hópi 2) getur átt erfitt með að máta sig inn í það kerfi en vandséð er að sjá aðra lausn á þeirra málum en að stuðla að tryggara ráðningarsambandi sem best er komið að með skipulagningu og stéttarfélagabáttöku (**tilvísun í tillögu 1**). Stuðla má að bót mála hjá fólki í hópi 3) að hluta til a.m.k. með aukinni skipulagningu og stéttarfélagabáttöku (**tilvísun í tillögu 1**) en raunhæft séð verður þó þessi hópur alltaf til staðar og nauðsynlegt er því að sníða velferðarkerfi vinnumarkaðarins að þeirri staðreynd og að réttarstaða og öryggi fólks sem er af einhverjum ástæðum sjálfstætt starfandi sé tryggð án þess að í kerfinu séu hvatar fyrir fólk til þess að velja sér að vera frekar sjálfstætt starfandi en í tryggri ráðningu.*

*Sjálfstætt starfandi þurfa að reikna sér endurgjald í tilliti skattaréttar og um það gilda reglur á þann hátt að við ákvörðun fjárhæðar reiknaðs endurgjalds skal miða við hverjar launatekjur manns hefðu orðið ef hann hefði unnið fyrir ótengdan eða óskyldan aðila. Umrædd laun (reiknað endurgjald) er svo það sem er til viðmiðunar um réttindi fólks í svokölluðu velferðarkerfi vinnumarkaðarins. Reiknað endurgjald á ekki að vera lægra en launatekjur manns hjá óskyldum aðila skv. 2. mgr. 1. tölul. 7. gr. tekjuskattslaga (tsl.) nr. 90/2001. Árlega eru settar reglur um lágmark reiknaðs endurgjalds með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf, að viðbættum hvers konar hlunnindum og skiptir ekki máli hvernig þau eru greidd eða í hvaða formi þau eru. Fjárhæðirnar eru lágmarksviðmið og taka mið af almennum taxtalaunum þannig að ef greidd eru einhvers konar hlunnindi til viðbótar, t.d. bifreiðarhlunnindi, þá skulu þau metin skv. skattmatsreglum og bætast við fjárhæðir skv. viðkomandi viðmiðunarflokki. Reiknað endurgjald manns, sem selur út eigin vinnu eða vinnu starfsmanna sinna, skal aldrei vera lægra en sem svarar til launa starfsmanns hans við reksturinn, með sambærilega menntun, reynslu og vinnuframlag.*

*Viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald eru gefnar út á ári hverju skv. 3. málsl. 1. mgr. 58. gr. tsl. Viðmiðunarreglur um lágmark reiknaðs endurgjalds eru með hliðsjón af raunverulegum tekjum fyrir sambærileg störf, að viðbættum hvers konar hlunnindum. Er því um að ræða meðaltal og eðli málsins skv. eru einstaklingar sem eru undir meðaltalinu. Enda kom fram í samtölum við fulltrúana í nefndinni að algengt væri hjá sjálfstætt starfandi félagsmönnum að fá ekki 100% atvinnuleysisbótarétt þrátt fyrir að jafnaði þeir störfuðu vel yfir tiltekinn tímaffölda sem er viðmiðið eins og staðan er í dag í III. kafla laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar. Bótaréttur sjálfstætt starfandi sem fjallað er um í IV. kafla nefndra laga miðast hins*

vegur við að full trygging náist ekki nema greidd hafi verið staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunar fjárhæð 17 Ríkisskattstjóra sbr. framangreindar réttarheimildir. Þetta þýðir að þeir sem lenda fyrir neðan meðaltal viðmiðunar fjárhæða af einhverjum ástæðum eru ekki að fullu atvinnuleysistryggðir. Nefndin telur þetta óheppilegt fyrirkomulag og telur eðlilegra og sanngjarnara að bótaréttur sjálfstætt starfandi miðist við lægri fjárhæð, eins og t.d. grunnatvinnuleysisbætur eða lægstu kjarasamningstaxta (tilvísun í tillögu 8). Þó svo að viðmiðunar fjárhæðir endurspegli meðaltal í ákveðnum starfsgreinum þá er ljóst að meðaltalsbilið getur verið ansi breitt og þeir sem lenda „röngum megin“ við það eru frekar félagsmenn aðildarféлага ASÍ sem starfa í greinum eins og kvikmyndaiðnaði, leiðsögumennsku og við alls konar viðburði þar sem, eins og staðan er, möguleikar á tryggu og stöðugu ráðningarsambandi eru mjög takmarkaðir.

Enn frekar til stuðnings framangreindu um bætt atvinnuleysistryggingakerfi fyrir sjálfstætt starfandi má jafnframt tiltaka það að önnur kerfi svokallaðs velferðarkerfis vinnumarkaðarins, t.a.m. Fæðingarorlofs sjóður 18, miða réttindi út frá uppgefnum tekjum skv. staðgreiðsluskrá. Nánar tiltekið greiðslurétturinn en ávinnsuréttur sjálfstætt starfandi er þó byggður upp á sömu aðferðarfræði og tiltekið var hér um atvinnuleysistryggingakerfið. Nefndin telur að fyrirkomulag greiðsluréttarins í fæðingarorlofskerfinu sé betur til þess fallið að mæta ótryggum ráðningarsamböndum en fyrirkomulag atvinnuleysistryggingakerfisins (tilvísun í tillögu 8). Í störfum nefndarinnar

---

17 19. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar; [Sjálfstætt starfandi einstaklingur, sbr. b-lið 3. gr., telst að fullu tryggður samkvæmt lögum þessum eftir að hafa greitt mánaðarlega staðgreiðsluskatt af reiknuðu endurgjaldi er nemur að lágmarki viðmiðunar fjárhæð [[ríkisskattstjóra], 1) sbr. b-lið 3. gr.], 2) í viðkomandi starfsgrein og tryggingagjald samfellt á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur til Vinnumálastofnunar að öðrum skilyrðum laganna uppfylltum, sbr. þó einnig 4. og 6. mgr.

18. Sjá 1. – 3. mgr. 23. gr. laga nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof:

Mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofsjóði til starfsmanns, sbr. 4. tölul. 4. gr., í fæðingarorlofi skal nema 80% af meðaltali heildarlauna skv. 4. og 5. mgr. og skal miða við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex almanaksmánuðum fyrir fæðingarmánuð barns eða þann almanaksmánuð sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Einungis skal miða við meðaltal heildarlauna fyrir þá almanaksmánuði á viðmiðunartímabili sem foreldri hefur verið á innlendum vinnumarkaði, sbr. einnig 2. mgr. 22. gr., án tillits til þess hvort laun samkvæmt því ákvæði eða reiknað endurgjald skv. 2. mgr. hafi komið til. Aldrei skal þó miða við færri almanaksmánuði en fjóra við útreikning á meðaltali heildarlauna.

Mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofsjóði til sjálfstætt starfandi, sbr. 3. tölul. 4. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af og skal miða við tjúguárið á undan fæðingarári barns eða því ári er barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Að öðru leyti gilda ákvæði 1., 3. og 5. mgr. eins og við getur átt.

Mánaðarleg greiðsla úr Fæðingarorlofsjóði til foreldris sem er bæði starfsmaður og sjálfstætt starfandi, sbr. 5. tölul. 4. gr., skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og reiknaðs endurgjalds sem greitt hefur verið tryggingagjald af. Starfi viðkomandi foreldri sem starfsmaður skv. 4. tölul. 4. gr. í 50% eða hærra starfshlutfalli skal miða við viðmiðunartímabil skv. 1. mgr. Að öðrum kosti skal miða við viðmiðunartímabil skv. 2. mgr. Að öðru leyti gilda ákvæði 1., 2., 4. og 5. mgr. eins og við getur átt.

*komu þó fram ábendingar og umkvartanir frá sjálfstætt starfandi fólki sem hefur þurft að nota kerfið að tekjuviðmiðunartímabilið sem stuðst sé við í fæðingarorlofskerfinu geti verið óhagfelld konum sérstaklega. Nánar tiltekið er tekjuviðmiðunartímabilið síðasta heila tekjuárið á undan fæðingarári barns, þ.e. almanaksári. Í því ljósi hversu algengt sé að konur þurfi að draga úr vinnu, sérstaklega á síðari stigum meðgöngu, þá geti þetta verið mjög óhagfelld þeim sem eignast börn snemma á árinu sérstaklega. Sérstaklega sé þetta umhugsunarvert þegar litið er til þess að viðmiðunartímabil þeirra sem eru í ráðningu er 12 mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex almanaks mánuðum fyrir þann tíma er barn kemur á heimilið. Regla sem augljóslega er sett til að mæta einmitt þeirri staðreynd að óvinnufærni á síðari stigum meðgöngu er algeng. Nefndin telur að edlilegra væri að reglurnar um tekjuviðmiðunartímabil séu þær sömu óháð því hvort fólk er í ráðningu eða ekki, enda megi færa fyrir því sterk rök að gildandi regla fyrir sjálfstætt starfandi feli í sér kynjahalla. (tilvísun í tillögu 9).*

## **VII.**

*Nefndin er meðvituð um það að undanfarin ár hefur að einhverju leyti verið réttarávissa og óöryggi á meðal yfirvalda um hvernig skuli finna mörkin á rétti sjálfstætt starfandi fólks til að skipuleggja sig og krefjast kjarasamninga annars vegar og svo meginreglu samkeppnisréttar um bann við samráði hins vegar. Samkeppnisreglur eru að mestu leyti samræmdar á EES svæðinu. Enn sem komið er hefur lítið reynt á þetta hér á landi en nefndin leggur áherslu á það að fylgst sé með þróun mála hvað þetta varðar. Vandlega viðurkennt er af þar til gerðum yfirvöldum sem og í dómaframkvæmd dómstóls ESB að reglur samkeppnisréttar eigi ekki að takmarka rétt þeirra sem hafa hlutlægt séð öll einkenni starfsmanns (e. worker/employees), jafnvel þó svo að í landsrétti séu umræddir einstaklingar sem slikir sjálfstætt starfandi af ýmsum ástæðum sem geta verið þvingun, óskipulögð atvinnugrein og skattasjónarmið. Dómstóll ESB hefur m.a.s. notað hugtakið „gerviverktakar“ (e. false self-employed)<sup>19</sup> í því miði að greina á milli annars vegar gerviverktaka sem sannarlega er viðurkennt að mega skipuleggja sig og sameinast um kjarasamningskröfur; og svo hins vegar þeirra sem eru raunverulega og eiga að vera sjálfstætt starfandi (e. undertakings) í skilningi umræddra réttarheimilda. En hinir síðarnefndu eru einstaklingar/fyrirtæki sem eru sannarlega bundnir af reglum samkeppnisréttar um bann við samráði og geta því ekki gert kröfu um kjarasamning. Nefndin telur t.d. engan vafa á því að langflestir félagsmanna FTF og Leiðsagnar sem eru sjálfstætt starfandi tilheyri fyrrnefndum hópi gervi-*

<sup>19</sup> Sjá dóm í máli C-413/13 FNV Kunsten



verktaka og atvinnurekendur geti ekki borið fyrir sig reglur samkeppnisréttar og neitað kjarasamningsviðræðum á þeim grundvelli a.m.k. **(tilvísun í tillögu 5)**. Viðbúid er þó að mörk raunverulegra sjálfstætt starfandi og gerviverktaka verði áfram þrættuepli en framkvæmdastjórn ESB hefur þó sýnt einhverja viðleitni í því að skýra stöðuna með „leiðbeiningum/fyrirmælum“<sup>20</sup> sem að einhverju leyti skýra stöðuna. Eins má ætla að ef áður nefnd tillaga um tilskipun til betri verndar starfsfólks í gigg-hagkerfinu taki litlum breytingum í hinu pólitíska ferli að hún skýri stöðuna enda eitt af aðalmarkmiðum hennar að auðvelda skilgreininguna á starfsmanni (e. worker/employee). Nefndin mun áfram fylgja með þróun mála á þessu sviði, og sumir meðlimir hennar eru þátttakendur í evrópsku og alþjóðlegu starfi stéttarfélaganna sem hafa látið sig málin varða. Í því samhengi má til taka þátttöku ASÍ í ETUC/ETUI og ágætis stefnuþlagg<sup>21</sup> þeirra um málið og tekur nefndin heilshugar undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

### VIII.

Ótrygg ráðningarsambönd snerta stéttarfélög með mismunandi hætti enda er staðan í atvinnugreinum og jafnvel landsvæðum misjöfn. Skipun og tildrög þeirrar nefndar sem að skýrslunni stendur einblíndi ekki síst á þær starfsgreinar sem eru ótryggar og fóru illa út úr Covid-tímabilinu, þ.e. kvikmyndaframleiðslu, viðburðahald og leiðsögumennsku. Hvað einstök stéttarfélög innan ASÍ varðar er því um að ræða Félag tæknifólks og Leiðsögn en vissulega snerta álitamálin öll aðildarfélög með einum eða öðrum hætti, t.a.m. er fjöldinn allur af sjálfstætt starfandi einstaklingum í VR og iðnaðarmannafélögum. Nefndin hefur þó viljað ræða málin á breiðum grundvelli og hvað varðar stéttarfélögin er ekki gerð nein ítarlegri tillaga en sú að þau marki sér stefnu um mögulega aðild sjálfstæðs starfandi og hvaða þjónustu eigi að veita þeim hópi. **(tilvísun í tillögur 1 og 4)**. Jafnframt marki þau sér stefnu og sýn um hvað sé æskilegast varðandi þennan hóp, þ.e. hvort æskilegra sé að auka við réttindi og tryggingar sjálfstætt starfandi þannig að réttarstaða þeirra verði sem líkust þeirra sem eru í hefðbundnu ráðningarsambandi, eða hvort markmiðið sé hreinlega að sjálfstætt starfandi (launamannaverktakar) verði hefðbundnir launamenn. Í öllu falli telur nefndin augljóst að stéttarfélög þurfi að vinna ötullega að því að tryggja sé að val um þessa réttarstöðu eigi ekki að vera hluti af kostnaðarmati atvinnurekenda heldur eigi að vera á forræði launafólks og að ekki eigi að vera fjárhagslegur ávinningur af því fyrir atvinnurekendur að ýta einstaklingum í verktöku.

20 [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=PL\\_COM%3AC%282021%298838&qid=1536068368543](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=PL_COM%3AC%282021%298838&qid=1536068368543)

21 <https://www.etui.org/publications/collective-bargaining-and-self-employed-workers>

Nefndin viðurkennir að sumar atvinnugreinar eru enn sem komið er mjög sveiflukenndar og verkefnaðiðaðar. Má nefna kvikmyndir, viðburði og leiðsögumennsku sérstaklega í þeim efnum. Sá kjarasamningur innan raða ASÍ sem kemst líklegast næst því að mæta þessu með einhverjum hætti er kjarasamningur Leiðsagnar og SAF þar sem samið hefur verið um svokallaða verkefnaráðningu.<sup>22</sup> Fjöldi leiðsögumanna sem er fullstarfandi stærstan part úr ári starfar eingöngu skv. svona ráðningarformi sem eðli málsins skv. hefur sína kosti og galla. Samtöl við leiðsögumenn hafa leitt í ljós að jákvæðu hliðarnar eru aukið sjálfstæði í tímastjórnun og að komið sé í veg fyrir einhæf verkefni, en neikvæðu hliðarnar séu augljóslega skortur á vissu og öryggi. Nefndin leggur ekki mat á það hvað sé heppilegasta niðurstaðan um ráðningarform eða ekki ráðningarform í sambærilegum atvinnugreinum en nefndin er þó sammála um nauðsyn þess að tryggja virkni félagsmanna og skipulagningu allra, þ.á m. þeirra sem eru nú sjálfstætt starfandi, til að leiða í ljós vilja þeirra og kröfur um eigin afkomu og öryggi. **(tilvísun í tillögu 4).** Nefndin telur líka að raunhæf og trívæðug markmiðssetning sé nauðsynleg þegar kemur að því að skipuleggja sjálfstætt starfandi einstaklinga. Sögulegt samhengi sýnir að það öryggi og þau réttindi sem almennt launafólk njóti í dag hafi tekið langan tíma að byggja upp. Stéttarfélagin verði að vera lausnamiðuð og móttækileg fyrir nýjum hugmyndum í þessum efnum og horfast í augu við það að skipulagning fólks og stéttarfélagspáttaka sé besta og öflugasta tæki vinnandi fólks til að tryggja réttindi sín. Ein leið sem nefndin hefur talsvert um og er í öllu falli áhugavert tæki til að auka öryggi félagsmanna og skapa tækifæri til skipulagningar er að félagin sjálf reki sína eigin verkefnaðiðlun.

Þær áskoranir og tækifæri sem stéttarfélög standa frammi fyrir í tengslum við gigg-hagkerfið og skipulagningu sjálfstæðs starfandi eru eðli málsins skv. ekki einskorðaðar við Ísland. Fjölmargt hefur verið ritað og enn meira rætt um þessi mál erlendis og á alþjóðlegum vettvangi<sup>23</sup> sem nefndin telur mikil-

22 Sjá skilgreiningu í grein 1.1. c) í kjarasamningnum: Verkefnaráðning til einnar ferðar, dagsferðar eða langferðar, eða takmarkaðs fjölda ferða. Ferðaráðningu fylgja réttindi og skyldur eftir því sem við á í þessum kjarasamningi, starfslýsingum eða sem leiðir af almennum reglum vinnuréttar. Hafi verkefnaráðning varað samfellt í 6 mánuði í hálfu starfi að jafnaði eða meira á starfsmaðurinn rétt á tímabundinni eða ótímabundinni ráðningu ef hann óskar þess. Heimilt er að greiða verkefnaráðnum starfsmönnum tímakaup fyrir dagvinnu. Vinnuveitanda ber að leita samþykkis starfsmanns fyrir hverri ferð og hefur starfsmaður rétt til að hafna ferðum þegar þær eru boðnar. Starfsmanni er í sjálfsvald sett að samþykkja fleiri ferðir en sem falla innan 100% dagvinnustunda, en laun hverrar ferðar eru reiknuð sem stakt verkefni og eru óháð heildarvinnutíma mánaðar. 23 Nokkur dæmi hér sem hægt er að mæla með sem ítarefni: <https://www.etui.org/publications/working-papers/will-trade-unions-survive-in-the-platform-economy-emerging-patterns-of-platform-workers-collective-voice-and-representation-in-europe>  
[https://www.asi.is/media/314546/plattformsekonomin\\_den\\_svenska\\_modellden.pdf](https://www.asi.is/media/314546/plattformsekonomin_den_svenska_modellden.pdf)  
<https://www.asi.is/media/314547/sak-does-the-worker-have-a-say-in-the-platform-economy.pdf>  
[https://www.etuc.org/sites/default/files/publication/file/2018-10/Trade%20Unions%20protecting%20self-employed%20workers\\_EN.pdf](https://www.etuc.org/sites/default/files/publication/file/2018-10/Trade%20Unions%20protecting%20self-employed%20workers_EN.pdf)

vægt að fylgjast vel með og þróun mála verði gerð góð skil á vettvangi ASÍ og miðlað til aðildarfélaga. **(tilvísun í tillögur 6-7).**

#### **IV.**

Allir sem hafa komið nálægt hagsmunabaráttu og málefnum stéttarfélaga vita að mál eru sjaldnast þess eðlis að þau hafi upphaf og endi. Það á klárlega við um ótrygg ráðningarsambönd. Viðfangsefnin sem við er að etja eru ekki ný af nálinni og barátta vinnandi fólks fyrir vissu og öryggi varðandi sína afkomu er jafn gömul stéttarfélögunum. Straumhvörf undanfarinna ára í ljósi tæknibreytinga sérstaklega kallar þó að mati nefndarinnar á að þessi mál séu sett sérstaklega á dagskrá á vettvangi ASÍ sem nú hefur verið gert. Nefndin er ekki töfralausn til lausnar á þeim áskorunum né til að fullnýta þau tækifæri sem eru til staðar í tengslum við ótrygg ráðningarsambönd en hún er hins vegar fullviss um það að virk þátttaka í stéttarfélögum og samstaða þeirra sem hagsmuna eiga að gæta er eina raunhæfa lausnin að raunverulegum réttarbótum. Nefndin leggur til að á vettvangi ASÍ verði áfram starfræktur einhvers konar vettvangur fyrir þau aðildarfélög sem eru með marga félaga í „ótryggum ráðningarsamböndum“, til að skiptast á upplýsingum og eftir atvikum samræma aðgerðir **(tilvísun í tillögu 6)**. Hvort sem formið er málefnanefnd miðstjórnar eða einhver óformlegri hópur skiptir ekki öllu máli að mati nefndarinnar. Nefndin hvetur miðstjórn ASÍ til að hafa það í huga við skipulagningu á starfi komandi vetra og eins við smíði á þeim málefnum sem sett eru á dagskrá sambandsþings ASÍ.

**Reykjavík, 1. júlí 2022**

#### **Aldursmismunun – kæra til úrskurðarnefndar um jafnréttismál**

Lögmenn ASÍ ráku grundvallarmál fyrir félagsmann Rafiðnaðarsambands Íslands fyrir kærunefnd jafnréttismála um bann við mismunun á grundvelli aldurs. Í ársbyrjun 2022 kom úrskurður (sjá; mál nr. 6/2021) sem staðfesti að óheimilt hafi verið að segja upp manni á þeim grundvelli að hann hafi náð 67 ára aldri. Umræddur atvinnurekandi gat ekki fært nein málefnaleg rök fram um að tildrög uppsagnarinnar væru önnur en að maðurinn hefði náð 67 ára aldri, sem felur í sér mismunun samkvæmt lögnum. Var félagið því dæmt brotlegt.

Úrskurðurinn er sá fyrsti sinnar tegundar og má í vissum skilningi tala um grundvallarniðurstöðu í vinnuréttar- og jafnréttismálum. Viðbúið er að áhrif úrskurðarins muni verða verulega áþreifanleg á íslenskum vinnumarkaði um ókomna tíð.

## **Nefnd um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar**

Á fyrri hluta ársins hóf störf nefnd skipuð af félagsmálaráðherra um heildarendurskoðun laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Frá gildistöku laganna árið 2006 hafa orðið töluverðar breytingar á vinnumarkaði, bæði á samsetningu starfa og samsetningu þeirra einstaklinga sem vinna störfin út frá aldri, menntun, þjóðerni o.s.frv. Allt þetta kallar á endurskoðun á kerfinu og hefur ASÍ sem stærstu samtök launafólks hér á landi eðli málsins skv. skoðun á þessu.

Engin tímasetning er á verkefni nefndarinnar. Halldór Oddsson lögfræðingur situr í nefndinni f.h. ASÍ en hann mun vinna náið með vinnumarkaðsnefnd ASÍ sem og öðrum sérfræðingum á skrifstofu ASÍ enda verkefnið stórt og margþætt og hagsmunirnir gríðarlegir.

### **Ábyrgðasjóður launa**

Í samræmi við viðeigandi lög hefur ASÍ tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn Ábyrgðasjóðs launa en sjóðurinn ábyrgist greiðslu vinnulauna og lífeyrissjóðsiðgjalda í tilvikum gjaldþrota. Þegar þetta er ritað liggja ekki fyrir upplýsingar um heildargreiðslur sjóðsins árið 2021 en ætla má að önnur úrræði stjórnvalda í tengslum við Covid-19 kreppuna hafi létt mjög á álagi á sjóðinn, og má í þeim efnum nefna sérstaklega styrk vegna greiðslna á launum í uppsagnarfresti. Eftir sem áður er sjóðurinn þó áfram mikilvægt öryggisnet einstaklinga á vinnumarkaði og mikilvægi sjóðsins hefur margsannað sig enda hafa greiðslur úr honum bætt eða takmarkað tjón fjölda launafólks sem ella hefði tapað launum sínum og réttindum vegna gjaldþrots atvinnurekanda. Er rétt að nefna í því samhengi mikilvægi hækkunarinnar á hámarksgreiðslum sem kom til með lagabreytingu sumarið 2018 en fram að því hafði hámarkið staðið í stað um árabil með tilheyrandi tjóni fyrir stóran hóp launafólks sem leita þurfti til sjóðsins.

Halldór Oddsson, lögmaður á skrifstofu ASÍ, er tilnefndur af ASÍ í stjórn sjóðsins.

### **Innflytjendur á vinnumarkaði**

Í skýrslu forseta árið 2021 var gert grein fyrir breytttri samsetningu íslensks launafólks undanfarna áratugi samfara fjölgun innflytjenda á vinnumarkaði í ítarlegum inngangi. Sá inngangur verður ekki endurtekinn hér enda tilgangur hans að marka aukinn þunga ASÍ í málaflokknum, m.a. með ráðningu þriggja sérfræðinga á því sviði sem mynda teymi um innflytjendur á vinnumarkaði á skrifstofu ASÍ.

Í fyrri skýrslu var atvinnuleysi í röðum launafólks af erlendum uppruna

eitt helsta áhyggju- og viðfangsefni teymisins enda var heimsfaraldurinn enn í algleymingi á þeim tíma og óttast var langvarandi atvinnuleysi og jafnvel fátækt í þeirra röðum. Þegar atvinnuleysi mældist hve mest í lok árs 2020 var 24% erlends launafólks atvinnulaust miðað við 11,6% almennt atvinnuleysi og var atvinnuleysið mest í ferðatengdri starfsemi. Atvinnuleysi á meðal innflytjenda er þrjár til fjórum sinnum meira en meðal innfæddra Íslendinga og hefur það hlutfall haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár.

Nú er öldin önnur og ástandið gjörbreytt. Ýmsar blikur eru á lofti á vinnu- markaði. Í júlímánuði sl. var atvinnuleysi meðal innflytjenda 7,3% og almennt atvinnuleysi 3,2%. Mikill gangur í ferðaþjónustu og þensla í hagkerfinu valda því að eftirspurn eftir starfsfólki í mannaflafrekar starfsgreinar er og verður mikil á næstu mánuðum. Í slíku ástandi er hætt við að einhverjir atvinnurek- endur leiti allra leiða til að fá sem ódýrast vinnuafll og skeyta litlu um aðbúnað eða aðstæður starfsfólksins.

Áhyggjur teymisins á þessari stundu snúa því í minna mæli að atvinnuleysi heldur fremur að því hvernig má tryggja heilbrigðan og réttlátan vinnumarkað. Til þess þarf öflugt regluverk og eftirlit á vinnumarkaði svo að starfsfólk sem hingað kemur fái sæmandi kjör, húsnæðisöryggi og vernd gegn misneytingu. Þá er upplýsingagjöf á mörgum tungumálum lykilatriði til að tryggja fólki aðgengi að íslensku samfélagi.

## **Stefna ASÍ í málefnum launafólks af erlendum uppruna**

Á þeim tveimur árum sem teymi um málefni innflytjenda hefur starfað hjá ASÍ hefur stefna í málaflokknum verið í mótun. Drög að stefnu ASÍ í málefnum launafólks af erlendum uppruna verður lögð fyrir 45. þing ASÍ í október nk.

Stefnan byggir á hugmyndinni um að engin keðja sé sterkari en veikasti hlekkur hennar með vísun í einkennismerki ASÍ um samtakamátt heildarinn- ar. Nú er fólk af erlendum uppruna fimmtungur launafólks og rúm 15% íbúa landsins. Fjölgun innflytjenda sl. tvo áratugi er sexföld og óhætt að segja að innstreymi fólks af erlendum uppruna á íslenskan vinnumarkað hafi gjör- breytt samsetningu hans. Samfara þessari grundvallarbreytingu á samsetningu launafólks hefur hreyfingin orðið vitni að og þurft að bregðast við sívaxandi brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði. Stéttarfélagin fá til sín æ fleiri og alvarlegri mál en áður tengd launaþjófnaði og öðrum brotum. Þetta kemur fram í skýrslu ASÍ frá 2019 og segir að brotin beinist helst að þeim sem þekkja síður réttindi sín, þar á meðal erlendu launafólki. Það er einnig líklegra til að búa við óöryggi og óstöðugleika á vinnumarkaði og er fjölmennara í hópi láglaunafólks. Það vinnur lengri vinnudag og á erfitt með að fá menntun sína og starfsreynslu metna. Verkalýðshreyfingin þarf að róa að því öllum árum að styrkja viðkvæm-ustu hópana, veikustu hlekkina, því öðruvísi er hætta á að keðjan slitni.

Í stefnudrögumnum eru sett fram markmið í sex flokkum ásamt verkefnum sem miða að því marki. Flokkarnir eru eftirfarandi: Þjónusta, aðgengi og þátttaka, atvinnuleyfi og aðgengi að vinnumarkaði, fræðsla og kynningar, mat á menntun og færni, auk rannsókna og greininga.

Stefnunni er ætlað að vera leiðarljós í starfi teymisins til næstu tveggja ára og jafnframt festa í sessi vilja ASÍ til að vinna enn markvissara í þessum málaflakki.

## **Helstu verkefni ársins**

### **Vettvangur fyrir starfsfólk stéttarfélaganna sem starfar með innflytjendum**

Í október 2021, samhliða starfsdegi eftirlitsfulltrúa, var settur á fót sérstakur vettvangur starfsfólks stéttarfélaganna sem starfar með innflytjendum. Markmiðið með vettvangnum er að sameina krafta og reynslu fólks sem starfar með innflytjendum, læra hvert af öðru og styrkja tengslanetið. Auk þess verða haldnir reglulegir fræðslufundir með hópnun. Stefnt er að því að upp úr samstarfinu verði til leiðarljós um þjónustu stéttarfélaganna við innflytjendur.

### **Upplýsingaátak vegna kosninga**

Til að vekja athygli á fjölgun innflytjenda í íslensku samfélagi og málefnum sem á þeim brenna, voru útbúin myndbönd á ensku þar sem innflytjendur, sem flest sitja í ráðgjafarhópi ASÍ, vörpuðu fram spurningum til stjórn málaflakka í framboði. Haft var samband við stjórn málaflakka og fulltrúar þeirra fengnir til að svara.

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga sem haldnar voru í maí 2022 voru send bréf til helstu flokka í framboði, undirrituð af forseta ASÍ. Í bréfinu var vakin athygli á fjölda innflytjenda með kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum og mikilvægi sveitarstjórnarstígsins í þeirra velferð og daglegu lífi. Jafnframt voru dregin fram helstu áskoranir innflytjenda að mati ráðgjafarhóps ASÍ, sem varða starfsemi sveitarfélaganna. Samhliða var útbúin auglýsing fyrir samfélagsmiðla á nokkrum tungumálum til að hvetja innflytjendur til að kjósa.

### **Upplýsingafundur fyrir Rúmena á Íslandi**

Að beiðni sendiherra Rúmeníu í Danmörku til forseta ASÍ var haldinn sérstakur upplýsingafundur fyrir innflytjenda af rúmenskum uppruna, sem túlkaður var milli rúmensku og íslensku. Á fundinum voru erindi frá ASÍ, Eflingu og Vinnumálastofnun um réttindi á vinnumarkaði. Upptökur af fundinum eru nú aðgengilegar á vef ASÍ og voru jafnframt sendar til utan-

ríkisráðuneytis Rúmeníu í þeim tilgangi að upplýsa og undirbúa Rúmena sem hingað koma.

## **Ráðgjafarhópur innflytjenda**

Ráðgjafarhópurinn samanstendur nú af 20 einstaklingum af 16 þjóðernum. Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu og þess utan leitaði teymið ráðgjafar með ýmis álitæfni gegnum Facebook-síðu hópsins. Nokkrar konur úr hópnum héldu erindi á málstofu á vegum ASÍ á Kynjaþingi 2022 í Veröld – hús Vigdísar. Þá voru nokkur úr hópnum viðmælendur á myndböndum sem ASÍ framleiddi í aðdraganda Alþingiskosninga og sem fjallað er nánar um hér á eftir.

## **Sjálfsmynd þjóðar**

Grunnur var lagður að samstarfi ASÍ og Listasafns ASÍ sem lýtur að myndlist tveggja ólíkra, en þó um margt líkra menningarheima. Verkefnið felst í kynningu á íslenskri og pólskri myndlistarsögu og félagsfólki ASÍ af íslenskum og pólskum uppruna verður boðið að fjalla um lykilverk í hvort sinni menningu.

## **labour.is**

Undirbúningur og hönnun er hafin á nýjum upplýsingavef fyrir launafólk af erlendum uppruna. labour.is tekur við því hlutverki ekkertsvindl.is sem snýr að upplýsingagjöf til innflytjenda. Þar verða skýrar og hnitmiðaðar upplýsingar um helstu réttindi á mörgum tungumálum. Þar getur almenningur sent ábendingar um brotastarfsemi á ASÍ, nafnlaust eða undir nafni, og þolendur brota á vinnumarkaði geta leitað aðstoðar.

## **Fjölmenningsræðsla á trúnaðarmannanámsskeiðum**

Ein úr innflytjendateyminu fékk að heimsækja nokkur trúnaðarmannanámsskeið á vordögum 2022 í þeim tilgangi að eiga virkt samtal við trúnaðarmenn um fjölmenningu á Íslandi og áskoranir því tengdu. Bæði til þess að huga að nýjum raunveruleika á vinnustöðum og ræða hlutverk trúnaðarmannsins í því ljósi.

## **Kennsla í Landnemanum hjá Mími**

Ein úr innflytjendateyminu kenndi hluta úr námskeiði hjá Mími í maí 2022. Landneminn er leiðbeinendanámsskeið fyrir heildræna samfélagsfræðslu fyrir fullorðið flóttafólk sem nýlega hefur fengið alþjóðlega vernd. Innleggið laut að stöðu flóttafólks á vinnumarkaði.

## **Samstarf við stjórnvöld og stofnanir**

Meðlimir teymisins sátu í fjölda nefnda, stjórna og annarra hópa á vettvangi

stjórnvalda. Þar má nefna verkefnisstjórn Ráðgjafarstofu innflytjenda, þróunarsamvinnunefnd, nefnd um launagagnsæi, hæfnisetur ferðapjónustunnar og GRÓ – þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu. Þá kom teymið að gerð umsagna um lagafrumvörp sem snúa að málefnum innflytjenda. Hér má nefna ný útlendingalög, í tvígang, framkvæmdarættun í málefnum innflytjenda og frumvörp er varða alþjóðlega vernd. Að frumkvæði Þjóðskrár var hafin samvinna og samráð um áskoranir tengdar skráningu innflytjenda á Íslandi. Unnið er að því að miðla betur upplýsingum um skyldur og jafnframt afleiðingum þess fyrir einstaklinga að vera ekki rétt skráðir. Starfsfólk Þjóðskrár hélt ítarlegt erindi um efnið fyrir starfsfólk verkalýðshreyfingarinnar.

ASÍ tók þátt í kortlagningu á búsetu í atvinnuhúsnæði og aðkoma ASÍ sneri ekki síst að málefnum innflytjenda. Nánar er fjallað um verkefnið í kafla um húsnæðismál.

## Túlkun og þýðingar

Í síðustu skýrslu var fjallað ítarlega um aukna áherslu ASÍ á túlkun og þýðingar, í því skyni að gera starf sambandsins aðgengilegt fleirum en áður. Á starfsárinu var áfram lögð áhersla á túlkun á viðburðum á vegum sambandsins. Fræðsluerindi og opnir fundir á vegum ASÍ voru flest túlkuð milli ensku og íslensku og annarra tungumála eftir atvikum. Þá voru fundir miðstjórnar og nefnda túlkaðir eftir þörfum. Bodið var upp á túlkun milli ensku og íslensku á rökraðufundi um lífeyrismál, á starfsdögum eftirlitsfulltrúa og á þingi ASÍ-UNG. Mikil reynsla af túlkun er orðin til á vettvangi sambandsins, hvort sem um ræðir túlkun í síma, á Zoom, rittúlkun eða annað.

Handbók trúnaðarmannsins var þýdd á pólsku á árinu og er nú aðgengilega á vef Félagsmálaskóla alþýðu. Vinnan, tímarit ASÍ sem kemur út 1. maí ár hvert, kom nú í fyrsta sinn í heild út á ensku og íslensku.

Þá fer stöðugt fram mat á því hvaða tungumál skal túlka og þýða á eftir straumum í fólksflutningum og aðstæðum ólíkra hópa.

## Jafnréttismál

### Endurmat á virði kvennastarfa

Í september 2021 var gefin út skýrsla starfshóps forsætisráðherra um endurmat á kvennastörfum, afrakstur vinnu sem greint var frá nokkuð ítarlega í skýrslu forseta 2021. Aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði var skipaður í kjölfar skýrslu starfshópsins og markmið hans að vinna að framkvæmd tillagna að aðgerðum til að útrýma launamun sem starfar af kynskiptum vinnumarkaði sem skilgreindar voru í skýrslunni. Eitt meginverkefna hópsins er að koma á fót þróunarverkefni um virði starfa, m.a. að greina hvaða



Þættir einkenna hefðbundin kvennastörf annars vegar og hefðbundin karlastörf hins vegar og hvaða þættir kunna að vera vanmetnir. Forseti ASÍ var skipuð í aðgerðahópin og jafnréttisfulltrúi var skipuð varafulltrúi.

## **Stórbætt viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við #MeToo**

Í skýrslu forseta fyrir árið 2021 var greint frá könnun Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, um eðli og umfang þeirra mála er varða kynferðislega áreitni/ofbeldi á vinnumarkaði sem berast aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Könnunin var gerð í kjölfar annarrar bylgju #MeToo að beiðni miðstjórnar og formannaráðs BSRB. Segja má að könnunin hafi markað upphaf mikillar vinnu starfsársins. Hún leiddi í ljós erfiðleika við að segja til um fjölda mála, misbrest á skráningu og skort á skýrum ferlum og fram kom skýrt ákall frá aðildarfélögunum sem tóku þátt, eftir aðstoð við meðferð og úrvinnslu slíkra mála og merkja mátti skýran vilja til að gera betur.

Við þessu var brugðist og setti Vinnumarkaðs-, atvinnumála og jafnréttisnefnd (VA&J) ASÍ af stað úrbótavinnu í kjölfarið og stofnaði undirbúningshóp. Að undirbúningsstíma loknum var ráðgert að bjóða öðrum heildarsamtökum og félögum utan heildarsamtaka að taka þátt úrræðum um stórbætt viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við kynferðislegu áreitni/ofbeldi á vinnumarkaði.

Í undirbúningsvinnunni var horft til stofnana og fyrirtækja sem hafa skýrt verklag þegar kemur að tilkynningum um kynferðislega áreitni/ofbeldi og fulltrúar þeirra boðaðir á fund undirbúningshóps. Tilgangur fundanna var að læra af þessum aðilum enda óþarfi að finna upp hjólið. Fulltrúarnir veittu innsýn í meðferð slíkra mála, úrlausnir þeirra og bentu á ýmsar áskoranir þeim tengdum. Fram kom að þrátt fyrir ágæta löggjöf í málaflokknum ríki þar úrræðaleysi gagnvart þolendum jafnt sem og gerendum. Polendur eru háðir áhuga og úrræðum atvinnurekenda til að taka á kynferðislegri áreitni/ofbeldi á vinnustað og stéttarfélögin skortir bjargir til að sinna þolendum þegar misbrestur er á viðbrögðum stjórnenda/atvinnurekenda. Því velkjast þolendum um án þess að fá lausn sinna mála.

Til að bregðast við þessu voru tvær tillögur bornar undir miðstjórn 22. mars sl. og samþykkar.

Önnur tillagnanna snýr að því að stofna sameiginlegt fagråd verkalýðshreyfingarinnar sem tekur á móti málum þar sem félagslega kjörnir fulltrúar eru gerendur meintrar kynferðislegrar áreitni/ofbeldi. Stefnt er að því að hún komi til framkvæmdar á næsta ári. Hin miðar að því að stoppa í göt núverandi kerfis og veita þolendum kynferðislegrar áreitni/ofbeldis í vinnutengdu umhverfi annan farveg en þá sem nú bjóðast. Hún verður sett í forgang. Tillagan er í hnotskurn sú að heildarsamtökin og félög utan þeirra setji á fót

miðlæga móttöku fyrir launafólk sem hefur orðið fyrir kynferðislegu áreitni/ ofbeldi í vinnuumhverfi en móttakan verður hýst hjá VIRK. Sérfræðingur með fagþekkingu stýrir móttökunni og býður upp á þolendamíðaða þjónustu með því að veita áheyrn, leiðsögn við að leita réttar síns og upplýsingar um bjargráð. Úrræðið nær til alls launafólks á Íslandi og er ætlað að verða miðstöð þróunar og fagþekkingar í málaflokknum, m.a. til leiðsagnar við aðildarfélögin. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára og áætlar er að starfsemi hefjist í janúar 2023.

Viðræður við VIRK um að hýsa verkefnið eru nú í gangi og næsta skref eftir það er að bjóða hinum heildarsamtökunum og félögum utan þeirra þátttöku.

## Starfshópur um launagagnsæi

Á haustdögum 2021 var skipaður starfshópur um launagagnsæi á grundvelli bráðabirgðaákvæðis með lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Bráðabirgðaákvæði þetta var tillaga sameiginlegrar umsagnar ASÍ og BSRB við frumvarpi sem svo varð að lögum. Hópurinn ræddi mögulegar breytingar á lögum til að koma í veg fyrir að kynbundnum launamun sé viðhaldið með launaleynd. Eftir fáeina fundi komst hópurinn að þeirri sameiginlegu niðurstöðu að gera ekki tillögu til lagabreytinga á þessu stigi og lagði til að gert yrði hlé á vinnu starfshópsins þar til lagt hefur verið mat á framkvæmd jafnlaunavottunar og jafnlaunastaðfestingar eftir að innleiðingartímabili þess lýkur í lok árs 2022.

## 8. mars

Samkvæmt venju stóðu heildarsamtökin ASÍ, BSRB, BHM og KÍ og Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) að súpufundi í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna. Í þetta sinn voru Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (FÍH) og Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) með í skipulagshópi. Súpufundurinn var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica í hádeginu og yfirskriftn: Er vinnumarkaðurinn vaknaður!? - #MeToo og lægri þröskuldur. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB stýrði fundi og fyrirlesarar voru Helga Hlín Hákonardóttir, meðeigandi og ráðgjafi hjá Stragetíu ehf og erindi hennar hét: Er #metoo orðsporsáhætta fyrir atvinnulífið – eða eitthvað annað og meira? Linda Rós Eðvarðsdóttir, doktorsnemi talaði um reynslu erlendra kvenna af vinnustaða- tengdu ofbeldi og síðast en ekki síst tók Sóley Tómasdóttir, kynja- og fjölbreytileikafræðingur, til máls. Yfirskrift erindis hennar var: Þeir elska okkur einar en hata okkur saman. Viðburðurinn var vel sóttur og innihaldsríkar umræður spunnust í lok erindanna.

## Kvennaráðstefna ASÍ 2022

Kvennaráðstefna ASÍ var haldin dagana 7. - 8. apríl á Hótel Hamri í Borgarfirði. Upprunalega stóð til að halda ráðstefnuna dagana 10. - 11. febrúar en vegna hertra sóttvarnaraðgerða í aðdraganda með tilheyrandi fjöldatakmörkunum var ákveðið að fresta henni. Kvennaráðstefnur sem þessi hafa verið haldnar með 2-3 ára millibili sl. tvo áratugi. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að efla tengslanet kvenna innan verkalýðshreyfingarinnar og styðja konur til meiri áhrifa. Fyrirkomulagið var með frábrugðnum hætti í þetta sinn, undir hinni stóru yfirskrift: *Fitjum upp á nýtt – örugg afkoma og velferð kvenna*. Skipt var niður í þrjú meginþemu og voru ráðstefnugestir beðnir um að undirbúa stutt innlegg út frá eigin brjósti. Þemun voru öryggi kvenna á vinnustöðum, afkoma kvenna á efri árum og vanmat á störfum kvenna. Með því að horfa nær alfarið inn á við var vonast til að fanga vilja kvenna innan hreyfingarinnar. Í lok ráðstefnu var útbúin ályktun kvennaráðstefnu. Eitt aðalatriði ályktunarinnar var að konur í hreyfingunni starfi að hagsmunum sínum með skipulegum hætti. Lagt var til að undirbúningshópur útfæri sérstakan vettvang fyrir þetta starf. Ályktun var lögð fyrir miðstjórn í upphafi maímánaðar, ásamt tillögu um stofnun undirbúningshóps. Á þeim fundi náðist ekki að fá vilyrði miðstjórnar til að stofna undirbúningshópinn en það fékkst á næsta fundi miðstjórnar.

## Undirbúningshópur um stofnun kvennavettvangs

Samkvæmt ályktun kvennaráðstefnu 2022, með samþykki miðstjórnar dags 18. maí, var sendur tölvupóstur til allra kvenna sem tóku þátt, auk formanna allra aðildarfélaganna og stærstu félaganna og þeim boðið að tilnefna í undirbúningshópinn. Hlutverk hópsins er að skilgreina verkefni, tilgang og framtíðarsýn kvennavettvangsins. Fyrsti fundur verður haldinn í byrjun september 2022.

Jafnréttisfulltrúi situr fyrir hönd ASÍ í ýmsum hópum, þ. á m. aðgerðahópi um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði, jafnréttisráði – samstarfsvettvangi hvoru tveggja undir forystu forsætisráðuneyti. Einnig situr hún í ritstjórn aðgerðahóps hjá Vinnueftirlitinu og ráðgefandi hópi um forvarnir á vegum VIRK. Þá sendi hún umsögn um þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022 - 2025 í upphafi árs.

## Hinsegin vinnumarkaður

Alþýðusamband Íslands tók þátt í Hinsegin dögum ásamt BSRB og BHM í ágúst, með málþingi um stöðu hinsegin fólks á íslenskum vinnumarkaði. Málþingið fór fram 5. ágúst í Veröld – húsi Vigdísar og var haldið í samstarfi við Hinsegin daga og Samtökin '78. Helst bar þar að nefna kynningu á niðurstöðum fyrsta fasa rannsóknar á kjörum hinsegin fólks sem var gerð á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og BHM.

Niðurstöðurnar úr þessum fyrsta fasa gefa nokkuð afgerandi til kynna að töluverður munur var greinanlegur á kjörum fólks eftir kynhneigð. Þannig voru hommar t.a.m. með um þriðjungi lægri atvinnutekjur að meðaltali en gagnkynhneigðir karlar og bjuggu við lakara starfsöryggi. Hins vegar voru atvinnutekjur lesbía um 13% hærra að meðaltali en atvinnutekjur gagnkynhneigðra kvenna. Stefnt er að birtingu frekari niðurstaðna á haustmánuðum 2022, í skýrslunni „Staða hinsegin fólks á Íslandi“.

Auk framangreinds málþings tóku ASÍ, BSRB og BHM sameiginlega þátt í gleðigöngunni undir slagorðunum „Hinsegin réttindi eru mannréttindi eru hinseginréttindi“ og „Hinsegin vinnumarkaður“. Markar þetta nokkur tíma-mót, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem þessar tvær mikilvægu mannréttinda-hreyfingar leiða saman hesta sína undir sameiginlegum merkjum.

## **Vinnustaðaeftirlit**

### **Stöðufundir**

Stöðufundir eftirlitsfulltrúa voru haldnir að jafnaði á tveggja vikna fresti. Áll voru haldnir 15 stöðufundir á starfsárinu. Stöðufundirnir eru haldnir á Zoom og eru vettvangur fyrir virka eftirlitsfulltrúa til að ræða mál sem eru á borði þeirra hverju sinni, skiptast á upplýsingum og ráðum sín á milli og við verk-efnisstjóra og lögfræðing Alþýðusambandsins.

### **Fræðsla og starfsdagar**

Langþráðir starfsdagar eftirlitsfulltrúar voru haldnir í Reykjavík dagana 7. og 8. október 2021. Starfsdagar eru að jafnaði haldnir að vori en vegna heimsfaraldurs kórónuveiru höfðu þeir síðast verið haldnir vorið 2019. Það var því orðið afar tímabært fyrir eftirlitsfulltrúa af öllu landinu að koma saman. Á dagskrá fyrri dagsins var fræðsluerindi um starfsmannaleigur og atvinnurétt erlendra ríkisborgara, auk þess sem ýmis verkefni á döfinni sem tengjast eftirlitinu voru kynnt. Á dagskrá seinni dagsins voru kynningar og pallborð með fulltrúum frá Ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun, Vinnueftirlitinu og lögreglu. Dagskránni lauk með heimsókn til Bjarkarhlíðar – sem er ábyrg fyrir samhæfingu í mansalsmálum.

Starfsdagar voru haldnir öðru sinni dagana 24. og 25. maí í Keflavík. Um 30 manns tóku þátt og sjónum var beint að mansali og alvarlegri misneytingu launafólks á íslenskum vinnumarkaði. Dagskrá fyrri dagsins var opin öllu starfsfólki í verkalýðshreyfingunni, auk þess sem fulltrúum frá Reykjavíkurborg, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Rauða krossinum var boðið að sitja fundinn. Fyrirlesarar voru bæði innan úr hreyfingunni og frá ýmsum stofnunum. Áhersla var lögð á berskjaldaða hópa á vinnumarkaði og fjallað var um jaðarsetta pólska verkamenn, umsækjendur um alþjóðlega vernd og

flóttafólk frá Úkraínu. Þá voru kynnt dæmi úr verkalýðshreyfingunni þar sem grunur var um mansal. Í lok fyrri dagsins var fjallað um nýlega sakkfellingu í vinnumansali sem er jafnframt sú fyrsta á Íslandi. Seinni daginn var fjallað um stöðuna á vinnumarkaði, kjaraviðræðurnar framundan, stórbætt viðbrögð við #metoo-málum og þá fjallaði sálfræðingur um streitustjórnun í krefjandi starfi.

Í janúar var haldinn fræðslufundur á Zoom, að ósk eftirlitsfulltrúa, þar sem fulltrúi Vinnueftirlitsins fjallaði um uppsetningu vinnupalla og öryggi á byggingasvæðum.

## **Innleiðing Language Line**

Innleiðing á síma- og myndbandstúlkun Language Line hélt áfram á árinu. Kynningarfundir voru haldnir og gefnar út leiðbeiningar fyrir eftirlitsfulltrúa fyrir túlkun í gegnum síma annars vegar og túlkun með myndbandi gegnum app hins vegar.

## **Atvikaskráning Vörðu og eftirlitsins**

Í upphafi árs var sett á stökk tilraunaverkefni vinnustaðaeftirlitsins sem snýr að því að fanga umfang kjarasamningsbrota og vinnumansals á þeim vinnustöðum sem eftirlitsfulltrúar heimsækja. Varða - rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins er til ráðgjafar í verkefninu. Niðurstöðurnar verða kynntar fyrir miðstjórn og svo tekin ákvörðun um hvort halda eigi áfram atvikaskráningunni.

## **Kærumál á grundvelli EES-samningsins**

### **Tómlæti og hvíldartími**

Í maí 2019 kærði ASÍ til ESA innleiðingu íslenskra stjórnvalda á vinnutímatilskipuninni. Kært var þar sem lög nr. 46/1980 geyma engin ákvæði sem fella á atvinnurekendur skyldu til þess að hafa formlegt, virkt og aðgengilegt kerfi til eftirlits með vinnutíma starfsmanna sinna; Vegna skorts á skýrum reglum hafa dómstólar ítrekað hafnað kröfum launamanna um uppgjör frítökuréttar og vikulegra frídaga, á þeirri forsendu að þeir hafi ekki haldið kröfum sínum fram í tíma þ.e. reglum um tomlæti er ítrekað beitt; Af sömu ástæðum hafa dómstólar hafnað kröfum launamanna vegna þess að þeim hafi sjálfum borið að gæta að vinnutíma sínum; Að vegna ófullnægjandi lagasetningar taki dómstólar ekki tillit til þess að launamaður er veikari aðili ráðningarsambandsins og tekur áhættu um starf sitt og/eða starfsframa kvarti hann vegna þess að reglum um vinnu- og hvíldartíma er ekki fylgt. Íslensk stjórnvöld óskuðu ítrekað eftir frestum til svara en boða jafnframt breytingar á lögum nr. 46/1980 þar sem segir: „Atvinnurekendum er skylt að koma upp áreiðanlegu og aðgengilegu kerfi vegna skráningar vinnutíma starfsmanna sinna þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um

hvort skilyrði laga þessara um hámarksvinnutíma, lágmarkshvíld og vikulegan frídag séu virt sem og hvort starfsmenn hafa fengið hvíld síðar ef vikið hefur verið frá reglum um hvíldartíma og vikulegan frídag samkvæmt lögum þessum eða kjarasamningum. Starfsmaður skal eiga þess kost að nálgast skráningar skv. l. mgr. i tólf mánuði aftur í tímann.“ Frumvarp er ekki enn komið fram og athugasemdir hafa verið gerðar við þennan framgang á fundum með ESA.

## **Frumkvæðisathugun ESA – Orlofsréttindi og breytingar á orlofslögum**

Í ársbyrjun 2020 hóf ESA frumkvæðisathugun á orlofslögum vegna meints ósamræmis þeirra við Tilskipun 2003/88/EC. Ósamræmið á að felast í því að launafólk geti ekki þegar eftir að starf er hafið átt rétt til launaðs orlofs. Reglur laga og kjarasamninga hér á landi mæla fyrir um orlofstíma á sumrin, ávinnslu orlofsfjár og loks ávinnslu frítökuréttar. Allt launafólk hér á landi á rétt til frítöku á sumri, a.m.k. 24 daga á ári, meðan hluti hennar getur verið ólaunaður þar sem starfstíminn hefur ekki dugað til fullrar ávinnslu orlofsfjár. Vandamálið er þannig einangrað við þann hóp sem er að koma nýr inn á vinnumarkað sem þá á frítökurétt en ekki fullan greiðslurétt. ASÍ og SA eru sammála um að þetta fyrirkomulag sé ekki í andstöðu við fyrrgreinda tilskipun. Ítrekað hefur verið fundað með ESA, nú síðast í júní 2022. Niðurstaða liggur ekki fyrir en í samráðsferlinu hafa sjónarmið okkar komist til skila og vonandi verður þessari athugun hætt.

## **Til athugunar vegna kæru til ESA**

Nokkur ágreiningsefni gefa tilefni til þess að vera kærð til ESA og varða þau íslenska ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin. Í fyrsta lagi er um að ræða slysatryggingar hjá ríki og Reykjavíkurborg en launafólk í minna en 50% starfshlutfalli er ekki slysatryggt með sama hætti og launafólk í fullu starfi. Bæði ríkið og Reykjavíkurborg taka þessar tryggingar undir sjálfum sér og kaupa ekki af tryggingafélögum. Um er að ræða skýlaust brot á lögum og tilskipun um réttarstöðu starfsmanna í hlutastörfum. Báðir aðilar kannast við að þetta gangi ekki upp en hafa heykst á lagfæringum. Í öðru lagi er um að ræða uppgjör áunnins orlofs hjá öllum þessum aðilum. Í kjarasamningum sömdu aðildarsamtök ASÍ um að uppsafnað en ótekið gamalt orlof fýrnist eftir tilteknum reglum. Það er mat ASÍ að þó frítökuréttur geti fyrnst sé undir engum kringumstæðum hægt að fyrna ótekið orlofsfé sem geti numið allt að 13% af árslaunum og fjarri lagi geti stéttarfélög ráðstafað þannig einstaklingsbundnum áunnum fjárhagslegum inneignum auk þess sem sammingsákvæðið feli í sér brot á þeirri skyldu atvinnurekenda skv. kjarasamningum og orlofslögum að senda starfsfólk sitt í orlof hvort sem það kys eða ekki. Skipulagsvaldið og áhætta í þessu efni sé hjá atvinnurekendum en ekki launafólki. Þetta á að koma

til framkvæmda 30.4 2023 og nauðsynlegt að kært verði á haustmánuðum fallist miðstjórn á það.

## **Réttarbætur vegna atvinnusjúkdóma**

Hingað til hefur íslenskt launafólk notið takmarkaðra réttinda vegna atvinnu- og atvinnutengdra sjúkdóma og torvelt hefur reynst að sækja bætur sem og aukinn veikindarétt í slíkum tilvikum. Auk þess hefur stjórnýslulegri meðferð málaflokksins verið ábótavant s.s. skráningu tilvika og nauðsynlegum stjórnvaldsheimildum viðeigandi stofnana, s.s. Vinnueftirlits ríkisins. Þrátt fyrir umbætur í lagaumhverfi frá 2015 hefur engin skrá yfir atvinnusjúkdóma verið bundin í reglugerð hingað til. ASÍ hefur um árabíl þrýst á um viðurkenningu á lista Evrópusambandsins yfir atvinnusjúkdóma hér á landi en viðurkennd skrá gegnir lykilhlutverki í mati á bótarétti launafólks vegna atvinnusjúkdóma í öðrum Evrópulöndum.

Unnið er að úrbótum á málaflokknum, lagagrundvelli og stjórnýslu í tveimur nefndum á vegum stjórnvalda þar sem Magnús M. Norðdahl og Sara S. Öldudóttir hafa verið fulltrúar ASÍ; annars vegar nefnd um skráningu atvinnusjúkdóma á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og hins vegar starfshópur varðandi reglugerð um bótaskylda atvinnusjúkdóma á vegum heilbrigðisráðuneytis. Nefndirnar hafa það verkefni að koma með tillögur um hvernig standa skuli að málum þegar ákveðið er hvort sjúkdómur skuli teljast atvinnusjúkdómur eða atvinnutengdur sjúkdómur og hvaða skrá yfir atvinnusjúkdóma eigi að gilda í því samhengi.

## **Starfshópur varðandi reglugerð um bótaskylda atvinnusjúkdóma**

ASÍ skipaði Magnús M. Norðdahl í starfshóp um bótaskylda atvinnusjúkdóma. Tildrög þessa er breytt skilgreining á atvinnusjúkdómum sem nú ber að túlka mun rýmra en verið hefur skv. gildandi lögum. Af því tilefni var lögum nr. 45/2015 breytt en eftir stóð að taka saman lista um alla þá atvinnusjúkdóma sem bótaskyldir skulu vera en reglugerð þar að lútandi hefur aldrei verið sett. Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að best færi á því að taka upp lista Evrópusambandsins, sem er mjög víðtækur, í stað þess að fylgja listum Norðurlandanna sem um sumt eru takmarkaðri. Gögn þessi hafa nú verið þýdd og gert ráð fyrir að reglugerðin líti dagsins ljós á komandi vetri. Í henni felst veruleg og löngu tímabær réttarbót fyrir allt launafólk.

## **Nefnd um heildarendurskoðun á atvinnuleysistryggingum**

Nefndin er áfram að störfum. Fulltrúar ASÍ eru Halldór Oddsson og Sara S. Öldudóttir.



## Fræðslu- og menntamál

### MFA – Svið fræðslu og þekkingar 2021-2022

Eftir að nýtt skipurit skrifstofu ASÍ leit dagsins ljós í september 2020 breyttist *Fræðsludeild ASÍ í Svið fræðslu og þekkingar* og hefur því starfað í tvö ár sem slíkt. Helstu verkefni sviðsins er að sinna fræðslu- og upplýsingamálum innan ASÍ, m.a. með því að standa fyrir fjölbreyttum námskeiðum og annars konar fræðslu fyrir trúnaðarmenn, talsmenn og starfsfólk stéttarfélaga. Sviðið veitir stéttarfélögum ýmiss konar þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starf þeirra, með áherslu á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar. Þá aðstoðar sviðið félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi. Auk þess hafa félögin leitað til sviðsins um erindi á trúnaðarmannaráðstefnur, félagsfundi og starfsmannadaga. Starfsfólk sviðsins situr einnig í ýmsum stjórnum, ráðum og nefndum sem varða fræðslumál.

Félagsmálaskóli alþýðu er starfræktur í sameiningu af ASÍ og BSRB og heyrir undir Svið fræðslu og þekkingar og er sviðsstjóri jafnframt skólastjóri hans. Vegna skipulagsbreytinga síðasta ár hafa orðið nokkrar breytingar á starfsmönnum sviðsins en þeir eru nú sex.

Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu. Ráðgjöfin miðar að því að styrkja talsmenn stéttarfé-



laganna, efla innra starf félaga og samskipti út á við. Tekið er mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA. Menntanefndin hefur haldið tvo fundi, báða á vormisseri 2021.

## **Fjarfundareri**

Undanfarin ár hefur Svið fræðslu og þekkingar haldið úti reglulegum fjarfundarindum fyrir starfsfólk og stjórnendur stéttarfélaga innan ASÍ. Lagt er upp með að erindin séu stutt og hnitmiðuð, almennt ekki lengri en 30 mínútur, og umfjöllunarefnið sé tengt starfinu á einhvern hátt. Síðasta vetur var boðið upp á 17 erindi og var efnisvalið einkar fjölbreytt, skattkerfið, símatúlkun, kjarasamningar, þjóðskrá, kulnun og þróun launa, svo eitthvað sé nefnt.

Sú nýbreytni var tekin upp í vetur að bjóða samtímatúlkun á ensku og var það vel nýtt. Erindin hafa verið send út í fjarfundakerfinu Zoom.

## **Fræðslumyndbönd**

Félagsmálaskóli alþýðu, ásamt Vörðu, rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, hlutu í mars árið 2021 fjögurra milljón króna styrk frá félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra til að vinna fræðslumyndbönd sem verða liður í baráttunni gegn heimilisofbeldi, mansali og áreitni. Varða hefur leitt verkefnið í nánu samstarfi við Félagsmálaskólann, Jafnréttisstofu, Kvennaathvarfið, Vinnueftirlitið og 112.

Tvö myndbönd hafa verið unnin og verða þau nýtt í fræðslu Félagsmálaskólans til trúnaðarmanna. Annars vegar var unnið myndband um eðli og afleiðingar heimilisofbeldis og þá með áherslu á hlutverk vinnustaða og samstarfsfólks í að skilja og geta brugðist við merkjum um heimilisofbeldi. Hins vegar myndband um vinnumansal og verður það nýtt jöfnum höndum í trúnaðarmannafræðslu og til að efla þekkingu vinnustadaeftirlitsfulltrúa í að greina mögulegt mansal og aðra misnotkun.

## **Genfarskólinn**

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnumálaþinginu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu-málastofnuninni ILO. Stofnunin starfar að vinnumálum á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi stað- og fjarnáms, fyrirlestra, hópstarfs ásamt því að þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnumálaþingsins og nefndarstarfi þess.

Tveir íslenskir fulltrúar hafa sótt skólann, annars vegar frá ASÍ og hins vegar BSRB.

Áður en skólinn hófst sóttu íslensku fulltrúarnir tvo undirbúnings- og kynningarfundir. Að þessu sinni fór fyrsti hluti skólans fram í Brussel, í apríl, þar sem nemendur dvöldu í viku og sóttu fjölbreytt námskeið. Seinni hlutinn var síðan keyrður samhliða þinghaldinu, og dvöldu nemendur í Genf í 10 daga, frá lokum maí fram í júní. Milli þessara tveggja lota sóttu nemendur ýmis fjarnámskeið til frekari undirbúnings.

Sviðsstjóri fræðslu og þekkingar, Eyrún Björk Valsdóttir, situr í stjórn Genfarskólans og varamaður er Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir.

## **Kynningar í framhaldsskólum**

Eins og undanfarin ár bauð Svið fræðslu og þekkingar ASÍ framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og er eftirspurn sífellt að aukast. Um er að ræða klukkustundarlöng erindi þar sem farið er yfir helstu atriði er varða stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, réttindi þeirra og skyldur. Mikil þörf er á slíkri fræðslu og enda mikilvægt að ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði sé meðvitað um helstu réttindi og skyldur. Erindin hafa verið skipulögð út frá þörfum nemenda og hefur megináhersla verið á veikindarétt, ráðningarsambönd, vinnutíma, orlof og lestur launaseðla.

Heimsóknir voru 38, í níu ólíka skóla, og var talað við rúmlega 800 nemendur. Flestir nemenda eru á aldrinum 16-20 ára. Til viðbótar við þetta má nefna að ASÍ vinnur í nánú samstarfi við stéttarfélögin á landinu, sem mörg hver sinna þessari fræðslu í sinni heimabyggð.

## **Kynningar í Vinnuskóla Kópavogs**

Undanfarin ár hefur Vinnuskóli Kópavogs óskað eftir fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Síðastliðið sumar voru haldnar kynningar fyrir alla starfandi nemendur 9. bekkjar í Vinnuskólanum, og var fræðslunni vel tekið.

## **Fræðsla í samvinnu við velferðarsvið Reykjavíkurborgar**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur undanfarin misseri leitað til Sviðs fræðslu og þekkingar ASÍ um fræðslu fyrir skjólstæðinga sem taka þátt í virkni-úrræðum á vegum borgarinnar. Boðið hefur verið upp á klukkustundarlöng erindi þar sem fjallað er um íslenskan vinnumarkað, verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi og skyldur. Fjórir 6-8 manna hópar voru heimsóttir á síðasta ári og er gert ráð fyrir frekara samstarfi í framtíðinni.

## **Fræðsluráð ríkissáttasemjara**

Embætti ríkissáttasemjara vinnur að því að styðja við starf samninganefnda og annarra sem koma að kjarasamningsgerð og leggur áherslu á að bjóða upp á hagnýta og viðeigandi fræðslu og þjálfun til að ná því markmiði. Embætti

ríkissáttasemjara setti því á fót „Fræðsluráð ríkissáttasemjara“ þar sem aðilar vinnumarkaðarins eiga fulltrúa, þ.m.t. ASÍ. Hlutverk fræðsluráðsins er að ræða þarfir og uppbyggingu fræðsluefnis og viðburða á vegum embættisins, setja fram fræðsludagskrá og námsefni sem nýtist m.a. samninganefndum.

Nú þegar hefur embættið og fræðsluráðið skipulagt nokkrar námstefnur í samningagerð sem haldnar voru víðs vegar um landið. Markmið námsstefnanna er að efla færni samninganefndarfólks, auka fagmennsku við kjarasamningsborðið og stuðla að órofa samningaferli.

Fulltrúi ASÍ í fræðsluráðinu er Eyrún B. Valsdóttir, sviðsstjóri fræðslu og þekkingar.

## **Réttlætið í samfélaginu – ráðstefna**

Guðbrandsstofnun í samstarfi við ASÍ og fleiri aðila stóð að ráðstefnu að Hólum í Hjaltadal undir yfirskriftinni „Réttlætið í samfélaginu“. Guðbrandsstofnun er samvinnuveitvangur Háskólans að Hólum, Háskóla Íslands og Þjóðkirkjunnar og hefur það hlutverk að efla menningarstarf að Hólum.

Á ráðstefnunni var fjallað um réttlætið í samfélaginu og rýnt var í það frá ýmsum hliðum. Á ráðstefnunni voru fimm lotur eða málstofur þar sem fjallað var um:

- Efnahagslegt réttlæti, fötlun og fátækt, áföll og fátækt
- Kynrænt réttlæti/jafnrétti kynjanna, litróf jafnréttis, sjálfsákvörðunarréttur, staðalímyndir
- Minnihlutarnir og réttlætið, aðgengi að samfélaginu
- Réttlæti og stéttir/félagsglegur uppruni/bakgrunnur/þjóðfélagshópar og fordómar
- Réttlátt samfélag: Markmið og leiðir, fjórða iðnbyltingin, mótun samfélags til framtíðar, áhrif pokastöðvana.

Í hverri lotu voru 4-5 stutt erindi og umræður/samtal á eftir. Fjórir kveikjuhöfundar voru á vegum ASÍ, en þeir voru Kristín Heba Gísladóttir, Daníel Örn Arnarson, Gundega Jaunlilina, Sara S. Öldudóttir og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir.

Ráðstefnan var upphaflega fyrirhuguð í maí 2021, en var frestað til 21.-22. október vegna fjöldatakmarkana í þjóðfélaginu.

## **Verkalýðsskólinn**

ASÍ hefur í samstarfi við Háskólann á Bifröst skipulagt þriggja daga námskeið undir heitinu „Verkalýðsskólinn“. Námskeiðið er einkum ætlað trúnaðarmönnum, starfsfólki stéttarféлага og öðrum þeim sem koma að kjaraviðræðum en

opið öllum þeim sem áhuga hafa á kjarabaráttu og störfum verkalýðshreyfingarinnar. Kennsla á námskeiðinu er í höndum kennara frá Háskólanum á Bifröst, lögfræðingum ASÍ og ríkissáttasemjara.

Á námskeiðinu er lögð áhersla á framsögn, örugga tjáningu, sögu verkalýðshreyfingarinnar, réttindi og skyldur á vinnumarkaði, kjarasamninga, fundarstjórn og samningatækni.

Þátttakendum stendur til boða að gista á Bifröst, taka þátt í sameiginlegum gönguferðum og matartíma, en einnig er hægt að taka þátt í kennslunni eingöngu. Reynt var að bjóða upp á námskeiðið í maí en þátttaka var ekki næg. Fyrirhugað er að halda það í byrjun september 2022.

## **Vísinda- og tækniráð**

ASÍ á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tækifæri til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Ráðið er skipað af forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, vísindanefnd þar sem fulltrúar menntastofnana sitja og svo tækninefnd þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindanefndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tækninefndar snúa að tækniþróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar.

## **Fagháskólastig**

Í skýrslu forseta 2021 var sagt frá Samstarfsráði og verkefnastjórn sem m.a. átti að móta tillögur um framtíð fagháskólastígs. Verkefnastjórnin skilaði greinargerð til ráðherra og til samráðshóps í desember 2019 með tillögum um framtíðarfyrikomulag fagháskólanáms. Í mars 2020 fjallaði samstarfsráðið um tillögur verkefnastjórnarinnar og tekur undir þær í meginatriðum. Það er skemmt frá því að segja að síðan í mars 2020 hefur ekkert gerst.

## **Raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífs**

Í skýrslu forseta 2021 er sagt frá stöðu verkefnisins en verkefnahópur skilaði lokaskýrslu í desember 2020. Það er mikill áhugi innan verkalýðshreyfingarinnar að halda þessari vinnu áfram en lítið hefur áunnist síðasta ár.

## Vinna við endurskoðun símenntunarkerfisins - framhaldsfræðslunnar

Samráðs- og kynningarfundur um heildarendurskoðun framhaldsfræðsluferfisins var haldinn þann 22. júní 2022. Markmið fundarins var að leita eftir sjónarmiðum hagaðila varðandi heildarendurskoðun, markmið, helstu álitamál og afurðir, og kynna hugmyndir ráðuneytisins að fyrirkomulagi endurskoðunarinnar. Fyrirhugað er að stofna verkefnahóp sem ASÍ verður aðili að

## Hugarflugsfundur með starfsfólki ASÍ

Í lok september 2021 hélt Svið fræðslu og þekkingar tvo stutta rafræna hugarflugsfundi þar sem óskað var eftir þátttöku starfsfólks ASÍ. Eins og sagt er, þá sjá augu betur en auga og því nauðsynlegt að fá innsýn og hugmyndir annarra, bæði hvað varðar fræðsluefni og eins kennsluaðferðir.

Notast var við hópvernukerfið MIRO þannig að hóparnir unnu saman í fjarfundi. Um helmingur starfsmanna tóku þátt í þessum fundum.

Unnið var með fjóra flokka, þ.e.:

- *Áfram veginn, hvernig getum við bætt núverandi námskeið/fræðslu*
- *Stopp, hvað má betur fara?*
- *Nýjungar, hugmyndir að nýjum námskeiðum/fræðslu*
- *Kennsluaðferðir, staðnám – fjarnám – vendinám.*

Hugarflugsfundurinn tókst mjög vel, góðar umræður urðu og þátttakendur komu með margar og áhugaverðar tillögur og hugmyndir. Til stendur að bjóða upp á sambærilegan fund með aðilum frá BSRB, skólanefnd og menntanefnd.

## Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er sviðsstjóri fræðslu og þekkingar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Trúnaðarmenn og starfsfólk stéttarféлага innan BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Á skólaárinu 2021-22 voru haldnir fjórir fundir í skólanefnd. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er nú um 16,5 milljónir á ári. Sú breyting var gerð á fjárlögum 2017, að nú er skólinn ekki lengur á sér fjárlagalíð, heldur fær nú úthlutað fjármunum af safnlið. Þetta skapar aukna óvissu um fjármögnun skólans, frá ári til árs.

## Námskeið

Meginhlutverk Félagsmálaskólans er að skipuleggja og bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir trúnaðarmenn, stjórnarmenn og starfsmenn stéttarféлага. Auk þess býður skólinn upp á sérsniðin námskeið fyrir stéttarfélögin að þeirra ósk.

Skólaárið 2021-2022 voru í boði alls 74 námskeið í öllum flokkum, en haldin voru 47 námskeið á vegum Félagsmálaskólans, sem er nánast það sama og skólaárið áður, en þá voru haldin 48 námskeið. Heildarfjöldi þátttakenda var 574 (var 717 árið áður). Að venju voru konur í meirihluta, en þær voru 365 á móti 209 körlum.

Auk námskeiða fyrir trúnaðarmenn leggur skólinn áherslu á að bjóða upp á námskeið um málefni lífðandi stundar og eru í brennidepli hverju sinni sem nýtist markhóp skólans.

### *Trúnaðarmannanámskeið*

Að venju voru trúnaðarmannanámskeiðin haldin með hefðbundnu sniði skólaárið 2021-2022. Voru þau ýmist einn dagur og upp í þrjá, en þau eru skipulögð allt eftir þörfum og óskum félaganna.

Skólaárið 2020-2021 voru 48 trúnaðarmannanámskeið í boði en haldin voru 34. Er það í takt við skólaárið áður en þá varð nokkur fækkun milli skólaára. Skýringa á þessu má rekja til aðstæðna í þjóðfélaginu, þar sem enn gætir mikilla áhrifa veirunnar á ýmsa starfsemi, m.a. námskeið og námskeiðahald (fjöldatakmarkanir).

Á haustmisseri voru haldin 20 trúnaðarmannanámskeið en á vormisseri voru haldin 14 trúnaðarmannanámskeið. Heildarfjöldi þátttakenda á trúnaðarmannanámskeiðunum var 419 (266 konur og 153 karlar).

### *Almenn námskeið*

Félagsmálaskólinn býður upp á almenn námskeið sem eru opin öllum talsmönnum og trúnaðarmönnum innan verkalýðshreyfingarinnar. Haustið 2021 var boðið upp á fimm almenn námskeið en áhersla var á vinnutímabreytingu og útfærslu hennar hjá mismunandi starfsgreinum og samvinnu samninganefnda stéttarféлага. Námskeið sem voru í boði voru: Styttling vinnuvikunnar – iðngreinar; Styttling vinnutímans – vaktavinna; Samningatækni fyrir samninganefndir stéttarféлага; Samskipti og liðsheild samninganefnda og Formlegur undirbúningur kjarasamninga. Alls voru haldin fjögur námskeið og aðeins eitt þeirra fellt niður. Þátttakendur voru 41 (22 konur og 19 karlar).

Á vorönn 2022 voru fimm almenn námskeið: Lífeyrisréttindi, uppbygging og samspil; Kjarasamningar og þjóðfélagið; Hvað verður um starfið mitt; Kjarasamningar, verkföll og friðarskylda og Bandamenn. Haldin voru tvö

námskeið, þ.e. Lífeyrisréttindi og Kjarasamningar, verkföll og friðarskylda. Þátttakendur voru 25 (16 konur og 9 karlar).

Námskeiðshald gekk því ágætlega á haustmisserinu, en síður á vormisseri en áhrif Covid-19 eru enn að hafa áhrif á starfsemina, líkt og árið áður. Námskeiðin voru öll í boði bæði sem fjar- og staðnámskeið á sama tíma.

#### *Námskeiðið „Ungir leiðtogar“*

Vegna heimsfaraldurs Covid-19 og óvissu honum tengdum var námskeiðinu *Ungir leiðtogar* enn og aftur aflýst. Námskeiðið sem er miðað að ungu fólki (18-35 ára) innan verkalýðshreyfingarinnar er ætlað að auka þekkingu þátttakenda á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla framkomu og sjálfsstyrk. Þá er áhersla á að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta. Stefnt er að því að halda námskeiðið á vordögum 2023 og bjóða þá ungum leiðtogum innan BSRB þátttöku, eins og ákveðið var á síðasta ári.

#### *Námskeið fyrir starfsfólk lífeyrissjóða*

Félagsmálaskólinn í samstarfi við Landssamband lífeyrissjóða hefur boðið upp á námskeið fyrir starfsfólk og stjórnir lífeyrissjóða í mörg ár.

Haustönn 2021 var boðið upp á þrjú lífeyrisnámskeið og tvö þeirra voru haldin, þ.e. Lífeyrisréttindi, uppbygging og samspil og Persónuvernd í lífeyrissjóðum, en námskeið um áhættustýringu og innra eftirlit lífeyrissjóða var fellt niður. Þátttakendur voru samtals 15 á báðum námskeiðunum.

Vorönn 2022 var boðið upp á þrjú styttri námskeið en þau voru öll felld niður vegna dræmrar skráningar, en þau voru: Ársreikningar og skýrslur lífeyrissjóða, Yfirlitsnámskeið um lífeyriskerfið og tryggingafræðilegt mat. Námskeiðið til undirbúnings á hæfismati Fjármálaeftirlitsins var haldið og voru þátttakendur á því sjö. Skólinn lítur svo á, að það sé samfélagsleg skylda hans að halda það námskeið óháð skráningu.

### **Samstarf við fræðslusetrið Starfsmennt**

Félagsmálaskólinn og Fræðslusetrið Starfsmennt hafa starfað saman í mörg ár og boðið starfsfólki og þeim sem sitja í stjórnnum stéttarfélaganna upp á fjölbreytt námskeið í námskeiðsflokk undir heitinu Forystufræðsla. Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjáls. Framboð hvers missis er ákveðið í sameiningu af Félagsmálaskólanum og Starfsmennt, tekið er mið af þörfum hópsins hverju sinni.

Á haustönn 2021 var boðið upp á fimm námskeið í Forystufræðslunni. Þrjú námskeiðanna voru haldin, þ.e. námskeiðin: *Stytttri – endurhugsun vinnutímans; Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna stéttarfélaga og #Metoo og hvað svo? Námskeið um stjórnun samfélagsmiðla fyrir starfsfólk og stjórnir stéttarfélaga var frestað fram á vor 2022 og námskeið um styttingu vinnutímans á opinberum vinnumarkaði var fellt niður.*

*Á vormisseri 2022 voru fjögur námskeið í boði, þ.e. Stjórnun samfélagsmiðla fyrir starfsfólk stéttarfélaga og Fundarsköp og ritun fundargerða sem voru haldin, en tvö námskeið voru felld niður, þ.e. Meðvirkni á vinnustað og teymisvinna og heilbrigður ágreiningur*

## **Handbók trúnaðarmannsins**

Handbók trúnaðarmannsins var fyrst gefin út vorið 2004 og hefur nú selst í 4940 (tæplega 5000) eintökum. Mörg stéttarfélaganna kaupa hana fyrir trúnaðarmenn sína og dreifa á námskeiðum.

Stytttri útgáfa handbókarinnar er til á ensku og pólsku og er hægt að sækja þær á heimasíðu skólans.

Handbókin og allt efni hennar er opið og aðgengilegt öllum á heimasíðu Félagsmálaskólans, - [www.felagsmalaskoli.is](http://www.felagsmalaskoli.is).

## **Umsóknir um styrki vegna þýðingar handbókar og smáforrits**

Félagsmálaskólinn hefur undanfarin misseri lagt áherslu á að ná til erlendra starfsmanna á vinnumarkaði, enda eru þeir stór hluti félagsmanna í mörgum stéttarfélögum. Að sama skapi hefur erlendum trúnaðarmönnum fjölgað. Til að koma á móts við þennan sístækkandi hóp, var tekin ákvörðun um að þýða Handbók trúnaðarmannsins yfir á pólsku (auk enskunnar sem er þegar til).

Félagsmálaskólinn sótti um styrki til Starfsafls, Landsmenntar og Starfsmenntasjóða verzlunar og þjónustu vegna þýðingar handbókar yfir á pólsku og yfirfærslu á pólskum texta í smáforritið Orðakistuna (OK) sem hefur verið í þróun síðustu misseri á vegum skólans og þegar verið tekið í notkun.

Sótt var um 600.000 í hvern sjóð. Umsóknirnar voru samþykktar hjá öllum sjóðunum og veittu umbeðna styrkupp hæð í öllum tilvikum.

## **Learncove**

Árið 2019 hófst þróunarvinna við nýtt námsumhverfi/kennsluumsjónarkerfi í samstarfi við hugbúnaðarfyritækið Costner ehf. Kennslukerfið, sem heitir Learncove, var tekið í notkun í byrjun árs 2021 og vinna starfsmenn skólans að því að tileinka sér og nýta möguleika kerfisins við skráningu og utanumhald nemenda og fjölbreytta möguleika þess í fræðslu. Er þá sérstaklega horft til þeirra möguleika sem námskerfið býður upp á hvað varðar rafrænt námsefni,



verkefni og verkefnaskil nemenda og námsmat. Viðmót námskerfisins er einfalt og ekki er þörf á sérstakri tæknikunnáttu.

### **Félagsmálaskólinn vottaður fræðsluaðili**

Viðurkenning Menntamálastofnunar til handa Félagsmálaskólanum til að annast framhaldsfræðslu rann út í júní 2021. Vinna við að endurnýja þá viðurkenningu hófst á vormánuðum 2021 en skila þarf inn ítarlegum upplýsingum um starfsemi skólans til að fá slíka viðurkenningu. Félagsmálaskólinn skilaði inn umsókn í apríl 2021 til að öðlast þá viðurkenningu og í nóvember þá veitti Menntamálastofnun skólanum áframhaldandi viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu til þriggja ára. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðilans uppfylli á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stöð í þeim.

### **Námskeið í kennslufræðum fullorðinna**

Í október bauð Félagsmálaskólinn upp á tvö námskeið í kennslufræðum fullorðinna. Félagsmálaskólinn leggur áherslu á vandaða kennsluhætti og var þetta einn liður í því að styrkja þá starfsmenn ASÍ og BSRB sem koma að kennslu á námskeiðum en þeir voru hvattir til að taka þátt í því. Kennari á námskeiðinu var Hildur Betty Kristjánsdóttir, þá aðjúnkt við Menntavísindasvið HÍ og sérfræðingur í kennslu fullorðinna.

Farið var yfir hentugar kennsluaðferðir sem nýta má í kennslu, bæði er tengjast staðbundinni kennslu, en einnig fjar- og vefnámi.

## Mímir

Inngangur framkvæmdastjóra Mímis:

### Liðsheild sem aldrei fyrr

Tvennt má segja að staðið hafi upp úr í starfsemi Mímis á þessu viðburðaríka ári. Annars vegar öryggis- og gæðamál með tilheyrandi úttektum og viðurkenningum sem leggja grunninn að starfi Mímis. Hins vegar ráðstafanir Mímis vegna heimsfaraldurs COVID-19, óveðurs og náttúruvárs en starfsfólk sýndi eftir sem áður útsjónarsemi í þjónustu við viðskiptavinum í sífbreytilegum og krefjandi aðstæðum.

Á heildina litið var árið 2021 farsælt í starfsemi Mímis. Rekstrarafgangur varð hjá Mími upp á 7,8 milljónir króna en hann var um fjórar milljónir árið á undan. Heildartekjur námu 458,2 milljónum króna sem er nettóhækkun upp á 18 milljónir króna frá árinu á undan. Þá hækkun má alfarið rekja til íslenskukennslu fyrir útlendinga en tekjur af henni hækkðu um 20,6 milljónir króna á milli ára sem er meginskýring á tekjuafgangi ársins. Nemendastundum fækkaði um 3% milli ára og munar þar mestu um fækkun nemendastunda í vottuðum námsbrautum, eða um 9%. Hins vegar fjölgaði nemendastundum um 9% í íslensku. Það skýrist af fjölgun námskeiða í íslensku fyrir vinnustaði en eftirspurn eftir þeim jókst samhlíða því sem dró úr áhrifum samkomutakmarkana í samfélaginu.



*Sólveig Hildur Björnsdóttir*

### Óslitin starfsemi þrátt fyrir heimsfaraldur og náttúruvá

Árið byrjaði með látum. Ofan á sífbreytilegar sóttvarnatakmarkanir stjórnvalda vegna heimsfaraldursins tók hver óveðursspáin við af annarri auk þess sem jörð tók að hristast. Hrina jarðskjálfta reyndist svo vera undanfari eldgoss á Reykjanesi sem hófst 19. mars. Allt þetta setti mark sitt á starfsemi Mímis því grípa þurfti til ýmissa ráðstafana til að tryggja samfellu í rekstrinum og áfram góða þjónustu við viðskiptavinum. Starfsemin hafði þegar gengið í gegnum mikilvægan lærdóm af því að starfa á tímum heimsfaraldurs frá því árinu á undan og nýttist sú reynsla vel í að halda úti óslitinni starfsemi. Þróun í auk-

inni stafrænni þjónustu Mímis var flýtt og fjarþjónusta aukin með tilheyrandi fjárfestingu í tækniinnviðum. Sumar breytinganna eru komnar til að vera enda hafa þær fengið jákvæðar undirtektir hjá viðskiptavinum.

## Gæðamál í fyrirrúmi

Mörgum áföngum var náð við að efla og tryggja gæði í starfsemi Mímis. Mímir hlaut endurnýjun á EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Þá fór fram á árinu undirbúningur umsóknar um viðurkenningu fræðsluaðila hjá Menntamálastofnun og hlaut viðurkenningin í upphafi árs 2022. Báðar gæðavottanirnar eru skilyrði fyrir því að Mímir geti annast framhaldsfræðslu. Þá fór fram innra mat á starfseminni eins og samningur við ríkið gerir ráð fyrir og fóru umbætur fram í lok árs.

Í byrjun árs hófst vinna við að endurskoða nám og kennslu á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga. Fjöldi hagaðila tók þátt í að greina bæði innra og ytra umhverfi Mímis með tilliti til þessarar þjónustu, þar á meðal fulltrúar úr hópi viðskiptavina Mímis, bæði þeir sem hafa sótt námskeið í íslensku og fulltrúar atvinnurekenda á vinnustöðum sem skipta við Mími. Þá tóku þátt í greiningunni fulltrúar úr kennarahópi Mímis, samtökum atvinnurekenda, samtökum innflytjenda og þjónusturáðgjafar innflytjenda sem og starfsfólk Mímis. Úr varð ný stefna, hlutverk og framtíðarsýn auk þess sem nokkur lykilmarkmið voru sett og helstu verkefni kortlögð. Áfram verður unnið að því að efla íslenskunámskeiðin á árinu 2022.

Mímir festi kaup á hágæða tæknibúnaði til fjarfunda og fjarkennslu og myndar hann brú yfir í kennsluferfi Mímis. Hljóð- og myndgæði eru tryggð og geta bæði nemandi og kennari náð góðum tengslum rétt eins og þeir væru staddir í sama rýminu. Búnaðurinn gerir Mími kleift að ná til breiðari hóps, veita jafnvel fleirum þjónustu á sama tíma án þess að það þurfi að koma niður á gæðum. Þá er búnaðurinn einfaldur í notkun og aðgengilegur. Mímir fjárfesti einnig í gagnvirkum kennsluskjám sem eru nú í öllum kennslustofum. Þetta er í samræmi við aukna áherslu Mímis á góða og skilvirka þjónustu við kennara og viðskiptavini.

Mímir leitaði til tæknifyrirtækis um að gera úttektir og veikleikaskannanir á tölvukerfum, með tilliti til gagnaöryggis og persónuverndar sem Mímir styðst við. Rekstrarumhverfi Mímis var kortlagt með tilliti til upplýsingaöryggis. Í niðurstöðum úttekta voru lagðar fram tillögur að úrbótum til þess að tryggja megi framúrskarandi öryggi og rekstrarsamfellu sem var strax ráðist í að framkvæma í samvinnu við þjónustuaðila Mímis í tæknimálum.

## Nýsköpun í takt við samfélagið

Á vormánuðum lauk Mímir við gerð kennsluefnis í samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn sem unnið var fyrir Vinnumálastofnun samkvæmt þjónustusamningi þess efnis sem var undirritaður í nóvember 2019 eftir útböðsferli. Kennsluefnið hlaut nafnið Landneminn og er hýst hjá Vinnumálastofnun en það hefur svo verið kennt á námskeiðum sem eru hluti af samræmdri mótöku flóttafólks. Við gerð fræðsluefnisins var leitað til ýmissa hagaðila um yfirlestur og ábendingar enda er fræðsluefnið víðfeðmt og tekur á mörgum samfélagslegum þáttum. Í framhaldi af útgáfu Landnemans fól Vinnumálastofnun Mími að þróa kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur á námskeiðum Landnemans.

Mímir bauð í gegnum vinnumarkaðsátakið Nám er tækifæri í samstarfi við Vinnumálastofnun upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og nám í vottuðum námsbrautum framhaldsfræðslunnar án þess að það hefði áhrif á greiðslur til atvinnuleysisbóta. Ekki stóð á Mími við framboð þessara þjónustupátta en því miður sóttu fáir þessi úrræði í gegnum Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu að undanskilinni náms- og starfsráðgjöf sem mikil aðsókn var í.

## Sístækkandi miðstöð fyrir próftöku

Sífelld fleiri leita til Mímis um að þreyta háskólapróf. Samstarf Mímis við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands hélt áfram en Mímir býður nemendum þeirra upp á aðstöðu til próftöku og sér um fyrirlögn prófa. Próftaka jókst um 68% á milli ára en 649 manns tóku próf hjá Mími árið 2021 en 204 árið 2020. Þá sér Mímir um framkvæmd íslensku-prófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Leiða má líkur að því að áhrif samkomutakmarkana skili sér nú í uppsafnaðri þörf með þessari aukningu milli ára.

Alls þreyttu 266 einstaklingar stöðumat í íslensku árið 2021 en hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að sækja stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Einnig býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsókna um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Þá býður Mímir íslenskupróf vegna starfsleyfa hjá Landlæknisembættinu.

## Hreyfiafl til góðra verka

Þegar litíð er yfir árið 2021 er mér þakklæti efst í huga. Kennarar og nemendur Mímis sýndu mikla þolinmæði við fyrrneft rask á námi og kennslu vegna sóttvarnatakmarkana. Á sama tíma höfum við fengið jákvæð viðbrögð við nýjum tæknilausnum sem jafnframt má sjá í aukinni notkun.

Mímir hlaut í þriðja sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2021 auk þess að uppfylla fjórða árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2021. Aðeins 2-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.

Um leið og ég þakka stjórn Mímis fyrir samstarfið á árinu vil ég sérstaklega þakka starfsfólki Mímis fyrir þann dugnað og eljusemi sem það sýndi á því krefjandi ári sem 2021 var. Ég hef fulla trú á því að Mímir eigi sér bjarta framtíð með svo öflugt starfsfólk í fararbroddi. Nú horfum við til bjartari tíma, byggjum framtíðina á sífældri þróun starfseminnar í takti við nýjungar sem og ríkulegum mannaði Mímis. Saman erum við hreyfiafl til góðra verka.

Sólveig Hildur Björnsdóttir

## Almennur rekstur


Rekstur Mímis skilaði jákvæðri niðurstöðu upp á 7,8 milljónir króna árið 2021. Heildartekjur námu 458,2 milljónum króna og það er nettóhækkun upp á 18 milljónir króna frá árinu á undan. Þá hækkun má alfarið rekja til íslenskukennslu fyrir útlendinga en tekjur af henni hækkudu um 20,6 milljónir króna á milli ára sem er meginskýring á tekjuafgangi ársins.

Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis til íslenskukennslu hefur nokkurn veginn staðið í stað undanfarin ár og því í raun lækkað að verðgildi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti hins vegar veglegt viðbótarframlag til íslenskukennslu hjá Mími í lok árs 2021 eftir umsóknarferli. Fjármagninu var úthlutað með þeim fyrirvara að það yrði nýtt á liðinni haustönn 2021 og vorönn 2022 eða fyrir lok júní. Ljóst þykir að erfitt er að nýta fjármagn aftur í tímann þar sem haustönnin var liðin þegar fjármagnið barst. Þá þurfi að hlaupa hratt á vorönninni enda stuttur tími veittur til að nýta fjármagnið. Þess sér ekki merki í rekstrarreikningi 2021 þar sem námskeið sem voru hafin á grunni þess framlags stóðu fram yfir áramót. Uppgjör á framlagi grundvallast á því hve margir luku náminu.

Einingaverð mennta- og menningarmálaráðuneytis til útreiknings á framlagi til íslenskukennslu fyrir útlendinga hefur staðið óbreytt undanfarinn áratug. Það gerir það að verkum að sá hluti sem nemandinn greiðir fyrir námið hækkar stöðugt. Framlög til Mímis og annarra símenntunarmiðstöðva til kennslu vottaðs náms hafa heldur ekki fylgt verðlagi. Sömu sögu er að segja um verðlistann sem gefinn er út til útreiknings á greiðslum fyrir framkvæmd náms. Verðlistinn er látinn standa óbreyttur á milli árunna 2021 og 2022.

Framangreind atriði sem varða tekjuhlið rekstrar, verðbólga ársins og spár um aukna og áframhaldandi verðbólgu eru áhyggjuefni fyrir Mími því ýmsir rekstrarsamningar eru bundnir vísitölu. Mímir gjaldfærir öll innkaup

## Hlutfallsleg skipting rekstrartekna árið 2021



varanlegra rekstrarfjármuna nema um sé að ræða kaup á einstökum hlut sem kostar eina milljón eða meira. Sú regla var ákveðin af stjórn árið 2017. Í ljósi þess að Mímir er rekinn án hagnaðarsjónarmiða er talið jákvætt að takmarka möguleika félagsins á að velta kostnaði á undan sér, sérstaklega þau ár sem reksturinn kann að vera í viðkvæmri stöðu. Við það að gjaldfæra eignir aukast líkur á að gjöld verði í takti við tekjur auk þess sem reksturinn verður enn fremur einfaldari og gagnsærri. Þannig verður fyrirsjáanleiki í rekstri meiri. Þessi regla skeykir hins vegar samanburð við afkomutölur (og kennitölur) annarra félaga.

Alþýðusamband Íslands er eini hluthafi Mímis-símenntunar ehf. Enginn arður er greiddur út úr félaginu heldur er rekstrarafgangi hvers árs varið til að efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði, eins og stofnskrá félagsins mælir fyrir um.

### Mannauður

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipa Eyrún Björk Valsdóttir formaður, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir varaformaður, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir meðstjórnandi og


Eyþór Árnason meðstjórnandi. Varamenn eru Sólveig Anna Jónsdóttir, Hilmar Harðarson og Selma Kristjánsdóttir.

## STJÓRN



Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 19,4 árið 2021, einu fleiri en árinu á undan. Þá voru 125 í verktöku hjá Mími, meðal annars við kennslu og er það einnig svipaður fjöldi og árið 2020.

## SKIPURIT MÍMIS



## Fræðsla

Skólahald hélt óslitið árið 2021 þrátt fyrir að Covid-19 veiran hefði enn verið allsráðandi í samfélaginu og samkomutakmarkanir síbreytilegar. Starfsemin hafði þegar gengið í gegnum mikilvægan lærdóm af því að starfa á tímum heimsfaraldurs frá því árinu á undan og nýttist sú reynsla vel í að halda úti óslitinni starfsemi. Nemendastundum fækkaði um 3% milli ára og munar þar mestu um fækkun nemendastunda í vottuðum námsbrautum, eða um 9%. Hins vegar fjölgaði nemendastundum um 9% í íslensku sem skýrist af fjölgun námskeiða í íslensku fyrir vinnustaði en eftirspurn eftir þeim jókst samhliða því sem dró úr áhrifum samkomutakmarkana í samfélaginu. Líkt og áður dugði árlegur fjárstyrkur mennta- og menningarmálaráðuneytis til íslensku-námskeiða hjá Mími ekki til að mæta eftirspurn eftir námskeiðum heilt yfir árið 2021.

Á vormánuðum lauk Mímir við gerð kennsluefnis í samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn sem unnið var fyrir Vinnumálastofnun samkvæmt þjónustusamningi þess efnis undirrituðum 12. nóvember 2019 eftir útbóðsferli. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum með opunarhófi í húsnæði Vinnumálastofnunar þann 28. október 2021. Kennsluefnið hlaut nafnið Landneminn og er hýst hjá Vinnumálastofnun en það hefur svo verið kennt á námskeiðum sem eru hluti af samræmdri móttöku flóttafólks. Á námskeiðinu, sem telur 40 klukkustundir, fá nemendur kennsluna á móðurmáli sínu en við hönnun efnisins var litið til margbreytileika málhópanna. Kennsluefnið var gefið út á sjö tungumálum en auk ritads efnis fylgir upplestur á hverju móðurmáli fyrir sig. Við gerð kennsluefnisins var leitað til ýmissa hagaðila um yfirlestur og ábendingar enda er fræðsluefnið víðfeðmt og tekur á mörgum samfélagslegum þáttum. Í framhaldi af útgáfu Landnemans fól Vinnumálastofnun Mími að þróa kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur á námskeiðum Landnemans. Á árinu hélt Mímir fjögur námskeið í Landnemanum fyrir flóttafólk, tvö á ensku og tvö á arabísku. Auk þess voru haldin þrjú námskeið í kennslufræði fyrir leiðbeinendur í Landnemanum; tveir staðnáms hópar, annar á ensku og hinn á íslensku og einn fjarnámshópur.

## Samstarf við Vinnumálastofnun um „Nám er tækifæri“

Mímir bauð í gegnum vinnumarkaðsátakið Nám er tækifæri í samstarfi við Vinnumálastofnun upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og nám í vottuðum námsbrautum framhaldsfræðslunnar án þess að það hefði áhrif á greiðslur til atvinnuleysisbóta. Ekki stóð á Mími við framboð þessara þjónustupáttá. Atvinnuleitendum stóðu til boða 25 mismunandi námsbrautir á árinu sem ýmist voru kenndar á íslensku, ensku eða pólsku. Afar fáir sýndu námsbraut-





um á höfuðborgarsvæðinu áhuga í gegnum Vinnumálastofnun. Þátttaka varð því mjög dræm hjá Mími og voru flestar námsbrautirnar felldar niður vegna þess. Betur gekk hjá sumum símenntunarmiðstöðvum úti á landi að fara af stað með námsbrautir fyrir atvinnuleitendur en miðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til mismunandi aðferðafræði og áherslna Vinnumálastofnunar á landsvæðum við nýtingu á fjármagni og þjónustu við markhópinn. Þá hafði sú áherslubreyting sem Vinnumálastofnun tilkynnti miðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, þegar átakið Hefjum störf fór af stað frá 1. apríl, um að Vinnumálastofnun myndi ekki leggja áherslu á Nám er tækifæri heldur Hefjum störf vafalaust áhrif á að eftirspurn í námsbrautir á höfuðborgarsvæðinu varð lítil.

Fjölmarginir atvinnuleitendur sóttu í náms- og starfsráðgjöf hjá Mími í gegnum Vinnumálastofnun, eða samtals 187. Lögð var áhersla á að virkja atvinnuleitendur, einkum þá sem höfðu verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur, með náms- og starfsráðgjafarviðtölum eða öðrum þeim vinnuarkaðsúræðum sem hentuðu viðkomandi einstaklingi.

Enginn sótti raunfærnimat hjá Mími í gegnum vinnuarkaðsátak Vinnumálastofnunar Nám er tækifæri, þrátt fyrir að framboð væri til staðar.

Þrátt fyrir að nám í íslensku fyrir útlendinga væri talið hluti vinnuarkaðsátaks Vinnumálastofnunar undir merkjum Nám er tækifæri og mikil ásókn væri í það úrræði fyrir atvinnuleitendur þá kom ekki aukið fé til verksins til handa framkvæmdaaðilum kennslunnar fyrir en í lok árs 2021 eftir umsóknarferli. Fjármagninu var úthlutað með þeim fyrirvara að það yrði nýtt á liðinni haustönn 2021 og vorönn 2022 eða fyrir lok júní. Ljóst þykir að erfitt er að nýta fjármagn aftur í tímunn þar sem haustönnin var liðin þegar fjármagnið barst. Þá þurfi að hlaupa hratt á vorönninni enda stuttur tími veittur til að nýta fjármagnið.



## Íslenska sem annað mál

Á árinu 2021 voru alls haldin 121 íslenskunámskeið með 1.513 þátttakendum sem luku námskeiðum með 75% mætingu að lágmarki. Af þeim fóru 37 námskeið fram í fjarnámi að hluta til eða að öllu leyti. Ljóst þykir að fjarnám á öllum stigum hafi fest sig í sessi hjá Mími.

Fjölmargir hagaðilar komu saman í júní og tóku þátt í að greina bæði innra og ytra umhverfi Mímis varðandi íslenskunámskeið fyrir útlendinga en greiningin var hluti af heildarendurskoðun á námi og kennslu í íslensku sem öðru máli hjá Mími.

Markmið þessarar vinnu er að Mímir veiti viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu við nám og kennslu. Hagaðilar voru fulltrúar úr hópi viðskiptavina Mímis, bæði þeir sem hafa sótt námskeið í íslensku og fulltrúar atvinnurekenda á vinnustöðum sem skipta við Mími. Þá tóku þátt í greiningunni fulltrúar úr kennarahópi Mímis, samtökum atvinnurekenda, samtökum innflytjenda og þjónusturáðgjafar innflytjenda sem og starfsfólk Mímis.

## Almenn íslenskunámskeið

Námskeiðin í íslensku fyrir útlendinga árið 2021 voru á sex stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir sjö mismunandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda, til dæmis arabísku, pólsku og taílensku. Kennsla á almennum íslenskunámskeiðum fór fram á tveimur stöðum: í Höfðabakka og í húsnæði Mímis að Öldugötu 23. Kennsla og námsefni tekur mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla almenna íslenskuþekkingu og færni í að nota tungumálið í daglegu lífi.

## Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki

Starfstengdum námskeiðum í íslensku fjölgaði um 27% á milli ára en alls voru haldin 19 námskeið hjá fimm fyrirtækjum en þau voru 15 árið áður. Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun, fyrir fagmenntað fólk, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri starfsstéttir.

## Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt

Þeim sem þreyttu próf sem hluta af umsókn um íslenskan ríkisborgararétt fjölgaði um 30% milli ára en 538 manns tóku prófið árið 2021 en þeir voru

384 árið 2020. Leiða má líkur að því að áhrif samkomutakmarkana skili sér nú í uppsafnaðri þörf með þessari aukningu milli ára.

Mímir sér um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Prófað er í skilningi, ritun, hlustun og tali. Prófaloturnar fóru fram tvisvar á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis á Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og Austurbrú á Egilsstöðum.

Nánari upplýsingar um fjölda nemendastunda í einstökum námskeiðum og námsbrautum hjá Mími má sjá í ársskýrslu Mímis 2021.

## Ráðgjöf og stöðumat

### Náms- og starfsráðgjöf

Viðtölum hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis fjölgaði um 34% en í heildina fóru fram 1717 viðtöl árið 2021 en þau voru 1283 árið 2020. Inni í þessari tölu eru öll ráðgjafaviðtöl óháð því hver greiðir þau. Mímir var í samstarfi við fleiri en Fræðslusjóð á árinu um náms- og starfsráðgjöf en samstarfssamningar voru gerðir við Vinnumálastofnun, VR og Eflingu - stéttarfélag um viðtöl fyrir markhópa þeirra.

Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Viðtöl hjá Mími sem Fræðslusjóður greiddi voru samtals 1489 en þau voru 1283 árið 2020, eða um 16% aukning á milli ára. Enda þótt framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar hafi hækkað um tæp 8% að nafnvirði á milli áruna 2020 og 2021 skýrist fjölgun viðtala á því að hlaupa þurfti hraðar fyrir svipaða úthlutun frá Fræðslusjóði á milli ára því stjórn Fræðslusjóðs ákvað á fundi sínum 5. janúar 2021 að lækka verð ráðgjafaviðtala. Þannig lækkuðu einstaklingsviðtöl um 10% frá verðlista 2020 og hópráðgjöf um 50%.

Viðtöl fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við Vinnumálastofnun voru samtals 187 í gegnum vinnumarkaðsátakið Nám er tækifæri. Þá fór samtals 41 viðtal fram í samstarfi við stéttarfélög; 25 viðtöl fyrir félagsmenn VR og 16 fyrir félagsmenn Eflingar.

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafa voru 3,7 sem fjórir ráðgjafar sinntu og voru stöðugildin því 0,7 fleiri en á fyrra ári.

Heimsfaraldur Covid-19 hafði ekki áhrif á inntak helstu verkefna náms- og starfsráðgjafa hjá Mími. Verkefnin voru nú sem áður ráðgjöf til einstaklinga og verkefnastjórnun í raunfærnimati. Hins vegar hafði heimsfaraldurinn þau áhrif að aðferðafræðin við framkvæmd viðtala breyttist með þeim hætti að fleiri viðtöl fóru fram í gegnum fjarfundabúnað en áður. Sé horft til viðtala sem

Fræðslusjóður greiddi varð tíðni rafrænnar ráðgjafar örlítið hærri en ráðgjafar sem veitt var á staðnum, eða 762 rafræn viðtöl á móti 727 viðtölum á staðnum. Fjölgun rafrænna viðtala skýrist helst af þeirri miklu vinnu sem var lögð í stuðning við nemendur á tímum samkomutakmarkana og þeirra áskorana sem af þeim hlaust á skólastarfið í Mími. Þá var minna um hópráðgjöf, kennslu í námsbrautum og ráðgjöf inn í fyrirtæki. Ljóst þykir að rafræn ráðgjöf er komin til að vera og að sífellt fleiri kjósa að sækja sér þjónustu með þeim hætti. Kostir rafrænnar ráðgjafar eru meðal annars þeir að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf eykst óháð stað og rúmi.

Sjálf ráðgjöfin var hefðbundin að mestu leyti og skipti þá ekki máli hvort hún væri rafræn eða staðbundin. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki í ráðgjöf ásamt því að leita ráða um hin ýmsu málefni tengd nemendum. Áfram var farið yfir náms- og starfsferil ráðþega og upplýsingar veittar um nám sem í boði er. Þá var mikil áhersla lögð á stuðning við nemendur, sérstaklega meðan á heimsfaraldri stóð. Náms- og starfsráðgjafar hjá Mími lögðu ríka áherslu á að hafa samband við nemendur, hvetja þá áfram í náminu, benda þeim á leiðir til að takast á við hindranir í námi og tileinka sér góð vinnubrögð þrátt fyrir faraldurinn. Athygli vakti að þegar faraldurinn var í niðursveiflu kusu ráðþegar frekar að mæta á staðinn í viðtal en að fá rafræna ráðgjöf.

Mímir bauð upp á náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við Eflingu fyrir þá félagsmenn Eflingar sem tilheyrðu markhópi framhaldsfræðslunnar. Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að færri sóttu sér viðtöl en búist var við en alls voru viðtölin 16 talsins. Félagsmönnum stóð til boða aðstoð við að greina stöðu sína námslega og á vinnumarkaði sem og að kanna leiðir til starfsþróunar. Þá fengu félagsmenn jafnframt upplýsingar um fræðsluúrræði, atvinnumöguleika og raunfærnimat. Um var að ræða ráðgjöf á bæði íslensku og ensku, eftir aðstæðum hverju sinni. Ráðgjöfin var í boði annan hvern miðvikudag og fór fram í húsakynnum Eflingar. Einnig bauð Mímir upp á rafræna starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsmenn VR. Viðtölin eru til þess fallin að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar.


Markmið ráðgjafarinnar er að aðstoða félagsfólk við ákvarðanatöku um nám eða stöðu á vinnumarkaði sem og að kanna leiðir til starfsþróunar. Leitast er við að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf sem getur verið bæði á íslensku og ensku, eftir aðstæðum hverju sinni.

Náms- og starfsráðgjafar unnu að fjöldamörgum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra starfsmenn Mímis, fyrirtæki á vinnumarkaði og í erlendu samstarfi sem nýtist markhópi framhaldsfræðslunnar vel. Þá sóttu ráðgjafar námskeið og fyrirlestra héraendis á árinu og voru þeir allir haldnir með staf-rænum hætti.

## Ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur

Einstaklingsviðtöl sem tengjast starfsþróun voru stór þáttur í starfinu, ekki síst árið 2021 þegar atvinnuleysi jókst. Náms- og starfsráðgjafar veittu atvinnuleitendum leiðsögn við gerð ferilskrár og almennrar færnisráningar, aðstoðuðu þá við að skipuleggja starfsleit og skoða leiðir til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Þá veittu náms- og starfsráðgjafar Mímis atvinnuleitendum fjölbreytta ráðgjöf, svo sem um námstækni, áhugasviðsgreiningu, sjálfskoðun, sjálfsefningu ásamt mati á fyrra námi.

Mímir hóf samstarf við Vinnu-  
málastofnun um náms- og starfs-  
ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur í  
gegnum vinnumarkaðsátakið Nám  
er tækifæri og urðu viðtölin samtals  
187 talsins. Lögð var áhersla á að  
virka atvinnuleitendur, einkum þá  
sem höfðu verið án atvinnu í sex  
mánuði eða lengur, með náms- og  
starfsráðgjafarviðtölum eða öðrum  
þeim vinnumarkaðsúræðum sem  
hentudu viðkomandi einstaklingi.



## Raunfærnimat

Alls fóru 56 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá Mími á árinu en þeir voru 80 árið á undan. Fækkunin nemur 30% á milli ára og skýrist líklega af áhrifum heimsfaraldursins og hafði starfsmannaekla á vinnustöðum og álag meðal annars áhrif á aðsóknina í raunfærnimatið, ásamt því að enginn hópur fór af stað í almennri starfshæfni. Flestir fóru í gegnum raunfærnimat í verslun og þjónustu sem er fyrir starfandi verslunarfolk þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands. Enginn sótti raunfærnimat hjá Mími í gegnum vinnumarkaðsátak Vinnu-  
málastofnunar Nám er tækifæri.

Raunfærni er samantöð færni sem náð er með ýmsum hætti í námi, starfi eða einkalífi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni. Eins er það gott tæki til starfsþróunar og sjálfsefningar hvort sem metið er á móti námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum.

Raunfærnimat er stór þáttur í verkefnum náms- og starfsráðgjafa en þeir sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf í því. Þrátt fyrir ástandið í samfélaginu

vegna heimsfaraldurs Covid-19 var unnið að eftirfarandi raunfærnimatsverkefnum:

- Raunfærnimat á móti viðmiðum félags- og tómsundabrautar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabrautar. Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (ensku, íslensku, stærðfræði og dönsku). Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat á móti fagnámi í verslun og þjónustu. Raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands. Fór raunfærnimatið ýmist fram raf-rænt eða á staðnum.

Að auki var samstarf við Visku - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um raunfærnimat í skipstjórn. Þar voru ráðgjafar þátttakendum innan handar í matsviðtölum.

Þá verður haldið áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2022 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð fyrir árið 2021 sem ekki tókst að ljúka fyrir áramót

## **Stöðumat í íslensku**

Hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að sækja stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Stöðumat í íslensku er bæði skriflegt og munnlegt. Það er auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefst en einnig geta nemendur sótt stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Á árinu þreyttu alls 206 einstaklingar stöðumat í íslensku. Þá býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun en 58 manns sóttu slíkt stöðumat árið 2021. Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í málinu áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi. Tveir þreyttu slíkt stöðumat á árinu.

Alls þreyttu 266 einstaklingar stöðumat í íslensku árið 2021.

## **Prófamiðstöð**

Samstarf Mímis við háskóla hélt áfram og sneri að því að bjóða upp á aðstöðu til próftöku fyrir háskólanema. Próftaka jókst um 68% á milli ára en 649 manns tóku próf hjá Mími árið 2021 en 204 árið 2020. Háskólinn á Akureyri og Mímir hófu samstarfið haustið 2019 sem gengur út á það að veita nem-

endum háskólans aðstöðu til próftöku bæði á símatdögum og í prófatíðum háskólans. Mímir sér um fyrirlögn prófanna fyrir háskólann. Sambærileg þjónusta er við nemendur Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands sem einnig þreyttu próf í húsnaði Mímis.

## Próunar- og samstarfsverkefni

Próunar- og samstarfsverkefni er mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Unnið var að ellefu slíkum verkefnum árið 2021 með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt eru af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ og/eða Nordplus. Áhersla var lögð á verkefni sem miða að því að efla þekkingu og færni á ýmiss konar tækni sem snertir nám og kennslu.

Lítills háttar breytingar urðu á nokkrum erlendum samstarfsverkefnum meðan á heimsfaraldri Covid-19 stóð. Flest verkefnin héldu áfram samkvæmt áætlun en þó með breyttu formi funda sem urðu rafrænir.

Í ársskýrslu Mímis 2021 má sjá yfirlit þróunar- og samstarfsverkefna Mímis á árinu.

## Gæðamál

Gæðamál léku stórt hlutverk á árinu 2021 en frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis.

Undirbúningur fyrir EQM+ gæðaúttekt á fræðslustarfsemi Mímis hófst í upphafi árs en úttekt fór fram í nóvember. Mímir hlaut formlega vottun í lok árs. Um er að ræða endurnýjun á EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili og EQM og EQM+ á Íslandi er gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. Mímir hlaut fyrst gæðavottun EQM árið 2012 og fer úttekt fram á þriggja ára fresti.

Mímir hóf undirbúning umsóknar um viðurkenningu fræðsluaðila en samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 skal mennta- og menningarmálaráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veita fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laganna og



reglna sem settar eru með stöð í þeim. Mímir hefur haft þessa viðurkenningu undanfarinn áratug en komið var að því að sækja um aftur þar sem fyrri viðurkenning rynni út í upphafi árs 2022. Við feril umsóknar um viðurkenningu fræðsluaðila tók Mímir saman ítarlegar upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. skipulag, rekstrarfyrirkomulag, fjárhag, húsnæði, aðstöðu og fleiri þætti sem liggja til grundvallar viðurkenningu. Umsókn var lögð fram til Menntamála-stofnunar í lok árs og hlaust ný viðurkenning fræðsluaðila í janúar 2022.

Á árinu var gerð áætlun um innra mat sem framkvæmt var í desember og fóru umbætur fram í lok árs.

Mímir hlaut í þriðja sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2021 auk þess að uppfylla fjórða árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2021. Aðeins 2-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.

Á árinu voru kallaðir saman hagaðilar til að greina innra og ytra umhverfi Mímis varðandi íslenskukennslu fyrir útlendinga. Greiningin var hluti af heildarendurskoðun á námi og kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Hagaðilar voru fulltrúar úr hópi viðskiptavina Mímis, bæði þeir sem hafa sótt námskeið í íslensku og fulltrúar atvinnurekenda á vinnustöðum sem skipta við Mími. Þá tóku þátt í greiningunni fulltrúar úr kennarahópi Mímis, samtökum atvinnurekenda, samtökum innflytjenda og þjónusturáðgjafar innflytjenda sem og starfsfólk Mímis.

Leitað var til Origo um að gera úttekt á kerfum Mímis sem varða upplýsingatækniöryggi. Staða Mímis á þessu sviði var metin og yfirsýn veitt yfir hvar mögulegir öryggisbrestir liggja í núverandi umhverfi. Þá voru lagðar til umbætur sem strax var ráðist í að framkvæma í samvinnu við þjónustuaðila Mímis í tæknimálum.

Gæðateymi vann áfram að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra, hliðstætt við árin á undan.

## **Kynningar- og markaðsmál**

Gerðir voru kynningarbæklingar bæði um nám og raunfærnimat sem flestir voru á rafrænu formi. Þjónusta við viðskiptavinum var þróuð enn frekar í gegnum vef og áfram var notast við samfélagsmiðlana Facebook, Instagram, Youtube og Google til að kynna starfsemi Mímis. Þá voru námsbrautir kynntar í útvarpi í samstarfi við Birtingahúsið.

Birtar voru auglýsingar á strætóskýlum til að kynna íslenskunámskeið. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni. Áfram var unnið að bættu aðgengi á vef Mímis en gerðar voru útlitsbreytingar á helstu síðum, texti endurunninn með það að augnamiði



að gera hann notendamiðaðri og sölusíður endurunnar og einfaldaðar. Þá var tekin í notkun ný bókunarvél á vef Mímis og fer nú bókun viðtala í náms- og starfsráðgjöf eingöngu fram í gegnum hana.

Í aðdraganda alþingiskosninga bauð Mímir stjórnmalaflokkum að heim-sækja fyrirtækið og kynna sér starfsemi þess. Fulltrúar frá fjórum stjórn-malaflokkum þáðu boðið en þeir voru Samfylkingin, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn.

## **Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar**

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður árið 1983 til minningar um Eðvarð Sigurðsson, formann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Sjóðurinn er í umsjá Alþýðusambands Íslands.

Á hverju ári er úthlutað styrkjum úr sjóðnum til verkefna sem varða sér-staklega íslenskan vinnumarkað, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðs-hreyfingarinnar.

Vorið 2022 voru veittir fjórir styrkir úr sjóðnum og eru þeir eftirfarandi:

Alda Lóa Leifsdóttir fær 600.000 kr. til verkefnisins Huldukonur Íslands. Verkefnið felst í því að safna saman og skrásetja persónulegar frásagnir erlendra verkakvenna af aðstæðum þeirra á íslenskum vinnumarkaði, kjörum, draumum og persónulegu lífi þeirra.

Einar Þór Gunnlaugsson fær 1.000.000 kr. til undirbúnings heimilda-myndarinnar Tólf tuttugu. Heimildarmyndin „Tólf tuttugu“ segir m.a. frá kennaraverkfallinu 1995 og tengslum þess við atburði í íslensku samfélagi á síðasta áratug 20. aldar, þ.m.t. Þjóðarsátt á vinnumarkaði. Áætlað er að myndin verði frumsýnd á næsta ári.

Hanna Lind Garðarsdóttir fær 400.000 kr. til verkefnisins Upplifun flug-liða af kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands við Icelandair: „Aðför að íslensku vinnufólki“

Rannsóknin er lokaverkefni í mastersnámi í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Verkefnið er eigindleg rannsókn á upplifun flugliða á kjaradeilu Icelandair og Flugfreyjufélagi Íslands.

Íris Fanney Sindradóttir fær 400.000 kr. til verkefnisins Bótaábyrgð vinnu-veitenda vegna uppsagna sem tengjast kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Verkefnið er rannsókn og lokaverkefni í mastersnámi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík á sviði vinnuréttar.



## Erlend samskipti

### Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA löndunum, þ.e. Íslands, Noregs, Liechtenstein og Sviss. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA- EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda. Sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Liechtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum. Halldór Oddsson er fulltrúi ASÍ í nefndinni en þar eiga einnig sæti frá Íslandi BSRB, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hvað varðar fríverslunarsamninga og atriði þeim tengd þá eru svokölluð

„TSD“ ákvæði mikið til umræðu og er sú umræða fyrst og fremst keyrð áfram í nefndinni af fulltrúum verkalyðshreyfingarinnar en grundvallarafstaðan er áfram sú að skilyrði fyrir gerð fríverslunarsamninga eigi alltaf að vera að gagnaðilinn virði lágmarkskröfur um mannréttindi og réttindi verkafólks.

Nefndin fjallar eðli málsins skv. einnig mikið um EES mál, þar sem þrjú af fjórum EFTA ríkjum eru aðilar að EES og hið fjórða, Sviss, er vissulega í gríðarlega miklum samskiptum við ESB þrátt fyrir að vera ekki formlega hluti af innri markaðnum og lúta reglum hans eingöngu að takmörkuðu leyti, formlega séð a.m.k. Á vettvangi EES er það einna helst innleiðingar á réttargerðum sem er fókus á. Staðan er enn þá svo að innleiðing tekur ávallt talsverðan tíma og EES/EFTA ríkin talsvert á eftir því að taka upp reglur um innri markaðinn sem getur skapað óheppilegt ójafnvægi. Eins hefur réttilega verið bent á að EES samningurinn er að mörgu úreltur og tekur t.a.m. ekki mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað innan ESB undanfarin ár um að gefa sjálfstæðum samevrópskum stofnunum aukið vald, t.d. Persónuverndarstofnun Evrópu og nú síðar Vinnuréttarstofnun Evrópu (European Labour Authority – ELA). Stærsta einstaka málið sem hefur þó verið til umfjöllunar er möguleg upptaka á tilskipun um lágmarkslaun (e. Directive on adequate minimum wages in the European Union) inn í EES samninginn en tilskipunin er klár í öllum aðalatriðum innan raða ESB og býður eingöngu formlegrar fullgildingar og í framhaldinu innleiðingar í aðildarríkjunum. En Norðurlöndin hafa verið mjög andsnúin tilskipuninni sem þau telja að geti ógnað hinu svokallaða skandinavíska vinnumarkaðsmódeli.

## **NJFM – Samráðsfundur lögfræðinga innan aðildarsamtaka NFS**

Árlegur fundur var haldinn þetta árið í Reykjavík í lok ágúst. Meginefnið sem til umræðu voru lutu m.a. að lágmarkslaunatilskipun ESB, niðurbroti á stéttarfélögum (e. union busting). Þegar skýrsla þessi fer í prentun er fundurinn þó ekki búinn þannig að umfjöllunin verður ekki lengri en sem hér segir.

## **NETLEX – Network of legal experts (ETUC)**

ETUC hefur haldið árlega ráðstefnu þar sem saman koma lögfræðingar aðildarsamtaka ETUC og fjalla um þau samevrópsku mál sem eru í deigluinni hverju sinni. Lögfræðideild ASÍ hefur gjarnan fulltrúa á ráðstefnunni en þeir áttu ekki heimangengt að þessu sinni. Eðli málsins skv. fást þó gögn og fréttir af ráðstefnunni sem nýtast í vinnu lögfræðideildar.

## Alþjóðavinnumálastofnunin – ILO

### 110. þing ILO 2022

Fulltrúar íslensks launafólks voru Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, ásamt þeim Þór Hinrikssyni (RSÍ), Stefaníu Jónu Nielsen (Sameyki), sem bæði sóttu einnig Genfarskólann, og Dagnýju Ósk Aradóttur Pind, sem fylgdist með þinginu yfir vefinn. Þrjú meginmálefni lágu fyrir þinginu. Í fyrsta lagi fyrri umræða um ný tilmæli um verknám (apprenticeship) sem Þór Hinriksson starfaði með. Í öðru lagi almenn umræða um atvinnumál og í þriðja lagi breyting á Yfirlýsingu ILO frá 1998 um grundvallarsamþykktir ILO, sem Magnús M. Norðdahl starfaði með. Jafnframt og að venju starfaði síðan nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktanna en þá nefnd sat Stefanía Jóna Nielsen. Á þinginu náðist samkomulag um að Samþykktir ILO nr. 155 og 187 um öryggi og aðbúnað á vinnustað skyldu taka stöðu sem grundvallarsamþykktir. Í því felst að öryggi og aðbúnaður launafólks telst hér eftir til grundvallarmannréttinda alls launafólks en fyrrgreindar samþykktir ILO þurfa öll aðildarríki ILO að virða og hrinda í framkvæmd hvort sem þau hafa fullgilt þær eða ekki. Þannig taka þær stöðu með samþykktum sem verja félagafrelsi launafólks, banna barnavinnu, nauðungarvinnu og mismunun.

### Stjórnarnefnd ILO (GB) og Félagafrelsisnefnd ILO (CFA)

Stjórnarnefndin og Félagafrelsisnefndin komu þrisvar saman á starfsárinu, í nóvember, mars og júní. Skýrslur af fundum stjórnar eru lagðar fram í miðstjórn ASÍ. Tvennt stendur upp úr störfum Stjórnarnefndarinnar. Annars vegar kjör Gilbert F. Houngbo frá Togo sem framkvæmdastjóra ILO í stað Guy Rider. Hann er fyrsti Afríkumaðurinn til þess að taka þessa stöðu frá stofnun ILO 1919 og kjör hans markar því þáttaskil. Alþjóðleg verkalýðshreyfing studdi framboð. Hins vegar var ákveðið að vísa deilunni um það hvort verkfallsrétturinn sé varinn í Samþykktum ILO til Alþjóðadómstólsins í Haag. Búið er að reyna að leita sátta hér um í meira en áratug, eða frá því 2012, þá er Guy Rider var kjörinn. Atvinnurekendur hafa síðan þá haldið því fram að verkfallsrétturinn væri alfarið mál hvers aðildarríkis og ekki hluti af réttindum skv. samþykktum ILO. Það sama ætti í reynd við um réttinn til þess að semja sameiginlega. Þessari árás var stýrt af breskum atvinnurekendum en það sem meira er um vert, studd af íslenskum og norrænum atvinnurekendum. Af þessum ástæðum hafa atvinnurekendur ítrekað hindrað virkni eftirlitskerfis ILO. Niðurstöðu verður vonandi að vænta fyrir árslok 2023. Auk annarra verkefna var mikil umræða um stöðuna vegna Covid-19 og endurreisn efnahagslífsins þar sem tryggja þyrfti að uppbyggingin feli ekki í sér versnandi kjör launafólks, heldur þvert á móti fjölgun góðra starfa. Jafnframt var fjallað um

afleiðingar innrásar Rússa í Úkraínu og þau miklu áhrif sem hún hefur haft á stöðu verkalýðshreyfingarinnar, stöðu atvinnurekenda og launafólks í landinu. Ályktað var sérstaklega um þetta í mikilli andstöðu Rússa sem studdir voru m.a. af ríkisstjórnnum Venesúela, Kúbu og Kína. Störf Félagafrelsisnefndarinnar (CFA) voru með nokkuð hefðbundnum hætti. Á fundi hennar í júní gætti þess þó að atvinnurekendur voru að undirbúa aðgerðir vegna yfirvofandi ákvörðunar varðandi verkfallsréttinn og ekki tókst að afgreiða á þeim fundi nema helming þeirra mála sem fyrir lágu.

## **Ráðstefna ILO – Góð störf í sjálfbæru eldi á landi og í sjó**

Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ og meðlimur stjórnar ILO, stýrði sérfræðingafundi stofnunarinnar í Genf í desember 2021 um þetta málefni. Meðal þess sem kom fram var að Covid-19 faraldurinn hefur undirstrikað mikilvægi öruggs fæðuframboðs í heiminum og sjálfbært eldi í sjó og á landi hefur tekið eftirtæktarverðum framförum á stuttum tíma. Með því er hægt að auka fæðuöryggi á fátækum svæðum á umhverfissvænan máta um leið og búinn er til fjöldi nýrra og góðra starfa. Á tímum þegar fólksfjöldun er mikil og landnýting í landbúnaði er víða komin að þolmörkum hefur athyglin í auknum mæli beinst að þessum möguleika í fæðuframléiðslu, sem hugsanlega getur orðið aðaluppsetta þeirra próteina sem okkur eru nauðsynleg. Ríflega 20 milljónir manna hafa í dag lifibrauð af slíkri framléiðslu og enn fleiri þegar aðfangakeðjur vegna atvinnugreinarinnar eru teknar með í reikninginn. Þrír Norðurlandabúar stýrðu þessari ráðstefnu, auk Magnúsar, sem stýrði nefndinni, stýrði samningahópi launafólks Kristján Bragason, fyrrum framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins og nú framkvæmdastjóri EFFAT (European Federation of Food, Agriculture and Tourism Trade Unions), og Henrik Munthe, lögfræðingur norska atvinnurekendasambandsins (NHO), stýrði samningahópi atvinnurekenda.

## **Þríhliðanefnd ILO á Íslandi**

Nefndin hefur hist á 4 fundum á síðasta starfsári. Enn þá og þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir er unnið að greinargerðum um Samþykktir nr. 185, 188 og 189 auk þess sem utanríkisráðuneytið hefur ekki lokið afgreiðslu málsins.

## **Norræna ILO samstarfið**

Fulltrúar aðildarsamtaka NFS sem ábyrgð bera á málefnum ILO hittast að jafnaði í aðdraganda hvers stjórnarfundar og í aðdraganda hvers þings. Þrír fjárfundir voru haldnir að þessu sinni og einn staðfundur. Fjallað var um dagskrá næsta fundar, niðurstöður þess síðasta og þátttöku í þingnefndum. Á þessum vettvangi kom fram að aðildarsamtök NFS urðu sammála um að Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, sem kjörinn var í stjórnarnefndina 2021, væri

á fyrsta kjörtímabili sínu. Hver fulltrúi Norðurlandanna á rétt á tveimur og því þriðja ef ITUC óskar eftir því. Næstu kosningar verða 2024.

## **SAMAK**

Um er að ræða samstarf alþýðusambandanna á Norðurlöndunum og jafnaðarmannaflokkanna. Almenn er rætt um og skipst á upplýsingum um samstarf aðila og helstu mál sem uppi eru á vinnumörkuðum og í pólitík. Kristján Þórður Snæbjarnarson, núverandi forseti ASÍ, hefur tekið þátt í þessu samstarfi.

## **Lagabreytingar og skipulagsmál**

### **Laganefnd**

Haldnir voru fjórir fundir í Laganefnd á tímabilinu og á þeim afgreiddar til miðstjórnar án athugasemda lagabreytingar átta aðildarfélaga. Í einu tilviki var vakin athygli á því að félagssvæði aðildarfélaga kunni að skarast.

### **Réttindi stjórnarmanna í aðildarfélögum**

Erindi barst til miðstjórnar ASÍ á haustmánuðum þar sem leitað var eftir afstöðu miðstjórnar til þess hvort almennir stjórnarmenn ættu rétt til þess að eiga aðgang að gögnum er varða starfsmannamál og starfsmannastjórn á skrifstofu stéttarfélagssins og umkvartanir trúnaðarmanna fyrir hönd starfsmanna þar um. Í minnisblaði til miðstjórnar kemur m.a. fram að aðildarsamtök ASÍ eru sjálfstæð félög í skilningi laga en ber að virða ákveðnar skyldur vegna aðildar sinnar að ASÍ og geri þau það ekki, hefur ASÍ tiltekna valdheimildir til þess að blanda sér í málefni þeirra. Meginregluna um sjálfstæði aðildarsamtaka ASÍ er að finna í 8. gr. laga ASÍ þar sem segir: „Aðildarsamtökin hafa fullt frelsi um sín innri mál, þó þannig að ekki brjóti í bága við lög ASÍ eða samþykktir sambandsþinga.“ Frá þessari meginreglu er eftirfarandi undantekning í 11. gr. laga ASÍ sem segir: „Aðildarsamtök ASÍ verða að standa fyrir allri þeirri starfsemi sem ákveðið er í þessum lögum og eru skyldug til að standa sambandinu skil á að starfseminni sé haldið uppi. Ef miðstjórn telur að aðildarsamtök uppfylli ekki skyldur sínar skv. lögum þessum eða skv. lögum sínum að einhverju leyti, er miðstjórn rétt og skylt að grípa til aðgerða til að koma starfsemi í lögmaett horf.“ Í 10. gr. laga ASÍ er síðan að finna heimild til þess að vísa ágreiningi innan aðildarsamtaka til miðstjórnar ASÍ. Með hliðsjón af 8. gr. laga sambandsins er ákvæðið túlkað þröngt og því ekki beitt nema þær félagslegu leiðir sem standa til boða hafi verið farnar og í ljós leitt að félagið hafi ekki uppfyllt skyldur sínar skv. lögum sínum. Við þær aðstæður er mögulegt að virkja heimildir 11. gr. laganna. Heimild til málskots skv. 10. gr. laga ASÍ er bundin við aðildarsamtök ASÍ og geta einstakir stjórnarmenn eða

almennir félagsmenn ekki skotið ágreiningsmálum sínum við aðildarsamtök sín til miðstjórnar með vísan til hennar. Þeim er hins vegar heimilt að vekja athygli ASÍ á því ef þeir telja að aðildarsamtök þeirra uppfylli ekki skyldur sínar skv. lögum ASÍ eða lögum sínum og er miðstjórn þá bæði rétt og skylt að grípa til aðgerða til þess að koma starfsemi félagsins í lögmætt horf sbr. 1. mgr. 11. gr. laga ASÍ. Á þeim grundvelli var erindið tekið til skoðunar en það barst frá stjórnarmanni. Í minnisblaðinu kemur síðan fram að í viðmiðunarreglum um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ er að finna leiðbeinandi reglur um aðgang að gögnum. Þar segir: „2.3. Aðgangur að gögnum: Stjórnarmenn í aðalstjórn hafa vegna starfa sinna aðgang að fjárhagslegum upplýsingum, skuldbindingum, fundargerðarbókum og skjölum stjórnar nefnda og ráða á vörslustað þeirra. Stjórnarmenn einstakra eininga hafa sambærilegan aðgang að gögnum sem tilheyra stjórnstigi þeirra.“ Reglur þessar eru settar með vísan til 4. gr. laga ASÍ, eru óskuldbindandi en skulu vera aðildarsamtökunum til leiðbeiningar. Við túlkun laga ASÍ og aðildarsamtakanna ber að hafa hliðsjón af landslögum er varða störf félagsamtaka og túlka þau til samræmis. Það á sérstaklega við um þau félög sem njóta sérstakrar verndar og sem gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki. Í þann hóp falla stéttarfélög og sambönd þeirra. Dómar á þessu sviði eru fáir. Vísa má til máls Vilhjálms Birgissonar, sem þá var óbreyttur stjórnarmaður í Verkalýðsfélagi Akraness gegn félaginu (sjá Hrd. 301/2002). Í öröskuðum dómi undirréttar var fallist á kröfu Vilhjálms um óheftan aðgang hans að bókhaldsgögnum félagsins með þeim orðum „... að honum beri sem aðalstjórnarmanni í stefnda skylda til að hafa eftirlit með rekstri skrifstofu félagsins, ...“ Málið varðaði að sönnu einungis bókhald VLFA en af rökstuðningi undirréttar og eftirfarandi rökstuðningi Hæstaréttar má ráða að niðurstöðuna beri að túlka þannig að hún sé almenn leiðbeining um rétt stjórnarmanna í stéttarfélögum til aðgangs að gögnum þeirra en þar segir: „Áfrýjandi er almennt félag með frjálsa félagsaðild. Um slík félög eru fá ákvæði í settum lögum og fer um þau samkvæmt félagssamþykktum og óskráðum reglum, sem byggjast á samningarétti og almennum reglum félagaréttar. Líta verður til þess um hvers konar félag er að ræða þegar þessum reglum er beitt. Skiptir því hér máli að um stéttarfélag er að ræða, en almennt gildir um slík félög að félagsaðild getur haft verulega þýðingu fyrir félagsmenn, meðal annars vegna forgangs þeirra til vinnu samkvæmt kjarasamningum. Félagsmenn taka þátt í félagsstarfinu á fundum. Almennt gildir að stjórnir eru kjörnar á aðalfundi og fara heimildir stjórnar eftir samþykktum félagsins og ákvörðunum funda þess. Stjórnarmenn taka þátt í stjórnarstörfum á stjórnarfundum hafi samþykktirnar ekki gert þar á aðra skipan. Samkvæmt 16. gr. samþykktta áfrýjanda hefur stjórnin á hendi yfirstjórn allra mála milli félagsfunda. Hún boðar félagsfundi og ræður starfsmenn félagsins og segir

fyrir um starfsskilyrði þeirra.“ Með hliðsjón af framansögðu verður að telja að formanni kunni að vera óheimilt að neita öðrum stjórnarmönnum um aðgang að gögnum sem varða starfsemi félagsins, starfsmenn þess og vinnuskilyrði þeirra. Miðstjórn hafnaði síðan að taka erindið til afgreiðslu þar sem viðkomandi stjórnarmaður hafði ekki reynt að fá úr ágreiningnum leyst innan stjórnar félagsins m.a. um það hvort tiltekin erindi sem fjallað er um á dagskrá fundarins eru þar lögð fram og gerð stjórnarmönnum aðgengileg. Í þeim gögnum sem fylgdu erindinu kom ekkert fram um það hvort hann hafi látið reyna á þau lýðræðislegu úrræði sem honum sem félagsmanni og stjórnarmanni standa til boða. Miðstjórn ASÍ taldi sig því ekki á þessu stigi hafa heimildir til afskipta af innri málefnum félagsins og kæruefnum stjórnarmannsins nema og þá því aðeins að stjórn félagsins neiti að fara eftir þeim lýðræðislegu ákvörðunum sem ædstu stofnanir félagsins hafa tekið og sem þeim er skylt að framkvæma skv. lögum félagsins og lögum ASÍ og almennum réttarheimildum eða ef ædstu stofnanir félagsins taka ákvarðanir sem geta falið í sér brot á lögum félagsins eða lögum ASÍ eins og þau ber að túlka með hliðsjón af almennum reglum félagaréttar og dómsniðurstöðum. Við slíkar aðstæður getur fyrst reynt á 11. gr. laga ASÍ.

## **Skipulags- og starfsháttanefnd**

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á mörgum fundum á starfsárinu. Nefndin staðfesti á árinu breytingar á reglugerðum sjö sjúkrasjóða aðildarfélaga og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum. Jafnframt hefur nefndin nú sem áður haft eftirlit og yfirsýn með því að aðildarfélög framkvæmi tryggingarfræðilegt mat á sjúkrasjóðum sínum sbr. lög ASÍ en þau mál eru komin í fastar skorður og skil hafa gengið vel. Nefndin starfar nú sem áður skv. metnaðarfullri og ítarlegri starfsáætlun um ýmiss mál er varðar innri málefni og skipulag verkalýðshreyfingarinnar.

Nefndin varði miklum tíma á starfsárinu að ræða og leita að lausnum til að tryggja betur skipulag hreyfingarinnar og hefur verið leiðandi í þeirri umræðu. Nefndin gerði m.a. spurningakönnun í samstarfi við Vörðu í því skyni að festa hendur á hversu stórt og útbreitt vandamál skipulagsóreiða er í raun og veru hjá aðildarfélögum ASÍ, og er þá átt við að félagatalið samræmist ekki nægilega vel félagslögum og gildissviði kjarasamninga viðkomandi félags. Engar skyndilausnir eru á því vandamáli en nefndin hefur verið leiðandi í því sameiginlega starfi á vettvangi ASÍ að skipulag hreyfingarinnar sé í góðu lagi enda geti skipulagsóreiða t.a.m. haft neikvæð áhrif á getu félaga ef kemur til vinnustöðvana. Á grunni allrar þessarar vinnu og gagna sem nefndin aflaði sér á starfsárinu lagði miðstjórn ASÍ svo fram lagabreytingatillögur og ályktanir fyrir sambandsþing 2022, en tillögunum er ætlað að stuðla að betra skipulagi hreyfingarinnar og auka réttindi félagsmanna aðildarfélaga ASÍ í leiðinni.





## **ASÍ-UNG**

### **Sjöunda þing ASÍ-UNG**

7. þing ASÍ-UNG var haldið þann 7. september 2021 og hófst það kl. 10.00. Til þess að virða þær samkomutakmarkanir sem voru í gildi í samfélaginu vegna heimsfaraldurs Covid-19 var þingið haldið rafrænt og tók dagskrá þess mið af því.

### **Þingsetning og ávarp forseta ASÍ-UNG**

Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ-UNG, setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna. Hún fer yfir fyrirkomulag þingsins sem er rafrænt vegna Covid-1. Gundega fer yfir dagskrána og ítrekar að þetta sé afgreiðsluþing og að því muni öll fræðsla, hópefli og málefnavinna bíða betri tíma. Stefnt sé að því að boða til vinnudaga ungs fólks innan hreyfingarinnar þar sem málefni ASÍ-UNG og ungs fólks verði til umfjöllunar. Það fyrirkomulag hafi einnig þann kost að fleiri þátttakendur, en aðeins þingfulltrúar, geti tekið þátt í starfinu.

### **Kosning fundarstjóra og ritara**

Lagt er fyrir fundinn að Halldór Oddsson verði fundarstjóri. Þá sé fundargerð

á ábyrgð fundarstjóra. Kosning fer fram með handauppréttingu og eru tillagan samþykkt. Gundega þakkar fyrir sig og gefur Halldóri orðið.

Halldór byrjar á að fara yfir praktísk atriði varðandi framkvæmd rafræns fundar og biður fulltrúa m.a. að gæta þess að rétt nafn sé skráð hjá hverjum og einum. Þá leggur hann fyrir breytta dagskrártillögu stjórnar ASÍ-UNG þar sem þingið fer fram rafrænt. Tillagan er svohljóðandi:

„7. þing ASÍ-UNG, haldið 24. september 2021, samþykkir að taka af dagskrá þingsins fyrirbyggjandi dagskrárliði um helstu niðurstöður framhaldsþing ASÍ og framtíðarsýn ASÍ-UNG. Þingi verði því slitið eftir að skýrsla stjórnar hefur verið kynnt og kosið til fimm sæta í stjórn og þriggja í varastjórn.“

Breytt dagskrártillaga telst samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kynnir því næst tillögu uppstillingarnefndar í samræmi við samþykktir ASÍ-UNG. Hann fer yfir þær breytingar sem urðu á samþykktum á síðasta þingi þar sem var samþykkt að helmingur stjórnar sé kjörinn á hverju þingi, en helmingur sitji áfram. Nú verði því, eins og áður kom fram, kosið til fimm stjórnarsæta og þriggja sæta varamanna. Þá er ítrekað að fyrirkomulag ASÍ-UNG sé með þeim hætti að stjórn skipti með sér verkum að þingi loknu, og því ekki kosið sérstaklega í ákveðin embætti, hvorki formanns né annarra.

Því næst er farið yfir sitjandi stjórn og tillögu kjörnefndar sem er svohljóðandi:

Til aðalstjórnar:

Ásdís Helga Jóhannsdóttir – AFL-starfsgreinafélag  
Ástþór Jón Ragnheiðarson – Verkalýðsfélag Suðurlands  
Inga Fanney Rúnarsdóttir – Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Jón Unnar Viktorsson – Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Þorvarður Bergmann Kjartansson – VR

Til varastjórnar:

Ólöf Helga Adolfsdóttir – Efling  
Sindri Már Guðjónsson – AFL-starfsgreinafélag  
Þór Hinriksson – Félag Íslenskra rafvirkja

Fundarstjóri ítrekar að framboðsfrestur sé opinn þar til formaður ASÍ-UNG hafi kynnt skýrslu stjórnar. Þeir sem vilji bjóða sig fram skulu senda skilaboð, í gegnum spjall, til fundarstjóra.

## **Skýrsla stjórnar**

Gundega Jaunlinina, formaður ASÍ-UNG, tekur til máls og kynnir skýrslu

stjórnar og starfið á undangengnu ári. Skýrslan er aðgengileg í viðauka. Formaður fer yfir sitjandi stjórn var kjörin á rafrænu 6. þingi ASÍ-UNG 2020:

Aðalstjórn	Kjörtímabil	
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf	2020-2022
Alma Pálmadóttir	Efling	2020-2022
Guðmundur Hermann Salbergsson	VM	2020-2022
Aron Máni Nindel Haraldsson*	Félag tæknifólks í rafiðnaði	2020-2022
Hulda Björnsdóttir	FVSA	2020-2022
Magdalena Samsonowicz	Efling stéttarfélag	2020-2021
Lilja Hrönn Gunnarsdóttir	VR	2020-2021
Ástþór Jón Ragnheiðarson	Verkalýðsfélag Suðurlands	2020-2021
Þorvarður Bergmann Kjartansson	VR	2020-2021
Varastjórn		
Inga Fanne Rúnarsdóttir	Verkalýðsfélag Grindavíkur	2020-2021
Birkir Snær Guðjónsson	AFL Starfsgreinafélag	2020-2021
Elín Ósk Sigurðardóttir	Verkalýðsfélag Suðurlands	2020-2021

Formaður segir frá því að Aron Máni Nindel Haraldsson hafi sagt sig úr stjórn á fyrsta fundi sem haldinn var í kjölfar þings. Störf stjórnar hafi verið með nokkuð hefðbundnu sniði þar sem fundað hafi verið reglulega, bæði með aðal- og varastjórn. Þá fór hún yfir setu stjórnanna í fastanefndum ASÍ á síðasta starfsári.

Stjórn ASÍ-UNG tók þátt í fjölda viðburða á árinu þar sem var fjallað um málefni ungs fólks á vinnumarkaði út frá ólíkum forsendum. Haldinn var veffundur í febrúar undir yfirskriftinni „*Hefur þú efni á að eignast barn?*“. Fundurinn var vel sóttur, en þar var fjallað um fæðingarorlof og kostnað við barneignir frá ólíkum hliðum. Þá tók ASÍ-UNG þátt í verkefninu Spretti, sem Háskóli Íslands stýrir en verkefnið styður og undirbýr efnilega nemendur með innflytjendabakgrunn til háskólanáms.

Ég, Gundega Jaunlinina, fór í viðtöl hjá RÚV þar sem fjallað var um stöðu ungs fólks og svo innflytjenda á vinnumarkaði á tímum Covid. Varaformaður, Ástþór Jón Ragnheiðarson, skrifaði einnig nokkrar greinar í blöð og vefmiðla um málefni ungs fólks á vinnumarkaði. Þá skrifuðu aðrir stjórnarmeðlimir einnig nokkurn fjölda greina sem birtist á fréttu- og samfélagsmiðlum. Námskeiðið Ungir leiðtogar var því miður fellt niður vegna sóttvarnartakmarkana og óvissu í þeim efnunum.

Ég sem formaður ASÍ-UNG tók einnig þátt í tveimur ráðstefnum í Lettlandi fyrir hönd ASÍ-UNG. Þann 10. ágúst var hún með kynningu um uppbygginu verkalýðshreyfingarinnar og sagði frá kjarasamningum á Íslandi á

LSAB PRO Course - North and Integrating Model. Þann 13. ágúst tók hún þátt í LSAB PRO Youth Forum þar sem hún kynnti starf ASÍ-UNG inna verkalýðshreyfingarinnar.

Við tókum einnig þátt í Fundi fólksins sem haldinn var í byrjun september 2021. Þar fjallaði ég um stöðu ungs fólks á íslenskum vinnumarkaði, stöðu ungra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og sagði almennt frá starfi ASÍ-UNG. Þessi fundur var sýndur í beinni á helstu fréttamiðlum landsins.

## **Kosning til stjórnar og kjörnefndar**

Fundarstjóri tekur aftur við og lýsir því yfir að framboðsfrestur sé runninn út til framboðs til stjórnar. Þar sem engin framboð, umfram uppstillingarlista kjörstjórnar, hafi borist sé ekki nauðsynlegt að ganga til kosninga og sé því sjálfkjörið í fimm embætti aðalstjórnar og þrjú varastjórnar. Hann óskar því næst nýkjörnum fulltrúum til hamingju með kjörið og óskar þeim velfarnaðar í starfi. Þá hvetur hann aðra þingfulltrúa til að veita stjórn aðhald og taka þátt í starfinu á komandi tímabili.

Til aðalstjórnar:

Ásdís Helga Jóhannsdóttir – AFL-starfsgreinafélag  
Ástþór Jón Ragnheiðarson – Verkalýðsfélag Suðurlands  
Inga Fanney Rúnarsdóttir – Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Jón Unnar Viktorsson – Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Þorvarður Bergmann Kjartansson – VR

Til varastjórnar:

Ólöf Helga Adolfsdóttir – Efling  
Sindri Már Guðjónsson – AFL-starfsgreinafélag  
Þór Hinriksson – Félag íslenskra rafvirkja  
Fundarstjóri gengur því næst í val á kjörnefnd en fyrir liggur tillaga:  
Gundega Jaunlinina (Hlíf),  
Birkir Snær Guðjónsson (AFL-starfsgreinafélag)  
Alma Pálmadóttir (Efling)

Fundarstjóri óskar því næst eftir framboðum til kjörnefndar. Engin framboð berast og því er sjálfkjörið í nefndina.

Fundarstjóri opnar því næst á dagskrárliðinn önnur mál, sem hann bæti inn í auglýsta dagskrá. Enginn óskar eftir því að taka til máls.

## **Þingslit**

Fundarstjóri kynnir næsta dagskrárlið, þingslit og eftirlætur formanni það verkefni. Gundega Jaunlinina tekur við stjórn. Hún þakkar Halldóri góða

fundarstjórn og þingfulltrúum fyrir stutt en gott þing. Þá óskar hún nýrri stjórn til hamingju með kjörið.

Formaður ASÍ-UNG slútur 7. þingi.

## Skýrsla stjórnar ASÍ-UNG

Sitjandi stjórn ASÍ-UNG var kjörin á 7. þingi, 24. september 2021. Þingið var rafrænt.

Hluti stjórnar var kjörinn til tveggja ára á 6. þingi ASÍ-UNG 2020 og situr því áfram til 8. þings, 16. september 2022.

Aðalstjórn		Kjörtímabil
Alma Pálmadóttir	Efling stéttarfélag	2020-2022
Ásdís Helga Jóhannsdóttir	AFL - Starfsgreinafélag	2021-2023
Ástþór Jón Ragnheiður	Verkalýðsfélag Suðurlands	2021-2023
Guðmundur H. Salbergsson	VM	2020-2022
Gundega Jaunlinina	Verkalýðsfélagið Hlíf	2020-2022
Hulda Björnsdóttir	FVSA	2020-2022
Inga Fanney Rúnarsdóttir	Verkalýðsfélag Grindavíkur	2021-2023
Jón Unnar Viktorsson	Verkalýðsfélag Grindavíkur	2021-2023
Porvarður Bergmann Kjartansson	VR	2021-2023
Varamenn		
Ólöf Helga Adolfsdóttir	Efling stéttarfélag	2021-2022
Sindri Már Smáráson	AFL - Starfsgreinafélag	2021-2022
Þór Hinriksson	Félag íslenskra rafvirkja	2021-2022

Á 6. þingi ASÍ-UNG 2020 var lögum þess breytt á þann veg að þing skuli haldið árlega og hluti stjórnar kjörinn í hvert skipti. Með því sé hægt að tryggja betri samfellu í starfi stjórnar þar sem þekking og reynsla flytjist milli tímabila. Varamenn skulu kjörnir til setu til eins árs.

Heimsfaraldur Covid hélt áfram að setja mark sitt á starf ASÍ-UNG. Á haustmánuðum ákvað stjórn að halda Fræðslu- og tengsladaga ASÍ-UNG þar sem markmiðið var að stefna saman ungu fólki af landinu öllu, frá ólíkum félögum, til þess að efla tengsl og auka þekkingu á samfélaginu og starfi verkalýðshreyfingarinnar. Eftir að viðburðinum hafði verið frestað tvisvar, vegna sóttvarna, var loksins blásið til leiks undir lok apríl, 2022, á Hótel Hömrum í Borgarfirði. Á fundinum voru fjölbreytt fræðsluerindi ásamt því að þátttakendur fjölluðu um framtíðarsýn ASÍ-UNG. Þátttaka var góð og almenn ánægja var með fundinn.

Stjórnin tók virkan þátt í Rökræðufundi um lífeyrismál sem haldinn var á Selfossi í byrjun mars. Í aðdraganda fundar nýttu stjórnarliðar tækifærið og fengu undirbúningsnámskeið þar sem fjallað var um lífeyrismál. Þá var formaður ASÍ-UNG með erindi á Kvennaráðstefnu Alþýðusambandsins

Þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vann stjórnin ötullega allt árið og hittist reglulega á fundum, ásamt því að halda tvo vinnudaga í húsnæði Hlífar í Hafnarfirði og einn í húsnæði Verkalýðsfélags Suðurlands á Hellu.



*Starfsfólk skrifstofu ASÍ haustið 2022.*

*Frá vinstri: Halldór Oddsson, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Kristinn R. Hallbergsson, Aleksandra Leonardsdóttir, Sigurlaug Gröndal, Ásgeir Sverrisson, Ása Jónsdóttir, Róbert Farestveit, Auður Alfa Ólafsdóttir, Arnaldur Sölvi Kristjánsson, Karen Ósk N. Björnsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Ástríður Andrésdóttir, Eyrún B. Valsdóttir, Ólöf Brynja Jónsdóttir, Magnús M. Norðdahl, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Sif Ólafsdóttir, Arnaldur Grétarsson.*

*Á myndina vantar: Höllu Gunnarsdóttur, Söru S. Öldudóttur, Guðrúnu Eddu Baldursdóttur, Sögu Kjartansdóttur, Þóri Gunnarsson og Aðalheiði Fanneyju Arnarsdóttur.*

## **Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ**

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember til fyrri umræðu og hún síðan samþykkt að lokinni síðari umræðu á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2022.

Skipulag og verkefni ASÍ ásamt verkaskiptingu milli þess og aðildarsamtakanna hefur mótast á undanförunum árum og áratugum þar sem hlutverk ASÍ felst í samráði og samstarfi um stefnumótun í sameiginlegum málum innan samtakanna, við önnur samtök launafólks og við stjórnvöld og við samtök atvinnurekenda. Hlutverk ASÍ er jafnframt að tala fyrir réttindum og kjörum launafólks í opinberri umræðu og gæta hagsmuna launafólks við setningu laga á Alþingi og í annari stefnumarkandi ákvarðanatöku. Þá sinnir ASÍ samstarfi

við norræna, evrópska og alþjóðlega verkalýðshreyfingu ásamt því að þróa og móta nýja þekkingu um samfélagsmál og stöðu og réttindi launafólks.

Þessi sýn og verkaskipting mótar rammann um starfsemi skrifstofu ASÍ hverju sinni. Skrifstofan aðstoðar forseta og miðstjórn sambandsins við að sinna þessu hlutverki og tryggir góða og skilvirka þjónustu við landssamböndin og aðildarfélögin. Þá er það hlutverk skrifstofu að byggja upp þekkingu á réttindum og kjörum launafólks og tryggja virkt aðhald með stjórnvöldum og atvinnurekendum.

Fjöldmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga og laga, útreikningum og ýmsum hagfræðilegum úrlausnarefnum. Skrifstofa Alþýðusambandsins vinnur umsagnir við frumvörp í samráðsgátt stjórnvalda og við málsmeðferð á Alþingi og tekur þátt í stefnumarkandi nefndum og starfshópum á vegum hins opinbera. Skrifstofan aðstoðar einnig kjörna fulltrúa í tengslum við fjölmiðlaviðtöl og aðra þátttöku í opinberri umræðu eftir því sem óskað er eftir og heldur úti viðamiklu fræðslustarfi. Frekari verkefnum skrifstofu ASÍ eru gerð skil í öðrum köflum þessarar skýrslu.

## **Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. september 2022**

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands var þann 1. september síðastliðinn sem hér segir: Aðalheiður Fanney Arnarsdóttir, aðstoðarmaður í mótuneyti, Aleksandra Leonardsdóttir, sérfræðingur í málefnum pólskumælandi launafólks, Arnaldur Grétarsson, sérfræðingur í stafrænni miðlun, Arnaldur Sölvi Kristjánsson, hagfræðingur, Auður Alfa Ólafsdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur í greiningum, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, sérfræðingur í fræðslu- og kynningarmálum og starfsmaður ASÍ-UNG, Eyrún Björk Valsdóttir, sviðsstjóri sviðs fræðslu og þekkingar, Guðrún Edda Baldursdóttir, sérfræðingur í fræðslumálum, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur í málefnum útlendinga og flóttafólks á vinnumarkaði, Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Gundega Jaunlina, starfandi formaður ASÍ-UNG, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Kristján Þórður Snæbjarnarson, forseti ASÍ, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og sviðsstjóri kjarasamninga- og þjónustusviðs, Ólöf Brynja Jónsdóttir, bókari, Róbert Farestveit, sviðsstjóri sviðs stefnumótunar og greiningar, Saga Kjartansdóttir, túlkur, Sara S. Öldudóttir, sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum, Sif Ólafsdóttir, verkefnastjóri skjala- og gæðamála, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans, og Þórir Gunnarsson, hagfræðingur.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Drífa Snædal sagði af sér sem forseti ASÍ í ágústmánuði 2022. Friðrik



V. Karlsson kokkur lét af störfum og einnig María Lóa Friðjónsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra. Tímabundnir starfskraftar á skrifstofunni voru Hallur Helgason, verkefnastjóri Alþingiskosningaverkefnis, og Sigrún Huld Guðmundsdóttir, starfsmaður verðlagseftirlits.

Karen Ósk N. Björnsdóttir lögfræðingur tók til starfa á sviði kjarasamninga og þjónustu 1. September 2022.

Skipurit skrifstofu ASÍ byggir á þremur sviðum, auk skrifstofu framkvæmdastjóra, sem eru: svið stefnumótunar og greiningar, svið fræðslu og þekkingar og svið kjarasamninga og þjónustu við aðildarfélög.



*Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur og Ása Jónsdóttir við opnun sýningarinnar Gjöfin til Íslenskrar alþýðu í Listasafninu á Akureyri 4. desember 2021.*

## Listasafn ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Eyrún Björk Valsdóttir, sviðsstjóri og starfandi framkvæmdastjóri ASÍ sem er formaður rekstrarstjórnar, Sara S. Öldudóttir, sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum á skrifstofu ASÍ og Hilmar Harðarson, formaður FIT – Félags iðn- og tæknigreina.

Listráð Listasafns ASÍ skipa sýningarstjórnir Dorothée Kirch og Daníel Björnsson auk safnstjórnars Elísabetar Gunnarsdóttur sem jafnframt er formaður. Listráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólki.

Safnið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Safnið hefur hlotið viðurkenningu Safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Heimasíða safnsins er [www.listasafnasi.is](http://www.listasafnasi.is)

## Starfsmenn

Starfsmenn safnsins eru tveir í samtals einu stöðugildi. Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri í 60% starfi og Hanna Hlíf Bjarnadóttir sem hefur umsjón með vinnustaðasýningum og safnbúð í 40% starfi. Auk þeirra vinnur lausráðið fólk að ýmiss konar verkefnum fyrir safnið. Safnið hefur gert samning við Háskóla Íslands um að taka á móti starfsnema í listfræði til starfsnáms hjá safninu í nokkrar vikur á ári.

## Sýningar safnsins í samvinnu við önnur söfn og sýningarstaði

GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALPÝÐU - Sýning í Listasafninu á Akureyri  
4.12 2021 – 20.11 2022

*Á sýningunni eru verk úr stofngjöf Ragnars Jónssonar í Smára til Alþýðusambands Íslands en gjöfin lagði grunninn að stofnun Listasafns ASÍ. „Sýningin er tvískipt. Í sal 8 er áhersla á verk eftir fyrstu kynslóð íslenskra myndlistarmanna, þar sem túlkun þeirra á landslagi er í aðalhlutverki. Þar er m.a. Fjallamjólk, eitt þekktasta listaverk Íslands. Einnig má þar m.a. sjá tindrandi litauðgi Ásgríms Jónssonar og alvöruþrungin, formföst verk Jóns Stefánssonar. Í sal 9 eru verk sem spegla þá breytingu sem varð á íslenski myndlist um og eftir seinna stríð. Þetta eru tjáningarrík, figúratíf verk með áherslu á sprengikraft litanna og upplausn formsins.“ - KGG*

Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns ASÍ og Listasafnsins á Akureyri. Sýningarstjóri er Kristín G. Guðnadóttir listfræðingur.

## Sýningar á tveimur stöðum á landinu, listaverkakaup og bók um verk Bjarka Bragasonar

Einkasýning Bjarka Bragasonar, SAMTÍMIS, var haldin í Svavarssafni á Höfn í Hornafirði vorið 2021.

Bjarki Bragason er þriðji listamaðurinn sem velst til þátttöku í sýningaröð Listasafns ASÍ þar sem skipulagðar eru einkasýningar á tveimur stöðum á landinu.

Í undirbúningi var að halda aðra einkasýningu Bjarka Bragasonar í Kópavogi á þessu ári í samvinnu við bæjarfélagið. Af því getur ekki orðið að þessu sinni en gefin verður út bók um verkið sem til stóð að sýna í Kópavogi. Bókin er í vinnslu og kemur út á næsta ári.

Á árinu festi safnið kaup á verkinu 3009 ár eftir Bjarka Bragason sem samanstandur af nokkrum verkum sem skilgreind eru sem ein heild.

Á árinu var auglýst í fjórða sinn eftir listafólki til þátttöku í verkefninu og stefnt er að sýningarhaldi á tveimur stöðum á landinu á næsta ári.

## Verkin í safneigninni lánuð á sýningar

Safnið leggur áherslu á þjónustu við önnur söfn sem falast eftir verkum í eigu safnsins fyrir sýningar á þeirra vegum. Verkin í stofngjöfinni, sem mörg hver eru perlur í íslenskri myndlist, eru reglulega lánuð á sýningar en einnig seinni tíma verk. Jafnframt aðstoðar safnið á ýmsan hátt við undirbúning útgáfu listaverkabóka þar sem verk í safneigninni eru til umfjöllunar.

## Listaverkagjafir til safnsins

Safninu berast reglulega veglegar listaverkagjafir af ýmsu tagi. Fyrir á þessu ári færði Íslandsbanki safninu veglega listaverkagjöf. Um er að ræða þrjú stór verk eftir Kristján Davíðsson, Helga Gíslason og Jón Þorleifsson.

Einnig færði íslensk-hollenski listamaðurinn Kees Visser safninu nokkur verk sín að gjöf á þessu ári.

## Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn hóflegu gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíl. Nú eru í gangi um 25 vinnustaðasýningar með hátt í 300 verkum víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu hjá aðildarfélögum ASÍ, opinberum aðilum og einkafyrirtækjum. Því miður virðist innanhússhönnun samtímans ekki gera ráð fyrir list á vinnustöðum og kemur það niður á möguleikum safnsins til að miðla verkunum í safneigninni með þessum hætti.



*ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIFA – vinnustofa í veggspjaldagerð í tilefni af 60 ára afmæli Listasafns ASÍ.*

# ÞAÐ ER GAMAN AÐ LIFA

Sýning  
á plakötum  
eftir ungt  
listafólk



25. maí - 15. júlí 2022

## Það er gaman að lifa – Listasafn ASÍ 60 ára

17. júní 2021 voru sextíu ár liðin frá stofnun Listasafns ASÍ. Af því tilefni skipulagði safnið vinnustofur og gaf út nýu handunnin veggspjöld eftir unga myndlistarmenn/hönnuði sem fjalla um helstu brennandi baráttumál samtímans. Viðfangsefni veggspjaldanna er ætlað að tala inn í samtímann með myndmáli sem allir skilja. Með verkefninu hyggst safnið fanga tíðaranda dagsins í dag. Það hafa orðið stórkostlegar breytingar í samfélaginu á þeim 60 árum sem safnið hefur verið starfrækt. Með því að nota aðferðir sem voru við lýði fyrir sextíu árum kallast verkefnið á við fortíðina og segir jafnframt sögu samtímans og þess sem við honum blasir. Veggspjöldin eru gefin út í takmörkuðu upplagi og númeruð eintök eru til sölu í safnbúð Listasafns ASÍ og hjá listafólkinu sjálfu.

## Stuttmyndir: Myndlistin og sjálfsmýnd þjóðar

Verkefnið er miðlunar- og fræðsluverkefni sem teflir saman myndlist tveggja ólíkra, en þó um margt líkra menningarheima. Verkin í stofngjöf Listasafns ASÍ segja á sinn hátt mótunarsögu þjóðar að byggja upp samfélag knúði af sjálfstæðisþörf. Safnið geymir mörg lykilverk íslenskrar myndlistarsögu og valin eru nokkur þeirra til að vinna með og nokkur pólsk myndlistarverk til samanburðar. Leitað er til sérfræðinga við staðreyndaöflun og val á verkum en leikmenn munu kynna verkin og tjá sig um þau svo úr verður jafningjasamtal um tvo myndlistarheima. Stiklað er á stóru um umhverfið (félagslegt, pólitískt, menningarlegt o.s.frv.) sem verkin fæðast inn í/spretta úr og samanburðurinn notaður til að segja ágríp af sögu beggja landanna. Verkefnið er samstarfsverkefni Listasafns ASÍ og Aleksöndru Leonardsdóttur, sem er starfsmaður á sviði fræðslu og þekkingar hjá ASÍ.

## **Miðlun safneignar með hjálp prentlistarinnar**

Bókin GJÖFIN TIL ÍSLENZKRAR ALÞÝÐU sem safnið gaf út í tengslum við sýningu með sama nafni í Listasafni Árnesinga í Hveragerði sumarið 2019 er enn fáanleg í bókabúðum og safnbúðum víða um land. Bókin fjallar um safnarann og velgjörðarmanninn Ragnar í Smára og listaverkagjöf hans til Alþýðusambands Íslands/Listasafns ASÍ. Í bókinni eru myndir og umfjöllun um öll verkin 147 sem tilheyra stofngjöfinni. Bókin hefur fengið mjög góða viðtökur og var sæmd gullverðlaunum FÍT (Félags íslenskra teiknara) fyrir hönnun þegar hún kom út.

Safnið lætur framleiða veggspjöld og eftirprentanir í gjafapakningu með verkum úr stofngjöfinni frá 1961. Reglulega eru prentuð fleiri veggspjöld í stað þeirra sem seljast upp og bætt við fleiri verkum auk nýrra gjafakorta með myndum úr stofngjöfinni. Varningurinn er seldur í vefverslun á heimasíðu safnsins og á sölustöðum um allt land.

## **Húsnæðismál safnsins**

Safnið býr við góðan húsakost hvað varðar skrifstofur og listaverkageymslur. Skrifstofur safnsins eru í Guðrúnartúni 1 og sýningar eru skipulagðar í samstarfi við önnur söfn og fleiri aðila víðs vegar um landið. Áfram er unnið að því að finna safninu hentugt húsnæði þar sem öll starfsemi safnsins getur verið undir einu þaki. Vinnan miðast við að skerpa á sérstöðu safnsins meðal íslenskra safna með áherslu á fólkið sem því er ætlað að þjóna. Samstarf við önnur söfn hefur gefist mjög vel og ekki ástæða til annars en að halda því samstarfi áfram þegar safnið eignast aftur sína eigin sýningarstöðu.

## **Safngeymslur, skráning og varðveisla**

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsóknna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/> Safnið hefur undirritað samning við Myndstef og greiðir samkvæmt honum fyrir birtingu mynda á ytri vef Sarps og annars staðar á netinu.

Undanfarið ár hefur verið gert átak og mikill tími farið í að uppfæra verkferla og vinnuaðferðir við skráningu og varðveislu muna í safneigninni og leitað aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga með styrk úr Safnasjóði. Núverandi geymslur safnsins eru með besta móti og jafnt og þétt er unnið að því að koma verkunum þannig fyrir að öllum öryggiskröfum sé framfylgt og verkin aðgengileg. Safnaráð gerir reglulega úttekt á söfnum og Listasafn ASÍ er eitt þeirra safna sem hefur fengið sérstaka athygli og ráðgjöf sérfræðinga Safnaráðs undanfarin misseri.



*Frá undirritun samstarfssamnings Bjargs og Blævar í maímánudí 2022. Frá vinstri: Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs, Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, Drífa Snædal, forseti ASÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB.*

## **Bjarg íbúðafélag**

Í ágúst 2022 var Bjarg með 665 íbúðir í útleigu. Fyrsta íbúð var afhent í júní 2019 og hefur verkefnið gengið samkvæmt áætlum.

Íbúðir Bjargs sem eru komnar í leigu eru í Reykjavík, Þorlákshöfn, Selfossi, Akranesi og Akureyri.

Enn eru miklar framkvæmdir eru í gangi á vegum Bjargs og eru 242 íbúðir í byggingu. Þær íbúðir eru í Reykjavík, Grindavík og á Selfossi.

Þá er félagið með 451 íbúð í undirbúningsfasa og verða þær byggðar á næstu árum. Fjöldi nýrra staðsetninga er í Reykjavík, Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og víða um land en aukinn áhugi er hjá sveitafélögum um samstarf við Bjarg og mun uppbygging halda áfram meðan þörf er fyrir hagkvæmar leiguíbúðir og ríki og sveitafélög úthluta stofnframlögum til almennra íbúða.

Opíð er fyrir umsóknin um íbúð hjá Bjargi og eru nánari upplýsingar á vef félagsins [bjargibudafelag.is](http://bjargibudafelag.is)

## **Samningur Blævar og Bjargs**

Formaður BSRB, forseti ASÍ, formaður VR og formaður Blævar ásamt framkvæmdastjóra Bjargs íbúðafélags undirrituðu þann 23. maí rammasamning

um að nýta reynslu og þekkingu Bjargs til að taka næsta skref í uppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar á íbúðum á viðráðanlegu verði.

Á vettvangi Blævar geta stéttarfélög innan vébanda BSRB og ASÍ, byggt íbúðir og úthlutað án skilyrða við tekjumörk. Samningurinn kveður á um að Bjarg selji Blævi þjónustu þess að það hafi önnur áhrif á starfsemi Bjargs. Þannig getur Blær notið þeirrar reynslu og þekkingar sem Bjarg hefur aflað sér síðustu árin með uppbyggingu íbúða á viðráðanlegum kjörum þar sem hagkvæmni næst m.a. með því að gera lágmarkskröfu um arðsemi. .

Fyrirkomulag samvinnu Bjargs og Blævar verður m.a. með þeim hætti að síðarnefnda félagið verður eins konar regnhlíf yfir einstök verkefni sem stofnuð verða félög um og framkvæmd verða ein og sér án fjárhagslegrar áhættu fyrir önnur verkefni á vettvangi Blævar.

Fyrsta verkefni undir regnhlíf Blævar er bygging fjölbýlishúss VR við Fiskitjörn í Úlfarsárdal og hefur félagið VR Blær umsjón með því.

Á fundi miðstjórnar ASÍ 18. maí var þessu tímamótasamkomulagi sérstaklega fagnað.





Stjórnarfundur Vörðu í maímánuði 2022

## Varða - rannsóknastofnun vinnu- og lífsmarkaðarins

Starfsemi Vörðu hefur verið öflug frá því að hún var stofnuð vorið 2020. Grundvöllurinn af stofnun Vörðu endurspeglast í sameiginlegum markmiðum ASÍ og BSRB um að skapa víðtækari þekkingu á lífsskilyrðum fólks en þegar er til staðar, að byggja brú á milli fræðasamfélagsins og verkalýðshreyfingarinnar sem og að hvetja til sjálfstæðra rannsókna sem hafa þýðingu fyrir launafólk.

Stjórn Vörðu er skipuð Sonju Ýri Þorbergsdóttur, formanni BSRB og stjórnarformanni Vörðu, Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni, forseta ASÍ, Eyrúnu Björk Valsdóttur, sviðsstjóra á skrifstofu ASÍ, Magnúsi Má Guðmundssyni, framkvæmdastjóra BSRB, og Kolbeini Hólmarí Stefánssyni, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Varða er ung stofnun og er starfsemi hennar enn í mótun og stöðugri þróun. Þrátt fyrir það hefur stofnunin gefið af sér afurðir sem bæta þekkinguna á vinnu- og lífsmarkaði og lífsskilyrðum fólks í víðu samhengi. Varða hefur í tvígang staðið að könnun um stöðu launafólks á Íslandi. Könnunin nýtur sérstöðu þar sem hún nær til mikils fjölda fólks og hafa svarendur verið tæplega 10.000 félagar í aðildarfélagum ASÍ og BSRB. Auk þess er það einstakt hérlendis hversu hátt hlutfall svarenda er með erlendan bakgrunn. Grunnurinn að könnuninni miðar að því að meta fjárhagslega stöðu félagsfólks auk andlegrar og líkamlegrar heilsu en árlega eru einnig notaðar spurningar sem tengjast sérstaklega stöðu launafólks hverju sinni, nú síðast var einblínt á stöðu á hús-

næðismarkaði. Niðurstöður könnunarinnar hafa vakið mikla athygli enda gefa niðurstöðurnar góða innsýn inn í stöðu launafólks á Íslandi.

Varða fjármagnar þau rannsóknaverkefni sem hún ræðst í, eða á samstarf um, með styrkjum úr rannsóknasjóðum. Frá stofnun hefur Varða hlotið 7 styrki til fjölbreyttra verkefna. Varða hefur meðal annars greint stöðu og bakgrunn ungmenna af erlendum uppruna utan vinnumarkaðar og skóla með styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála. Jafnréttissjóður Íslands fjármagnaði rannsókn á upplifunum og reynslu ungra kvenna af erlendum uppruna sem hafa staðið utan vinnumarkaðar og skóla. Félags- og dómsmálaráðuneyti fjármögnuðu fræðslumyndbönd um heimilisofbeldi og mansal sem verða nýtt í trúnað-armannafræðslu. Verkefnið er samstarfsverkefni Vörðu, Félagsmálaskóla alþýðu, Jafnréttisstofu, Kvennaathvarfsins, Vinnueftirlitsins og 112 og er liður í því að auka fræðslu um heimilisofbeldi og mansal á vettvangi allra samstarfsaðilanna. Varða tekur auk þess þátt í umfangsmiklu rannsóknaverkefni um stöðu kvenna í láglaunastörfum. Rannsóknin er unnin undir stjórn Berglindar Hólm Ragnarsdóttur, lektors við Háskólann á Akureyri (HA), ásamt teymi fræðikvenna við HA og Háskóla Íslands.

Á starfsárinu framkvæmdi Varða auk þess umfangsmikla könnun fyrir Öryrkjabandalag Íslands um stöðu fatlaðs fólks á Íslandi. Niðurstöður könnunarinnar vöktu talsverða athygli enda hafði slík rannsókn ekki verið framkvæmd um árabil.

Varða hefur auk þess sinnt rannsóknaverkefnum fyrir stéttarfélög innan ASÍ og BSRB og hefur átt gæfuríkt og gott samstarf við fjölda aðildarfélaga. Slíkt samstarf hefur gefið góða raun og standa vonir til að slíkt samstarf muni aukast á komandi árum.

Varða nýtir aðferðafræði vísindanna og sterk tengsl við verkalýðshreyfinguna til að skapa þekkingu sem hefur þýðingu fyrir launafólk. Þetta samstarf hefur skilað góðum árangri á fyrstu tveimur starfsárum stofnunarinnar og verður grundvöllurinn að frekari þróun og þekkingarsköpun til framtíðar.



## VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK er sjálfseignarstofnun stofnuð 2008 af helstu samtökum stéttarféлага og atvinnurekenda á vinnumarkaði og hefur það hlutverk að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

- VIRK veitir markvissa og árangursríka þjónustu á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK nýtir þekkingu, rannsóknir og reynslu til að tryggja samþætta, árangursríka og örugga þjónustu
- VIRK veitir þjónustu í samstarfi við stéttarfélög, fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um allt land
- VIRK vinnur með atvinnulífinu að því að skapa fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu
- VIRK stuðlar að auknum rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar
- VIRK sinnir forvörnum, þróunarverkefnum og fræðslu með það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall einstaklinga af vinnumarkaði.

Undanfarin ár hefur sérstök áhersla verið lögð á aukna atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og hlutverk VIRK í forvörnum hefur verið aukið með það að markmiði að draga úr líkum á því að einstaklingar falli brott af vinnumarkaði vegna heilsubrests. Komid hefur verið á sérstöku forvarnasviði VIRK í því skyni sem heldur m.a. utan um vefsíðuna [velvirk.is](http://velvirk.is).

### Mannauður VIRK

Að starfsemi VIRK kemur mikill fjöldi hæfra sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu. Á skrifstofu VIRK í Borgartúni 18 í Reykjavík starfa 57

starfsmenn í 54 stöðugildum. Á vegum VIRK starfa 54 sérhæfðir ráðgjafar í 51 stöðugildi, staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land, sem fylgja þjónustubegum eftir allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.

VIRK á í samstarfi við um 600 þjónustuaðila um allt land og leggur áherslu á að nýta fagaðila á hverju svæði og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýtir sér þjónustu VIRK. Auk þess þá koma um 10 utanaðkomandi sérfræðingar að mati á einstaklingum í þjónustu.

Á undanförunum árum hefur VIRK aukið áherslu á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu og meðal starfsmanna í Borgartúni 18 eru 9 atvinnulífstenglar sem vinna markvisst að því, í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, að finna störf fyrir einstaklinga sem útskrifast frá VIRK með skerta starfsgetu.



## Samstarf

VIRK leggur mikla áherslu á gott samstarf við alla aðila innan velferðarkerfisins með það að markmiði að tryggja góðan og samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklingana í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK.

VIRK gegnir mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins.

VIRK leggur einnig mikla áherslu á að leiðbeina einstaklingum um mögulegar þjónustuleiðir innan velferðarkerfisins hvort sem einstaklingurinn getur nýtt sér þjónustu VIRK eða ekki.

Þá er VIRK í samstarfi við flesta stærstu lífeyrissjóði landsins. Samstarfið felst í því að allar nýjar umsóknir um örorku eru rýndar af sérfræðingum

VIRK og einstaklingum er boðið upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef metið er að hún sé raunhæf og geti skilað árangri fyrir viðkomandi einstakling.

Þetta samstarf hefur verið í þróun undanfarin ár og fleiri lífeyrissjóðir hafa bæst inn í samstarfið. Það kemur einnig í ljós að það er mun algengara nú en áður að einstaklingar eru komnir inn í þjónustu VIRK áður en þeir sækja um örorkulífeyri og er það þróun í rétta átt.

## **Fjölbreyttur hópur þjónustupega**

VIRK hefur starfað í 14 ár og í ágústlok 2022 höfðu alls 20.000 einstaklingar hafið starfsendurhæfingarþjónustu hjá VIRK. 2.400 einstaklingar voru þá í starfsendurhæfingu á vegum VIRK um allt land. 2.222 einstaklingar komu nýir inn í þjónustu hjá VIRK á árinu 2021.

Einstaklingar sem leita til VIRK koma úr öllum starfsstéttum, eru á öllum aldri og með fjölbreytta menntun og reynslu. Konur eru 68% einstaklinganna sem nýtt hafa sér starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK frá upphafi og hefur hlutfall þeirra heldur aukist síðustu árin.

Aðstæður einstaklinganna sem leita til VIRK eru misjafnar og kalla á það að útbúin sé áætlun um endurkomu inn á vinnumarkaðinn sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Til VIRK leitar fjöldi einstaklinga sem hafa verið lengi frá vinnumarkaði og glíma við flókinn og erfiðan vanda.

1.851 þjónustupegi útskrifaðist frá VIRK 2021, sem er metfjöldi útskrifta á einu ári. Við lok þjónustu VIRK fara langflestir einstaklinganna í virka þátttöku á vinnumarkað, 78% útskrifaðra þjónustupega fara í vinnu, atvinnuleit eða nám að lokinni starfsendurhæfingu.

Þeim sem ekki útskrifast frá VIRK með fulla starfsgetu er boðið að fara í starfsgetumat þar sem fagaðilar leggja formlegt mat á starfsgetu sem byggir bæði á gögnum og upplýsingum í starfsendurhæfingarferlinu sem og klínísku mati þeirra lækna og annarra sérfræðinga sem koma að matinu.


Sjá nánar á vef VIRK: [VIRK í tölum](#).

## **Árangur VIRK**


Flókið er að meta árangur af starfsemi VIRK. Til að unnt sé að gera það þá þarf bæði að finna rétta mælikvarða á árangur starfseminnar og eins að vera mögulegt að greina áhrif VIRK á einstaklinga í flóknu samspili við fjölda þjónustuaðila innan velferðarkerfisins. Staðreyndin er sú að kerfið inniheldur þar að auki ýmsar hindranir sem koma stundum í veg fyrir að einstaklingar fari í virka þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar.

VIRK leitast við að meta árangur starfsendurhæfingarinnar á fjölbreyttan hátt; fylgst er grannt með tölfraði starfseminnar, stöðugt er leitað eftir endurgjöf frá þjónustupegum í gegnum þjónustukönnun, leitað er mats utanaðkom-

andi sérfræðinga á ávinningi starfseminnar og viðhorf almennings til VIRK hefur verið mælt.




Eitt af því sem horft er til í tölfræðinni er hlutfall þeirra sem ljúka þjónustu hjá VIRK og eru að einhverju leyti í vinnu, í atvinnuleit eða námi við útskrift. Á myndinni hér að ofan má sjá að 79% einstaklinganna sem luku þjónustu á árinu 2021 voru annaðhvort að öllu eða einhverju leyti virkir í vinnu, atvinnuleit eða námi. Þetta á við um 78% einstaklinga sem hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi.



Öllum einstaklingum sem útskrifast frá VIRK er boðið að taka þátt í þjónustukönnun þar sem þeir eru beðnir um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Myndin hér að ofan inniheldur upplýsingar úr þjónustukönnun VIRK fyrir árið 2021 þar sem sjá má að einstaklingar telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra. Við lok þjónustu er sjálfsmynd þeirra sterkari, starfsgeta meiri og líkamleg og andleg heilsa þeirra mun betri.


Þá kemur einnig fram í þjónustukönnuninni að 87% þjónustupega eru ánægð með þjónustuna og mikil ánægja er meðal þeirra með störf ráðgjafa VIRK.



Ráðgjafarfyritækið Talmakönnun hefur metið ávinning af starfsemi VIRK undanfarin níu ár og sýnir myndin hér að neðan niðurstöður þess mats.

Matið er byggt á ópersónugreinanlegum gögnum úr upplýsingakerfi VIRK ásamt öðrum upplýsingum og er miðað við tiltekna forsendur um afdrif einstaklinga án þjónustu VIRK.

Fundinn var mælikvarði á sparnað af starfsemi VIRK sem tekur mið af raunverulegum árangri, árangri sem felst í að flýta endurhæfingu, stytta tímabil óvinnufærni einstaklinga og minnka tíðni örorku.



Á árinu 2021 er samfélagslegur ávinningur af starfi VIRK metinn 30 milljarðar króna, til samanburðar má benda á að rekstrarkostnaður sama árs var um 3,7 milljarðar króna.


Stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á fjölbreyttri starfsendurhæfingarpjónustu frá um 600 þjónustuaðilum um allt land fyrir þjónustuþega VIRK, sem eru að öllu jöfnu um 2.400 talsins hverju sinni.

Sýnt er fram á í skýrslu Talmakönnunar að ábatinn af starfsendurhæfingarpjónustu á vegum VIRK skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna. Ofan á þetta kemur svo bættur hagur einstaklinga, bæði fjárhagslegur auk þeirra lífsgæða sem felast í því að geta tekið fullan þátt í samfélaginu.


Skýrslur Talmakönnunar með nánari upplýsingum um framkvæmd þessara útreikninga má finna á [vefsíðu VIRK](#).



Nýjasti liðurinn í viðleitni til þess að meta þjónustu VIRK og árangur starfseminnar er almenn viðhorfskönnun sem Maskína gerði fyrir VIRK í febrúar 2022. Í viðhorfskönnuninni kom m.a. fram að 81% svarenda telja að VIRK hafi mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag.



Einnig kom fram í viðhorfskönnuninni að nær átta af hverjum tíu landsmanna eru jákvæðir gagnvart VIRK.



Sjá nánar á vef VIRK: [Árangur VIRK](#) og [Þjónustukönnun VIRK](#)



## Umsagnir um þingmál

### **Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022, mál 1, frumvarp til laga um breytingar á ýmsum gjöldum, mál 3 og þingsályktunartillögu um fjármálastefnu 2022-2026, mál 2.**

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til fjárlaga, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum gjöldum vegna fjárlaga (3. mál) og þingsályktunartillögu um fjármálastefnu 2022-2026 (2. mál). Hér á eftir fer umsögn ASÍ um framangreind mál.

### **Samantekt**

Fjárlagafrumvarp 2022 er til marks um að nú dragi úr áhrifum heimsfaraldurs á íslenskt efnahagslíf. Þó fjárlagafrumvarpið sé í takt við þann ramma sem settur var í fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, er vert að minna á að Alþýðusambandið hefur verið gagnrýnið á ramma opinberra fjármála undanfarin ár. Hætta er á að stefna í ríkisfjármálum skapi ekki grundvöll fyrir stöðugleika á vinnumarkaði. Brýnt er að ráðist verði í stóratök í húsnæðismálum og að velferð og félagslegur stöðugleiki verði ekki notuð sem hagstjórnartæki.

## Slaki hverfur úr hagkerfinu

Íslenskt hagkerfi hefur snúist hratt við á þessu ári. Aukin ferðalög þrátt fyrir heimsfaraldur hafa stuðlað að bata á vinnumarkaði en einnig hefur einkaneysla heimila verið meiri í gegnum heimsfaraldur en áætlað var. Þar hefur áhrif sterk fjárhagsstaða heimila í aðdraganda faraldurs, mótvægisáðgerðir og ekki síst sú staðreynd að kjarasamningsbundnar launahækkningar komu til framkvæmda og unnu gegn verulegu falli atvinnutekna. Nú er útlit fyrir að bæði einkaneysla og þjódarútgjöld verði meiri á þessu ári en árið 2019. Á móti er líklegt að samdráttur í útflutningi verði ekki genginn til baka fyrir en árið 2023. Það er til marks um ólík áhrif heimsfaraldursins á innanlandshagkerfið annars vegar og utanríkisviðskipti hins vegar, þá fyrst og fremst ferðapjónustu.

Þjóðhagsspár hafa verið uppfærðar og spáir Hagstofa Íslands 5,3% hagvexti á næsta ári. Er það 0,5 prósentum meiri hagvöxtur en í fyrri spá og 1,8 prósentustigum meiri yfir tveggja ára tímabil, 2021-2022. Bjartari horfur hvíla á áframhaldandi vexti einkaneyslu og útflutnings, þ.e. auknum tekjum af ferðapjónustu og aukinni loðnuveiði.

Hraður efnahagsbati hefur þó ekki verið án áskorana. Verðbólga hefur verið þrálát, mælist nú 4,8% og útlit er fyrir að meðalverðbólga verði um 4,4% á þessu ári. Verðbólga skýrist um þessar mundir af þróun hrávöruverðs og mikilli hækkun húsnæðisverðs. Sé horft framhjá áhrifum húsnæðis mælist verðbólga 3%, sem er innan vikmarka Seðlabankans. Hröð hækkun eignaverðs og minni slaki í efnahagslífi hefur orðið til þess að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um 1,25 prósentustig. Samhliða því hefur ríkisstjórnin boðað aukið aðhald í ríkisfjármálum. Í fjármálastefnu er boðað að dregið verði úr sértækum stuðningi frá og með næsta ári. Megináskorun opinberra fjármála er því kunnugleg. Hún felst í því að ríkisfjármál leggi grunn að stöðugleika í efnahagslífi og á vinnumarkaði án þess að félagslegum innviðum og nauðsynlegum fjárfestingum í vaxtargetu hagkerfisins sé beitt sem hagstjórnartæki.

## Hvernig verður brugðist við stóru áskoruninum?

Efnahagsbatinn sem lýst er hér að ofan endurspeglast bæði í fjármálastefnu og frumvarpi til fjárlaga. Reiknað er með að tekjur ríkisins verði 63 milljörðum meiri í ár en gert var ráð fyrir í síðustu fjárlögum og á næsta ári er útlit fyrir að tekjur ríkisins á næsta ári verði 182 milljörðum meiri en árið á undan. Til viðbótar dregur úr útgjöldum atvinnuleysistrygginga og fjöldi úrræða tengd heimsfaraldri renna sitt skeið. Full ástæða er til að sýna varfærni þegar úrræðum tengd heimsfaraldri er hætt í ljósi þess að enn ríkir óvissa um þróun faraldurs. Í því samhengi er vert að benda á að atvinnuleysi mælist enn kringum 5% (9,2% á Suðurnesjum) og þrátt fyrir bata á vinnumarkaði eru 10 þúsund einstaklingar atvinnulausir og þar af 40% langtímaatvinnulausir.

Þótt útfærsla fjárlagafrumvarps sé nokkuð fyrirjábanleg og í takt við þann ramma sem settur var í fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, er vert að minna á að Alþýðusambandið hefur verið gagnrýnið á heildarramma opinberra fjármála undanfarin ár, bæði fyrir og eftir heimsfaraldur. Þar hefur sambandið varað við óábyrgri stefnu sem felst í að veikja tekjustofna ríkisins á sama tíma og þörf er fyrir aukin útgjöld t.d. vegna öldrunar þjóðarinnar. Þessar áskoranir koma skýrt fram í fjármálastefnunni og langtímaáætlun um efnahagsmál og opinber fjármál.

Fyrir liggur vönduð kortlagning á langtímaáskoronum þjóðarbúsins.<sup>24</sup> Meðal þess sem þar kemur fram er að hægt hafi á drifkröftum hagvaxtar til lengri tíma. Skýrist þróunin af minni framleiðnivexti og fækkun einstaklinga á vinnualdri sem leiðir til þess að dregið hefur úr mati á vaxtargetu hagkerfisins um 0,4 prósentustig. Til viðbótar við minnkandi hagvaxtargetu mun öldrun þjóðar líka hafa veruleg áhrif á útgjöld ríkisins. Áætlunin gerir ráð fyrir að heilbrigðisútgjöld komi til með að aukast úr 8,2% af VLF árið 2026 í 10,8% árið 2050. Að óbreyttu kallar þróunin á aðgerðir til að stuðla að sjálfbærni ríkisfjármála.

Áskoranir í opinberum fjármálum skýrast þannig ekki eingöngu af áhrifum heimsfaraldurs og munu kalla á fjárfestingar í innviðum og hagvaxtargetu til framtíðar auk viðbragða við áhrifum breyttrar aldurssamsetningar á tekjur og útgjöld ríkisins. Þar er ljóst að skatttekjur hins opinbera verða fyrir áhrifum þar sem draga mun úr vægi tekjuskatta einstaklinga samhliða fækkun einstaklinga á vinnualdri á meðan vægi neysluskatta mun aukast. Alþýðusambandið saknar að ekki sé minnst á skattlagningu fjármagns í samhengi við veikari tekjustofna hins opinbera. Í skýrslu Alþýðusambandsins, *Skattar og ójöfnuður*<sup>25</sup>, er ójöfnuður eigna á Íslandi dreginn fram ásamt þeim veikleikum í íslensku skattkerfi sem felast í misræmi skattlagningar tekna og eigna og núverandi hvötum sem ýta undir tekjutilflutning. Í skýrslunni er bent á að reglur sem takmarka tekjutilflutning myndu auka árlegar skatttekjur um á bilinu 3-8 milljarða króna og styrkja tekjuöflun sveitarfélaga í gegnum útsvar. Til viðbótar mætti auka jöfnunaráhrif skattkerfisins með skynsamlega útfærðum stóreignaskatti. Í skýrslunni er einnig lagt til að mótaður verði skýr rammi um gjöld vegna nýtingu auðlinda og bent á að árleg veiðigjöld hafi einungis numið broti af auðlindarentu sem metin er á bilinu 30-70 milljarðar á ári á árunum 2008-2019.

---


24 Sjá [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vef-fylgiskjal-s1497-f\\_I.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Vef-fylgiskjal-s1497-f_I.pdf)

25 Sjá [https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur\\_skyrsla\\_070921.pdf](https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur_skyrsla_070921.pdf)

## Uppsöfnuð þörf á fjárfestingum


Í frumvarpinu er að finna samantekt á fjárfestingum ríkisins. Þar segir að fjárfestingaráttak ríkisins nemi um 75 milljörðum króna á árunum 2021-2023. Bygging nýs Landspítala er stærsta fjárfestingarverkefni fjárlagafrumvarps en þar er gert ráð fyrir að verja 14 ma. kr. á næsta ári. Þar er bent á að fjárfesting sé nú töluvert umfram langtíma meðal fjárfestingar en sú framsetning er villandi. Miðað er við meðaltal árunna 2005-2021 þar sem verulegra og langvarandi áhrifa gætir af fjármálahruninu 2008 sem leiddi til mikils niðurskurðar á fjárfestingum í samfélagslegum innviðum. Þar er jafnframt horft fram hjá fjárfestingum sveitarfélaga en það er áhyggjuefni ef sveitarfélög eru ekki í aðstöðu til að styðja við framleiðni aukandi fjárfestingar.

**Mynd 1 - Opinber fjárfesting, hlutfall af vergri landsframleiðslu**



Heimild: Hagstofa Íslands

**Mynd 2 - Fjármunamyndun í heilbrigðiskerfi**  
Meðalfjárfesting á ári, 2010-2020 eða nýjustu tölur



Heimild: OECD

Alþýðusambandið ítrekar að það er ekki ásættanlegt að skera niður nauðsynlegar fjárfestingar til að mæta tímabundnum sveiflum í hagkerfinu. Þannig voru það mistök að ráðast í mikinn niðurskurð eftir fjármálahrunið. Sú stefna endurspeglast m.a. í litlum fjárfestingum í heilbrigðiskerfinu sl. áratug og rekstrarframlögum sem hafa ekki haldist í hendur við aukna þörf.

## Nýtt viðmið um þróun persónuafsláttar

Í fjárlagafrumvarpinu er að finna það nýmæli að persónuafsláttur og þrepamörk tekjuskatts séu hækkuð með tilliti til verðbólgu að viðbætri langtímaaukningu á framleiðni. Er þar brugðist við gagnrýni ASÍ á sjálfvirkri hækkun á skattbyrði lægstu tekna<sup>26</sup> undanfarna áratugi en það var ein af kröfunum við gerð kjarasamninganna 2019 að vinna bug á því.

Í frumvarpinu er mat á langtímaframleiðni 1%. Árshækkun vísitölu neysluverðs er 4,8% og ef það helst óbreytt í desember munu viðmiðunarfjárhæðir í tekjuskattkerfinu hækka um 5,8%. Þessi breyting er gerð með það að markmiði að draga úr skattskriði sem hefur verið viðvarandi vandamál frá upptöku staðgreiðslukerfisins 1988. Skattskrið felur í sér sjálfvirka hækkun skattbyrði við hækkun raunlauna.

Hagstofan spáir því að launavísitalan hækki um 4,8% á næsta ári. Raungerist það mun skattbyrði lækka lítillega að meðaltali.<sup>27</sup> Vegna kjarasamningsbundinna hækkana um áramótin og hagnaxtaraukans sem kemur til launahækkunar í maí munu skattgreiðslur lægstu launa hækka um 2-3 þúsund kr. fyrir mánaðarlaun á bilinu 330 til 410 þúsund kr. vegna taxtahækkunar sem er samtals 38 þúsund kr.

Persónuafsláttur og þrepamörk tekjuskatts þurfa að hækka til jafns við laun. Að öðrum kosti eykst skattbyrði. Skattbyrðin eykst hlutfallslega mest hjá þeim sem eru nálægt tilteknum þrepamörkum, t.d. nálægt skattleysismörkum. Á tímabilinu 1997-2020 hækkuðu tekjur að meðaltali um 6,5% og verðlag um 4,4%.<sup>28</sup> Hækkun persónuafsláttar og þrepamarka um 1% umfram verðbólgu hefði því leitt til skattskriðs á því tímabili. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun skattgreiðslna og skattbyrði næstu 4 ár ef laun allra og verðlag hækka jafn mikið og meðaltal síðustu 4 ár. Á myndinni má sjá að skattbyrði lægstu launa hækka um u.þ.b. 1 prósentustig. Hærri tekjuhópar hækka minna.


Ekki er augljóst við hvaða mat á framleiðni eigi að styðjast við uppfærslu persónuafsláttar og viðmiðunarfjárhæða. Tillaga um að persónuafsláttur hækki til jafns við verðlag og framleiðni er byggð á tillögu nefndar um endurskoðun

26 Sjá <https://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafolks-1998-2016.pdf>

27 Hér er gert ráð fyrir því að vinnutími breytist ekki.

28 Hér er miðað við meðalhækkun á atvinnutekjum og öðrum tekjum (t.d. greiðslur frá Tryggingastofnun, greiðslur úr líffeyrissjóðum, atvinnuleysisbætur, félagsleg aðstoð auk vinninga og námsstyrkja).

tekjuskatts og bótakerfa frá 2019.<sup>29</sup> Þar var lagt til að miðað væri við meðaltal síðustu þriggja ára. Í fjárlagafrumvarpinu er miðað við 10 ára sögulegt meðaltal þar sem framleiðni er skilgreind sem landsframleiðsla á hverja unna klukkustund. Lagt er til að viðmiðið verði endurskoðað á fimm ára fresti. Vert er að benda á að ákveðið ósamræmi er í mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins á langtímavexti í framleiðni. Meðalframleiðnivöxtur síðustu 20 ára hefur verið 1,9%, og 1,8% síðan 1991. Í langtímaáætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins er gert ráð fyrir að til langs tíma vaxi framleiðni um 1,6%. Hér gæti ósamræmis við 1% viðmiðið sem stuðst er við í fjárlagafrumvarpi.



Nýtt viðmið persónuafsláttar er síðasti liður í umfangsmiklum skattbreytingum sem stjórnvöld fóru í til að styðja við kjarasamninga árið 2019. Í breytingum síðustu tveggja ára var komið á fót þriggja þrepa skattkerfi. Breytingarnar miðuðu að því að auka ráðstöfunartekjur mest hjá þeim tekjulægstu. Samanburður á tekjuskatti næsta árs við óbreytt skattkerfi frá 2019 sýnir að markmið breytinganna náðist. Skatthlutfall lækkaði hjá einstaklingum með undir 370 þúsund kr. í mánaðarlaun. Við þau laun nemur lækkunin 11 þúsund kr. á mánuði, sjá mynd 4 að ofan.

## Barnabótakerfið of þarfagreint

Í fjárlagafrumvarpinu eru gerðar breytingar á barnabótakerfinu þannig að óskertar bætur eru hækkaðar umfram verðbólguþá næsta árs og skerðingarmörk hækka umfram tekjuhækkun sem vænta má í ár. Tekjuskerðing barnabóta er í tveimur þrepum, á bilinu 4-8% við neðri skerðingarmörk og á bilinu 5,5-9,5% við efri skerðingarmörk.

<sup>29</sup> Sjá <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Endursko%20og%20bo%20cc%81takerfa.pdf>

Myndir 5 og 6 sýna barnabætur í ár og á næsta ári miðað við fjárlagafrumvarpið á föstu verðlagi. Þar er einnig tekið tillit til hækkunar tekna á milli ára. Á myndunum má sjá að óskertar bætur einstæðra foreldra eru hærri en hjá sambúðarfólki. Einnig má sjá að hærri tekjur draga úr barnabótum vegna tekjuskerðingar. Barnabætur hjá foreldrum með tvö börn eru fullskertar þegar tekjur foreldra eru u.þ.b. 1,4 milljónir á mánuði.

Barnabætur foreldra með tekjur undir skerðingarmörkum fá raunhækkun barnabóta sem nemur um 2,4%. Einstæðir foreldrar með tvö börn, þar af eitt undir 7 ára, fá 1.800 króna hækkun mánaðarlega að raunvirði og sambúðarfólk um 1.300 kr. Foreldrar sem eru rétt yfir skerðingarmörkum fá meiri hækkun barnabóta.<sup>30</sup> Barnabætur hjá foreldrum með tvö börn hækka að mestu um 3 þúsund kr. Hækkun barnabóta fjarar síðan út eftir því sem tekjur eru hærri. Foreldrar með tekjur yfir 1,4 milljón fá enga hækkun barnabóta.<sup>31</sup> Tekjudreifing foreldra er þannig að um helmingur barna hjá sambúðarfólki býr á heimili þar sem heildartekjur foreldra er yfir 1,4 milljón. Hjá einstæðum foreldrum býr meirihluti barna á heimili þar sem tekjur eru allt að 1,4 milljón, sjá mynd 7.

Það er gagnrýnivert að ekki sé tekið tillit til verðlags eða tekjuþróunar í greinargerð með fjárlagafrumvarpinu. Þær tölur sem þar koma fram taka hvorki mið af verðlagsþróun né tekjuþróun. Slíkar upplýsingar eru ekki til þess fallnar að sýna raunsanna mynd af áhrifum breytinga. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar hafi rétta mynd af boððum breytingum í fjárlögum.

ASÍ hefur áður gagnrýnt þá stefnu stjórnvalda að markmið barnabótakerfisins sé eingöngu að draga úr fátækt<sup>32</sup> en það markmið er ólíkt barnabótakerfum Norðurlandanna sem hafa það að markmiði að styðja við barneignir og draga úr kostnaðarauka barnafjölskyldna. Það er margviðurkennt að fyrstu ár í lífi barns eru sérstaklega mikilvæg þroska þess og heilsu, en geta einnig verið álagstími fyrir fjölskyldur. Á slíkum tíma í lífi fjölskyldna á að veita stuðning, frekar en að skilja þær eftir með mikinn kostnað í formi tekjuskerðinga vegna fæðingarorlofs, kostnað við ungbarnaleikskóla og dagforeldra og síðar leikskóla. Á Norðurlöndunum eru barnabætur ótekjutengdar og greiddast því til allra tekjuhópa.<sup>33</sup> Reynsla annarra landa hefur einnig sýnt að þegar velferðarkerfi eru mjög þarfagreind með tekjutengingum dregur úr stuðningi við hópa sem á þeim þurfa að halda. Vænlegra er að sækja fjármagn og auka jöfnuð

---

30 Skerðingarmörk einstæðra foreldra verða 379 þúsund hjá einstæðum foreldrum og 758 þús. kr. hjá sambúðarfólki eftir áramót ef breytingarnar verða samþykktar.

31 Þessi mörk eru hærri hjá foreldrum með fleiri börn en lægri hjá foreldrum sem eru með eitt barn.

32 Markmiðið birtist m.a. í <https://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2015/cr15315.pdf>


33 Undantekningin er að barnabætur eru tekjutengdar í Danmörku. Skerðingarmörkin eru aftur á móti mjög há og skerðingarhlutfall mun lægra en hér á landi.



í gegnum skattkerfið en að setja á íþyngjandi skerðingarmörk. Alþýðusambandið leggur því til að fjármunum sé varið í að hækka skerðingarmörkin og greiða barnabætur til bæði lág- og millitekjufólks.


**Mynd 5. Breyting barnabóta 2021-22, fast verðlag, einstæðir foreldrar**

Tekjur eru uppfærðar með meðalhækkun




**Mynd 6. Breyting barnabóta 2021-22, fast verðlag, sambúðarfólk**

Tekjur eru uppfærðar með meðalhækkun



**Mynd 7 - Uppsafnað hlutfall barna eftir heildartekjum heimila**



Heimild: RSK, útreikningar ASÍ. Miðað er við tekjur 2019. Tekjur eru uppfærðar með tekjuþróun 2019-2021.

## **Bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga halda ekki í við launaþróun**

Alþýðusambandið telur ástæðu til að gera athugasemd við þær forsendur sem notaðar eru við ákvörðun bóta almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris ásamt bótum atvinnuleysistrygginga. Samkvæmt 69. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2021 er kveðið á um að bæturnar taki mið af launaþróun en þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag. Þar er bent á að hækkunin byggji á mati ráðuneytisins á meðaltaxtahækkunum næsta árs, þ.e. 3,8% og verðlagshækkun upp á 0,8%, alls 4,6% í fjárlagafrumvarpi.

Ekki er skýrt við hvaða aðferðafræði eða göng ráðuneytið styðst þegar lagt er mat á meðaltaxtahækkunir né heldur hvers vegna kosið er að styðjast við framsýnt mat frekar en raunlaunaþróun undangengins tímabils.

Hvað varðar 3,8% mat á meðaltaxtahækkunum telur ASÍ ástæðu til að benda á að við gerð lífskjarasamnings var lögð áhersla á krónutöluhækkunir með sérstökum taxtahækkunum. Næstu áramót hækka lægstu taxtar á íslenskum vinnumarkaði um 25 þúsund krónur, eða 7,5%. Sé horft á taxaumhverfi Starfsgreinasambandsins og Landssambands íslenskra verslunarmanna hækka taxtar um áramótin á bilinu 6,5-7,5%. Hjá iðnfélögum eru hækkunir á bilinu 5-5,5%, en þar er að finna hæstu taxa á almennum vinnumarkaði. Mat ráðuneytisins á meðaltaxtahækkunum endurspeglar því ekki umsamdar hækkunir á almennum vinnumarkaði.

Á næsta ári virkjast að öllum líkindum svokallaður hagvaxtarauki sem felur í sér hækkun taxtalauna um 13 þúsund. Sú hækkun jafngildir viðbót- arhækkun um 3,6% á lægstu taxa. Það er mat ASÍ að það viðmið sem stuðst er við sé ekki heppilegt við ákvörðun bóta almannatrygginga og endurspegli hvorki taxtahækkunir né almenna launaþróun. Að óbreyttu leiðir ákvörðunin til þess að bætur almannatrygginga dragist aftur úr lágmarkskjörum á íslenskum vinnumarkaði.

Óheppilegt er að ekki liggi skýrt fyrir hvaða aðferðafræði er notuð við mat á launaþróun og að sú aðferð taki breytingum óháð lagabreytingum. ASÍ telur með öllu óásættanlegt að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist aftur úr öðrum lágtekjuhópum og mælist til þess að bætur almannatrygginga taki hækkunum til samræmis við lægstu laun á vinnumarkaði.

## **Ekki brugðist við erfiðum aðstæðum á húsnæðismarkaði**


Alþýðusambandið lýsir yfir verulegum vonbrigðum með litla umfjöllun og skort á aðgerðum til að bregðast við stöðunni á húsnæðismarkaðnum. Frumvarpið gerir einungis ráð fyrir 2,9% aukningu í húsnæðisstuðning og ekki eru gerðar breytingar á fyrirbyggjandi forsendu um fjármögnun uppbyggingar óhagnaðardrifinna leiguíbúða, þrátt fyrir að allir stjórnmálaflokkar hafi verið

sammála fyrir kosningar um þörfina á auknum framlögum til almenna íbúðakerfisins.

Undangengnar vaxtalækkanir höfðu veruleg áhrif á eignaverð, þá sérstaklega fasteignaverð í umhverfi lítils og tregbreytanlegs framboðs. Nú þegar vextir hafa hækkað á ný og fyrirséð að þeir fari hækkanði munu áhrifin á tekjur heimila koma fyrir fram en ella sökum aukins vægis óverðtryggðra lána. Áhrifin eru þó meiri á nýja húsnæðis kaupendur sem munu koma inn á markað við hátt raunverð og herra vaxtastig. Greiðslubyrði af óverðtryggðu láni sem notað var til kaupa á 90 fm íbúð gæti því verið að raunvirði um þriðjung herra árið 2023 heldur en 2019.<sup>34</sup>

Fyrirséð er að leigumarkaður verði fyrir áhrifum hækkunar húsnæðisverðs, aukins hagvaxtar, fjölgunar ferðamanna og auknum búferlaflutningum. Leiguverð hækkaði þannig umfram verðlag á árunum 2011-2019, og umfram vísitölu launa. Um 43% af leigjendum í neðsta tekjufimmtungi glíma við íþyngjandi húsnæðiskostnað, sjá mynd 8.

Íslenskur leigumarkaður er óskipulagður og hlutfall óhagnaðardrífins húsnæðis er lítið, leigjendur njóta takmarkaðrar verndar og hafa veika samningstöðu. Í yfirlýsingu stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum 2019 voru boðaðar umbótaáætlingar á leigumarkaði sem ekki hefur verið fylgt eftir. Alþýðusambandið kallar eftir stórátaki í húsnæðismálum, sem eru um leið eitt af stærstu kjaramálunum og mun ráða úrslitum um árangur kjarasamninga á næsta ári.



34 Sjá <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/nytt-manadaryfirlit-mikil-ahrif-vaxtahaekkana-a-greidslubyrdi/>

## Menntamál

Vert er að benda á að framlög til framhaldsfræðslukerfisins munu að óbreyttu dragast saman milli ára sé leiðrétt fyrir verðlagi. Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu hafa lækkað um árabíl þrátt fyrir fyrirheit og kortlagningu á framtíðaráskorunum. Svipaður skortur er á aðgerðum til að efla iðn- og tækni-nám, en framlög til vinnustaðanámssjóðs rýrna að raungildi milli ára.


## Starfsendurhæfing

Alþýðusambandið telur ástæðu til að benda á þörf fyrir leiðréttingu áætlaðra framlaga til starfsendurhæfingar. Núverandi áætlun er ekki í samræmi við lög og samninga um fjármögnun Virk sem tekur mið af gjaldstofni tryggingagjalds. Framlagið ætti að vera 848,5 milljónir árið 2022 en í frumvarpi er ráðgert að framlagið verði 648,5 milljónir. ASÍ væntir þess að þessi mistök verði leiðrétt.

## Veidigjöld lítill hluti af auðlindarentu

Veidigjöld eru áætluð 6,3 milljarðar á næsta ári, en þar af koma til 0,7 milljarðar vegna gjalds á fiskeldi sem innleitt var árið 2020. Veidigjald fiskveiða lækkar milli ára, sem skýrist af lakari afkomu á árinu 2020 heldur en árið 2019 sem leiðir til þess að tekjur ríkisins af veidigjaldi lækka um 1,4 milljarða.

Hagstofa Íslands hefur nú birt rit sitt, Hag veiða og vinnslu fyrir árið 2020, en þar kemur fram yfirlit yfir rekstur helstu greina sjávarútvegs. Þar kemur fram að hagnaður fyrirtækja, fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (EBIDTA) í fiskveiðum og vinnslu sem hlutfall af heildartekjum hafi aukist á síðasta ári. Í fjárhæðum nemur upphæðin 79 milljörðum á síðasta ári, eða um 5 milljörðum meiri en árið á undan.



Hagstofan birtir einnig afkomu út frá svokallaðri árgreiðsluáðferð, þar sem gert er ráð fyrir 6% væntri ávöxtun fjárfestinga. Hagnað umfram árgreiðslu er hægt að líta á sem umframarið af nýtingu takmarkaðra auðlinda, þ.e. auðlindarentuna. Nýjar tölur frá Hagstofunni um afkomu í sjávarútvegi sýna að auðlindarenta í fyrra er líkt og árinu áður mikil. Mæld auðlindarenta hækkar um 1,4 milljarða milli ára á föstu verðlagi. Á sama tíma lækkaði veiðigjald um 2,1 milljarð á föstu verðlagi. Í skýrslu ASÍ, Skattar og ójöfnuður, má lesa nánar um gögnin og niðurstöðurnar. Hér er nýjum tölum bætt við niðurstöðu þeirrar skýrslu.

## **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026, 2. mál**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026, 2. Mál. Áður hafði sambandið skilað inn umsögn um frumvarp til fjárlaga þar sem að hluta var komið inn á fjármálastefnu.

### **Samantekt**

Alþýðusambandið telur að sú fjármálastefna sem lögð hefur verið fram skapi ekki grundvöll fyrir félagslegan stöðugleika og þar með stöðugleika á vinnmarkaði. Stefnan er ekki í takti við áform stjórnvalda eins og þau eru sett fram í stjórnarsáttmála. Stefnan felur í sér aukið aðhald á næstu árum með það að markmiði að draga úr þenslu í hagkerfinu. Sú tekju- og gjaldastefna sem boðuð er sýnir með skýrum hætti að aukið aðhald mun fyrst og fremst koma fram á útgjaldahliðinni og er því fyrirboði um niðurskurð í velferðarkerfinu. Þá mótmælir ASÍ villandi framsetningu á þróun launa sem fram kemur í greinargerð með fjármálastefnunni.

### **Niðurskurðarstefna í ósamræmi við stjórnarsáttmála?**

Í fjármálastefnunni eru sett fram töluleg viðmið um afkomu og skuldir á árunum 2022-2026. Meginstefnumörkun fjármálastefnunnar er að stöðva eigi hækkun skulda hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) eigi síðar en 2026. Það er ári síðar en áætlað var í fjármálaáætlun í fyrra. Töluleg markmið í fjármálastefnunni eru sett fram sem lágmarksafkoma og hámarksskuldir.<sup>35</sup> Í greinargerðinni er fjallað um áætlaða afkomu en það er afkoma sem þykir líklegust miðað við horfur í efnahagsmálum og stefnu í fjármálum hins opinbera. Í varfærnissskyni er lágmarksafkoma fjármálastefnunnar lægri en áætluð afkoma eins og hún kemur fram í greinargerðinni. Útfærslur

---

35 Með afkomu er átt við heildarjöfnuð hins opinbera sem eru heildartekjur að frádrögnum heildargjöldum.

í árlegri fjármálaáætlun kann því að sýna hagfelldari niðurstöðu en lágmarks-afkoman.

Til þess að ná markmiðinu um stöðvun skuldahlutfalls þarf halli hins opinbera að minnka ár frá ári. Samkvæmt greinargerðinni fer áætlaður halli úr tæplega 6% af VLF í ár í tæplega 1% undir lok tímabilsins. Í því felst að frumjöfnuður verði jákvæður undir lok tímabilsins.<sup>36</sup> Í greinargerðinni kemur fram sú áætlun að tekjur hins opinbera muni vaxa um 2% af VLF og að útgjöld minnki um 3% af VLF á árunum 2022 til 2026.

Eins og kemur fram í álitsgerð fjármálaráðs felur áætluð útgjaldaþróun í sér að raunvöxtur útgjalda verði 2,6% frá 2022 til 2026, eða 0,7% á ári, á sama tíma og hagkerfið vex um 10%.<sup>37</sup> Í fjármálastefnu kemur ekki fram hvað árleg raunaukning upp á 0,7% hefur í för með sér fyrir opinbera velferðarþjónustu. Að öllu jöfnu hækka opinber útgjöld þótt þjónustustigið haldist óbreytt, t.d. vegna launahækkana. Það er erfitt að sjá hvernig jafn lágur útgjaldavöxtur geti staðið undir velferðarkerfinu og því eru vísbendingar um að þar geti komið til skerðinga. Út frá fjármálastefnunni er vandasamt að sjá hvort verið sé að boða niðurskurð. Það kemur ekki í ljós fyrir en fjármálaáætlun birtist í vor. Í greinargerð með fjármálastefnu kemur fram að stefnt er að því að auka aðhald á næstu árum með það að markmiði að draga úr þenslu í hagkerfinu. Umfjöllun um tekju- og gjaldastefnu sýnir með skýrum hætti að aukið aðhald mun fyrst og fremst koma fram á útgjaldahliðinni. Það þýðir að aðhaldið í stefnunni byggir á því að velferðarkerfið verði notað sem helsta hagstjórnartækið. Sú stefna getur aldrei orðið grundvöllur fyrir stöðugleika á vinnumarkaði eða til að ná markmiðum stjórnvalda um velsæld og úrbætur á sviði velferðarmála.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar koma fram fyrirheit um ýmsar velferðarúrbætur. Mörg þeirra gefa til kynna að auka skuli útgjöld. Fjármálastefnan rímar ekki við þetta. Alþýðusambandið tekur því undir sjónarmið fjármálaráðs, í þeirra áliti segir m.a.:


*Fjármálaráð saknar þess að sjá ekki með skýrum og gagnsæjum hætti hvernig stjórnarsáttmála er varpað yfir í stefnumörkun í opinberum fjármálum. Slik þjóðhagsleg markmiðasetning hefur áhrif á töluleg viðmið stefnunnar og því væri ákjósanlegt að draga saman stjórn-málalegar og fjármálalegar áherslur til að gefa skýrt til kynna hvernig stjórnvöld hafa hugsað sér að framfylgja stefnumiðum sínum næstu fjögur árin.*

36 Frumjöfnuður eru heildartekjur að frádrægnum heildargjöldum án fjármagnstekna og fjármagnsgjalda.

37 Í greinargerð fjármálastefnunnar kemur fram að bætt afkoma hins opinbera er fyrst og fremst vegna aðhalds í rekstri og að mjög óverulegu leyti vegna sjálfvirkra viðbragða skatt- og atvinnuleysisbótakerfisins.

**Mynd 1. Heildarskuldur hins opinbera, hlutfall af vegri landsframleiðslu**

Tölur fyrir 2021 byggja á spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins



Heimild: IMF (2021). *Fiscal Monitor*.

Í sögulegum og alþjóðlegum samanburði er staða opinberra fjármála góð hér á landi. Hlutfall opinberra skulda af VLF minnkaði töluvert á tímabilinu 2012-2018, sjá mynd 1. Árið 2019 voru skuldir hins opinbera hærri en á hinum Norðurlöndunum en lægri en á evrusvæðinu og í vestrænum hagkerfum á heildina litið. Hækkun á skuldum hins opinbera sem hlutfall af VLF í kjölfarheimsfaraldurs var heldur meiri en á hinum Norðurlöndunum. Hækkunin var þó minni en á evrusvæðinu og í vestrænum hagkerfum.

## Brýnt að styrkja tekjuhliðina

Í greinargerð með fjármálastefnu kemur fram að tekjur muni aukast af tveimur ástæðum. Annars vegar vegna þess að efnahagsþróun stuðli að vexti tekjustofna og hins vegar vegna þess að tekjur af ökutækjum og eldsneyti verði færðar í meðaltal árána 2010-2017 sem hlutfall af VLF. Í greinargerðinni stendur einnig: „Á komandi árum verður áfram unnið að endurbótum á skattkerfinu þannig að tekjuöflun hins opinbera nægir til að standa undir verkefnum þess.“ Það er hins vegar ekki ljóst hvað felst í þessum endurbótum en í stjórnarsáttmála er talað um að skattar verði lækkaðir. Í stjórnarsáttmálanum segir þó í sömu andrá að efla eigi almannajónustu og stefna að skattalækkunum: „Horft verður til frekari eflingar almannajónustu og skattalækkana í samræmi við þróun ríkisfjármála.“ Af fenginni reynslu er hér líklega átt við að ef afkoma verði betri en búist er við vegna betri framvindu í efnahagsmálum verði svigrúmið nýtt til hærri útgjalda eða lægri skatta.<sup>38</sup> Það er hins vegar ekki í samræmi við umfjöllun í greinargerð fjármálastefnunnar. Þar er fjallað um að auka eigi aðhald til að mæta þenslu. Það er því erfitt að sjá hvernig fjármálastefnan á að standa undir loforðum sem fram koma í stjórnarsáttmálanum. Það á bæði við um tekju- og útgjaldahliðina.

38 Í umsögn fjármálaráðs segir m.a.: „Með uppsveiflunni sem hefst árið 2013 varð vöxtur útgjalda hins opinbera og ríkissjóðs mikill og erfitt reyndist að halda aftur af honum.“

Á undanförunum árum hefur Alþýðusambandið í umsögnum sínum um opinber fjármál gagnrýnt áherslur í ríkisfjármálum, þá sérstaklega veikingu tekjustofna ríkisins í efnahagslegri uppsveiflu þegar jákvæð afkoma skýrðist öðru fremur af tekjum sem ekki eru líklegar til að halda til lengri tíma.

Veiking tekjustofna á síðustu árum hefur þrengt verulega að stöðu ríkis-sjóðs.<sup>39</sup> Þannig hefur fjármögnun samfélagslegra innviða ekki verið tryggð með fullnægjandi hætti af stjórnvöldum. Lögfestar skattkerfisbreytingar á tímabilinu 2013-2019 minnkuðu tekjur ríkisins um samanlagt 27 milljarða á ári sé miðað við árið 2019 og eru þá ótalin áhrif af afnámi auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda, breytingum á tekjuskattkerfinu og afnámi bankaskatts.<sup>40</sup>

Í greinargerð með fjármálastefnu er fjallað um langtíma áskoranir í opinberum fjármálum, ekki síst sem tengjast öldrun þjóðarinnar. Að óbreyttu kallar þróunin á aukin útgjöld til heilbrigðismála en samkvæmt langtímaáætlun fjármála- og efnahagsráðuneytis munu heilbrigðisútgjöld koma til með að aukast úr 8,2% af VLF árið 2026 í 10,8% árið 2050. Það er hins vegar ekki að sjá að brugðist sé við þessum áskorunum í sjálfri fjármálaáætluninni. Alþýðusambandið tekur því undir sjónarmið fjármálaráðs um að þessar óumdeilanlegu áskoranir kalli á markvissa stefnumörkun.

Áskoranir í opinberum fjármálum skýrast þannig ekki eingöngu af tímabundnum áhrifum heimsfaraldurs, heldur einnig af áhrifum breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar á tekjur og útgjöld ríkisins. Þar er ljóst að skatttekjur hins opinbera munu breytast þar sem draga mun úr vægi tekjuskatta einstaklinga samhliða fækkun einstaklinga á vinnualdri. Vægi neysluskatta mun hins vegar aukast.

Mikilvægt er að tekjustofnar ríkisins verði styrktir á komandi árum. Afleiðingarnar eru þegar farnar að koma í ljós þar sem tekjustofnar ríkisins nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða.<sup>41</sup> Styrking tekjustofna myndi tryggja nægilegt aðhald í ríkisfjármálum ásamt því að skapa svigrúm til að ráðast í nauðsynlegar velferðarumbætur.

ASÍ telur gagnrýnivert hversu litla umfjöllun vandi á tekjuhlíð hefur hlotið. Alþýðusambandið saknar þess að ekki sé minnst á skattlagningu fjármagns í samhengi við veikari tekjustofna hins opinbera. Í skýrslu Alþýðusambandsins, *Skattar og ójöfnuður*, er ójöfnuður eigna á Íslandi dreginn fram ásamt þeim veikleikum í íslensku skattkerfi sem felast í misræmi skattlagningar tekna og eign

---

39 Í umsögn fjármálaráðs um fjármálaáætlun 2017-2022 var talað um að rekstur ríkissjóðs væri í járnum ef leiðrétt væri fyrir áhrifum hagsveiflunnar.

40 Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2019). Sjá Töflu 2.5 „Endurskoðun tekjuskatts og bótakerfa hjá einstaklingum og fjölskyldum.“

41 Í umsögn ASÍ um frumvarp til fjárlaga er m.a. bent á skort á fjárfestingu og litla fjármunamyndun í fasta-fjármunum heilbrigðiskerfis, sjá <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-311.pdf>



og núverandi hvötum sem ýta undir tekjutilflutning.<sup>42</sup> Í skýrslunni er bent á að reglur sem takmarka tekjutilflutning gæti aukið árlegar skatttekjur um á bilinu 3-8 milljarða króna og styrkt um leið tekjuöflun sveitarfélaga í gegnum útsvar. Til viðbótar mætti auka jöfnunaráhrif skattkerfisins með skynsamlega útfærðum stór-eignaskatti. Í skýrslunni er einnig lagt til að mótaður verði skýr rammi um gjöld vegna nýtingu auðlinda og bent á að árleg veiðigjöld hafi einungis numið broti af auðlindarentu sem metin er á bilinu 30-70 milljarðar á ári á árunum 2008-2020.

## Villandi umfjöllun um launaþróun

ASÍ mótmælir framsetningu og staðhæfingum sem settar eru fram um vinnu-markað og launaþróun í greinargerð með fjármálastefnunni, þar segir m.a.:

*Laun hér á landi hafa kerfisbundið hækkað umfram það svigrúm sem leiðir af verðbólgu og framleiðnivexti. Afleiðing þess er að hér á landi er hlutfall launa í verðmætasköpun nú með því hæsta sem þekkest í samanburðarríkjum.*

Því til stuðnings er birt mynd sem ber saman launahlutfall á Íslandi við miðgildi OECD-ríkja og mörk þar sem helmingur OECD ríkja er.<sup>43</sup> Hér er um mjög villandi samanburð að ræða. Rétt er að launahlutfall hefur hækkað síðan 2009. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að launahlutfallið lækkaði um 14 prósentustig frá 2007 til 2009. Síðan þá hefur launahlutfallið hækkað um 10 prósentustig. Það hefur verið markmið verkalýðshreyfingarinnar að hækka lægstu laun og vinna til baka þá lækkun sem varð á launum í kjölfar fjármálahrunsins 2008. Síðan 2016 hafa breytingar á launahlutfallinu einkum verið vegna samsetningaráhrifa þar sem vægi einstakra atvinnugreina hefur tekið breytingum.

Sú mynd sem dregin er upp af launahlutfalli í greinargerð er til þess fallin að gefa í skyn að launahlutfall hér á landi sé ekki í samræmi við þróun í samanburðarlöndum. Líkt og sést á mynd 2 var hlutur launa í verðmætasköpun um 60% á Íslandi árið 2020, sambærilegt við Danmörku og lægra en í Sviss og Þýskalandi. Sé þróunin skoðuð yfir tíma, sker Ísland sig frá samanburðarríkjum að því leyti að fjármálahrunið 2008 hafði gríðarleg áhrif á launahlutfall, í gegnum raunlækkun launa. Í dag er hlutfall launa í samræmi við langtímameðaltal. Á mynd 4 sést að lokum að ólíkt því sem haldið er fram í greinargerð hafa laun þróast í takt við framleiðnivöxt frá aldamótum.<sup>44</sup>


42 Sjá [https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur\\_skyrsla\\_070921.pdf](https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur_skyrsla_070921.pdf)

43 Launahlutfall er laun og tengd gjöld sem hlutfall af heildarframleiðslu, í fjármálastefnu er miðað við landsframleiðslu á myndum 2 og 3 er miðað við vinnsluvirði.

44 Sjá einnig umfjöllun í skýrslu Kjaratölfræðinefndar, <https://65f501ee-1639-4d7b-b353-37ac1ebc2862>.

### Mynd 2. Launahlutfall í Evrópu, 2020


Laun og tengd gjöld sem hlutfall af vinnsluvirði (gross value added)



Heimild: Eurostat, útreikningar ASÍ.

### Mynd 3. Launahlutfall á Norðurlöndunum og Þýskalandi


Laun og tengd gjöld sem hlutfall af vinnsluvirði (gross value added)



Heimild: Eurostat.

### Mynd 4. Laun og framleiðni

Laun og tengd gjöld á vinnustund og verg landsframleiðsla (VLF) á vinnustund



Laun og VLF eru leiðrétt með verðvísitölu VLF. Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar ASÍ

## Fjármálastefna sem stuðlar ekki að félagslegum stöðugleika

Ein af kröfum verkalýðshreyfingarinnar í aðdraganda lífsskjarasamninga var að brugðist væri við aukinni skattbyrði launafólks sem á árunum 1998-2016 jókst mest meðal hinna tekjulægstu.<sup>45</sup> Skýrðist þróunin af svokölluðu raunskattskriði, þ.e. að persónuafsláttur hafi ekki fylgt launaþróun ásamt því að tilfærslukerfin (þ.e. barna- og vaxtabótakerfin) hafi verið veikt með auknum skerðingum. Þótt nýtt viðmið við þróun persónuafsláttar í síðustu fjárlögum dragi úr raunskattaskriði upp að einhverju marki þá hefur stefna stjórnvalda verið að þrengja verulega þann hóp sem nýtur stuðnings tilfærslukerfanna.<sup>46</sup> Barnabætur eru til að mynda hættar að þjóna því markmiði sínu að létta undir með fólki milli æviskeiða og eru nær því að teljast hrein fátæktaraðstoð. Brattar tekjutengingar hafa víða um Evrópu grafið undan almennum velferðarkerfum og stefna stjórnvalda hvað varðar barnabætur og vaxtabætur sver sig í þá átt. ASÍ mótmælir þessari stefnu og hvetur Alþingi til að hverfa frá henni.

ASÍ telur ámælisvert að í drögum að fjármálastefnu er ekki að finna umfjöllun um hvernig eigi að mæta erfiðum aðstæðum á húsnæðismarkaði. Raunverð húsnæðis stendur nú í sögulegum hæðum, hefur hækkað umfram ráðstöfunartekjur og útlit er fyrir að hækkun vaxta muni gera fyrstu kaupendum erfitt fyrir að koma inn á húsnæðismarkað. Á sama tíma hefur ekki verið ráðist í nauðsynlegar umbætur á leigumarkaði sem m.a. fela í sér bremsu á þróun leiguverðs. Leigjendur verða því berskjaldaðir fyrir markaðssveiflum sem leiða til minna húsnæðisöryggis og hækkun leiguverðs. Þarna hafa stjórnvöld ekki staðið við loforð sem gefin voru í tengslum við síðustu kjarasamninga og þannig grafið undan stöðugleika á vinnumarkaði.

Alþýðusambandið telur að stefna hins opinbera í fjármálum til næstu ára mæti ekki þeim áskorunum sem íslenskt hagkerfi stendur frammi fyrir. Hún skapar ekki grundvöll fyrir velferðarumbótum og innviðafjárfestingum sem nauðsynlegar eru til að stuðla að jöfnuði og stöðugleika á vinnumarkaði. ASÍ hafnar stefnu sem krefst þess að eignir hins opinbera séu seldar til þess að fjármagna nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum og rekstur félagslegra innviða. Þá er áhyggjuefni hversu mikið ber á milli óljósra fyrirheita í stjórnarsáttmála og þeirrar stefnumörkunar sem lögð er fyrir Alþingi. Sé stjórnarsáttmáli lesinn samhliða drögum að fjármálastefnu og nýjum fjárlögum fjarar hratt undan þeim framfararskrefum sem þó má skilja að stjórnvöld vilji taka.

45 Sjá <https://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafólks-1998-2016.pdf>

46 Stefna sem birtist í úttekt IMF á barnabótakerfinu, <https://www.imf.org/external/pubs/ft/scr/2015/cr15315.pdf>

## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu félagslegs húsnæðis, 6. mál.

Þess er krafist í stefnu ASÍ í húsnæðismálum að stjórnvöld tryggji öllu launafólki aðgang að öruggu og góðu húsnæði, óháð búsetu og tekjum.<sup>47</sup> Ásamt því er þess krafist að ríkisvaldið og sveitarfélög styðji vel við uppbyggingu almennra leiguíbúða um allt land. Þá segir í stefnunni að „löggjöf um almennar leiguíbúðir var mikilvægt skref til þess að tryggja lægstu tekjuhópunum aðgang að ódýru, öruggu og góðu íbúðarhúsnæði. Hins vegar þarf að tryggja aukið fjármagn í stofnframlög til að hraða uppbyggingu á nægilegum fjölda íbúða fyrir þann stóra hóp launafólks sem er á hrakhólum á húsnæðismarkaði.“ Innan ASÍ hefur krafan um öruggt og ódýrt húsnæði verið frekar skilgreind sem svo að verkafólki standi til boða að greiða ekki umfram fjórðung ráðstöfunartekna í húsnæðiskostnað. Uppbygging almenna íbúðakerfisins styður við þá stefnu. Í tillögu til þingsályktunar er lagt til að efla almenna íbúðakerfið með uppbyggingu þúsund leigu- og búseturéttaríbúða á hverju ári. Í tengslum við kjarasamninga árið 2015 lagðist ríkisstjórnin í aðgerðir þar sem grunnur var lagður að almenna íbúðakerfinu. Síðan almenna íbúðakerfið var sett á stofn leiddu úthlutanir stofnframlaga til þess að tæplega 3.000 íbúðir eru komnar í kerfið, eða um 500 íbúðir árlega. Gögn Hagstofunnar gefa til kynna að húsnæðisbyrði, hlutfall ráðstöfunartekna sem er varið í húsnæðiskostnað, er mun meiri hjá leigjendum en íbúðaeigendum. Árið 2018 var miðgildi húsnæðiskostnaðar leigjenda 26% af ráðstöfunartekjum meðan að það var 17% hjá íbúðaeigendum. Meðal leigjenda voru 20% heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað á meðan kostnaðurinn var íþyngjandi hjá að 8% íbúðaeigenda.<sup>48</sup> Ljóst er að ef ætlunin er að draga úr húsnæðisbyrði landsmanna eru aðgerðir til eflingar leigumarkaðar, og þar með almenna íbúðakerfisins, mikilvægar þáttur.

Lögð var mikil áhersla á þann mikilvæga grunn sem lögin um almennar íbúðir myndaði í formi félagsauðs íbúða fyrir tekjulægri einstaklinga og að tekjustreymi af húsaleigu þegar stofnlán yrðu endurgreidd tryggðu fjármögnun nýrra íbúða og mættu þörfum nýrra kynslóða í umsögn ASÍ um frumvarp um lögin um almennar íbúðir.<sup>49</sup> Sú áhersla stendur og er treyst með farsælli reynslu almenna íbúðakerfisins eftir að það kom til framkvæmda.

Enn sem áður leggur ASÍ mikla áherslu á almenna íbúðakerfið. Tillögu um að efla kerfið, og styrkja leigumarkað, með aukinni uppbyggingu í kerfinu tekur Alþýðusamband Íslands heilshugar undir. ASÍ telur því rétt að tillaga til þingsályktunar hljóti brautargengi.

47 [https://www.asi.is/media/314925/stefna-asi-um-husnaedismal\\_loka.pdf](https://www.asi.is/media/314925/stefna-asi-um-husnaedismal_loka.pdf)

48 Íþyngjandi húsnæðiskostnaður er skilgreindur sem húsnæðiskostnaður sem nemur a.m.k. 40% af ráðstöfunartekjum heimilis.

49 <https://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-609.pdf>

## Tillaga til þingsályktunar um atvinnulýðræði, 40. mál, 151. löggj.þ

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um atvinnulýðræði. Á þingi Alþýðusambands Íslands árið 2018 var samþykkt ályktun um tækniþróun og skipulag vinnunnar.<sup>50</sup> Þar segir m.a. að; „*atvinnulýðræði með aðild starfsmanna að stjórnnum fyrirtækja hefur aldrei verið mikilvægara.*“ Í víðara samhengi fjallar ályktunin um þær áskoranir og tækifæri í því sem nefnt hefur verið fjórða iðnbyltingin. Nánar tiltekið er átt við þá breytingu á framleiðsluháttum og vinnufyrirkomulagi sem kann að hafa áhrif á hugmyndir um ráðningarsambönd í náinni framtíð. Ljóst er að vinnandi fólk mun þurfa að hafa sitt að segja um þá aðlögun og viðbrögð við þeim breytingum til að tryggja sem mesta atvinnuþátttöku og velferð sem flestra. Sameiginleg ákvarðanatataka atvinnurekenda og launafólks kann að reynast jákvæð í þessu sambandi, í það minnsta verða ekki gerðar breytingar á sambandi þar í milli nema launafólk sé með í ráðum. Rannsóknir hafa sýnt að fast ráðningarsamband getur kynt undir nýsköpun og framþróun í starfsemi fyrirtækja og atvinnugreina, þótt sumir atvinnurekendur hafi haft horn í síðu þess.<sup>51</sup>

Atvinnulýðræði felst þó ekki eingöngu í því að starfsfólki og/eða fulltrúum þeirra sé falið hlutverk við formlega ákvörðunartöku fyrirtækja. Lýðræði er ekki það einfalt fyrirbæri að nægilegt sé að huga að því með formlegheitum. Raunverulegt lýðræði byggir á upplýstri umræðu, virðingu og að tillit sé tekið til allra sem eiga hagsmuna að gæta. Í raun má segja að kjarninn og einn helsti tilgangur í starfsemi stéttarfélaganna sé lýðræðislegur, þ.e. að tryggja að raddir fjöldans sem vinnur störfin og skapar verðmætin heyrast. Má því segja að grundvöllur fyrir atvinnulýðræði sé sterk og öflug samtök vinnandi fólks sem í krafti stærðar sinnar og samstöðu getur veitt valdi atvinnurekenda mótvægi og eftir atvikum aðhald. Í samhengi við framangreint er ekki hægt að segja að samanburður á regluverki þeirra ríkja sem Ísland ber sig gjarnan saman við leiði í ljós að þar sé endilega að finna meira atvinnulýðræði þó svo að þar séu ýmiss konar víðtækari reglur um formlegt lýðræði en finnast hér á landi. Það atvinnulýðræði sem þó fyrirfinnst hér á landi er að mati ASÍ fyrst og fremst til komið vegna víðtækra stéttarfélagsaðildar og öflugs trúnaðarmannakerfis sem geri það að verkum að fólk getur haft raunveruleg áhrif á örlög sín og afkomu. Því er það jákvætt að þingsályktunartillagan fjalli um atvinnulýðræði almennt en ekki eingöngu afmarkaða hluta þess.

Fyrir utan hefðbundna stéttarfélagastarfsemi hefur mesta þróunin er varðar atvinnulýðræði undanfarna áratugi verið innan ESB og m.a. birst í fjölmörgum

50 Sjá: [https://www.asi.is/media/314928/stefna-um-taeknithroun-og-skiplagvinnu-vinnunnar\\_loka.pdf](https://www.asi.is/media/314928/stefna-um-taeknithroun-og-skiplagvinnu-vinnunnar_loka.pdf)

51 Sjá um þetta: Aloisi og Stefano. Regulation and the future of work: The employment relationship as an Innovation facilitator. International Labour Review, vol 159.

réttargerðum þar sem a.m.k. er kveðið á um skyldu fyrirtækja til þess að veita starfsfólki upplýsingar og eiga við það samráð. Nánar tiltekið eru gildandi 37 réttargerðir sem kveða á um þetta með einum eða öðrum hætti og hafa margar þeirra verið innleiddar í íslenskan rétt. Má t.d. nefna með *lögum nr. 63/2000 um hópuþsagnir* og *lögum nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum*. ASÍ hefur talið mikilvægt að þeim skyldum sem atvinnurekendur takast á herðar í þessum efnun sé fylgt eftir í framkvæmd. Þegar á reynir er það mat ASÍ að í flestum tilvikum hafi samráð reynst báðum aðilum vel hafi þeir raunverulega verið tilbúnir í heiðarlega og uppbyggilega vinnu. Öll frekari þróun í þessum efnun er að mati ASÍ vel þess virði að ræða frekar og styður því samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu sem hér um ræðir. Hins vegar hafnar ASÍ einfölduðum hugmyndum sem felast öðru fremur í því að gera einstaka starfsfólk ábyrgt fyrir ákvörðunum stjórnar fyrirtækja með stjórnarsetu fulltrúa launafólks án raunverulegra áhrifa.

## **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukið lýðræði og gagnsæi í lífeyrissjóðum, 49 mál.**

Um lífeyriskerfi launafólks á Íslandi hefur verið samið í kjarasamningum frá árinu 1969 og í gildi er kjarasamningur þar að lútandi sem síðast var uppfærður í mars 2021<sup>52</sup>. Inngrip Alþingis í frjálsa kjarasamninga myndi fela í sér alvarlegt brot gegn stjórnarskrá og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

Að lífeyrissjóðum er almenn skylduáðild að þeim lífeyrissjóðum sem tilgreindir eru í þeim kjarasamningi sem unnið er eftir hverju sinni. Þetta á við um iðgjöld til samtryggingar. Skylduáðildin byggir bæði á kjarasamningum og lögum. Um séreignina gilda aðrar reglur.

Mælt er fyrir um stjórn lífeyrissjóðanna með einföldum hætti í kjarasamningi ASÍ og samtaka atvinnurekenda frá 1969<sup>53</sup>. Í 9. gr. hans segir:

*„Stjórnir lífeyrissjóða skv. 1. mgr. 8. greinar skulu skipaðar fjórum fulltrúum, tveim tilnefndum af stéttarfélögum, þeim sem í hlut eiga og tveim tilnefndum af Vinnuveitendasambandi Íslands.“*

Þessi kjarasamningsbundna meginregla um jafna skiptingu hefur staðið óbreytt síðan 1969 en með kjarasamningum 1995<sup>54</sup> og 2018<sup>55</sup> var stjórnkerf-

52 Sjá alla kjarasamninga um lífeyrismál: <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-og-saga/stefna/lifeyrismal/samningar-um-lifeyrismal/>

53 [https://www.lifeyrismal.is/static/files/old/Samkomulag\\_19\\_mai\\_1969.pdf](https://www.lifeyrismal.is/static/files/old/Samkomulag_19_mai_1969.pdf)

54 [https://www.lifeyrismal.is/static/files/old/samn\\_ASI\\_og\\_VSI\\_1995.pdf](https://www.lifeyrismal.is/static/files/old/samn_ASI_og_VSI_1995.pdf)

55 <https://www.asi.is/media/314994/samkomulag-asi-og-sa-um-stjornkerfi-lifeyrissjodanna-2442018.pdf>

ið bundið í fastara form og aukið við ákvæðum um fulltrúaráð sjóðanna, opna ársfundi, eftirlit o.fl.

Þessi helmingaskiptaregla er eins í Noregi, Svíþjóð og Danmörku svo dæmi séu tekin meðan sjóðfélagar eiga t.d. 1/3 stjórnarmanna í Bretlandi og 2/5 í Finnlandi. Víða er líftryggingafélögum falið þetta verkefni og eiga sjóðfélagar þá oftast en ekki litla eða enga aðkomu.

Með kjarasamningnum 1995 var stjórnkerfi lífeyrissjóðanna formlega útfært eins og fyrr segir. Lög nr. 129/199756 um lífeyrissjóði endurspeglar það samkomulag og setja sjóðunum skýra ramma og mæla m.a. fyrir um hvað skuli koma fram í samþykktum þeirra. Þar segir m.a. í 27. gr. að samþykktir skuli geyma ákvæði um ársfundi, hvernig þá skuli boða, hvaða mál skuli þar lögð fram, hverjir eigi þar atkvæðisrétt og hvernig atkvæðisréttur er ákveðinn en þetta ákvæði endurspeglar eins og fyrr segir ákvæði kjarasamningsins frá 1995.

Lögin sjálf gefa ekki fyrirmæli um hvernig völdum og atkvæðisrétti skuli skipt milli stéttarfélaganna og atvinnurekenda. Úr því verkefni leysum við með kjarasamningnum eins og fyrr segir og ákvæði hans er síðan spegluð inn í samþykktir sjóðanna.

Að flestum lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ eiga fleiri en eitt aðildarfélag ASÍ aðild. Þau geta verið misfjöldmenn og tekjur mismunandi milli hópa. Þar sem fulltrúafjöldi í stjórn endurspeglar ekki fjölda þeirra aðildarfélaga sem aðild eiga, geyma samþykktir sjóðanna reglur um atkvæðavægi sem látið er endurspeglast í fjölda þeirra atkvæðisbæru fulltrúa sem hvert og eitt fær í fulltrúaráðum sjóðanna. Fjöldi fulltrúa einstakra aðildarfélaga skal vera í samræmi við vægi iðgjaldsgreiðslna félagsmanna þeirra til sjóðsins og er það að jafnaði reiknað út annað hvert ár miðað við iðgjaldsgreiðslur félagsmanna hlutaðeigandi félaga næsta ár á undan og ákvarðar sá útreikningur fjölda fulltrúa einstakra aðildarfélaga í fulltrúaráðinu næstu tvö ár þaðan í frá.<sup>57</sup>

Að fengnum þessum upplýsingum eiga aðildarfélögin að tilnefna fulltrúa sína skv. þeim reglum sem þau sjálf setja sér. Þau geta valið þá með almennri kosningu sem ýmist getur verið listakosning eða einstaklingskosning, valið þá á fundi stjórnar og trúnaðarráðs o.fl. Hvernig svo sem þeir eru valdir eru þeir fulltrúar félagsmanna viðkomandi aðildarfélaga og um leið sjóðfélaganna og fara með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd. Þetta fyrirkomulag kallast fulltrúalýðræði og er hið sama og stjórnskipun íslenska ríkisins byggir á.

Fulltrúaráðið kýs fulltrúa aðildarfélaganna í stjórnnum sjóðanna en þeir þurfa að uppfylla mörg og ströng skilyrði sbr. 31. gr. laga nr. 129/1997. Vegna


---

56 <https://www.althingi.is/lagas/151c/1997129.html>

57 Byggt á samþykktum Gildis: <https://gildi.is/um-gildi/stefnur-og-samthykktir/samthykktir/>

stærðar og mikilvægis lífeyrissjóðanna er mikilvægt að haft sé öflugt og gott eftirlit með starfsemi þeirra. Annars vegar er um að ræða ytra eftirlit sem er í höndum Seðlabankans (fjármálaeftirlitið) en hann á að tryggja að starfað sé í samræmi við lög og reglur.<sup>58</sup> Um innra eftirlit og innri endurskoðun er fjallað í 6. kafla laga nr. 129/1997 og samþykktum sjóðanna.

Stjórnkerfi lífeyrissjóða skv. kjarasamningum ASÍ og eftirliti með þeim er lýst á eftirfarandi mynd.



Í gildi er síðan ítarleg löggjöf um eftirlit með lífeyrissjóðum og strangar reglur um fjárfestingar þeirra og hugsanlega hagsmunaárekstra og vandséð hverju þingsályktunartillagan bætir við í því efni. Þingsályktunartillaga þessi virðist byggja á þeim grundvallar misskilningi tillöguflytjenda að Alþingi hafi heimildir til þess að fara inn í gildandi kjarasamninga og snúa hinu kjarasamningsbundna lífeyriskerfi á haus. Lög nr. 129/1997 endurspeglar og eiga m.a. að endurspeglar kjarasamninga á vinnumarkaði auk þess að tryggja greiðslur allra á vinnumarkaði til lífeyrissjóða, launamanna jafnt sem annarra, setja lífeyrissjóðunum ramma, einnig þeim sem ekki starfa skv. kjarasamningum og tryggja nauðsynlegt eftirlit.

Alþýðusamband Íslands lýsir fullkominni andstöðu sinni við þingsályktunartillögu þessa.

<sup>58</sup> Sjá t.d. á vef Seðlabankans: [https://www.fme.is/media/spurt-og-svarad/Spurt\\_og\\_-\\_svarad\\_Lifeyrissjodir\\_sereignarspurnadur.pdf](https://www.fme.is/media/spurt-og-svarad/Spurt_og_-_svarad_Lifeyrissjodir_sereignarspurnadur.pdf)



## Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eignarrétt og erfð lífeyris, 52. mál.

Um lífeyriskerfi launafólks á Íslandi hefur verið samið í kjarasamningum frá árinu 1969 og í gildi er kjarasamningur þar að lútandi sem síðast var uppfærður í mars 2021<sup>59</sup>. Inngríp Alþingis í frjálsa kjarasamninga myndi fela í sér alvarlegt brot gegn stjórnarskrá og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

Lífeyriskerfi kjarasamninga byggir á samtryggingu launafólks sem felst í því m.a. að áhætta vegna lífslengdar og áfalla er dreift millum allra sjóðfélaga. Jafnframt hefur verið samið um sérstök framlög til séreignar sem erfanleg eru. Þannig byggjast tvær af þremur stöðum lífeyriskerfisins á kjarasamningum.

Þingsályktunartillaga þessi virðist byggja á þeim grundvallar misskilningi tillöguflutjenda að Alþingi hafi heimildir til þess að fara inn í gildandi kjarasamninga og snúa hinu kjarasamningsbundna lífeyriskerfi á haus. Lög nr. 129/1997 endurspeglar og eiga m.a. að endurspeglar kjarasamninga á vinnu- markaði auk þess að tryggja greiðslur allra á vinnu- markaði til lífeyrissjóða, launamanna jafnt sem annarra, setja lífeyrissjóðunum ramma, einnig þeim sem ekki starfa skv. kjarasamningum og tryggja nauðsynlegt eftirlit.

Alþýðusamband Íslands lýsir fullkominni andstöðu sinni við þingsályktunartillögu þessa.

## Umsögn um frumvarp til laga um skaðabótalög (gjafsókn), 68. mál.

Í fyrri umsögn ASÍ um sama mál segir: „*Hvað varðar skilyrðislausu gjafsókn vegna líkamstjóna þá telur ASÍ rétt, að heimildir til gjafsóknar fyrir efnaminni einstaklinga þurfi að rýmka verulega, hvort sem um skaðabótamál sé að ræða eða ekki. ASÍ telur hins vegar að ekki sé ráðlegt að falla alfarið frá skilyrðum 1. mgr. 126. gr. einkamálagala en það geti stuðlað að tilefnislausum málaferlum og hamlað samkomulags uppgjörum og sáttum innan og utan réttar.*“

ASÍ er enn sömu skoðunar og telur mikilvægt að efnaminnna fólki verði tryggður aðgangur að réttarkerfinu til jafns við hina efnameiri.

## Mál nr. 72 - Frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993, með síðari breytingum (launapróun)

Eins og fram hefur komið í umsögnum um samkynja mál á síðustu þingum, styður Alþýðusamband Íslands eindregið þau sjónarmið sem frumvarpi þetta er byggt á hvað varðar vísitölulífiðun skaðabótalaga og telur frumvarpið stuðla að því meginmarkmiði skaðabótalaga að tjónþolar verði eins settir og þeir voru fyrir tjón.

<sup>59</sup> Sjá alla kjarasamninga um lífeyrismál: <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-og-saga/stefna/lifeyrismal/samningar-um-lifeyrismal/>

## **Umsögn um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu og húsaleigulögum (aðgerðir til að sporna við áhrifum verðbólgu á húsnæðislán og húsaleigu).**

Alþýðusamband Íslands styður markmið frumvarpsins um að grípa til neyðaráráðstafana til að afstýra neyðarástandi á húsnæðismarkaði. Þó að verðbólgan sé mikil um allan hinn vestræna heim þá er fólk sem búsett er hér á landi miklu berskjaldaðra fyrir verðbólgu en aðrir vegna tengingar leigusamninga og lána við vísitölu.

Nauðsynlegt er að bregðast strax við með sértækum aðgerðum til að stuðningur nýtist þeim sem verst standa og huga svo að þeim vanda sem húsnæðismarkaðurinn hefur skapað til lengri tíma. Alþýðusambandið hefur þrýst á það í tvö og hálf títill að stjórnvöld uppfylli loford sem gefin voru í tengslum við kjarasamningana 2019, einkum þau sem sneru að húsnæðismarkaðnum og mál til komið að þau loford raungerist strax.

## **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um orlofshúsnæði örorkulífeyrisþega, 98. mál.**

Alþýðusamband Íslands styður efni þeirrar tillögu sem umsögn er gefin um og hvetur eindregið til að réttarstaða örorkulífeyrisþega í þessu efni verði könnuð og í framhaldinu bætt.

ASÍ vill vekja sérstaka athygli á því, að staða þeirra örorkulífeyrisþega sem ekki hafa verið á vinnumarkaði og safnað réttindum á grundvelli iðgjalda sem greidd hafa verið vegna þeirra til orlofssjóða stéttarfélaganna, er sérstaklega slæm í þessu efni en þeir eiga almennt ekki aðgang að orlofshúsum stéttarfélaganna.

Hvað varðar stöðu þeirra sem voru á vinnumarkaði þegar réttur til örorkulífeyris stofnaðist, þá gerði ASÍ könnun á henni á árinu 2017 á meðal aðildarfélaganna sinna. Þar kom fram að í 27 af 44 aðildarfélögum ASÍ sem skipuleggja um 70% allra félagsmanna aðildarfélaganna ASÍ, njóta félagsmenn sem farið hafa á örorkulífeyri fullra réttinda vegna dvalar í orlofshúsum félagsmanna. Í félögum sem skipuleggja um 30% félagsmanna er þeim ýmist heimilt að tæma inneign sína þó þeir hafi látið af störfum eða geta fengið úthlutun næst á eftir fullgildum félagsmönnum. Aðildarfélög ASÍ hafa á síðustu árum jafnframt lagt áherslu á, eins og þeim er skylt að lögum að gera, að bæta bæði aðgengi og aðbúnað í orlofshúsum sínum.

## **Tillaga til þingsályktunar um afnám 70 ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins - umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ)**

ASÍ fagnar því að málið sé lagt fram á ný og ítrekar þá umsögn sem veitt var um málið er það var lagt fram á 151. löggjafarþingi, en þar segir:

*ASÍ er hlynt því að frá hvers konar órókstuddri og ómálefnalegri mismun vegna aldurs verði horfið. Markmið tillögunnar er að hefja umræðu í samráði við samtök opinberra starfsmanna um breytingar á lögum nr. 70/1996 sem gert geti starfsmönnum ríkisins kleift að vinna eftir 70 ára aldur, kjósi þeir það. Breytingar í þessu efni varða hins vegar ekki einungis samtök opinberra starfsmanna og munu ef af verður geta haft áhrif á kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ við ríki og sveitarfélög sem ýmist geyma samkynja ákvæði eða vísa til laganna. Það er skoðun ASÍ að allar breytingar sem varða starfskjör launafólks hjá hinu opinbera eigi að vinna í samvinnu viðeigandi aðila kjarasamninga, þar með talið þau aðildarsamtök ASÍ sem semja við ríki og sveitarfélög en ekki einungis samtök opinberra starfsmanna.*

Jafnframt vill ASÍ vekja athygli nefndarinnar á nýföllum úrskurði kærunefndar jafnréttismála (mál nr. 6/2021 - frá 31. janúar 2022), þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Isavia ANS ehf. hafi mismunað umbjóðanda undirritaðs sem er félagsmaður í einu af aðildarfélögum ASÍ með því að taka ákvörðun um starfslok hans eingöngu byggða á aldri hans. Þrátt fyrir að úrskurðurinn fjalli um stöðu einstaklinga utan gildissviðs laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þá hljóta þau sjónarmið sem fram koma í úrskurðinum að hafa þýðingu fyrir það mál sem hér er um fjallað.

## **Umsögn um stjórnartillögu til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Þingskjal 169 - 167. mál.**

Alþýðusamband Íslands vill lýsa yfir ánægju með fyrirhugaðan flutning framhaldsfræðslunnar til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Þessi fyrirhugaða tilfærsla á málaflöknum eykur líkur á að framhaldsfræðslan fái viðtækara hlutverk við að mæta þörfum vinnumarkaðarins, m.a. vegna tæknibreytinga, auk þess sem hún fái aukið svigrúm til að þróa úrræði til að mæta færni- og hæfnispám.

Með þessum tilflutningi eru litlar líkur á aðskilnaði frá hinu almenna menntakerfi, ef vel er haldið á spöðunum. Það er auðvelt að tryggja áfram tengingu framhaldsfræðslukerfisins við formlega skólakerfið í gegnum þær stofnanir sem hafa það hlutverk að stuðla að auknum gæðum í skólastarfi og þróa menntunarræði í samræmi við stefnu stjórnvalda.

Tenging við vinnumarkaðinn er helsti styrkur framhaldsfræðslunnar, enda kerfið sniðið að þörfum fullorðins fólks með litla formlega menntun. Með þessum flutningi sjáum við mörg tækifæri til að treysta enn frekar tengsl framhaldsfræðslunnar við vinnumarkaðinn.

## Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir skipa, 185. mál.

Alþýðusamband Íslands tekur undir og styður sameiginlega umsögn Félags skipstjórnarmanna, VM - Félags vélstjóra og málmæknimanna og Sjómannasambands Íslands frá 2. febrúar um frumvarp þetta.

## Umsögn um frumvarp til laga um loftferðir, 186 mál.

Alþýðusamband Íslands tekur undir umsögn Flugfreyjufélags Íslands um mál þetta á fyrra þingi en gerir að öðru leyti eftirfarandi athugasemdir.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði nokkuð ítarlega og víðtækara gildissviðsákvæði en samkvæmt gildandi lögum. Skv. ákvæðinu skulu lögin gilda á íslensku yfirráðasvæði og taka til loftfara sem skráð eru hér á landi en einnig til loftfara sem skráð kunna að vera erlendis en sem eru í för til og frá og á íslensku yfirráðasvæði sbr. c. lið. 2. gr.

Í 4. mgr. 2. gr. segir síðan: „*Ráðherra ákveður að hve miklu leyti lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim gilda utan íslensks yfirráðasvæðis og um loftfar skráð í þriðja ríki sem starfrækt er af aðila sem er með höfuðstöðvar eða aðaladsetur á Íslandi og lýtur eftirliti Samgöngustofu að hluta eða öllu leyti á grundvelli samnings við skráningarríki. Sama á við hvað varðar loftfar skráð hér á landi sem starfrækt er af aðila sem er með höfuðstöðvar eða aðaladsetur í erlendu ríki og lýtur eftirliti erlends stjórnvalds að hluta eða öllu leyti á grundvelli samnings við Samgöngustofu.*“

Í fyrsta lagi þá bendir ASÍ á að þessi reglugerðarheimild kunní að vera andstæð stjórnskipun íslenska ríkisins þ.e. að handhafi framkvæmdavalds geti með einfaldri reglugerð markað það svæði sem íslensk lög taka til. Heimildin sé hvorki nægilega afmörkuð né skýr.

Í öðru lagi þá geyma lögin algerlega ófullnægjandi ákvæði um réttarstöðu flugverja. Í greinargerð með 10. kafla laganna segir þó: „*Flugverjar falla almennt undir almenna löggjöf á sviði félagslegra réttinda og vinnulöggjafar eins og aðrir launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar á innlendum vinnumarkaði. Þó hefur löggjafinn á afmörkuðum sviðum undanþegið flugverja einstökum lögum eða sett sérreglur um störf þeirra.*“

Hins vegar getur ráðherra með reglugerð settri samkvæmt heimild í 4. mgr. 2. gr., veitt undanþágu frá þessari „almennu“ reglu og þannig að flugrekandi sem stundar flug frá og til Íslands með áhöfn sem á heimahöfn hér á landi skv. 99. gr. frumvarpsins<sup>60</sup>, verði undanþegin ákvæðum íslenskra laga hvað varðar réttarstöðu áhafnarinnar, kaup hennar og kjör.

Með öðrum orðum geti ráðherra heimilað flugrekanda að stunda flug

<sup>60</sup> Í greinargerð með 99. gr. segir: Heimahöfn (e. home base) skv. 1. mgr. er staður sem flugrekandi tilnefnir fyrir hvern og einn flugverja og þar sem flugverji alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta en við venju-  
legar aðstæður er flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugverja fyrir gistiadstöðu þar.

frá og til Íslands, þ.m.t. áætlunarflug með áhafnir sem eiga heimahöfn á Íslandi og eru búsettar hér landi en sem gert er að taka laun skv. erlendum kjarasamningum eða ekki skv. neinum kjarasamningum. Jafnframt verður þá hægt að skrá heimahöfn erlendra flugverja hér á landi og greiða þeim laun skv. kjarasamningum í þeim ríkjum þar sem flugrekandi hefur aðalstöðvar sínar eða þar sem hann skráir flugvélar sínar jafnvel þó hann stundi flug frá og til Íslands.

ASÍ krefst þess að allur vafi verði tekinn af í þessu efni og mælt með skýr- um hætti fyrir um að íslensk lög og vinnumarkaðsreglur, þ.m.t. lög nr. 80/1938 og lög nr. 55/1980 gildi um réttarstöðu íslenskra stéttarféлага og um kaup og kjör þeirra flugverja sem eiga heimahöfn hér á landi, óháð því hvort flugrek- andi á aðalstöðvar hér á landi eða erlendis og óháð því hvort flugfar er skráð hér á landi eða erlendis. Jafnframt komi skýrt fram í lögunum að ráðherra sé ekki heimilt að undanskilja áhafnir sem heimahöfn eiga hér á landi, ákvæðum íslenskra laga og vinnumarkaðsreglna með vísan til heimildarákvæðis 4. mgr. 2. gr.

Þessar breytingar eru nauðsynlegar til þess annars vegar að koma í veg fyrir enn frekari félagsleg undirboð í flugrekstri hér á landi og hins vegar til þess að jafna samkeppnisaðstöðu flugrekenda sem kjósa að eiga samkeppni um flug hingað til lands. Að öðrum kosti kunna flugrekendur sem í dag stunda rekstur frá Íslandi að freistast til þess að flytja rekstur sinn úr landi. Til þess vill enginn að komi enda hefur íslenska ríkið stutt íslenska flugrekendur með miklum fjárframlögum síðustu ár í þeirri fullvissu að þeir haldi starfsemi sinni áfram hér á landi. Kjósi þeir engu að síður að flytja starfsemi sína úr landi er enn frekari ástæða til þess að tryggja að það leiði ekki til frekari félagslegra undirboða.

Loks vill ASÍ vekja athygli á því, að réttur íslenskra stéttarféлага til þess að krefjast kjarasamnings um störf sem unnin eru af áhöfnum með heimahöfn á Íslandi, er varinn af 1. mgr. 74. gr. og 2. mgr. 75. gr. Stjórnarskrár Íslands, 11. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu sem jafnframt verndar rétt stéttarféлага til þess að boða verkföll til þess að fylgja eftir kröfum sínum, 22. gr. laga nr. 10/1979 um Alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi, 8. gr. laga nr. 10/1979 um Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Samþykktum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess og nr. 98 um beitingu grundvallar- reglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega. Flugrekstur og flugþjónusta, þrátt fyrir sérstöðu sína um margt, er ekki undanskilinn þessum reglum og ASÍ mun nú sem hingað til verja með öllum tiltækum ráðum, rétt- arstöðu alls launafólks sem vinnur á Íslandi.

## **Umsögn um frumvarp til laga um styrki til rekstraraðila veitinga- staða sem hafa sætt takmörkunum á opnunartíma, 232. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um styrki til rekstraraðila sem hafa sætt takmörkunum vegna sóttvarnaraðgerða.

Alþýðusambandið hefur áður gefið umsagnir um tekjufalls- og viðspyrnu- styrki og tekið undir að mæta þurfi erfiðri stöðu margra smærri rekstraraðila, ein- yrkja og sjálfstæðra atvinnurekenda. Þar þurfi að beita sértækum lausnum með ábyrga ráðstöfun ríkisfjármuna að leiðarljósi. Tryggja þarf að raunveruleg þörf sé á stuðningi og taka mið af því að tekjufall felur ekki endilega í sér rekstrarvanda.

ASÍ hefur verið skýrt í þeirri afstöðu að takmarka þurfi arðgreiðslur til eigenda hjá fyrirtækjum sem fara fram á stuðning frá stjórnvöldum. Þar sé eðlilegt að sú krafa sé gerð að fyrirtæki sem þiggi styrki hafi ekki starfsemi í skattaskjólum og geti ekki úthlutað arði í þrjú ár eftir styrkveitingu. ASÍ leggur til að breytingar verði gerðar þannig að sambærileg skilyrði séu gerð og voru í lögum um hlutabætur.

ASÍ telur einnig ástæðu til að gera breytingar á skilgreiningu tekna og kostnaðar í frumvarpinu en þar er miðað við tekjur skv. B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt. Sú skilgreining felur í sér allar tekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur og leigutekjur. Því gætu fyrirtæki sótt styrki úr ríkissjóði vegna fjármagnshreyf- inga sem tengjast ekki takmörkunum á opnunartíma vegna heimsfaraldurs. Eðlilegt væri að undanskilja fjármagnstekjur, t.d. arð, leigutekjur og vexti, í ljósi þess að áhrif heimsfaraldurs koma fyrst og fremst fram í beinum áhrifum á sölu á vörum og þjónustu.

## **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka einstaklinga með vernd, inn- flytjendaráð), 271. mál.**

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) skilaði umsögn við frumvarp sama efnis, dags. 9. mars 2021 og sendist sú umsögn hér aftur með minniháttar breytingum.

ASÍ tekur heilshugar undir mikilvægi frumvarps til laga um breytingar á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka flóttafólks og inn- flytjendaráð) og styður framgang þess. Í frumvarpinu eru lögð til nauðsynleg skref til lögfestingar nýs verkefnis Fjölmenningarseturs, innan svokallaðrar samræmdrar móttöku flóttafólks. Úrræðið miðar að því að jafna þjónustu við flóttafólk hvort sem það kemur hingað til lands á eigin vegum, í boði stjórn- valda eða í gegnum fjölskyldusameiningu. Til að Fjölmenningarsetur geti sinnt framkvæmd móttökunnar er brýnt að tryggja því heimild til að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsyn krefur, frá Útlendingastofnun, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum, í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Alþýðusambandið telur einnig til bóta að fulltrúi heilbrigðisráðuneytis skuli fá sæti í innflytjendaráði. Gott aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu, sem byggir á þekkingu á heilsukvillum tengdum áföllum, er einn grundvallarþáttur í aðlögunarferli flóttafólks.

Hér á eftir fara frekari vangaveltur og tillögur til úrbóta í málefnum flóttafólks á Íslandi:

Þótt frumvarpið feli í sér ótvíræð framfaraskref þarf að ganga lengra til að gera flóttafólki kleift að aðlagast íslensku samfélagi og verða fullir þátttakendur á vinnumarkaði.

- Móta þarf heildræna stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda og flóttafólks til framtíðar. Þar þarf að horfa til allra sviða samfélagsins sem lúta að innflytjendum og flóttafólki og þjónustu við það í þeirra daglega lífi, þ.m.t. heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins. Sérstaklega þarf að líta til þátttöku flóttafólks á vinnumarkaði og tryggja aðgengi þeirra að störfum við hæfi. Æskilegt er að líta til hinna Norðurlandanna sem hafa mun víðtækara og heildrænna móttökukerfi fyrir flóttafólk en Ísland.
- Stórauka þarf aðgengilega tölfræði og rannsóknir á velferð flóttafólks. Til dæmis hefur reynst þrautinni þyngra að fá tölfræðiupplýsingar um hvaðan flóttafólk fær tekjur sínar til að meta stöðu þeirra á íslenskum vinnumarkaði, þ.e.a.s. hlutfall þeirra á vinnumarkaði, á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna og innan atvinnuleysisstrygginga eða lífeyriskerfis. Nú eru liðin meira en sex ár frá því að flóttafólki fór að fjölga verulega á Íslandi og því mikilvægt að hafa góða tölfræði og rannsóknir sem lýst geta þróun þessara fólksflutninga, en um mikilvægi þessa er einmitt getið í E-lið framkvæmdaráætlunar í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019. Traustar upplýsingar eru lykilatriði til að tryggja aðlögun flóttafólks og ýta undir fulla þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu.
- Bæta þarf aðgengi flóttafólks og innflytjenda að opinberri þjónustu, með aukinni áherslu á túlkun og þýðingar, þar á meðal til að tryggja áreiðanlegar upplýsingar um réttindi og skyldur í samfélaginu og á vinnumarkaði. Líkt og fram kemur í áliti umboðsmanns Alþingis frá 2018 vegna stöðu einstaklinga sem ekki eru mæltir á íslensku í samskiptum við stjórnvöld, standa opinberar stofnanir mjög misjafnlegar þegar kemur að því að notast við túlkun og þýðingar. Í útboðum ríkisins er engin krafa gerð um menntun eða þjálfun túlka, heldur er lægsta verðtilboðið alltaf valið. Þetta skapar undirboðsmarkað og kemur í veg fyrir eðlilega þróun starfsstéttarinnar. Til dæmis mætti líta til táknmálstúlkunar þegar huga þarf að framtíðarfyrrirkomulagi í þessum málaflokki.

## **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðspyrnustyrki, 291. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðspyrnustyrki.

Alþýðusambandið hefur áður gefið umsagnir um tekjufalls- og viðspyrnustyrki og tekið undir að mæta þurfi erfiðri stöðu margra smærri rekstraraðila, einyrkja og sjálfstæðra atvinnurekenda. Þar þurfi að beita sértækum lausnum með ábyrga ráðstöfun ríkisfjármuna að leiðarljósi. Tryggja þarf að raunveruleg þörf sé á stuðningi og taka mið af því að tekjufall felur ekki endilega í sér rekstrarvanda.

ASÍ hefur verið skýrt í þeirri afstöðu að takmarka þurfi arðgreiðslur til eigenda hjá fyrirtækjum sem fara fram á stuðning frá stjórnvöldum. Þar sé eðlilegt að sú krafa sé gerð að fyrirtæki sem þiggi styrki hafi ekki starfsemi í skattaskjólum og geti ekki úthlutað arði í þrjú ár eftir styrkveitingu. ASÍ leggur til að breytingar verði gerðar þannig að sambærileg skilyrði séu gerð og voru í lögum um hlutabætur.

ASÍ telur einnig ástæðu til að gera breytingar á skilgreiningu tekna og kostnaðar við ákvörðun viðspyrnustyrkja en þar er miðað við tekjur skv. B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt. Sú skilgreining felur í sér allar tekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur og leigutekjur. Því gætu fyrirtæki sótt styrki úr ríkissjóði vegna fjármagnshreyfinga sem tengjast ekki takmörkunum vegna heimsfaraldurs. Eðlilegt væri að undanskilja fjármagnstekjur, t.d. arð, leigutekjur og vexti, í ljósi þess að áhrif heimsfaraldurs koma fyrst og fremst fram í beinum áhrifum á sölu á vörum og þjónustu.

## **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál.**

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál. Sambandið hefur áður skilað inn umsögnum um opinber fjármál, síðast fjármálastefnu 2022-2026.<sup>61</sup>

### **Samantekt**

Stefnumörkun fjármálaáætlunar felur í sér að stöðva hækkun skuldahlutfalls fyrir árslok 2026 í samræmi við fjármálastefnu. Alþýðusambandið telur markmið um útgjaldavöxt vera óraunhæf og að þau skapi ekki grundvöll fyrir umbætur sem boðaðar eru í stjórnarsáttmála. Í fjármálaáætlun kemur fram að

---

61 Sjá umsögn um fjármálastefnu 2022-2026, <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-451.pdf> og fjárlagafrumvarp, <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-311.pdf>



fjármögnun nýrra eða aukinna verkefna verði með niðurskurði, þ.e. breyttri forgangsröðun eða bættri nýtingu fjármuna. Nú þegar er fyrirséð að útgjöld aukist umfram áætluð útgjöld, m.a. vegna mótvægisáðgerða vegna verðbólgu, fjölgunar flóttamanna og byggingar þjóðarleikvangs.

Brýnt er að opinber fjármál auki ekki þenslu í hagkerfinu. Á sama tíma er þó ljóst að til staðar er þörf á fjárfestingum í innviðum ásamt því að efla tilfærslukerfi hins opinbera. Stjórnvöld geta hins vegar stutt við heimilin og eflt tekjustofna hins opinbera án þess draga úr aðhaldi ríkisfjármála. Þar hefur Alþýðusambandið áður lagt fram tillögur til að efla tekjustofna hins opinbera. Þá er ljóst að ýmsar atvinnugreinar skila meiri hagnaði en áður og því borð fyrir báru að dreifa verðmætum og umframardsemi í gegnum skattkerfið með skilvirkari hætti.

## **Dökkar verðbólguhorfur og krefjandi úrlausnarefni**

Fjármálaáætlun er lögð fram við krefjandi aðstæður. Dregið hefur úr beinum áhrifum heimsfaraldurs á efnahagslífið og slaki horfið hratt úr hagkerfinu. Á móti versnuðu verðbólguhorfur til muna og hættu er á því að heimilin verði fyrir þungum áhrifum af verð- og vaxtahækkunum. Hvernig þeim áhrifum verður mætt er pólitískt úrlausnarefni. Stjórnvöld boðuðu nýlega fyrstu aðgerðir til að bregðast við kostnaðarkrísunni, sem felast í hækkun húsnæðisbóta, viðbótarhækkun bóta almannatrygginga og barnabótaauka. Við aðstæður sem þessar er mikilvægt að fjármál hins opinbera yti ekki undir þenslu í hagkerfinu. Stjórnvöld geta stutt við heimilin og eflt tekjustofna hins opinbera án þess að draga úr aðhaldi ríkisfjármála.

## **Viðsnúningur í efnahagslífi**

Efnahagslægdin af völdum heimsfaraldurs er liðin hjá. Einnig var samdráttur árið 2020 minni en óttast var í fyrstu en áhrif faraldursins voru þyngst í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Umtalsverður vöxtur var í mörgum atvinnugreinum, m.a. í álframleiðslu, sjávarútvegi, tækni og hugverkaíðnaði þar sem velta jókst um fimmtung frá því fyrir faraldur.<sup>62</sup>

Seðlabanki Íslands spáir 4,6% hagvexti á þessu ári sem bæði er drifinn áfram af innlendra eftirspurn og auknum útflutningi. Af því leiðir að horfur í opinberum fjármálum eru hagfelldari en búist var við. Þess vegna boða stjórnvöld nú umfangsminni afkomubætandi aðgerðir á næstu árum. Nú er gert ráð fyrir að afkomubætandi aðgerðir nemi alls 36 milljörðum á tíma fjármálaáætlunarinnar, borið saman við 102 milljarða í áætlun 2022-2026. Skemmri tíma áskoranir í ríkisfjármálum hafa því minnkað en langtímaáskoranir eru enn til

---

62 Sjá umfjöllun í fjármálaáætlun bls. 39

staðar. Þar skortir enn stefnumörkum um hvernig tekjur hins opinbera eigi að standa undir útgjöldum til lengra tíma, þegar tekið er tillit til öldrunar þjófðar og uppsafnaðrar þarfar á fjárfestingu og velferðarumbótum.<sup>63</sup>

Slaki er horfinn af vinnumarkaði. Atvinnuleysi er svipað og það var fyrir heimsfaraldur og vinnuafleiftirspurn hefur aukist. Aflétting sóttvarnartakmarkana skapaði forsendur fyrir auknum ferðalögum. Í kjölfarið hefur ferðamönnum fjölgað hratt á síðastliðnum misserum. Á fyrsta ársfjórðungi fóru um 244 þús. ferðamenn um Keflavíkurflugvöll. Þetta er um helmingur af þeim fjölda sem fór um völinn á sama tímabili áráanna 2017-2019. Öf fjölgun ferðamanna í átt að fyrri hæðum mun óhjákvæmilega auka þensluáhrif á efnahagslíf, vinnumarkað og húsnæðismarkað, þar með talinn leigumarkað

## Óraunhæfur útgjaldavöxtur – stjórnarsáttmáli lagður til hliðar?

Í fjármálaáætlun er stefnt að því að stöðva hækkun skulda sem hlutfall af landsframleiðslu fyrir árslok 2026. Það er í samræmi við fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Til þess að ná því markmiði þarf halli hins opinbera að minnka ár frá ári. Samkvæmt framlagðri fjármálaáætlun fer halli hjá hinu opinbera úr 183 milljörðum í ár niður í 34 milljarða árið 2027. Það er lækkun upp á 149 milljarða. Af þeirri lækkun má rekja 40 milljarða til afkomubætandi ráðstafana sem eiga bæði að koma til á tekju- og útgjaldahlið ríkissjóðs. Til viðbótar er stefnt að breytingum á skattlagningu ökutækja og umferðar. Að lokum er lækkun hallans náð með aðhaldskröfu á öll rammasett útgjöld nema á heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skóla, dómstóla, bótakerfi og sjúkratryggingar. Gert er ráð fyrir að í lok tímabils leiði aðgerðir til tæplega 12 milljarða króna lækkunar á útgjöldum.

Frá 2022 til 2027 hækka rammasett útgjöld árlega um u.þ.b. 1% að meðaltali á föstu verðlagi. Það felur í sér mjög takmarkað svigrúm til aukinna útgjalda næstu árin. Það kemur skýrt fram í fjármálaáætlun:

*Hægfara raunvöxtur felur í sér að lítið svigrúm er til nýrra eða aukinna útgjalda á tímabilinu. Fjármögnun nýrra eða aukinna verkefna mun því að stórum hluta fara fram með forgangsröðun og bættri nýtingu fjármuna innan gildandi útgjaldaramma.*

Það er erfitt að sjá að það samrýmist þeim fyrirheitum sem boðuð voru í stjórnarsáttmála. Þar eru margar úrbótatillögur sem kalla á aukin útgjöld. Alþýðusamband Íslands tekur því undir sjónarmið fjármálaráðs, sem segir í áliti sínu að áætlunin vekir „spurningar um hvort framlögð áætlun feli í sér

63 Sjá umfjöllun í umsögn ASÍ um fjármálastefnu.

nægilegt svigrúm til að standa við fyrirheit stjórnmalanna eins og þau eru boðuð í stjórnarsáttmála.“

## Tekjur – undirliggjandi halli

Afkoma hins opinbera er tekjur að frádregnum útgjöldum. Afkoma skiptist í undirliggjandi afkomu og hagsveiflutengda afkomu. Undirliggjandi afkoma hins opinbera er afkoma hins opinbera ef efnahagslífið væri í jafnvægi, þ.e. þegar það er hvorki uppsveifla né niðursveifla. Hagsveiflan hefur áhrif á afkomuna án þess að stjórnvöld geri breytingar á sköttum og gjöldum. Í uppsveiflu hækka skattstofnar sem eykur tekjur hins opinbera á sama tíma og atvinnuleysi minnkar sem dregur úr útgjöldum, t.d. til atvinnuleysistrygginga.

Það eru skiptar skoðanir um það hver undirliggjandi afkoma hins opinbera eigi að vera. Afkoma sem samræmist óbreyttu skuldahlutfalli (skuldir sem hlutfall af landsframleiðslu) er sjónarmið sem nýtur stuðnings margra. Þegar vextir eru lægri en hagvöxtur er mögulegt að vera með neikvæða undirliggjandi afkomu án þess að ógna sjálfbærni skulda. Vaxtastig ríkissjóðs og spá Hagstofunnar gefa til kynna að vextir og hagvöxtur verði svipaðir á næstu árum. Það þýðir að undirliggjandi afkoma nálægt jafnvægi samræmist óbreyttu skuldahlutfalli.

Undirliggjandi afkoma hins opinbera hefur verið neikvæð frá 2019.<sup>64</sup> Í framlagðri fjármálaáætlun er stefnt að því að draga úr neikvæðri undirliggjandi afkomu. Það er aðallega gert með mjög hógværum útgjaldavexti. Á tekjuhlíð eru einu boðuðu breytingarnar skattlagning ökutækja og umferðar. Það er til þess að koma til móts við lækkun skatttekna vegna lægri gjalda á rafmagnsbíla.

Um árábil hefur Alþýðusambandið í umsögnum sínum um opinber fjármál gagnrýnt áherslur í ríkisfjármálum, þá sérstaklega veikingu tekjustofna ríkisins í efnahagslegri uppsveiflu þegar jákvæð afkoma skýrðist öðru fremur af tekjum sem ekki eru líklegar til að halda til lengri tíma. Líkt og fjármálaráð dregur fram eru áhrifin þau að vafi ríkir um hvort tekjustofnar standi undir reglulegum útgjöldum hins opinbera. Þetta er sérstakt áhyggjuefni í ljósi þeirrar þróunar sem dregin er upp í langtímaáætlun um opinber fjármál, þar sem breytingar á aldursamsetningu þjóðar og fleiri þáttum leiða til þess að kerfislægur halli er til staðar að óbreyttu til ársins 2050.

Mikilvægt er að tekjustofnar ríkisins verði styrktir á komandi árum. Styrking tekjustofna myndi bæði auka aðhald í ríkisfjármálum en einnig skapa svigrúm til að ráðast í nauðsynlegar velferðarumbætur og fjárfestingu í innviðum. Í skýrslu Alþýðusambandsins, *Skattar og ójöfnuður*, er nánar fjallað um mögulegar

---


64 Í áliti fjármálaráðs kemur fram að á árunum 2019-2021 var undirliggjandi afkoma hins opinbera neikvæð sem nemur um 2-3% af vergri landsframleiðslu. Rammagrein 4 í fjármálaáætlun sýnir að síðan 2019 er kerfislægur halli á rekstri hins opinbera.

umbætur í skattkerfinu.<sup>65</sup> Þar er bent á mikilvægi þess að skattlagning fjármagns sé færð nær skattlagningu launatekna. Þar þyrfi sérstaklega að koma í veg fyrir skattasniðgöngu í formi tekjutilflutnings sem viðgengst í núverandi kerfi og dregur úr skatttekjum um 3-8 milljarða króna árlega. Í stjórnmálaáttmála er boðað að regluverk í kringum tekjutilflutning verði endurskoðað. Þessi áform eru ekki til umfjöllunar í fjármálastefnu og áætlun.

Móta þarf skýran ramma um auðlindagjöld sem byggja á þeirri rentu sem til verður við nýtingu auðlinda. Einnig þarf að horfa til þess að skattleggja starfsemi sem felur í sér neikvæð ytri áhrif. Dæmi um slíkt væri hóflegt komugjald í ferðaþjónustu sem myndi mæta ytri áhrifum sem koma til vegna ágangs ferðamanna á náttúru og innviði. Tekjuáhrif af slíku komugjaldi gætu verið á bilinu 7-10 milljarðar á ári á árunum 2016-2019. Að lokum er þörf á því að draga til baka lækkun bankaskatts.

## Verðbólga stór áskorun

Verðbólga verður stór áskorun á fyrri hluta tímabils fjármálaáætlunarinnar. Verðbólga mælist nú 7,2% sem er hæsta mæling í 12 ár. Þróun á húsnæðismarkaði vegur þungt í verðbólguæðingum. Ljóst er að bregðast hefði þurft fyrr við þeirri þróun og af meiri festu. Staðan nú er flóknari því til viðbótar við framlag húsnæðiskostnaðar bætist við innflutt verðbólga og áhrif dýrari aðfanga og hrávöru á innlenda framleiðslu. Sé horft fram hjá áhrifum húsnæðis mælist verðbólga 5,3%. Verðbólguþrýstingur er almennur sem endurspeglast í hækkunum á breiðum grunni, en um 2/3 af öllum undirlíðum vísitölu neysluverðs hækkðu milli mánaða. Seðlabanki Íslands brást við þeirri þróun með snarpri hækkun stýrivaxta, sem nú eru 3,75% en fóru lægst í 0,5%.



65 Sjá nánar [https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur\\_skyrsla\\_070921.pdf](https://www.asi.is/media/317372/skattar-og-ojofnudur_skyrsla_070921.pdf)

Að hluta skýrast þær hækkunar sem nú koma fram í innfluttum neysluvarningi af þróun sem átti sér stað á síðasta ári. Raskanir á framleiðslukeðjum, hækkun orku- og hrávöruverðs og dýrari gámaflutningar eru þar meginorsök. Á þessum hækkunum hæðdi á síðasta ári fram að innrás Rússa í Úkraínu. Frá upphafi heimsfaraldurs hefur verð á áburði meira en þrefaldast, orkuverð meira en tvöfaldast, iðnaðarvara hækkað um 60% og matur og drykkjarvara um 50% svo dæmi séu nefnd, sjá mynd 1. Áhrifin eru ekki komin að öllu leyti fram í neysluverði, og áhrif stríðsins á verðlag geta varað langt fram á næsta ár þegar áhrif á framboð hrávara og matvæla eru orðin skýrari.

## Viðkvæm staða hinna tekjulægstu

Áhrif af hækkun hrávöruverðs og verðbólgu er mismikil á ólíka hópa samfélagsins. Í einhverjum tilvikum geta áhrifin verið jákvæð, t.d. þróun viðskiptakjara sem hefur jákvæð áhrif á útflutnings- og auðlindagreinar með hærra afurðaverði í sjávarútvegi og álframleiðslu.<sup>66</sup>

Fyrir almenning eru áhrifin að mestu neikvæð, m.a. vegna áhrifa hærri vaxta á húsnæðiskostnað og dýrari neysluvöru. Hversu mikil áhrifin verða ræðst af samsetningu á neyslu heimila, umfangi skulda og tekjuþróun. Þar er staða tekjulágra, nýrra fasteignakaupenda og leigjenda sérstaklega viðkvæm. Sú stefna að veikja vaxtabótakerfið leiðir til þess að nýir kaupendur verða fyrir meiri áhrifum vaxtahækkana.<sup>67</sup>

Stjórnvöld brugðust sérstaklega við ástandinu með mótvægisáðgerðum. Þær fólu í sér hækkun húsnæðisbóta um 10%, sérstakan barnabótaauka og 3% hækkun bóta almannatrygginga frá 1. júní. ASÍ fagnar því að stjórnvöld grípi til mótvægisáðgerða vegna kostnaðarhækkana. Áætlunin gerir hins vegar ráð fyrir því að ný útgjöld verði fjármögnuð með hagræðingu á öðrum sviðum. Það er því áhyggjuefni að boðaðar mótvægisáðgerðir séu ekki fjármagnaðar.


Alþýðusambandið fjallaði um þá aðferðafræði sem notuð er við ákvörðun bóta almanna- og atvinnuleysistrygginga. Þar er ekki skýrt hvernig fjárhæðir eru uppfærðar.<sup>68</sup> Um síðustu áramót tók gildi 4,6% hækkun á bótum almannatrygginga. Hækkunin byggði á 3,8% hækkun bóta vegna mats ráðuneytisins á launaþróun og 0,8% verðlagshækkun vegna verðbólgu ársins á undan. Á sama tíma hækkuðu lægstu taxtar á vinnumarkaði um 7,5%, eða 25 þúsund krónur. Í samningum á almenna markaðinum var einnig að finna sérstakan hagvaxtarauka, sem tók gildi 1. maí og hækkaði taxtalaun um 10.500 kr. Boðuð hækkun almannatrygginga nær því ekki að brúa kjaragliðnun gagnvart launaþróun.

66 Viðskiptakjör eru hlutfall verðlags út- og innflutnings. Bætt viðskiptakjör felur í sér að verðlag útflutnings hækka hlutfallslega við innflutning.

67 Sjá umfjöllun um húsnæðismarkað aftar í umsögn.

68 Sjá umsögn ASÍ um fjárlagafrumvarp 2022, <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-311.pdf>

**Mynd 2. Ellilífeyrir - hlutfall af lágmarkslaunum**



Pegar breytingar voru gerðar á ellilífeyrirluta almannatrygginga árið 2017 var ellilífeyrir með heimilisuppbót sambærilegur við lágmarkstekjur fyrir fullt starf. Bætur hækkuðu ekki í takt við þróun launa sem leiddi til kjaragliðnunar. Í dag er ellilífeyrir með heimilisuppbót um 95% af lágmarkstekjum.<sup>69</sup> Gliðnunin er meiri ef miðað er við þróun lægstu taxta, sem hafa tekið sérstökum taxta-hækkunum í takt við lífskjarasamning og fengið sérstakan hagvaxtarauka.

## Húsnæðismarkaður rót óstöðugleika í efnahagslífinu

Í umsögn Alþýðusambandsins um núgildandi fjármálastefnu var gagnrýnt að þar var ekki fjallað um hvernig mæta eigi erfiðum aðstæðum á húsnæðismarkaði. Í *frumvarpi til fjárlaga* var einnig gagnrýnt að þar væri einungis boðuð 2,9% aukning á húsnæðisstuðningi ásamt því að ekki væru gerðar breytingar á stofnframlögum til stuðnings uppbyggingar íbúða á vegum óhagnaðardrifinna leigufélaga.

Staðan á húsnæðismarkaði er til umfjöllunar í fjármálaáætlun.<sup>70</sup> Þar kemur fram að lækkun vaxta hafði veruleg þensluáhrif á húsnæðismarkaðinn. Aukin eftirspurn kom hratt fram í verðhækkunum þar sem framboð húsnæðis er tregbreytanlegt til skemmri tíma. Á ársgrundvelli er hækkun húsnæðisverðs 23%, sem er umfram hækkun ráðstöfunartekna og verðlags.

Hætta er á því að hækkun íbúðaverðs leiði til hækkunar á leiguverði. Leiguverð hækkaði verulega á árunum fyrir heimsfaraldur samhliða þenslu í hagkerfinu, mannfjölgun og áhrifum skammtímaleigu á framboð leiguhúsnæðis. Vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu var um 93% hærrí í lok árs 2018 heldur en í byrjun árs 2011. Á sama tímabili hækkaði vísitala launa um 75%.

Í gegnum heimsfaraldur hægði á hækkunum leiguverðs. Fátt bendir til

69 Svipuð gliðnun á sér stað ef óskertar örorkubætur eru skoðaðar.

70 Sjá umfjöllun í rammagrein 1.

annars en að verðþrýstingur á leiguverð fari vaxandi en í nýlegum *Peningamálum* er bent á að leiguverð hafi „tekið hraustlega við sér“ á árinu. Bankinn segir skýringarnar meðal annars vera vaxandi búferlaflutninga og fækkun fyrstu kaupenda sem leiti að nýju á leigumarkað. Þróunin er áhyggjuefni í ljósi þess að leigjendur á Íslandi hafa ekki vernd í formi leigubremsu.<sup>71</sup> Hér á landi eru skammtímasamningar algengir og markaðssveiflur geta haft mikil áhrif á leiguverð. Vernd leigjenda er lítil miðað við þau ríki sem hafa þróaðri leigumarkað. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að hlutfall leigjenda með þyngjandi húsnæðiskostnað er hátt; yfir fjórðungur leigjenda greiðir meira en 40% af ráðstöfunartekjum í leigu.<sup>72</sup>

Alþýðusambandið kallar eftir umbótum til að tryggja stöðugleika á húsnæðismarkaði fyrir eigendur og leigjendur. Áherslur verkalýðshreyfingarinnar snúa í megindráttum að því að mæta þeim bráðavanda sem er nú til staðar á húsnæðismarkaði ásamt langtímalausnum til að tryggja lengri tíma stöðugleika á húsnæðismarkaðnum. Þar þurfi að efla húsnæðisstuðning í gegnum tilfærslukerfin, koma á umbótum í réttindum leigjenda og auka framboð íbúða á vegum óhagnaðardrifinna húsnæðisfélaga. Sérstaklega hefur ASÍ tekið til umfjöllunar þróun vaxtabóta og skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar og til hvaða tekjuhópa opinber húsnæðisstuðningur ratar.

## Vaxtabótakerfið verið markvisst veikt
